Dómar Félagsdóms
1948-1952

Útgáfa 1.0.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 155 og 162.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

III. BINDI

1948—1952

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1955

Félagsprentsmiðjan h/f

Félagsdómur, verkefni hans og skipun.

Í ársbyrjun 1948 áttu þessir menn sæti í Félagsdómi:
Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, forseti dómsins,
Gunnlaugur E. Briem, skrifstofustjóri,
Ísleifur Árnason, prófessor,
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður og
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.

Varamenn voru:
Ragnar Jónsson, hæstaréttarlögmaður,
Sigtryggur Klemenzson, cand. juris,
Einar Arnalds, borgardómari,
Sigurjón Jónsson, fyrrv. útibússtjóri og
Þorsteinn Pétursson, ritari.

Í októbermánuði s. á. var Einar Arnalds borgardómari leystur frá varadómarastörfum, en í hans stað var Benedikt Sigurjónsson fulltrúi nefndur til þess að vera varadómari.

Í októbermánuði árið 1950 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til næstu þriggja ára:

Af Hæstarétti:
Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, forseti dómsins, og
Gunnlaugur E. Briem, skrifstofustjóri.
Til vara:
Ragnar Jónsson, hæstaréttarlögmaður og
Sigtryggur Klemenzson, skrifstofustjóri.
Af félagsmálaráðherra:
Ísleifur Árnason, fyrrv. prófessor.
Til vara:
Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi.
Af Alþýðusambandi Íslands:
Helgi Hannesson, bæjarstjóri.
Til vara:
Eyjólfur Jónsson, cand. juris.
Af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Til vara:
Sigurjón Jónsson, fyrrv. útibússtjóri.

Registur.

I. Nafnaskrá.

Bls.

Áburðarverksmiðjan, hlutafélag 213
Almenna byggingarfélagið, hlutafélag 49
Alþýðusamband Íslands 118
Ármann Einarsson 31
Ásmundur, hlutafélag 4
Baldur v/b 55
Bílstjórafélag Akureyrar 64
Bjarmi, verklýðs- og sjómannafélag 152
Dagsbrún, verkamannafélag, ... 1, 80, 83, 86, 88, 90, 95, 213
Daugaard, Francis 76
Eigendur v/b Hásteins 152
Eimskipafélag Íslands, hlutafélag 36, 204
Einar Guðfinnsson 120, 140
Einar J. Guðmundsson 178
Elías Guðmundsson 19
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda 155, 161, 175
Félag íslenzkra rafvirkja 167
Félag löggiltra rafvirkjameistara 167
Guðmundur Helgason 15
Guðmundur Jónsson 19
Gunnbjörn Gunnarsson 185
Gunnar Sigurjónsson 25
Haraldur Böðvarsson & Co. 128
Hásteinn v/b, eigendur 152
Helgi Eyjólfsson 100
Hólanes, hlutafélag 146
Hreyfill, bifreiðastjórafélag 178, 185
Ísbjörninn, hlutafélag 103
Jötunn, sjómannafélag 55
Kári, hlutafélag 118
Kaupfélag Borgfirðinga 42

Bls.
Kaupfélag Eyfirðinga 64
Kjartan Sveinsson 70, 77
Landssamband íslenzkra útvegsmanna 208
Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands 45, 76
Matthías Sveinsson 22
Miðnes, hlutafélag 193
Njörður, hlutafélag 53, 59
Ólafur Friðriksson 28
Olíuverzlun Íslands, hlutafélag 83, 88, 95
Páll Grétar Lárusson 193
Ragnar Guðnason 204
Shell á Íslandi, hlutafélag 80, 86, 90
Sigurður Ágústsson 110
Sigurður Grímsson 33
Sigurjón Jónsson 152
Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri, hlutafélag 8, 12
Síldarverksmiðja ríkisins, Skagaströnd 70, 77
Sjómannafélag Reykjavíkur 107, 113, 175, 204, 208
Skipaútgerð ríkisins 45, 107, 113, 136
Slippfélagið í Reykjavík, hlutafélag 66
Stýrimannafélag Íslands 136
Sveinafélag skipasmiða 66
Timburverksmiðja Austurlands 106, 122
Vélstjórafélag Ísfirðinga 53, 59
Vélstjórafélag Íslands 161
Verkalýðsfélag Akraness 4, 128
Verkalýðsfélag Borgarness 42
Verkalýðsfélag Skagastrandar 70, 77, 146
Verkalýðsfélag Stykkishólms 71, 110, 149
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja 73
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungavíkur 120, 140
Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar 106, 122
Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps 19, 193
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, vörubílstjóradeild 100, 197
Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps 8, 12
Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda Vestmannaeyja 73
Vinnuveitendafélag Suðurnesja 197
Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja 55, 73
Vinnuveitendasamband Íslands 1
Vinnuveitendasamband Vestfjarða 120, 140
Útvegsmannafélag Stykkishólms 71, 110, 149
Þór, verkamannafélag, Selfossi 15, 22, 25, 28, 31, 33
Þróttur, vörubílstjórafélag 36, 103, 118
Ægir, skipstjóra- og stýrimannafélag 155

II. Skrá

yfir lög, sem vitnað er til í III. bindi dóma Félagsdóms.

1938 nr. 80 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, 81, 84, 104, 119, 120, 215.
II. kafli. 81, 83, 86, 88, 90, 93, 95, 98, 105.
2. gr. 16, 17, 18, 23, 26, 29, 32, 34, 182, 183, 189, 190.
6. gr. 49, 52, 203.
14. gr. 215.
15. gr. 92, 93, 97, 98, 125, 215.
16. gr. 92, 93, 97, 98, 99, 125, 214, 215, 216.
18. gr. 92.
44. gr. 72, 105, 120, 139, 182, 190.
56. gr. 53, 70, 106, 120.
65. gr. 80, 184, 191, 196.
70. gr. 93, 98, 126, 182, 183, 189, 190.
1947 nr. 128 29. des. Lög um dýrtíðarráðstafanir 1, 3, 4.
12. gr. 2, 3.
1948 nr. 14 8. marz. Lög um ákvörðun fésekta 93, 98, 126, 183.
1948 nr. 100 29. des. Lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna 72, 150, 151.
8. gr. 149.
9. gr. 150.

III. Efnisskrá.

A. atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð.
Aðild.
Aðgerðaleysi. Sjá tómlætisverkanir.
Aðiljaskýrslur.
Afgreiðslubann.
Aflaverðlaun.
Atvinnurekendur. Sjá vinnuveitendur.
Bifreiðar.
Dagsektir.
Dómsvald Félagsdóms, sbr. frávísun.
Dýrtíðaruppbót.
Félagsréttindi, sbr. stéttarfélög.
Févíti.
Fiskveiðar, sbr. hlutarskipti, kauptrygging.
Fiskvinna.
Forgangsréttur.
Framreiðslumenn. Sjá þjónustugjald.
Frávísun.
Frestir.
Frídagar.
Greiðsla.
Hlunnindi.
Hlutarskipti.
Kauptaxtar, sbr. kjarasamningar.

Kauptrygging sbr. hlutarskipti.
Kjarasamningar.
Lög, lögskýring.
Málflutningur.
Málshöfðun.
Rafvirkjar.
Refsingar. Sjá sektir.
Samúðarverkföll.
Sáttanefndir.
Sektir.
Sératkvæði.
Siglingar.
Síldarverksmiðjur.
Sjómenn. Sjá siglingar, frídagar, hlutarskipti.
Skaðabætur.
Skipasmiðir.
Stéttarfélög, sbr. félagsréttindi.
Stýrimenn.
Tómlætisverkanir.
Trésmiðir.
Trúnaðarmannaráð.
Uppsögn.
Veikindadagar.
Vélstjórar.
Venja.
Verkamenn.
Verkföll.
Verklýðsfélög. Sjá stéttarfélög.
Vinnulaun.
Vinnusamningar. Sjá kjarasamningar.
Vinnuveitendur.
Vísitala. Sjá dýrtíðaruppbót.
Þjónustugjald.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð.

Samkvæmt kjarasamningi var framreiðslumönnum á skipum S heimilt að leggja 15% þjónustugjald á verð allrar vöru, sem þeir seldu farþegum. Tekið var fram, að S bæri ekki ábyrgð á innheimtu gjalds þessa. S hélt uppi farþegaflutningum milli Englands og Íslands. Seldi hann farmiða á afgreiðslum sínum í landi, og var verð fæðis falið í verði farseðils, án þess að tekið væri fram á farseðlinum, hversu fæðið væri mikill hluti fargjaldsins. Ekki var þess getið við væntanlega farþega, að þeim bæri að greiða þjónustugjald af verði fæðisins. Framreiðslumenn töldu sig eiga að fá þjónustugjald af verði fæðisins, enda þótt þeir innheimtu það ekki, og gekk dómur þeim í vil um það atriði. Jafnframt var talið, að S ætti að standa þeim skil á þjónustugjaldinu, þar sem farseðlasölunni væri komið svo fyrir, að framreiðslumönnum væri raunverulega ókleift að krefja farþega um það 45

Verklýðsfélagið F hafði boðað til verkfalls 1. maí, en ákvörðun um það var hvorki tekin á lögmætan hátt né það boðað með löglegum fyrirvara. E var einn þeirra vinnuveitenda, sem verkfall skyldi gert hjá. Daginn, sem það átti að hefjast, komu allir starfsmenn til vinnu sinnar, þar á meðal 6 verkamenn, sem voru félagsmenn í F. Er skammt var liðið

á vinnutíma, kom formaður F ásamt fleiri fyrirsvarsmönnum F á vinnustöð E, og lögðu þá verkamennirnir 6 niður vinnu og tóku hana ekki upp aftur, fyrr en verkfallinu lauk hinn 12. maí, er samningar komust á. E höfðaði síðan mál gegn F og krafðist skaðabóta úr hendi hans. Ljóst þótti, að það var verkfallsboðun F og koma forráðamanna F á vinnustöð E, sem olli því, að verkamennirnir hættu vinnu, og þar sem ekki var löglega til verkfallsins stofnað, bar F fébótaábyrgð á tjóni, er E hlaut vegna þess 122

Bifreiðarstjórunum E og G var vikið úr bifreiðastjórafélaginu H og látnir hætta vinnu hjá S R vegna kröfu stjórnar H. Þar sem brottvikning E og G reyndist ólögmæt og refsiverð, var talið, að H hefði orðið skaðabótaskylt gagnvart þeim vegna fundarsamþykktarinnar og kröfu stjórnar H um, að þeir yrðu látnir hætta störfum hjá S R 178, 185

Aðild.

Vörubílstjórafélagið Þ taldi, að hlutafélagið E hefði brotið forgangsréttarákvæði kjarasamnings með því, að fá dráttarbifreið hjá hlutafélaginu A til þess að draga hjólsleða til Keflavíkur, en olíugeymir var á hjólsleðanum. Þar sem Þ gat ekki sannað, að flutningur þessi hefði farið fram á vegum E, var E sýknað 36

Aðgerðaleysi. Sjá tómlætisverkanir.

Aðiljaskýrslur.

Aðiljum gefinn kostur á að afla ýtarlegri skýrslna og gagna 106, 120

Aðiljar koma fyrir dóm og gefa skýrslur um málavöxtu 128

Útgerðarstjóri gefur skýrslur í máli út af ágreiningi um það, hvort útgerðinni hafi verið skylt að greiða kauptryggingu, meðan róðrar féllu niður vegna viðgerðar á bát 140

Skipverjar, sem krefjast kauptryggingar, koma fyrir dóm og gefa skýrslur 140

Fyrirsvarsmaður útgerðarmanna við samningsgerð og menn úr samninganefnd verklýðsfélags gefa skýrslur um atvik og viðræður við samningsumleitanir, og var skýrsla nokkurra fulltrúa verklýðsfélagsins m. a. lögð til grundvallar, er skorið var úr ágreiningi um það, í hve marga veikindadaga skipverji á fiskibát skyldi halda fullum hlut 152

Fulltrúar, sem farið höfðu með samninga í kjaradeilu milli farmanna og útvegsmanna, komu fyrir dóm og gáfu skýrslur um viðræður þær, sem fram fóru, meðan á samningum stóð varðandi aflaverðlaun af lýsi. En þar sem vitnisburðir

þeirra voru algerlega andstæðir, urðu þeir ekki lagðir til grundvallar, er málið var dæmt 155, 161
Í sama máli var einnig deilt um aflaverðlaun af saltfiski, sem seldur væri á land í erlendri höfn. Var því haldið fram af hálfu sjómanna, að um þau aflaverðlaun ættu að gilda sömu reglur og áður höfðu tíðkast. Útvegsmenn töldu aftur á móti, að samið hefði verið um aðrar reglur. Fulltrúar útvegsmanna, sem með samninga fóru, lýstu því yfir fyrir dómi, að kröfur sjómanna væru í samræmi við það, sem um hefði verið rætt við samningsgerðina. Voru skýrslur þessar lagðar til grundvallar dómi, enda þóttu hvorki orð né andi samningsins mæla gegn þeim skilningi 155, 161
Fulltrúi vinnuveitenda og fulltrúi verklýðsfélags gefa samhljóða skýrslu um orðaskipti, sem áttu sér stað við undirritun samninga 197
Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, sem farið höfðu með samninga í kjaradeilu, koma fyrir dóm og gefa skýrslur um viðræður, er fóru fram við samningagerð, varðandi kauptryggingu sjómanna á þorskveiðum 208

Afgreiðslubann.

Félag flugvirkja hóf verkfall 1. janúar hjá flugfélögunum F og L, en þau fengu benzín til flugvéla sinna hjá olíufélögunum S og O. Verkamenn þeir, sem afgreiddu benzínið til flugfélaganna, voru félagsmenn í verkamannafélaginu D. Á öðrum degi verkfallsins samþykkti stjórn og trúnaðarmannaráð D að styrkja flugvirkjana, með því að stöðva alla afgreiðslu á benzíni til flugvéla þeirra flugfélaga, sem verkfallið náði til, þar til samningar hefðu tekizt milli þeirra og flugvirkjanna. Var þessi ákvörðun tilkynnt S og O þriðja janúar, og fjórða janúar hættu afgreiðslumenn olíufélaganna að afgreiða benzín til flugvéla F og L, eftir að stjórn D hafði tilkynnt, að þeim væri það ekki heimilt. Þetta afgreiðslubann D var talið jafngilda samúðarverkfalli af hálfu D, og þar sem D hafði ekki gætt skilyrða II. kafla laga nr. 80/1938, var afgreiðslubannið dæmt ólögmætt og D gert að greiða sektir og það talið skaðabótaskylt gagnvart S og O 90, 95

Aflaverðlaun.

Samkvæmt kjarasamningi skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra á fiskiskipum skyldu þeir fá tiltekinn hundraðshluta af verði fisks og lýsis, og var miðað við ákveðið verð á hverri smálest. Ef breyting yrði á verði, sem næmi 10%, skyldu

aflaverðlaun breytast í samræmi við það. Ágreiningur reis um það atriði, hvort verðbreytingar á lýsi ættu að hafa áhrif á greiðslur til sjómanna. Var því haldið fram af hálfu útvegsmanna, að samið hefði verið um fast verð. Dæmt var, að aflaverðlaun af lýsi væru háð verðbreytingum á því, þar sem ekki hefði verið samið um fast verð allt samningstímabilið 155, 161

Sjómenn og útgerðarmenn deildu um það, hvaða fjárhæð skyldi leggja til grundvallar aflaverðlaunum til skipverja, ef saltfiskur var seldur um borð til uppskipunar í erlendri höfn. Var dæmt, að miða skyldi við söluverð fisksins að viðbættum löndunar- og sölukostnaði, tollum og útflutningsgjaldi, en frádregnum 20% vegna nefndra útgjalda 175

Atvinnurekendur. Sjá vinnuveitendur.

Bifreiðar.

Samkvæmt kjarasamningi áttu félagsmenn vörubifreiðastjórafélagsins Þ forgangsrétt til bifreiðaaksturs hjá félagsmönnum vinnuveitendafélagsins V. Hlutafélagið E, sem rak flutningastarfsemi, notaði eigin bifreiðar til flutninga frá Reykjavík til Keflavíkur á vörum, sem það hafði tekið að sér að flytja frá New York til Keflavíkur. Þessi notkun eigin bifreiða var E talin heimil, enda var tekið fram í kjarasamningnum, að forgangsréttarákvæðin ættu í engu að skerða rétt félagsmanna V til þess að nota bifreiðir sínar í eigin þjónustu 36

Hinsvegar var E ekki talið heimilt að fá dráttarbifreið með hjólsleða til leigu hjá öðru hlutafélagi til flutnings á vörum, sem voru tækar bifreiðum félagmanna Þ 36

Samningur, sem K gerði við S um leigu og akstur bifreiðar, var talinn brjóta í bága við kjarasamning milli K og V, en samkvæmt þeim samningi áttu félagsmenn í V forgangsrétt til ökustarfa hjá K 42

Í kjarasamningi vörubílstjóra og kaupfélags var ákvæði þess efnis, að samningurinn skyldi gilda frá 1. sept. 1947 til 1. marz næsta árs og framlengjast af sjálfu sér jafnlangan tíma, ef honum hefði þá ekki verið sagt upp með eins mánaðar fyrirvara. Þetta ákvæði var skýrt svo, að samningurinn framlengdist um sex mánuði í senn, nema honum væri sagt upp með mánaðarfyrirvara miðað við 1. sept. eða 1. marz ár hvert 64

Vörubílstjórinn H, sem var félagsmaður vörubílstjóradeildarinnar V, krafðist þess, að V yrði dæmt skylt að sjá honum fyrir afgreiðsluréttindum á vörubílastöð á félagssvæðinu,

þar sem samþykktir deildarinnar gerðu ráð fyrir því, að deildin starfrækti vörubílastöð. Ekkert kom fram, sem benti til þess, að H nyti ekki sömu réttinda hjá stjórn deildarinnar og aðrir félagsmenn, og Félagsdómur taldi sér ekki heimilt að dæma um það, hvort deildinni væri skylt að reka vörubílastöð, þótt gert væri ráð fyrir því í samþykktum hennar 100

Formaður vörubílstjórafélags var sakaður um að hafa valdið því, að tveir bifreiðarstjórar, sem voru félagsmenn í öðru verklýðsfélagi, lögðu niður vinnu, án þess að félag þeirra hefði tekið nokkra ákvörðun þess efnis. Var vörubílstjórafélagið, sem átti í verkfalli, sótt til saka af þessu efni. Slík háttsemi af hálfu vörubílstjórafélagsins, þótt sönnuð væri, var ekki talin varða við lög nr. 80/1938. Félagsdómur átti því ekki að dæma um þetta atriði, og var málinu vísað frá dómi 103

Uppsögn og verkfallsboðun bifreiðastjóradeildar verklýðsfélags metnar gildar 197

Dagsektir.

Bifreiðarstjórunum E og G var vikið úr stéttarfélagi þeirra H, og jafnframt urðu þeir samkvæmt kröfu H að fara úr þjónustu fyrirtækis þess, S R, sem þeir unnu hjá. Í máli, sem þeir höfðuðu til þess að fá brottvikningunni hnekkt, kröfðust þeir þess, að H yrði að viðlögðum dagsektum dæmt til þess að viðurkenna þá sem fullgilda félagsmenn og jafnframt, að viðlögðum dagsektum, dæmt skylt til þess að heimila, að þeir tækju aftur upp fyrri vinnu sína hjá S R. Dómur féll á þá lund, að brottvikningin var talin ólögmæt, en þar sem dómur Félagsdóms var talin fullgild heimild fyrir E og G til þess að geta neytt félagsréttinda sinna í H, þóttu ekki efni til þess að beita dagsektum, enda hafði forstjóri S R lýst því yfir fyrir dómi, að hann mundi strax taka þá E og G í vinnu, ef dómur félli á þá lund, að brottvikningin yrði dæmt ógild 178, 185

Dómsvald Félagsdóms, sbr. frávísun.

Sagt, að Félagsdómur eigi ekki úrskurðarvald um það, í hvaða röð málefni skuli tekin fyrir á félagsfundi í verkamannafélaginu Þ 15

Í samþykktum vörubílstjóradeildar verklýðsfélags var gert ráð fyrir því, að deildin ræki vörubílastöð. Vörubílstjórinn H, sem var félagsmaður, krafðist þess, að deildin sæi honum fyrir afgreiðslu á vörubílastöð, þar sem gert væri ráð fyrir slíkri starfsemi í samþykktum deildarinnar. Talið var, að Félagsdómi bæri ekki að dæma um það, hvort deildinni

væri almennt skylt að framfylgja ákvæðum samþykkta sinna, en ekkert var framkomið um það, að H nyti ekki sömu félagsréttinda og aðrir félagsmenn 100

Formaður vörubílstjórafélagsins Þ var sakaður um það, að hafa valdið því, að tveir bifreiðarstjórar, sem ekki voru félagsmenn í Þ, hættu venjulegri vinnu sinni. Bifreiðarstjórar þessir voru félagsmenn í verkamannafélaginu D, en það félag hafði ekki átt neinn hlut að því, að þeir hættu vinnu sinni. Hins vegar stóðu félagsmenn í Þ í löglegu verkfalli. Félagsdómur leit svo á, að háttsemi sú, sem Þ var gefin að sök, varðaði hvorki við sérákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né önnur ákvæði þeirra laga. Átti dómurinn því ekki samkvæmt 44. gr. sömu laga að dæma um lögmæti athafna fyrirsvarsmanna Þ að þessu leyti, og var málinu vísað frá dómi 103

Sama vörubílstjórafélagi var gefið að sök að hafa hindrað skipverja á bát, að flytja lóðir sínar á handvagni og sjálfum sér til skips. Þar sem skipverjar voru hvorki félagsmenn í vörubílstjórafélaginu né félagsmenn í verklýðsfélagi, sem gert hafði samúðarverkfall til stuðnings vörubílstjórafélaginu, var hér ekki um það að ræða, að vörubílstjórafélagið væri að framfylgja verkfalli. Verknaður sá, sem yfir var kært, varðaði þannig ekki við lög nr. 80/1938, og gat Félagsdómur því ekki dæmt í máli út af honum 118

Sagt, að það sé ekki á valdi Félagsdóms að skera úr því, hvort sjómenn hafi öðlast sjálfstæðan rétt samkvæmt lögum nr. 100/1948 á hendur útvegsmönnum til þess lágmarksverðs á fiski, sem stjórnvöld ákveða með heimild í nefndum lögum 149

Bifreiðarstjórunum E og G var vikið úr bifreiðarstjórafélaginu H samkvæmt ályktun almenns félagsfundar. E og G kröfðust þess, að brottvikningin yrði metin ógild og H dæmt til refsingar fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem jafna yrði brottvikningunni til ólögmætrar synjunar um inngöngu í félagið. Var Félagsdómi talið rétt að dæma um þessa kröfu 178, 185

Dýrtíðaruppbót.

Samkvæmt kjarasamningi verkamannafélagsins D og vinnuveitendasambandsins V var kaup hvers mánaðar greitt með verðlagsuppbót samkvæmt verðlagsvísitölu næsta mánaðar þar á undan. Samkvæmt því voru vinnulaun í desember 1947 greidd með verðlagsvísitölu nóvembermánaðar, sem var 326 stig. Desember vísitalan varð 328 stig. Hinn 1. janúar 1948 gengu í gildi lög nr. 128/1947,

en í 12. gr. þeirra var svo mælt, að ekki mætti frá gildistöku þeirra miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300. Samkvæmt þessu greiddu atvinnurekendur ekki nema 300 stiga uppbót á janúarkaupið. D taldi þeim skylt samkvæmt samningnum að greiða verðlagsuppbót samkvæmt desembervísitölunni. Dæmt var, að samkvæmt ákvæðum laganna væri atvinnurekendum ekki skylt að greiða hærri verðlagsuppbót en 300 fyrir vinnu, sem leyst væri af hendi í janúar 1948 1

Félagsréttindi, sbr. stéttarfélög.

G, sem var búfræðingur að menntun, en hafði ekki öðlazt nein iðnréttindi, sótti um inngöngu í verkamannafélag, en var synjað. G hafði unnið sem aðstoðarmaður við byggingar fyrir verkamannakaup og einnig verið afgreiðslumaður við verzlun, og þá aðallega haft með höndum að ganga frá pöntunum til sveitaheimila. Er hann sótti um inngöngu í verkamannafélagið, vann hann við smíðar í bifreiðasmiðju fyrir svokallað gervismíðakaup, sem var nokkru hærra en verkamannskaup. Þessi störf hans voru ekki talin því til fyrirstöðu, að hann ætti rétt til inngöngu í félagið, og voru honum dæmd félagsréttindi 15

M, sem vann á bifreiðaverkstæði og hafði þann starfa að rétta hjólhlífar á bifreiðum, sótti um inngöngu í verkamannafélagið Þ. Inntökubeiðni hans var ekki tekin til meðferðar af stjórn félagsins, og er hann höfðaði mál til viðurkenningar á félagsréttindum, bar Þ fyrir sig, að M væri ekki verkamaður og ætti ekki rétt til inngöngu í félagið. Dæmt var, að M, sem ekki hafði stundað iðnnám né öðlazt iðnréttindi, væri í flokki þess fólks, sem ætti rétt til inngöngu í félagið samkvæmt samþykktum þess. Var Þ talið skylt að veita honum félagsréttindi 22, 25, 28, 31, 33

H, sem var félagsmaður í vörubílstjóradeild stéttarfélags og naut allra sömu réttinda af hálfu deildarinnar og aðrir félagsmenn, krafðist þess, að deildinni yrði dæmt skylt að sjá honum fyrir afgreiðsluréttindum á vörubílastöð, þar sem samþykktir deildarinnar gerðu ráð fyrir því, að deildin starfrækti slíka stöð. Þetta atriði var ekki talið falla undir úrlausn Félagsdóms 100

Bifreiðarstjórarnir E og G, sem báðir voru félagsmenn í bifreiðarstjórafélaginu H, voru í þjónustu S R. Unnu þeir bæði að bifreiðarakstri og sem aðstoðarmenn verkstjóranna. Forstjóri S R fékk þá til þess að láta sér í té álit um starfshæfni allra þeirra bifreiðarstjóra, sem unnu hjá S R. E og G hlutu ámæli fyrir þetta af hálfu starfsfélaga sinna, og

var samþykkt á almennum félagsfundi í H, að víkja þeim úr félaginu. Tilkynnti stjórn H þeim E og G þessa ákvörðun og tjáði þeim, að þeir væru ekki lengur félagsmenn í H. Þeir E og G töldu brottvikninguna ógilda að öllu leyti, þar sem þeir hefðu ekki á nokkurn hátt brotið lög né reglur félagsins. Kröfðust þeir þess, að brottvikningin yrði dæmd ógild og hún talin brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem jafna yrði henni til ólögmætrar synjunar um inngöngu í félagið. Þess hafði ekki verið getið í fundarboði, að til umræðu yrði tillaga um að víkja E og G úr félaginu og höfðu félagsmenn því ekki átt þess kost að fá vitneskju um það fyrir fundinn, að slík tillaga yrði til umræðu. Var brottvikningin þegar af þeirri ástæðu dæmd ógild, enda höfðu ekki nema 153 félagsmenn af 600 sótt fundinn og tillagan verið samþykkt með 74 atkv. gegn 68, en 11 sátu hjá 178, 185

Févíti.

Í kjarasamningi var svo um samið, að brot á samningnum skyldu varða sektum allt að kr. 5000.00, en fjárhæð sektar átti að ákveðast af Félagsdómi. Vinnuveitandi, sem að samningi þessum stóð, var talinn hafa gengið á snið við forgangsréttarákvæði í samningnum. Félagsdómur taldi þó, eftir atvikum, ekki efni til þess að leggja févíti á vinnuveitendann 193

Fiskveiðar, sbr. hlutarskipti, kauptrygging.

Svo var um samið í kjarasamningi, að afla báts skyldi skipt til helminga milli útgerðar og háseta, og mátti tala háseta ekki vera hærri en 10. Á einum bát útgerðarmannsins S voru skipverjar 11, að meðtöldum matsveini. Þar sem ekki hafði verið leitað samþykkis verkalýðsfélags þess, sem hlut átti að máli, á því, að skipverjar væru 11, var dæmt, að S yrði að gjalda ellefta hlutinn af sínum helmingi, enda kom ekkert fram, sem gaf til kynna, að skipverjum hefði átt eða mátt vera ljóst, að útgerðarmaðurinn ætlaðist til, að þeir greiddu að helmingi hluta matsveinsins 110

Talið, að aflaverðlaun til sjómanna væru samkvæmt kjarasamningi þeim, er í gildi var, háð verðbreytingum, jafnt á lýsi sem fiski 155, 161

Dæmt, að aflaverðlaun af saltfiski, sem settur er á land í erlendri höfn, skuli fara eftir þeirri reglu, sem gilti um sölu á ísfiski 155, 161

Samkvæmt kjarasamningi milli sjómannafélags og botnvörpuskipaeiganda skyldu skipverjar fá 17% af heildarverði afla,

þegar veitt var í ís til sölu á erlendum markaði, að frádregnum 20% af heildarsöluverði vegna útflutningsgjalds, tolla, löndunar og sölukostnaðar. Í sama samningi var svo um samið, að væri saltfiski landað erlendis skyldu skipverjar fá 19% af verði afla, að frádregnum 20%, en ekki var greint nánar, hvaða gjöld það væru, sem greiðast skyldu með þessum 20%, sem útgerðin fékk. Í nokkrum söluferðum var aflinn, sem var saltfiskur, seldur um borð í skipinu, en útgerðin tók allt að einu 20% af söluverði hans þar. Þetta var ekki talið heimilt samkvæmt ákvæðum samningsins. Var dæmt, að væri fiskurinn seldur um borð, skyldi verð hans þar, að viðbættum löndunarkostnaði o. fl. tilteknum gjöldum, talið heildarsöluverð og hlutur skipverja miðast við það verð, er nefnd 20% hefðu verið dregin frá því 175

Kauptrygging sjómanna, er stunduðu þorskveiðar, ekki talin eiga að taka breytingum, þótt verð á fiski breytist 208

Fiskvinna.

Konur, sem saumuðu utan um óverkaðan saltfisk, þegar honum var pakkað, voru taldar eiga rétt til þess kaups, sem greiða átti fyrir vinnu við óverkaðan saltfisk samkvæmt ákvæðum kjarasamnings þess, sem í gildi var milli verkalýðsfélags og vinnuveitenda á Akranesi 4

Forgangsréttur.

Eimskipafélagið E, sem var heimilisfast í Reykjavík, gerði samning við amerískt firma um flutning á vörum frá New York til Keflavíkur. Vörunum var skipað á land í Reykjavík og þær fluttar þaðan á bifreiðum til Keflavíkur. Vörubifreiðar frá vörubílstjórafélaginu Þ önnuðust flutningana að mestu leyti. Jafnframt notaði E til flutninga þessara vörubifreiðar, sem það átti sjálft. Samkvæmt gildandi kjarasamningi áttu félagsmenn Þ forgangsrétt til bifreiðaflutninga hjá E, en þó var E heimilt að nota bifreiðar sínar í eigin þjónustu. Þ taldi E óheimilt að nota eigin bifreiðar til Keflavíkurflutninganna. Upplýst var, að Þ hefði ætíð látið það átölulaust, þótt E flytti á eigin bifreiðum vörur, sem fluttar voru með skipum þess, frá skipi til geymsluhúsa sinna og gagnkvæmt, enda þótt vörurnar væru ekki eign þess. Enn lá það fyrir, að samkvæmt samningum E og ameríska firmans var ekki samið um sérstakt flutningsgjald milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að starfsemi E var flutningar, var ekki talið, að notkun eigin bifreiða E til Keflavíkurflutninganna væri óheimilt eða andstæð forgangsréttarákvæði kjarasamningsins 36

Hinsvegar var E talið óheimilt að fá hjá öðru hlutafélagi bifreið og hjólsleða, sem bar 16 smálestir, til flutninga á vörum, sem voru tækar bifreiðum Þ 36
Félagsmenn í verkalýðsfélaginu V áttu forgangsrétt til ökustarfa hjá kaupfélaginu K. Bifreiðarstjórinn S, sem ekki var félagsmaður í V, fékk bifreið K til leigu og tók að sér að sjá um ýmsa flutninga, sem K hafði áður skuldbundið sig til þess að annast. Leigumáli K um bifreiðina þótti þess eðlis, að S væri í raun og veru í þjónustu K, og var K talinn hafa gerzt brotlegur við forgangsréttarákvæði kjarasamningsins með samningi sínum við S 42
Í kjarasamningi milli skipasmiðafélagsins S og meistarafélagsins M var svo um samið, að félagsmenn í S skyldu „sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík". Hlutafélagið H, sem var félagi í M, hafði með höndum skipasmíðar og annan atvinnurekstur, og voru skipasmiðir og aðrir smiðir í þjónustu þess. Er H sagði nokkrum skipasmiðum sínum upp starfi, mótmælti S því á þeim grundvelli, að H hefði enn í þjónustu sinni smiði, sem ekki væru skipasmiðir, en skipasmiðir hefðu samkvæmt ákvæðum kjarasamnings forgangsrétt til allrar smíðavinnu. Dæmt var, að skipasmiðir hefðu aðeins forgangsrétt til þeirrar vinnu, sem félli undir iðn skipasmiða 66
Hinsvegar kom í ljós, að tveir smiðir, sem ekki voru félagsmenn í S, höfðu unnið að skipasmíðum hjá H, eftir að framangreindar uppsagnir komu til framkvæmda. Þetta var talið brjóta í bága við forgangsréttarákvæði kjarasamningsins .. 66
Síldarverksmiðjan S hafði með kjarasamningi skuldbundið sig til þess að láta félagsmenn í verkalýðsfélaginu V sitja fyrir allri verkamannavinnu. Í öndverðum apríl auglýsti S, að þeir verkamenn, sem vildu vinna við verksmiðjuna á komandi sumri, skyldu gefa sig fram sem fyrst. K, sem var félagsmaður í V, falaðist ekki eftir vinnu fyrr en um mánaðamótin maí—júní, en þá neitaði forstjóri S honum um vinnu og bar við, að fullráðið væri til starfa hjá S. Þar sem S hafði þegar ráðið til sín starfsmenn, sem ekki voru félagsmenn í V, taldi V, að S hefði brotið forgangsréttarákvæði kjarasamningsins með því að synja K um vinnu. Talið var, að S hefði ekki þurft að bíða til síðustu stundar eftir því, að félagsmenn í V leituðu eftir vinnu sumarvertíðina. En þar sem S hafði hvorki tekið fram, innan hvaða tíma félagsmenn V skyldu hafa gefið sig fram né heldur haft samráð um það við stjórn V, þótti K ennþá í maílok hafa átt rétt til vinnu umfram utanfélagsmenn, og var synjun V að taka hann talin andstæð forgangsréttarákvæði kjarasamn-

ingsins 77
Samkvæmt kjarasamningi milli verkalýðsfélags og vinnuveitenda skyldu félagsmenn verkalýðsfélagsins hafa forgangsrétt til allrar algengrar vinnu. Vinnuveitandinn M hafði utanfélagsmenn í þjónustu sinni, en synjaði verkamanninum P, sem var félagsmaður í verkalýðsfélaginu, um vinnu, og bar fyrir sig, að P væri ekki fullfær til vinnu. Ekki þótti sannað, að P hefði ekki verið fullfær til þeirrar vinnu, sem um var að ræða, og var M því talinn hafa gengið á snið við forgangsréttarákvæði samningsins með því að taka P ekki í vinnu. 193

Framreiðslumenn, sbr. þjónustugjald.

Frávísun.

Í máli út af ágreiningi um það, hvernig skilja bæri ákvæði kjarasamnings, krafðist stefnandi skaðabóta vegna vanefnda á samningnum. En þar sem engin grein var gerð fyrir skaðabótakröfunni, var henni vísað frá dómi 8
Í kjarasamningi um hlutarskipti milli verkalýðsfélags og útvegsmannafélags var svo um samið, að útvegsmenn skyldu greiða sjómönnum kr. 0.53 fyrir hvert kg af óslægðum þorski. Viku eftir að samningurinn var gerður, ákváðu stjórnvöld, að lágmarksverð á óslægðum þorski skyldi vera kr. 0.55 hvert kg. Verkalýðsfélagið krafðist þess, að útvegsbændur greiddu sjómönnum það verð, og er þeirri kröfu var ekki sinnt, krafðist það dómsviðurkenningar á þeim rétti. Fyrir Félagsdómi krafðist útvegsmannafélagið þess, að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem hér væri í raun og veru um það eitt að ræða, hvernig skýra bæri lög þau, sem verðákvörðun stjórnvaldanna byggðist á, en um það ætti Félagsdómur ekki úrskurðarvald. Samkvæmt málflutningi verklýðsfélagsins byggðist krafa þess til kr. 0.55 fyrir hvert kg. þorsks á ákvæðum kjarasamningsins. Hér var því fyrir hendi ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sem Félagsdómur átti að dæma um, og var frávísunarkrafan því ekki tekin til greina 71
Félag flugvirkja átti í kaup- og kjaradeilu við flugfélögin F og L og hafði gert verkfall hjá þeim. Olíufélögin S og O seldu flugfélögunum benzín, og unnu verkamenn úr verkamannafélaginu D að afgreiðslu þess. Fjórum dögum eftir að verkfall flugvirkjanna hófst, bannaði stjórn D þeim félagsmönnum sínum hjá S og O, sem afgreiddu benzínið, að afhenda flugfélögunum benzín. Olíufélögin töldu, að hér væri um ólögmætt samúðarverkfall að ræða hjá D, og höfðuðu mál gegn D til refsingar fyrir brot á II. kafla laga nr.

80/1938 og kröfðust jafnframt skaðabóta úr hendi D. Er málið kom fyrir dóm, krafðist D frávísunar og reisti kröfu sína á þeirri málsástæðu, að samkvæmt kjarasamningi, sem í gildi væri milli D og olíufélaganna, bæri að leggja ágreining þeirra í milli fyrir sáttanefnd, sem skipuð væri samkvæmt ákvæðum samningsins. Félagsdómur taldi, að ákvæði kjarasamningsins um sáttanefndina ættu einungis við um þann ágreining, sem ætti rót sína að rekja til ágreinings út af samningnum sjálfum. Hér væri ekki um slíkt að ræða, og yrði frávísunarkrafan þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina 80, 83

H, sem var félagsmaður í vörubílstjóradeild stéttarfélags, krafðist þess, að stjórn deildarinnar sæi honum fyrir afgreiðslu á vörubílastöð, þar sem svo væri ákveðið í samþykktum deildarinnar, að hún starfrækti vörubílastöð. Þessari kröfu var vísað frá dómi, þar sem ekki var talið, að Félagsdómur ætti úrskurðarvald um það, hvort vörubílstjóradeildin framkvæmdi það ákvæði samþykkta sinna, sem gerði ráð fyrir rekstri vörubílastöðvar, en ekkert kom fram um það, að H nyti ekki af hálfu deildarinnar sömu réttinda og aðstöðu og aðrir félagsmenn 100

Vörubílstjórafélagið Þ átti í vinnudeilu og hafði gert verkfall. Hlutafélagið Í var að skipa út hraðfrystum fiski og notaði til þeirra flutninga bifreið, sem félagið átti, og aðra, sem framkvæmdastjóri þess átti. Ökumennirnir voru báðir félagsmenn í verkamannafélaginu D. Formaður Þ kom á vettvang, og bifreiðarstjórarnir tveir hættu akstri. Varð fiskinum því ekki skipað út. Í taldi, að formaður Þ hefði valdið því, að ökumennirnir tveir hættu vinnu sinni og sótti Þ til saka fyrir brot á lögum nr. 80/1938 og krafðist skaðabóta úr hendi hans. Var sök Þ talin sú, að hann hefði með hótunum eða valdbeitingu komið því til leiðar, að menn úr öðru verklýðsfélagi hættu venjulegri vinnu sinni, án þess að félag þeirra hefði gert ráðstafanir til þess af sinni hálfu. Þess konar stöðvun vinnu var ekki talin falla undir ákvæði laga nr. 80/1938 og átti Félagsdómur því ekki að dæma í máli út af henni. Var málinu því sjálfkrafa vísað frá dómi 103

Vörubílstjórafélagið Þ átti í vinnudeilu við vinnuveitendasambandið V og hafði gert verkfall. K, sem ekki var félagi í vinnuveitendasambandinu gerði út bát til fiskveiða, og munu lóðir bátsins venjulega hafa verið fluttar til skips á vörubifreið, sem fengin var á stöð Þ. Eftir að verkfallið hófst, fékk K enga bifreið hjá Þ til lóðaflutninganna, og tóku þá skipverjar það til ráðs að flytja þær til skips á

handvagni og sjálfum sér. Samkvæmt sögn K hindruðu fyrirsvarsmenn Þ þá flutninga. Hóf K málssókn gegn Þ og krafðist refsingar á hendur honum fyrir brot á lögum nr. 80/1938 vegna ólögmæts verkfalls af hans hálfu og skaðabóta úr hendi hans. Þar sem athafnir Þ, þótt sannaðar yrðu, voru ekki taldar varða við lög nr. 80/1938, átti Félagsdómur ekki dóm um málsefnið samkvæmt 44. gr. sömu laga, og var málinu vísað frá dómi 118

Stéttarfélag stýrimanna hafði gert kjarasamning við skipaútgerðarfélag. Samkvæmt honum skyldu vera þrískiptar vaktir á skipum félagsins. Sú regla hafði gilt, að stýrimenn hefðu á hendi farmiðasölu og eftirlit með þeim, og þurftu þeir oft að leysa þau störf af hendi á frívöktum sínum. Þar kom, að stýrimenn töldu sér þetta óskylt án sérstaks endurgjalds, og kom málið þannig fyrir Félagsdóm, að stýrimenn kröfðust viðurkenningardóms á því, að þeim væri óskylt að inna farmiðasölu og farmiðaeftirlit af hendi á frívöktum. Þessari kröfu var vísað sjálfkrafa frá dómi, þar sem kjarasamningurinn væri ekki nema að litlu leyti heimild um starfsskyldur stýrimanna, og ætti Félagsdómur því ekki samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 að dæma um þetta atriði, og aðiljar höfðu ekki heldur orðið ásáttir um að leggja ágreiningsefnið undir dóminn samkvæmt 3. mgr. sömu greinar 136

Frestir.

Máli frestað eftir beiðni stefnda gegn mótmælum stefnanda 86, 88

Máli frestað til frekari gagnaöflunar 53, 70, 106, 120

Frídagar.

Svo var um samið í kjarasamningi milli sjómannafélagsins S og skipaútgerðarinnar R, að hásetar skyldu fá frí annan hvern dag, ef skip lá í Reykjavíkurhöfn eða Hafnarfirði. Ekki skyldu frídagar þó vera færri en 4 á mánuði. Ágreiningur reis um það, hvort telja mætti háseta það til hafnarleyfis, þó hann færi frá skipi, ef hann hafði á þeim sama sólarhring þegar unnið 8 stundir fyrir hádegi. Þar sem sjóvaka og vinnutími við land, þegar skip kemur til hafnar, mátti ekki samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins fara fram úr 8 klst. samtals á sólarhring, var ekki talið heimilt að telja til mánaðarlegra landgönguleyfa þann tíma, sem skipverji naut landgöngu, ef hann hafði leyst af hendi 8 stunda vinnu kl. 12 á hádegi þann sama dag 107

Réttur háseta til þess að fá frí annan hvorn dag eða 4 daga

samtals á mánuði var talinn því skilyrði bundinn, að skipið liggi í heimahöfn þess, Reykjavík eða Hafnarfirði 204

Greiðsla.

Samkvæmt kjarasamningi milli verklýðsfélagsins G og síldarverksmiðjunnar D átti D að sjá verkamönnum fyrir ókeypis matreiðslu. Þrátt fyrir þetta ákvæði lét D verkamennina bera kostnað af fæði stúlkna þeirra, sem sáu um matreiðsluna. Voru reikningsskil D við verkamennina í lok síldarvertíðar 1947 við það miðuð, og kvittuðu þeir fyrirvaralaust fyrir vertíðarkaup sitt þá um haustið. Kvittanir þeirra voru þó ekki taldar útiloka stéttarfélög þeirra frá því að krefjazt leiðréttingar á þessu, þar sem D hafði samkvæmt kjarasamningnum átt að bera kostnað af fæði matreiðslustúlknanna 12

Hafning máls.

Mál hafið eftir ósk stefnanda og voru stefnda dæmar ómaksbætur 76

Hlunnindi.

Svo var um samið milli verkalýðsfélagsins G og síldarbræðslustöðvarinnar D, að kjarasamningur þeirra skyldi færður til samræmis við kjarasamning SR og Þ. Þó skyldu sérákvæði, sem teldust til hlunninda, standa óbreytt. Samkvæmt samningi G og D var kaffitími verkamanna 45 mínútum lengri miðað við sólarhring en í kjarasamningi SR og Þ. Þar sem lengri kaffitími taldist til hlunninda var dæmt, að það ákvæði skyldi standa áfram óbreytt. Hinsvegar var skipting sólarhringsins í dag-, eftir- og næturvinnu, sem einnig var verkamönnum hagstæðari samkvæmt kjarasamningi G og D, ekki talin til hlunninda. Þar var um að ræða mismunandi fjárhæð kaups, og urðu verkamenn í G því að hlíta því, að ákvæði kjarasamningsins um slíka skiptingu sólarhringsins væru færð til samræmis við samning SR og Þ 8

Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings skyldi síldarverksmiðja sjá verkamönnum sínum fyrir ókeypis matreiðslu. Síldarverksmiðjan lét verkamennina bera kostnað af fæði stúlkna þeirra, sem sáu um matreiðsluna. Þetta var verksmiðjunni talið óheimilt 12

Hlutarskipti, sbr. kauptrygging.

Samkvæmt hlutarskiptasamningi skyldu útgerðarmenn greiða skipverjum hæsta gangverð fyrir þá beitusíld, sem þeir

keyptu af þeim. Ágreiningur reis um það, hvort útgerðarmaðurinn G hefði fullnægt því ákvæði samningsins, þar sem hann dró flutningskostnað á síldinni frá skipi í frystihús frá andvirði aflahlutar skipverja. Dæmt var, að það væri venja, að gangverð síldarinnar miðaðist við það, að hún væri komin í frystihús. Var útgerðarmanninum því rétt að draga flutningskostnaðinn frá aflahlutum, enda fengu bátsverjar hans hæsta gangverð fyrir síldina þrátt fyrir það 19

Sjómenn í Vestmannaeyjum gerðu samning við útgerðarmenn um kaup og kjör á síldveiðum 1944. Síðar voru gerðir heildarsamningar milli L.I.U. og ýmissa verklýðsfélaga um kaup og kjör á síldveiðum yfirleitt. Samkvæmt sérákvæði í þeim samningi skyldu tiltekin ákvæði eldri samninga, sem í gildi voru sumarið 1944, standa óbreytt, ef þau leiddu til hagstæðari kjara fyrir sjómenn heldur en heildarsamningarnir. Talið var, að hlutarskiptaákvæði Vestmannaeyjasamningsins frá 1944 fælu í sér betri kjör. Og þar sem þau voru enn í gildi sumarið 1947 og gátu átt við, þrátt fyrir breytta stærð fiskibáta, var dæmt, að hlutarskipti í Vestmannaeyjum á síldveiðum sumarið 1947 skyldu fara eftir samningnum frá 1944 55

Í samningi um kaup og kjör háseta á vélskipum, sem stunduðu fiskveiðar, var svo um samið milli útgerðarmannafélagsins Ú og verklýðsfélagsins S, að skipta skyldi til helminga á stærri bátum en 10 smálesta og skyldi tala skipverja ekki vera hærri en 10. Á einum bát útgerðarmannsins A voru skipverjar 10 og matsveinn að auki. Í vertíðarlok skipti A í 21 stað, en þar sem hann hafði ekki aflað samþykkis verklýðsfélagsins til þess, að hlutur matsveinsins yrði einnig tekinn af aflahelmingi skipverja, varð útgerðarmaðurinn sjálfur að bera hann, enda kom ekkert fram, sem benti til þess, að skipverjum hefði mátt vera það ljóst í upphafi vertíðar eða síðar, að A ætlaðist til þess, að hlutur matsveinsins yrði að hálfu leyti tekinn af aflahelmingi þeirra 110

Í kjarasamningi milli verklýðsfélags og útgerðarmanna var svo um samið, að sjómenn, sem annars voru ráðnir upp á hlut, fengju lágmarkskauptryggingu, er greidd væri mánaðarlega. Þó skyldi hún falla niður, ef um stöðvun vegna óviðráðanlegra orsaka væri að ræða. Vélbáturinn S, er var eign útgerðarmannsins E, laskaðist í ofviðri 24. janúar og féllu róðrar niður til 16. febrúar. E vildi ekki greiða kauptryggingu nema fyrir hálfan febrúar. Ekki þótti sannað, að hlé það, er varð á róðrum frá 2. til 16. febrúar, hefði

verið óhjákvæmileg afleiðing sjóskaðans, og var E talið skylt að greiða kauptryggingu þann tíma 140
Dæmt, að hlutarmenn yrðu að gera sér að góðu það fiskverð, sem útvegsmenn og verklýðsfélag höfðu samið um í kjarasamningi, enda þótt stjórnvöld settu samkvæmt ákvæðum laga nr. 100/1948 lágmarksverð á fisk, sem var hærra en það verð, sem í kjarasamningnum greindi 149
Skorið úr því, hversu reikna skyldi hlut skipverja, sem ekki gat sótt sjó vegna veikinda 152

Kauptaxtar, sbr. kjarasamningar.

Kauptaxti, sem trésmiðafélag auglýsti um kaup félagsmanna sinna, var ekki talinn jafngilda því, að komist hefði á kjarasamningur milli félagsins og atvinnurekenda 49

Kauptrygging, sbr. hlutarskipti.

Skorið úr ágreiningi um kauptrygging vélstjóra á síldveiðum 59
Talið, að rafvirkjar, sem samið höfðu um 48 klst. vinnuviku og eins mánaðar uppsagnarfrest, ættu kröfu til umsamins kaups fyrir 48 klst. á viku, ef þeir kæmu réttstundis til vinnu sinnar 167
Skorið úr ágreiningi um það, hvort kauptrygging sjómanna skyldi taka breytingum eftir því, hvaða verð fengist fyrir aflann. 208

Kjarasamningar.

Samkvæmt kjarasamningi skyldi kaup hvers mánaðar greiðast með verðlagsvísitölu næsta mánaðar á undan. Verðlagsvísitala desembermánaðar 1947 var 328 stig. Hinn 1. janúar 1948 tóku gildi lög nr. 128/1947, sem bönnuðu að greiða hærri vísitölu á kaup en 300. Þetta lagaákvæði leiddi til þess, að atvinnurekendum var ekki talið skylt að greiða hærri vísitölu en 300 á kaup fyrir vinnu, sem leyst var af hendi í janúar 1948, enda þótt kaupgreiðslur þennan mánuð hefðu samkvæmt kjarasamningnum átt að miðast við verðlagsvísitöluna 328 1
Svo var um samið í kjarasamningi, að söltun á fiski og vinna við óverkaðan saltfisk skyldi greidd hærra kaupi en almenn dagvinna. Ágreiningur reis um það, hvaða kaup skyldi greiða þeim, sem saumuðu utan um fiskinn, þegar óverkuðum saltfiski var pakkað. Talið var, að vinna við að sauma utan um fiskpakkana og umhverfi það, sem hún var framkvæmd í, hlyti í höfuðdráttum að mótast af vöru þeirri, sem handleikin var. Yrði hún því að telj-

ást vinna við óverkaðan saltfisk og ætti að greiðast sama kaupi og vinna við hann 4

Í júlímánuði 1947 samdist svo milli eigenda nokkurra síldarverksmiðja, þar á meðal síldarverksmiðjunnar A og Alþýðusambands Íslands, að samningar um kaup og kjör í síldarverksmiðjum þessum skyldu færast til samræmis við kjarasamning milli Síldarverksmiðja ríkisins (SR) og verklýðsfélagsins Þ. Þó skyldu sérákvæði, sem teldust til hlunninda, standa óbreytt. Samkvæmt eldri kjarasamningi D og verklýðsfélagsins G voru kaffitímar 45 mínútum lengri miðað við sólarhring en samkvæmt kjarasamningi SR og Þ. D taldi, að þetta ákvæði ætti að færast til samræmis við samning SR og Þ. G mótmælti þessu. Félagsdómur leit svo á, að lengri kaffitími hjá G en Þ væru hlunnindi til handa félagsmönnum G og skyldi það ákvæði því haldast samkvæmt ákvæðinu um hlunnindi. Aftur á móti urðu ákvæði hins eldra samnings D og G um skiptingu sólarhringsins í dag- og næturvinnu að breytast til samræmis við kjarasamning SR og Þ, þar sem þau ákvæði fólu í sér ákvörðun um kaup 8

Árið 1945 var sett í kjarasamning milli síldarverksmiðjunnar D og verklýðsfélagsins G ákvæði þess efnis, að verksmiðjan skyldi sjá verkamönnum fyrir ókeypis matreiðslu. Sumarið 1947 komust verkamenn að raun um það, að fyrirsvarsmaður D, sem frá upphafi hafði farið með reikningshald matarfélags þeirra, hafði látið verkamenn bera kostnað af fæði matreiðslustúlknanna. G fékk þá sett í kjarasamning, sem gerður var í júlílok 1947, ákvæði þess efnis, að væri verkamaður matarstjóri, skyldi honum heimilt að gegna þeim störfum í vinnutíma. Ennfremur var sett í samninginn ákvæði um það, að verkamenn ættu rétt til þess að kjósa tvo menn úr sínum hópi til þess að endurskoða reikninga matarfélagsins. Við reikningsskil í síldarvertíðarlok í september 1947 hélt D enn uppteknum hætti og gerði verkamönnum að greiða kostnað af fæði matreiðslustúlknanna. G krafðizt þá leiðréttingar á þessu og taldi D skylt að greiða fæði stúlknanna. Ekki þótti sannað, að fyrirsvarsmenn G hefðu vitað fyrr en í júlí 1947, að verkamenn greiddu fæði stúlknanna og voru þeir ekki taldir hafa firrt sig rétti til þess að krefjast þess, að D greiddi þann kostnað, þótt þeir hæfust ekki handa um það fyrr en sýnt varð við reikningsskil haustið 1947, að D hélt enn uppteknum hætti 12

V skuldbatt félagsmenn sína til þess að láta bílstjóra í félaginu Þ sitja fyrir allri bifreiðaleigu. Jafnframt var tekið

fram, að þessi ákvæði skyldu í engu skerða rétt félagsmanna V til þess „að nota í eigin þjónustu bifreiðar sínar". E, sem var félagi í V, tók að sér að flytja vörur frá New York til K-víkur. Við flutning á vörum þessum frá R-vík til K-víkur notaði E að nokkru leyti eigin bifreiðar. Þ taldi, að E væri óheimilt að nota bifreiðar sínar til þessara flutninga, þar sem hér væri ekki um eigin þjónustu að ræða, heldur flutninga fyrir annan aðilja. Félagsdómur kvað það grundvallarreglu, að vinnuveitendum væru frjáls afnot tækja sinna til starfsemi sinnar yfirleitt. Það lá fyrir í málinu, að Þ hafði ekki að því fundið, að E notaði eigin tæki til flutninga á vörum frá skipi í geymsluhús og gagnkvæmt, þótt vörurnar væru ekki eign E. Í flutningsamningum var ekki samið um sérstakt flutningsgjald fyrir flutning varanna frá Rvík til K-víkur, en starfsemi E var flutningar. Þessi atriði öll leiddu til þess, að E var talið rétt að nota bifreiðar sínar til umræddra flutninga 36

Samkvæmt kjarasamningum milli kaupfélagsins K og verklýðsfélagsins V í Borgarnesi var K skylt að taka aðeins í þjónustu sína þá bifreiðarstjóra, sem voru félagsmenn í V. Þá var svo um samið, að væru félagsmenn V ekki tiltækir, þá skyldi K fá leyfi til þess að taka aðra bifreiðarstjóra. K, sem rak bifreiðastöð, fór með sérleyfi til fólksflutninga á leiðinni Borgarnes-Hvítársíða. K gerði samning við S þess efnis, að hann leigði S vöru- og fólksbifreið þá, sem K hafði notað á sérleyfisleiðinni. Leigumálinn var þess efnis, að S skyldi greiða 50 krónur fyrir hvern dag, sem bifreiðin væri í notkun. Þá skyldi S og annast daglegt viðhald, greiða olíur og skila bifreiðinni aftur með jafngóðum hjólbörðum. Einnig átti hann að annast mjólkur- og vöruflutninga fyrir bændur, sem K hafði áður tekið að sér, og annast fólksflutninga K á sérleyfisleiðinni, sem K bar samt sem áður ábyrgð á gagnvart póstmálastjórninni, er hafði reyndar samþykkt ráðstöfun þessa. Leigumáli þessi var talinn með þeim hætti, að S væri í raun og veru í þjónustu K, og var dæmt, að K hefði borið að ganga úr skugga um það, áður en hann gerði samninginn við S, hvort félagsmenn í V væru fáanlegir til þess að annast akstur á nefndri leið 42

Samið var um það í kjarasamningi milli stéttarfélagsins M og Skipaútgerðarinnar S, að framreiðslumenn mættu leggja 15% á verð allrar vöru, sem þeir seldu til farþega, enda bæri S ekki ábyrgð á innheimtu gjaldsins. Um það bil sem samningur þessi var gerður, hóf S farþegaflutninga milli

Englands og Íslands, og var farmiðasölu svo háttað, að verð fæðis var innifalið í verði farseðils. Ekki þótti sannað, að M væri kunnugt um það, þegar samningurinn var gerður, að farmiðasölu yrði hagað svo. Framreiðslumenn kröfðust þess, að S stæði þeim skil á 15% af verði þess fæðis, sem falið var í farmiðagjaldinu. S kvað framreiðslumenn ekki eiga rétt til neins þjónustugjalds af verði þessa fæðis, þar sem þeir ættu aðeins rétt til þjónustugjalds af verði fæðis, sem þeir innheimtu endurgjald fyrir. Ákvæðið um þjónustugjaldið hafði ekki áður verið tekið upp í kjarasamninga aðilja, og ekkert var rætt um það við samningsgerðina, hvað í því skyldi felast. Hinsvegar hafði fæðissölu á íslenzkum farþegaskipum verið hagað svo, að framreiðslumenn innheimtu verð farþegafæðisins og fengu þjónustugjald af verði þess frá farþegum. Síðar var það fyrirkomulag tekið upp á sumum íslenzkum skipum, sem sigldu milli Íslands og útlanda, að fæði og far var selt í einu lagi og greitt við afhendingu farmiða. Innheimti skipaeigandi þá þjónustugjald af verði fæðisins og stóð skil á því til framreiðslumanna. Hafði S m. a. gert þetta. Með tilliti til þessara atriða var talið, að framreiðslumenn ættu rétt til þjónustugjalds af verði þess fæðis, sem falið væri í fargjaldi. Og þar sem fyrirkomulag farmiðasölunnar var með þeim hætti, að það gerði framreiðslumönnum raunverulegu ókleift að innheimta þjónustugjaldið hjá farþegum, var S talið skylt að standa framreiðslumönnunum skil á því, enda hafði hann strax greitt nokkurn hluta þess af sanngirnisástæðum, að því er hann taldi, þótt hann vildi ekki játast undir samningslega skyldu til þess 45

Trésmiðafélag Reykjavíkur ákvað vinnulaun félagsmanna sinna með þeim hætti, að það auglýsti einhliða kauptaxta, en gerði ekki kjarasamning við vinnuveitendur. Hinn 7. apríl gaf það út nýjan kauptaxta. Tveimur dögum áður en kauptaxtinn var auglýstur, átti framkvæmdastj. Vinnuveitendasambands Íslands tal við formann T og fékk hjá honum upplýsingar um það, að hve miklu leyti kaup trésmiða mundi hækka með nýja taxtanum. Óskaði framkvæmdastj. V þá eftir því, að viðræður ættu sér stað milli þessara aðilja, en formaður T kvað slíkt tilgangslaust, og varð ekki úr þeim. Hinn 29. apríl var fundur með forráðamönnum T og V og var því lýst yfir af hálfu V, að það viðurkenndi ekki hinn nýja kauptaxta T, og var sú yfirlýsing áréttuð með bréfi 4. maí. Sama dag bannaði V félagsmönnum sínum að greiða kaup samkvæmt nýja kaup-

taxtanum. T höfðaði þá mál gegn einum félagsmanna V, hlutafélaginu A, og krafðist þess, að dæmt yrði, að stofnazt hefði kjarasamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 milli A og T með því efni, sem í kauptaxanum greindi, þar sem A hefði strax frá 10. apríl farið eftir nýja taxtanum. Kauptaxtinn geymdi aðeins fyrirmæli um fjárhæð kaups, en engin þau ákvæði önnur, sem venjulegt er að setja í kjarasamninga. A hafði ekki verið sendur kauptaxtinn sérstaklega né hann gengizt undir hann skriflega á neinn hátt, þó að hann hefði yfirleitt breytt kaupgreiðslum til samræmis við hann. Þar sem ekki var fullnægt skilyrðum 6. gr. l. nr. 80/1938 um skriflegan samning og atvikum var svo háttað, sem greint var, þótti ekki hafa stofnazt kjarasamningur samkvæmt nefndri 6. gr. milli T og A 49

Samkvæmt samningi milli Alþýðusambands Íslands f. h. ýmissa verklýðsfélaga annars vegar og L.I.U. hins vegar um kaup og kjör á síldveiðum sumarið 1945, skyldu ýmis ákvæði í eldri samningum verklýðsfélaga og atvinnurekenda haldast, ef þau veittu sjómönnum betri kjör en heildarsamningarnir. Var gerð skrá um það, hver þessi ákvæði væru. Kjarasamningur milli sjómanna og útgerðarmanna í Vestmannaeyjum, sem gilti sumarið 1944, var talinn sjómönnum hagstæðari en heildarsamningarnir, og bar því að miða aflahlut sjómanna í Vestmannaeyjum við ákvæði hans 55

Kjarasamningur milli verkalýðsfélagsins B og kaupfélagsins E geymdi það ákvæði, að hann skyldi gilda frá 1. sept. 1947 til 1. marz næsta ár og framlengjast af sjálfu sér jafnlangan tíma, ef honum hefði ekki verið sagt upp með eins mánaðar fyrirvara. B hélt því fram, að samkvæmt þessu ákvæði hefði samningurinn framlengzt til 1. sept. 1948, en þá fallið úr gildi án uppsagnar. Talið var, að skilja bæri þetta ákvæði á þá lund, að samningurinn framlengdist um sex mánuði í senn, nema honum væri sagt upp með mánaðarfyrirvara miðað við 1. sept. eða 1. marz ár hvert. Þessi skilningur hafði og stoð í 6. gr. laga nr. 80/1938, sem gerði ráð fyrir því, að kjarasamningar féllu yfirleitt ekki niður nema fyrir uppsögn 64

Í kjarasamningi milli Sveinafélags skipasmiða og meistara í skipasmíði var svo um samið, að félagsmenn sveinafélagsins skyldu sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík. Talið var, að forgangsréttur sveinanna næði aðeins til þeirrar vinnu, sem félli undir iðn skipasmiða 66

Verklýðsfélagið V í Vestmannaeyjum hafði samið um það við

atvinnurekendur þar, að yrði breyting á grunnkaupi verkamanna hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, skyldi kaup í Vestmannaeyjum breytast í samræmi við það. Verkamannafélagið Dagsbrún hefur síðan 1934 samið við Vinnuveitendafélag Íslands um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hinn 15. júní 1949 féllu kjarasamningar Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélagsins úr gildi fyrir uppsögn. Hófst þá verkfall, er stóð til 20. s. m., er nefndir aðiljar sömdu á ný. Daginn, sem samningurinn féll úr gildi, samdi Dagsbrún við Olíufélagið um kaup og kjör félagsmanna sinna. Samkvæmt þeim samningi hækkaði grunnkaup Dagsbrúnarmanna nokkuð frá því, sem áður var. V taldi, að verkamannakaup í Vestmannaeyjum ætti strax að hækka til samræmis við kaupákvæði samningsins milli Dagsbrúnar og Olíufélagsins. Þessu mótmæltu atvinnurekendur þar og héldu því fram, að kaupið ætti einungis að miðast við samning Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélagsins. Það lá fyrir í málinu, að kjarasamningar Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélagsins höfðu allt frá árinu 1934 skorið úr um það, hvaða kaup reykvískir verkamenn fengju fyrir almenna verkamannavinnu. Einnig kom það upp, að samkvæmt samningi Dagsbrúnar og Olíufélagsins átti umsamið kaup að breytast til samræmis við það kaup, sem Dagsbrún og Vinnuveitendafélagið kynnu síðar að semja um. Loks þótti sýnt, að samningur Olíufélagsins og Dagsbrúnar gat ekki skipt máli nema fyrir tiltölulega fáa félagsmenn Dagsbrúnar. Að þessu athuguðu þótti kjarasamningur Dagsbrúnar og Olíufélagsins ekki eiga að valda kaupbreytingum í Vestmannaeyjum 73

Svo var um samið í kjarasamningi milli Olíufélaganna S og O og verkamannafélagsins D, að risi ágreiningur milli samningsaðiljanna skyldu þeir bera hann undir sáttanefnd, sem skipuð væri samkvæmt ákvæðum samningsins. Hinn 1. janúar 1950 átti félag flugvirkja í kjaradeilu við flugfélögin F og L og hafði gert verkfall hjá þeim, en flugfélögin fengu benzín hjá nefndum olíufélögum. Afgreiðslumenn benzínsins voru félagsmenn í D. Á fjórða degi verkfallsins bannaði stjórn D afgreiðslumönnunum að afgreiða benzín til flugfélaganna F og L. Olíufélögin S og O töldu þessa ráðstöfun D ólögmæta og brot á ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 og kröfðust þess, að afgreiðslubannið yrði dæmt ólögmætt og D gert að greiða sekt fyrir brot á áðurnefndum lögum og skaðabætur. D krafðist frávísunar, þar sem leggja hefði átt þetta ágreiningsefni fyrir sáttanefnd samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Félagsdómur leit

svo á, að ákvæði kjarasamningsins ættu aðeins við um þann ágreining, sem risi milli samningsaðilja út af ákvæðum samningsins sjálfs. Og þar sem atriði það, sem málið reis af, var ekki af þeirri rót runnið, var frávísunarkrafa D þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina 80, 83

Samkvæmt hlutarskiptasamningi skyldi afla báts skipt í 20 staði og máttu skipverjar ekki vera fleiri en 10. Á einum bát útgerðarmannsins S voru skipverjar 11. Þegar til skuldaskila kom milli S og skipverjanna, kom í ljós, að S hafði skipt í 21 stað. Þar sem S hafði ekki leitað samþykkis verklýðsfélags þess, er hlut átti að máli, til þess að fjölga skipverjum, var dæmt, að honum væri óheimilt að skipta í 21 stað, enda kom ekkert fram, sem benti til þess, að skipverjum hefði átt eða mátt vera það ljóst, að útgerðarmaðurinn ætlaðist til þess, að hlutur ellefta skipverjans yrði að hálfu leyti á kostnað hinna 10 110

Í kjarasamningi, sem gerður var 30. júní 1949, var ákvæði þess efnis, að yfirvinnukaup skipverja skyldi vera kr. 1.71, þegar sjóvökur voru staðnar, en 1.99 ef sjóvökum var slitið. Jafnframt var svo um samið, að sjóvökum skyldi slitið, er skip væri lagzt í höfn. Skipið Þ flutti í febrúar 1950 olíu úr skipi á ytri höfn Reykjavíkur til lands í Reykjavík. Voru sjóvökur staðnar og galt útgerðin yfirvinnukaup samkvæmt sjóvökuákvæðinu, kr. 1.71. Skipverjar kröfðust hinsvegar kr. 1.99. Það kom upp í málinu, að útgerðin hafði allt frá árinu 1947 greitt hærra gjaldið fyrir samskonar yfirvinnu, Höfðu samhljóða ákvæði staðið í samningum aðilja allan þenna tíma og þeir tvisvar verið framlengdir. Var dæmt, að skipverjar hefðu öðlast rétt til hærra kaupsins, án tillits til þess, hvort sjóvökum ætti að vera slitið samkvæmt ákvæðum samningsins 113

Verkalýðsfélagið F hóf verkfall 1. maí. Því lauk 12. maí og var þá undirritaður kjarasamningur milli F og nokkurra vinnuveitenda. Skyldi sá samningur gilda frá 1. maí. E var einn þeirra vinnuveitenda, sem stóð að samningi þessum, og ritaði umboðsmaður hans undir kjarasamninginn. Mánuði síðar höfðaði E mál gegn F og krafðist refsingar á hendur honum og skaðabóta úr hendi hans vegna þess, að verkfallið hefði verið ólögmætt. F bar það fram sér til sýknu, að kjarasamningurinn 12. maí hefði verið undirritaður af hálfu E án nokkurs áskilnaðar, og gæti hann því ekki haft uppi neinar kröfur á hendur F út af verkfallinu, enda þótt það kynni að hafa verið ólögmætt. Dæmt var, að þar sem E hefði ekki á skýlausan hátt fallið frá refsi- og skaðabótakröfum á hendur F út af verkfallinu við undirskrift kjarasamnings-

ins 12. maí, væri honum nú rétt, að koma fram með slíkar kröfur. Var aðild hans að kjarasamningnum ekki ein talin nægileg til þess að firra hann þeim rétti. Einn dómenda taldi hann þó ekki geta komið fram skaðabótakröfu sinni, og annar dómandi leit svo á, að E hefði firrt sig öllum rétti til þess að hafa uppi kröfur á hendur F út af verkfallinu .. 122

Kjarasamningur, sem gerður var milli verkalýðsfélagsins A og vinnuveitendafélagsins H, skyldi gilda frá 1. júlí 1949 til 1. jan. 1950 og vera uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Væri honum ekki sagt upp, skyldi hann framlengjast um 3 mánuði með sama uppsagnarfresti. A sagði samningi þessum upp 3. ágúst 1950 frá og með 5. sept. s. á. H hreyfði þá engum andmælum, en 9. sept. voru samningar framlengdir. Skyldi framlengingin gilda frá 5. sept. og fól hún ekki í sér aðrar breytingar en þær, að einu kjaraákvæði var breytt og svo um samið, að samningarnir skyldu „uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara". Hinn 18. marz 1951 sagði A upp samningi þessum frá og með 3. apríl, þar sem hann taldi uppsögn heimila hvenær sem væri með 14 daga fyrirvara. H andmælti uppsögninni. Dæmt var, að framlengingin 5. sept hefði aðeins falið í sér breytingu á uppsagnarfrestinum úr einum mánuði í 14 daga, en hinsvegar hefði samningstímanum ekki verið breytt. Ættu því samningarnir, bæði sá eldri og sá yngri, samkvæmt ákvæðum sínum að framlengjast um 3 mánuði í senn. Varð samningnum frá 5. sept. því aðeins sagt upp með 14 daga fyrirvara miðað við 5. des., 5. marz, 5. júní og 5. sept. ár hvert. Uppsögnin 18. marz var því dæmd ógild 128

Stéttarfélag stýrimanna gerði kjarasamning við skipaútgerðarfélag. Samkvæmt honum skyldu vera þrískiptar vaktir á þeim skipum, sem höfðu þrjá stýrimenn. Sú regla hafði gilt, að stýrimenn hefðu á hendi farmiðasölu og farmiðaeftirlit, og þurftu þeir oft að inna þau störf af hendi á frívöktum sínum. Þar kom, að stýrimenn töldu sér þetta óskylt og settu fram þá kröfu, að þetta yrði viðurkennt með dómi. Sagt var, að starfsskyldur stýrimanna færu fyrst og fremst eftir landslögum og ráðningarsamningi þeirra, en kjarasamningurinn væri aftur á móti ekki nema að litlu leyti heimild um þær . Hann fjallaði hinsvegar um það, hvaða endurgjald stýrimenn skyldu fá fyrir þá vinnu, sem þeir leystu af hendi. Átti Félagsdómur því ekki samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 að dæma um þetta atriði 136

Þá kröfðust stýrimenn þess, að þeim yrði dæmd sérstök þóknun úr hendi skipaútgerðarfélagsins fyrir þá vinnu, sem þeir þyrftu að leysa af hendi á frívöktum sínum vegna farmiða-

sölunnar. Dæmt var, að kjarasamningurinn yrði ekki skilinn svo, að hann gæfi stýrimönnum rétt til þess að krefjast slíkrar aukaþóknunar, og var skipaútgerðarfélagið sýknað af þeirri kröfu 136

Svo var um samið, að sjómenn, sem voru ráðnir til fiskveiða upp á hlut, skyldu fá lágmarkskaup, sem greitt væri mánaðarlega. Kauptrygging gat þó fallið niður, ef róðrar féllu niður af óviðráðanlegum orsökum. Báturinn S, sem var eign E, laskaðist í ofviðri 24. janúar. Fór hann ekki til róðra fyrr en 16. febrúar. E greiddi samt kauptryggingu fyrir allan janúar, en vildi ekki greiða neitt fyrir fyrri helming febrúarmánaðar. Ekki var talið sannað, að hlé það, er varð á róðrum frá 2.—16. febrúar, hefði stafað að óhjákvæmilegum afleiðingum sjóskaðans, og var E talið skylt að greiða lágmarkskaup fyrir þann tíma, en hann hafði ótilkvaddur greitt fyrir síðustu viku janúarmánaðar, og kom sá tími því ekki til álita 140

Samkvæmt kjarasamningi milli hlutafélagsins H og verklýðsfélagsins S skyldi almenn vinna greidd með kr. 3.08, en fiskvinna í frystihúsum með kr. 2.95. Samningur þessi var gerður 2. júlí 1949 og var þá lítið um saltfiskvinnu, en hún jókst verulega haustið 1949, og galt H vinnu við hana með kr. 2.95. Verklýðsfélagið fann að þessu í nóvember s. á. og taldi þessa vinnu eiga að greiðast með kr. 3.08. H skeytti þessu ekki, og fór svo fram til októberloka næsta ár, 1950. En þá bað S Alþýðusamband Íslands að höfða mál gegn H til viðurkenningar á því, að saltfiskvinna skyldi greidd með kr. 3.08. Verklýðsfélagið lét H ekki vita um þessa málaumleitan, en gerði fjórum dögum síðar nýjan kjarasamning við hann og var ekki ágreiningur um það, að samkvæmt þeim samningi skyldi nefnd vinna greidd með hinu lægra kaupi, svo sem verið hafði. Ekki gerði S neinn áskilnað um það við samningsgerð þessa, að það ætlaði að halda fram kröfum út af vinnulaunum frá hinu fyrra samningstímabili. Stefna í málinu var ekki birt H fyrr en í janúar 1951. Þessi atriði leiddu til þess, að S var ekki nú talið geta komið fram gagnvart H kröfum vegna saltfiskvinnu á hinu fyrra samningstímabili 146

Samkvæmt kjarasamningi, sem gerður var 2. febrúar 1949 milli útvegsbænda og verklýðsfélags, skyldu útvegsmenn kaupa fisk skipverja, sem voru hlutarmenn, ákveðnu verði, kr. 0,53 fyrir þorsk. Þegar þessi samningur var gerður, voru í gildi lög nr. 100 frá 1948 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum, en samkvæmt þeim var greiðsla tiltekins lágmarksverðs skilyrði þess, að útvegsmaður gæti notið góðs

af ákvæðum laganna. Hinn 9. febr. 1949 gáfu stjórnvöld út auglýsingu um fiskverð það, er útvegsmenn skyldu greiða til þess að fá notið hlunninda laganna, og var verð á þorski þar ákveðið 55 aurar. Verklýðsfélagið taldi þá, að útvegsmönnum væri skylt að greiða hlutarmönnum það verð, þótt annað væri ákveðið í kjarasamningnum. En þar sem verklýðsfélagið hafði ekki við samningsgerð áskilið, að fiskverð til sjómanna skyldi fara eftir auglýstu fiskverði samkvæmt nefndum lögum og ekki varð ráðið af ákvæðum laganna, að fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda um fiskverð ættu að breyta eða koma í stað ákvæða í kjarasamningum verklýðsfélaga og vinnuveitenda, varð að sitja við það fiskverð, sem um var samið með kjarasamningnum 149

Í kjarasamningi milli útvegsmanna og verklýðsfélags var svo mælt, að háseti skyldi halda óskertum hlut sínum næstu 10 daga, ef hann yrði frá vinnu vegna veikinda. Við skýringu á samningsákvæði þessu var byggt á skýrslu þeirra fulltrúa, er önnuðust samningsgerð, venju í hliðstæðum verstöðum og eðlilegum fjölda veikindadaga miðað við lengd vertíðarinnar 152

Skorið úr ágreiningi um aflaverðlaun af lýsi og saltfiski, sem seldur var og settur á land í erlendri höfn 155, 161

Í kjarasamningi milli rafvirkja og rafvirkjameistara var svo um samið, að vinnuvikan skyldi vera 48 klst. og uppsagnarfrestur af beggja hálfu, meistara og einstakra sveina, einn mánuður. Þessi ákvæði voru talin tryggja rafvirkjum kaup fyrir 48 klst. hverja viku, ef þeir komu réttstundis til vinnu, enda væri ráðning þeirra með þeim hætti, að þeim bæri eins mánaðar uppsagnarfrestur 167

Samkvæmt kjarasamningi milli sjómannafélags og útgerðarmanna fengu skipverjar 17% af heildarsöluverði fisks, þegar veitt var í ís til sölu á erlendum markaði, að frádregnum 20% vegna útflutningsgjalda, tolla erlendis, löndunar og sölukostnaðar. Í sama samningi var og svo mælt, að greiða skyldi skipverjum 19% af afla, ef saltfiski væri landað í erlendri höfn, að frádregnum 20% af söluverði, en ekki var í þeirri grein tekið sérstaklega fram, í hvaða skyni sá frádráttur var gefinn. Í nokkrum söluferðum var sölu hagað svo, að fiskurinn var seldur um borð í skipinu og tók útgerðarmaður síðan 20% af því verði, þótt hann þyrfti ekki að standa straum af löndunarkostnaði. Sjómenn kváðu þetta ekki heimilt, þar sem 20% væru til þess ætluð, að mæta þeim tilteknu gjöldum, sem greind voru í sambandi við ísfisksöluna. Talið var, að tilgangurinn með 20% væri sá að mæta ákveðnum útgjöldum, og var ekki sýnt fram á það í

málinu, að saltfisksalan væri svo frábrugðin ísfisksölunni, að ætlað yrði, að aðrar reglur hefðu átt að gilda um hana. Var því dæmt, að leggja skyldi sölu- og löndunarkostnað, tolla og útflutningsgjald við söluverð aflans um borð í skipi og draga síðan 20% frá þeirri fjárhæð 175

Kjarasamningur geymdi ákvæði þess efnis, að brot á honum skyldu varða samningsaðilja sektum allt að kr. 5000.00. Í máli, þar sem vinnuveitandi var talinn hafa brotið forgangsréttarákvæði samningsins, þóttu þó ekki efni til að beita ákvæðum hans um févíti gagnvart vinnuveitandanum 193

Verkalýðs- og sjómannafélagið R var samkvæmt samþykktum þess heildarsamband verkamanna, verkakvenna, sjómanna, vélstjóra og bifreiðarstjóra, og gerði hver þessara deilda kjarasamninga fyrir sig. Í maí 1952 rann út kjarasamningur verkamanna- og verkakvennadeildarinnar, og kom til verkfalls hjá deildum þessum, en samningum hinna deildanna hafði ekki verið sagt upp, enda tóku þær ekki þátt í verkfallinu. Ýmis verklýðsfélög landsins áttu í vinnudeilum um um þessar mundir og 21. maí komust á í Reykjavík heildarsamningar milli verklýðsfélaganna og vinnuveitenda, sem verklýðsfélög þau, er í deilu áttu, undirrituðu síðan ásamt atvinnurekendum á hverjum stað. Bifreiðastjóradeild R undirritaði ekki þetta samkomulag, en 3 vikum síðar hækkuðu félagsmenn hennar ökugjöld sín sem svaraði þeirri hækkun, er varð á kaupi 21. maí, og greiddu atvinnurekendur það gjald án athugasemda og stóð svo til 30. nóv. 1952, en þá sagði bifreiðastjóradeildin upp samningi sínum við atvinnurekendur, en hann var gerður í júlí 1947. Þar sem bílstjóradeildin hafði hvorki gerzt aðili að samningnum 21. maí né heldur skapað sér sjálfstæðar samningsskyldur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 með ökugjaldshækkunum í júní 1952, var uppsögn hennar talin í samræmi við gildandi kjarasamning deildarinnar við atvinnurekendur og metin gild 197

Í samningi um kaup og kjör háseta á þorskveiðum með lóð var samið um ákveðna kauptryggingu, og lét samningurinn svo mælt, að tryggingarupphæðin miðaðist við núgildandi fiskverð. Er samningur þessi hafði verið í gildi í 5 ár, kröfðust sjómenn þess, að kauptryggingin hækkaði í samræmi við þær hækkanir, sem orðið hefðu á fiskverði. Þessi krafa var þó ekki tekin til greina. Skýrslur þeirra manna, er fóru með samninga, þóttu ekki gefa bendingar um það, hvað samningsaðiljar höfðu meint með þessu. Ekki var sýnt fram á, að þess væru dæmi, að fjárhæð kauptryggingar fylgdi breyttu fiskverði, og auk þess höfðu fyrirsvarsmenn sjó-

manna látið það óátalið, þótt hækkað fiskverð væri ekki látið orka á fjárhæð kauptryggingarinnar 208
Sagt, að athafnasemi af hálfu verklýðsfélaga til verndar samningslegum rétti, hljóti oft að vera háð því skilyrði, að þeir félagsmenn, sem telja sig órétti beitta, beri fram kvartanir við félag sitt 208

Lög, lögskýring.

Lög nr. 128/1947 kváðu svo á, að ekki mætti frá 1. janúar 1948 greiða hærri vísitöluuppbót á laun en 300. Þetta ákvæði talið leiða til þess, að vinnuveitendum væri ekki skylt að greiða hærri verðlagsuppbót fyrir vinnu, sem leyst var af hendi í janúar 1948, enda þótt þeim hefði samkvæmt kjarasamningi við verklýðsfélag það sem hlut átti að máli, verið skylt að greiða verðlagsuppbót miðað við 328 stig 1
Kauptaxti, sem félag trésmiða gaf út, var hvorki talinn vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 né ígildi slíks samnings 49
Sagt, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 falli kjarasamningar ekki niður nema þeim sé sérstaklega sagt upp. Með hliðsjón af því var talið, að kjarasamningur, sem gilti frá 1. sept. til 1. marz næsta ár og átti að framlengjast af sjálfu sér jafnlangan tíma, ef honum hefði ekki verið sagt upp með mánaðarfyrirvara, félli ekki úr gildi fyrir uppsögn, nema hún væri miðuð við nefnda daga 64
Í máli, sem verklýðsfélag höfðaði gegn útvegsmannafélagi út af ágreiningi um það, hvaða verð sjómenn ættu að fá fyrir óslægðan þorsk, var því haldið fram af útvegsmannafélagsins hálfu, að fiskverðið byggðist á lögum, sem Félagsdómur væri ekki bær um að skýra, og krafðist félagið því frávísunar á málinu. Verklýðsfélagið lýsti hinsvegar yfir því, að það byggði rétt sinn á kjarasamningi þeim, er þá var í gildi milli félaganna. Útvegsmannafélagið neitaði því, að krafa verklýðsfélagsins ætti sér stoð í kjarasamningnum. Hér var því fyrir hendi ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sem Félagsdómur átti að dæma um samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 71
Í máli, sem verklýðsfélag höfðaði gegn atvinnurekenda til greiðslu skaðabóta, var fjárkrafa verklýðsfélagsins tekin til greina að fullu, enda bar atvinnurekandinn ekki fyrir sig ákvæði 2. málsl. 65. gr. laga nr. 80/1938 og Félagsdómur beitti þeim ekki sjálfkrafa 77
Vörubílstjórafélag, sem gert hafði löglegt verkfall, var sakað um það, að hafa með hótun eða valdbeitingu komið því til leiðar, að tveir bifreiðarstjórar, sem voru félagsmenn í öðru

verklýðsfélagi, hættu venjulegri vinnu sinni, án þess, að félag þeirra hefði gert samúðarverkfall til stuðnings vörubílstjórunum. Var vörubílstjórafélagið sótt til saka fyrir brot á lögum nr. 80/1938 og jafnframt var krafizt viðurkenningar á skaðabótaskyldu þess vegna tjóns, sem hlotizt hefði af ólögmætum verknaði forráðamanna þess. Dæmt var, að þesskonar vinnustöðvun, þó sönnuð væri, félli ekki undir ákvæði laga nr. 80/1938 og ætti Félagsdómur því ekki samkvæmt 44. gr. sömu laga að dæma um það, hvort um ólögmætan verknað af hálfu vörubílstjórafélagsins hefði verið að ræða 103

Vörubílstjórafélagið Þ, sem gert hafði lögmætt verkfall, var sótt til saka fyrir að hafa hindrað skipverja á bátnum K að flytja lóðir sínar til skips, en þær höfðu venjulega verið fluttar á bifreið frá stöð Þ. Skipverjar á K voru hvorki félagsmenn í Þ né öðru félagi, sem gert hefði samúðarverkfall til styrktar Þ. Eigandi K taldi sig verða fyrir ólögmætu verkfalli af hálfu Þ og sótti hann til refsingar og skaðabóta fyrir brot á lögum nr. 80/1938. Dæmt var, að enda þótt Þ hefði hindrað, að skipverjar á K flyttu lóðir sínar til skips, þá væri það ekki verkfall í merkingu laga nr. 80/1938 og ætti Félagsdómur því ekki að dæma um lögmæti þeirra athafna 118

Ákvæði laga nr. 100 frá 19. desember 1948 ekki talin hafa átt að breyta eða koma í stað ákvæða í kjarasamningum verklýðsfélaga og vinnuveitenda 149

Brottrekstri bifreiðarstjóra úr stéttarfélagi jafnað til ólögmætrar synjunar um inngöngu í félagið og hann talinn varða við 2. gr. l. nr. 80/1938 ..... 178, 185

Málflutningur.

M höfðaði mál til viðurkenningar á félagsréttindum sínum í verkamannafélaginu Þ. Þegar málið var þingfest, var dómþing sótt af hálfu Þ og fékk hann þá frest til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu. Fengu aðiljar sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En er málið kom næst fyrir, var ekki sótt þing af hálfu Þ. M fékk þá frest til þess að koma fyrir dóm og gefa aðiljaskýrslu, og var málið síðan flutt skriflega og dæmt samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir hendi voru 22, 25, 28, 31, 33

Lagt fyrir aðilja í máli út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings að afla frekari gagna áður en málið væri dæmt 53, 70

Í máli milli verklýðsfélags og útvegsmannafélags um það, hvaða verð útvegsmenn ættu að greiða sjómönnum fyrir

óslægðan þorsk, krafðist útvegsmannafélagið þess, að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem ágreiningur aðilja lyti að því, hvernig skýra bæri lög, er þá voru í gildi um hámarksverð á fiski. Samkvæmt málflutningi verklýðsfélagsins byggði það kröfur sínar á ákvæðum kjarasamning þess, er í gildi var, milli verklýðsfélagsins og útvegsmannafélagsins. Hér var því fyrir hendi ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sem Félagsdómur átti að dæma um 71

Atvinnurekandi var talinn bótaskyldur gagnvart verklýðsfélagi vegna brots á kjarasamningi. Þar sem hann hvorki mótmælti fjárhæð bótakröfunnar sérstaklega í flutningi málsins né bar fyrir sig ákvæði 65. gr. laga nr. 80/1938, var krafa félagsins tekin til greina að fullu 77

Málshöfðun.

Í máli, sem G höfðaði til viðurkenningar á rétti sínum til inngöngu í verkamannafélagið Þ, krafðist G þess ekki fyrr en í munnlegum málflutningi, að Þ yrði dæmt til þess að greiða sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938. Ekki þóttu efni til þess að taka sektarkröfu G til greina 15

Kjarasamningur var gerður milli verklýðsfélagsins S og hlutafélagsins H 2. júní 1949. Í nóvember s. á. fann S að því við H, hvaða kaup hann greiddi fyrir saltfiskvinnu. H skeytti ekki aðfinnslum S og stóð svo til 30. okt. 1950 án þess að S hæfist handa gagnvart H. En þann dag bað S Alþýðusambandið að höfða mál gegn H. S skýrði ekki frá þeirri beiðni sinni, en gerði 4. nóv. 1950 nýjan kjarasamning við H og ágreiningslaust var, að samkvæmt þeim samningi skyldi greiða saltfiskvinnu því kaupi, sem H hafði gert. Enginn áskilnaður var gerður af hálfu S við þessa samningsgerð. Stefna í máli S á hendur H út af hinum eldra samningi var ekki birt H fyrr en í janúar 1951. Þetta var talið leiða til þess, að S gæti ekki nú komið fram kröfum sínum á hendur H 146

Rafvirkjar.

Samkvæmt kjarasamningi milli rafvirkja og rafvirkjameistara var svo um samið, að uppsagnarfrestur af beggja hálfu, að því er varðaði einstaka vinnusamninga, skyldi vera einn mánuður og samkvæmt sama samningi var vinnuvikan talin 48 klst. Þessi ákvæði voru skýrð svo, að með þeim væri rafvirkjum tryggt 48 stunda vikulegt kaup, ef þeir mættu réttstundis til vinnu sinnar 167

Refsingar, sjá sektir.

Samúðarverkföll.

Afgreiðslubann verkamannafélagsins D talið jafngilda því, að um samúðarverkfall væri að ræða. Og þar sem D hafði ekki tilkynnt verkfallið með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 ákveður, var verkfallið dæmt ólögmætt og D dæmt til greiðslu sektar og talið skaðabótaskylt gagnvart þeim aðiljum, sem vinna var lögð niður hjá 90, 95

Sáttanefndir.

Svo var um samið í kjarasamningi, að ágreiningur milli samningsaðilja skyldi lagður fyrir sérstaka sáttanefnd. Þetta ákvæði var ekki talið eiga við um þau ágreingsatriði, sem ekki áttu rót sína að rekja til samningsins 80, 83

Sektir.

Í máli, sem G höfðaði gegn verkamannafélaginu Þ til viðurkenningar á félagsréttindum, krafðizt hann þess, að Þ yrði dæmt til greiðslu sektar fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938. Dæmt var, að Þ hefði verið skylt að veita G félagsréttindi. Hinsvegar var Þ ekki gert að greiða sekt, þar sem þess hafði ekki verið krafizt í stefnu 15

Verklýðsfélag dæmt í sekt fyrir ólögmætt verkfall. Hafði hvorki verið tekin ákvörðun um verkfallið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938 né það tilkynnt í tæka tíð samkvæmt 16. gr. sömu laga 122

Verklýðsfélag, sem framkvæmdi afgreiðslubann án þess að tilkynna það með nægum fyrirvara, var talið hafa brotið 16. gr. laga nr. 80/1938 og dæmt til greiðslu sektar 90, 95

Á fundi í bifreiðastjórafélaginu H var samþykkt að víkja bifreiðastjórunum E og G úr félaginu. Brottrekstri þeirra, sem dæmdur var ólögmætur, þótti verða jafnað til löglausrar synjunar um inngöngu í félagið, og var H samkvæmt því dæmt til þess að greiða sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938 ..... 178, 185

Sératkvæði.

Einn dómenda greiðir sératkvæði í máli um greiðslu dýrtíðaruppbótar 1

Einn dómenda greiðir sératkvæði um rétt manna til inngöngu í verkamannafélag 15, 22, 25, 28, 31, 33

Einn dómenda greiðir sératkvæði um niðurstöðu dóms 49, 90, 95, 110, 122, 128, 204, 213

Siglingar.

Framreiðslumenn á skipi, sem sigldi með farþega milli Eng-

lands og Íslands, taldir eiga rétt til þjónustugjalds, úr hendi skipseigenda, af verði þess fæðis, sem falið var í verði farseðils, er farþegar keyptu á afgreiðslum skipseiganda 45
Skorið úr ágreiningi um það, hversu reikna skuli mánaðarleg landgönguleyfi háseta, ef þeir höfðu leyst af hendi 8 stunda vinnu þann dag, sem þeir fengu landgönguleyfi 107
Leyst úr ágreiningi um það, hvaða yfirvinnukaup skuli greitt í þeim olíuflutningum Þyrils, er hann flutti olíu í land í Reykjavík úr olíuflutningaskipum á ytri höfninni 113
Ágreiningi um það, hvort stýrimönnum á skipum S væri skylt að sjá um farmiðasölu og farmiðaeftirlit á frívöktum sínum, vísað frá dómi. En sýknað af þeirri kröfu stýrimanna, að þeim bæri aukaþóknun fyrir þessa vinnu, ef hún væri framkvæmd á frívöktum þeirra 136
Skorið úr ágreiningi um frí háseta, þegar skip liggur í höfn heima eða erlendis 204

Síldarverksmiðjur.

Síldarverksmiðja, sem hafði skuldbundið sig til þess að láta félagsmenn verklýðsfélagsins V sitja fyrir vinnu, réði til sín utanfélagsmenn, en synjaði K, sem var félagi í V, um vinnu. Þetta var talið andstætt forgangsréttarákvæðum kjarasamningsins og síldarverksmiðjunni gert að greiða K skaðabætur 77

Sjómenn, sjá frídagar, hlutarskipti, siglingar.

Skaðabætur.

Skaðabótakröfu út af vanefndum á samningi vísað frá dómi, þar sem engin grein var gerð fyrir því, á hvaða grundvelli hún væri reist 8
Síldarverksmiðja, sem var bundin samningi um það, að láta félagsmenn verklýðsfélagsins V sitja fyrir vinnu, var dæmd til þess að greiða skaðabætur vegna þess, að hún tók ekki verkamanninn K, sem var félagsmaður í V, í vinnu, en hafði þó í þjónustu sinni menn, er ekki voru félagsmenn í V. Voru K dæmdar fullar bætur, enda bar V ekki fyrir sig ákvæði 65. gr. laga nr. 80/1938 77
Verklýðsfélagið D bannaði afgreiðslumönnum hjá olíufélögunum S og O að afgreiða benzín til flugvéla flugfélaganna F og L, en félag flugvirkja hafði gert verkfall hjá þeim. Afgreiðslubann þetta var talið jafngilda samúðarverkfalli, og þar sem það hafði ekki verið boðað með þeim fyrirvara, sem um getur í 16. gr. laga nr. 80/1938, var það dæmt ólögmætt og D talið bótaskylt gagnvart S og O .. 90, 95
Vörubílstjórafélagið Þ átti í vinnudeilu við vinnuveitendasambandið V og hafði gert verkfall hjá félagsmönnum þess.

Hraðfrystihúsið Í, sem ekki var félagi í V, lét flytja hraðfrystan fisk til skips og notaði til þeirra flutninga tvær bifreiðar. Var önnur eign frystihússins, en hina átti framkvæmdastjóri þess. Formaður Þ kom á vettvang og hættu bifreiðarstjórar I akstri, en þeir voru félagsmenn í verkamannafélaginu D, sem ekki hafði gert samúðarverkfall, að því er þennan akstur snerti. Í krafðist síðar, að Þ yrði dæmt skaðabótaskylt gagnvart sér vegna tjóns þess, sem af því hefði hlotizt, að fiskurinn varð ekki fluttur til skips. Byggðist sú krafa I á því, að Þ hefði gerzt brotlegt við ákvæði laga nr. 80/1938. Dæmt var, að enda þótt svo væri, að Þ hefði valdið því, að bifreiðarstjórar I hættu akstri, þá varðaði slík háttsemi ekki við ákvæði laga nr. 80/1938 og ætti Félagsdómur því ekki að dæma um skaðabótakröfuna 103

Vörubílstjórafélagið Þ hafði gert verkfall hjá félagsmönnum vinnuveitendasambandsins V. K var ekki félagi í V. Hann gerði út bát til fiskveiða og mun hafa verið vanur að flytja lóðir sínar til skips á vörubifreið frá stöð Þ. Eftir að verkfall Þ hófst fékk K ekki bifreið til flutninganna og fluttu skipverjar lóðirnar þá til skips á handvagni og á sjálfum sér. K taldi, að fyrirsvarsmenn Þ hefðu hindrað skipverja í því að flytja lóðirnar til skips og höfðaði mál á hendur Þ fyrir brot á lögum nr. 80/1938 vegna ólögmæts verkfalls og krafðist skaðabóta úr hendi hans. Dæmt var, að jafnvel þótt Þ hefði átt sök á því, að skipverjar K fengu ekki flutt lóðir sínar til skips, þá varðaði sá verknaður ekki við lög nr. 80/1938 og ætti Félagsdómur því ekki að dæma um skaðabótakröfu út af slíkri tálmun 118

Verkalýðsfélagið F hóf verkfall 1. maí og stóð það til 12. maí, er nýr kjarasamningur var undirritaður milli þess og vinnuveitenda þeirra, er hlut áttu að máli. Skyldi kjarasamningurinn gilda frá 1. maí. Einn vinnuveitendanna, E, höfðaði síðan mál gegn F og krafðist skaðabóta úr hendi þess, þar sem verkfallið hefði verið ólöglegt. F bar það fyrst og fremst fyrir sig, að þar sem umboðsmaður E hefði ritað undir kjarasamninginn 12. maí án nokkurs áskilnaðar um skaðabætur, þá hefði E firrt sig rétti til þess að koma síðar fram með slíka kröfu. Þessi mótbára F var ekki tekin til greina, þar sem talið var, að aðild E að samningnum hefði ekki ein getað firrt hann slíkum rétti. Sannað þótti, að verkfallið hefði verið ólögmætt og að E hefði beðið tjón af völdum þess. Voru honum því dæmdar bætur úr hendi F 122

Samkvæmt kjarasamningi milli bifreiðastjórafélagsins H og Strætisvagna Reykjavíkur var S R óheimilt að taka til bif-

reiðaaksturs aðra menn en þá, sem voru gildir félagsmenn í H. Forstjóri S R fékk bifreiðarstjórana E og G, sem unnu í þjónustu S R og voru félagsmenn í H, til þess að láta sér í té skýrslur um starfshæfni allra bifreiðarstjóra hjá S R. Fyrir þetta hlutu þeir E og G ámæli starfsfélaga sinna, og á félagsfundi í H var samþykkt að víkja þeim úr félaginu. Var S R tilkynnt þessi ákvörðun og þess krafist, að E og G yrðu látnir hætta störfum hjá S R, því ella mundi félagsmönnum H bannað að vinna hjá S R. E og G kröfðust þess, að brottvikning þeirra yrði dæmd ógild, og var sú krafa þeirra tekin til greina. Og þar sem H hafði með hinni ólögmætu brottvikningu og kröfu sinni til S R átt sök á því, að E og G var sagt upp starfi, voru þeim dæmdar skaðabætur úr hendi H, og þóttu ekki vera fyrir hendi skilyrði til lækkunar á skaðabótum samkv. 65. gr. laga nr. 80/1938 ..... 178, 185

Verkamanni dæmdar skaðabætur úr hendi vinnuveitenda, þar sem vinnuveitandinn hafði sniðgengið forgangsréttarákvæði kjarasamnings þess, er í gildi var, milli hans og verkalýðsfélags þess, sem verkamaðurinn var í 193

Skipasmiðir.

Samkvæmt kjarasamningi félags skipasmiða, S, og meistara í skipasmíði, skyldu félagsmenn í S sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík. Dæmt var, að forgangsréttur skipasmiða ætti aðeins við um þær smíðar, sem féllu undir iðn skipasmiða 66

Stéttarfélög, sbr. félagsréttindi.

G sótti um inngöngu í verkamannafélagið Þ og afhenti í ágústmánuði 1948 formanni félagsins inntökubeiðni sína. G kom síðan á félagsfund, er haldinn var í september, ásamt fleiri mönnum, sem sótt höfðu um inngöngu í félagið. Í upphafi fundarins kom fram tillaga um það, að fyrsta mál fundarins yrði inntaka nýrra félaga. Formaður Þ sinnti því ekki og tók fyrir önnur mál, sem fyrir fundinum lágu, og varð ekkert úr afgreiðslu inntökubeiðna þeirra, er fyrir lágu. Í máli, sem G höfðaði gegn verkalýðsfélaginu til viðurkenningar á félagsréttindum, hélt hann því fram, að taka hefði átt inngöngubeiðni sína til meðferðar á undan öðrum málum. Félagsdómur kvað það ekki á sínu valdi að skera úr um það, í hvaða röð hefði átt að taka fyrir dagskráratriði á fundi verkamannafélagsins 15

H, sem var félagsmaður í vörubílstjóradeild stéttarfélags, krafðist þess, að félagið sæi honum fyrir afgreiðslu á vörubíla-

stöð, þar sem gert væri ráð fyrir því í samþykktum félagsins, að það starfrækti vörubílastöð. Félagið rak hvorki sjálft neina slíka stöð né hafði gert samning um afgreiðslu fyrir félagsmenn við vörubílastöð þá, sem starfaði á félagssvæði þess. Ekkert kom fram, sem benti til þess, að vörubílstjóradeildin léti undir höfuð leggjast að veita H sömu félagsréttindi og öðrum félagsmönnum. Var ekki talið, að H gæti borið atriði það undir Félagsdóm, hvort félaginu væri skylt að framfylgja því ákvæði samþykkta sinna, að starfrækja vörubílastöð 100

Stjórn og trúnaðarráð verklýðsfélagsins F ákváðu að stofna til verkfalls og var þessi ákvörðun samþykkt á almennum félagsfundi. Daginn, sem verkfallið skyldi hefjast, komu forráðamenn F á vinnustöð E með þeim afleiðingum, að 6 félagsmenn F, sem unnu hjá E, lögðu niður vinnu. Þar sem ákvörðunin um að hefja verkfall var hvorki gerð með lögmætum hætti né tilkynnt þeim, er hlut áttu að máli, með lögmæltum fyrirvara, voru E dæmdar fébætur úr hendi F. Þótti sannað, að koma forráðamanna F hefði orðið til þess, að verkamennirnir 6 lögðu niður vinnu, en F bar ábyrgð á þessum athöfnum fyrirsvarsmanna sinna 122

Í bifreiðastjórafélaginu H voru 600 félagsmenn. Á félagsfundi, sem 153 félagar sátu, var samþykkt með 74 atkv. gegn 68, en 11 sátu hjá, að víkja bifreiðarstjórunum E og G úr félaginu og tilkynnti stjórn félagsins þeim síðan brottrekstur-inn. Þegar boðað var til fundar þessa, var ekki greint í fundarboði, að til umræðu og atkvæða yrði tillaga um brottvikningu E og G, og var brottvikningin þegar af þeirri ástæðu metin ógild. Og þar sem brottvikningunni þótti að öðru leyti verða jafnað til löglausrar synjunar um inngöngu í félagið var H gert að greiða sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938 og jafnframt var H dæmt til þess að greiða E og G skaðabætur, þar sem þeir höfðu misst atvinnu sína um skeið vegna brottvikningarinnar 178 185

Verklýðs- og sjómannafélagið K var heildarsamband verkamanna, verkakvenna, sjómanna, vélstjóra og bifreiðarstjóra og gerði hver deild kjarasamninga fyrir sig. Var ekki talið að kjarasamningur, sem verkamanna og verkakvennadeildin gerðu, hefði orðið bindandi fyrir bifreiðarstjóradeild þess 197

Stýrimenn.

Vísað frá dómi kröfu stýrimannafélags, þar sem þess var krafist, að stýrimönnum hjá skipaútgerðarfélaginu S væri ekki skylt að innan af hendi á frívöktum farseðlasölu og farseðlaeftirlit 136

Hinsvegar var S sýknað af þeirri kröfu stýrimannanna, að S væri skylt að greiða þeim sérstaka aukaþóknun, þegar farmiðasalan eða farmiðaeftirlitið var framkvæmt á frívöktum 136

Tómlætisverkanir.

Í kjarasamningi, dags. 2. júlí 1949, voru vinnulaun ákveðin kr. 3,08 fyrir almenna vinnu, en kr. 2,95 fyrir fiskvinnu í frystihúsum. Þegar þessi samningur var gerður, kvað lítið að saltfiskverkun. En haustið 1949 jókst hún verulega og galthlutafélagið H, sem var aðili að kjarasamningnum, kr. 2,95 fyrir þá vinnu. Verklýðsfélagið S, sem H hafði samið við, fann að því í nóv. 1949, að H greiddi ekki saltfiskvinnu með kr. 3,08. H skeytti ekki um þær aðfinnslur. Virðist S þá hafa látið þetta kyrrt liggja til 30. október 1950, er það ritar Alþýðusambandi Íslands og óskar þess, að leitað verði úrskurðar Félagsdóms, um það, hvaða fjárhæð saltfiskvinnan skuli greidd. Ekki tilkynnti S hlutafélaginu neitt um þetta fyrr en H var birt stefna 24. janúar 1951. En hinn 4. nóvember 1950 var gerður nýr kjarasamningur milli S og H, og var ekki ágreiningur um það, að samkvæmt þeim samningi, sem gilti frá þeim degi, skyldi saltfiskvinnan goldin sömu fjárhæð, kr. 2.95, og H hafði áður greitt. Ekki gerði S neinn áskilnað um það við samningsgerðina 4. nóv., að hann teldi verkamenn eiga kröfu til hærra kaups fyrir saltfiskvinnu fyrir liðinn tíma, og var dæmt, að hann gæti ekki nú, eins og málinu var háttað, komið fram slíkum kröfum á hendur H 146

Í kjarasamningi var svo um samið, að sjómenn skyldu fá tiltekin aflaverðlaun af afurðum þeim, er á land kæmu. Ef afurðaverð breyttist svo mikið, að munaði 10%, átti fjárhæð aflaverðlaunanna að breytast í samræmi við það, en nefnd, sem báðir aðiljar áttu fulltrúa í, skyldi skera úr því, hvort verðlag hefði breytzt. Ágreiningur reis um það, hvort verðbreytingar á lýsi ættu að hafa áhrif á fjárhæð aflaverðlaunanna. Héldu útgerðarmenn því fram, að samið hefði verið um fast verð á því, er gilda ætti allt samningstímabilið. Það kom fram í málinu, að útvegsmenn höfðu án nokkurs fyrirvara nefnt mann af sinni hálfu í nefnd til þess að skera úr um það, hvort verðbreyting hefði orðið á lýsinu. Þetta atriði var m. a. talið benda til þess, að ekki hefði verið samið um fast verð 155, 161

Í máli, sem reis milli rafvirkja og rafvirkjameistara vegna ágreinings um skilning á ákvæðum kjarasamnings, var því haldið fram af hálfu rafvirkjameistaranna, að samningurinn

hefði, án athugasemda af hálfu rafvirkja, verið framkvæmdur á þá lund, sem meistararnir höfðu talið rétt. Ekki var talið, að rafvirkjar hefðu sökum tómlætis glatað rétti, er þeir áttu 167

Sjómannafélagið R hélt því fram, að samkvæmt samningi þess við Landssambands útvegsmanna, L, um kaup og kjör sjómanna á þorskveiðum með lóð, ætti kauptrygging sjómanna að breytast, ef breytingar yrðu á fiskverði. L mótmælti þessu og kom í ljós, að félagsmenn þess höfðu í tvö ár greitt sjómönnum kauptryggingu þá, er um var samið í upphafi, enda þótt fiskverð hefði þau ár hækkað til stórra muna, en afli hinsvegar reynst svo lítill, að kauptryggingarákvæðin komu til framkvæmda. Hafði R ekki hreyft andmælum gegn þessari framkvæmd á samningnum. Dæmt var, að verðhækkun á fiski ætti ekki að orka á kauptryggingu na og var athafnaleysi R þessi tvö ár talin þeirri niðurstöðu til styrktar 208

Sagt var þó, að reyndar gæti staðið svo á, að fyrirsvarsmönnum verklýðsfélaga væri ekki unnt að fylgjast að öllu leyti með því, hvort samningar þeirra við atvinnurekendur væru haldnir, og hlyti athafnasemi af þeirra hálfu til verndar samningslegum rétti einatt að vera því háð, að félagsmenn, sem teldu sig beitta órétti, bæru fram kvartanir við félag sitt 208

Trésmiðir.

Kauptaxti, sem félag trésmiða gaf út, var ekki talinn ígildi þess, að stofnast hefði vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 milli félagsins og atvinnurekandans A 49

Trúnaðarmannaráð.

Stjórn verkamannafélagsins F og svokallað trúnaðarráð þess samþykktu á sameiginlegum fundi að hefja verkfall hjá vinnuveitendum og kom sú ákvörðun til framkvæmda. Ekki voru nein ákvæði í samþykktum félagsins, sem heimiluðu trúnaðarmannaráði að taka ákvörðun um verkfall samkvæmt c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 og gat stjórn og trúnaðarráð F þegar af þeirri ástæðu ekki með lögmætum hætti tekið ákvörðun um að hefja verkfall 122

Uppsögn.

Verklýðsfélagið B og Kaupfélagið E ákváðu, að kjarasamningur þeirra í milli skyldi gilda frá og með 1. sept. 1947 til 1. marz 1948 og framlengjast af sjálfu sér jafnlangan tíma, ef honum hefði ekki verið sagt upp með eins mánaðar fyrir-

vara. Þetta samningsákvæði var skýrt svo, að samningurinn framlengdist af sjálfu sér sex mánuði í senn miðað við 1. marz og 1. sept. hvert ár, nema honum væri sagt upp með mánaðarfyrirvara miðað við nefnda daga, enda hafði það stoð í 6. gr. laga nr. 80/1938, sem gerir ráð fyrir því, að kjarasamningar falli yfirleitt ekki niður, nema fyrir uppsögn 64

Hlutafélagið H hafði í þjónustu sinni skipasmiði og aðra smiði. Er H sagði upp nokkrum skipasmiðum, taldi félag skipasmiða uppsögnina vera brot á forgangsréttarákvæði í kjarasamningi milli meistara í skipasmíði og félags skipasmiða, en samkvæmt því ákvæði áttu skipasmiðir að sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík. Töldu skipasmiðir, að ákvæði þetta gæfi þeim forgangsrétt til allrar smíðavinnu. Dæmt var, að skipasmiðir ættu aðeins forgangsrétt til þeirrar vinnu, sem félli undir iðn skipasmiða, en þar sem H lét tvo smiði vinna að skipasmíðum, eftir að uppsagnirnar komu til framkvæmda, voru þær að því leyti taldar brjóta í bága við forgangsrétt skipasmiðanna 66

Samkvæmt kjarasamningi verklýðsfélagsins A og vinnuveitendafélagsins H skyldi hann gilda frá 1. júlí 1949 til 1. janúar 1950 og vera uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Væri honum ekki sagt upp, framlengdist hann um þrjá mánuði með sama uppsagnarfresti. Hinn 9. sept. 1950 voru samningar þessir framlengdir og skyldi framlengingin gilda frá 5. sept. s. á. Aðeins ein breyting var gerð á kjaraákvæðum samningsins. En um uppsagnarfrest var samið svo. „Samningarnir skulu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara.“ Hinsvegar var ekkert tekið fram um samningstíma. Hinn 18. marz 1951 sagði A upp kjarasamningi þessum frá og með 3. apríl s. á., þar sem hann taldi samninginn uppsegjanlegan með 14 daga fyrirvara, hvenær sem væri. H véfengdi réttmæti uppsagnarinnar og var hún dæmd ógild. Var talið, að samningurinn hefði framlengst um 3 mánuði í senn frá 5. sept. 1950, og yrði honum aðeins sagt upp með 14 daga fresti miðað við 5. sept., 5. des., 5. marz og 5. júní ár hvert. Gat A því ekki sagt honum upp frá og með 3. apríl 128

Rafvirkjar og rafvirkjameistarar sömdu um það í kjarasamningi, að vinnuvikan skyldi vera 48 klst. og uppsagnarfrestur í vinnusamningum einn mánuður af beggja hálfu. Þetta ákvæði talið fela í sér rétt til handa rafvirkjum til kaups fyrir 48 stundir vikulega. 167

Uppsögn bifreiðastjóradeildar á kjarasamningi og eftirfarandi verkfallsboðun talin gild, þar sem samningur sá, sem upp

var sagt, hafði ekki fallið niður með öðrum samningum og honum var sagt upp með réttum fyrirvara samkvæmt uppsagnarákvæðum hans 197

Veikindadagar.

Samkvæmt kjarasamningi var svo um samið, að háseti, sem væri frá vinnu vegna veikinda, skyldi „halda óskertum hlut sínum næstu 10 daga.“ Talið var, að þetta ákvæði bæri að skilja svo, að hlutarmaður héldi hlut sínum 10 daga alls á þeirri vertíð, sem um var að ræða 152

Vélstjórar.

Leyst úr ágreiningi um kauptryggingu vélstjóra á síldveiðum .. 59

Venja.

Svo var um samið í kjarasamningi útgerðarmanna og sjómanna á Suðurnesjum, að útgerðarmenn, sem keyptu beitusíld af skipverjum sínum, skyldu greiða hana hæsta gangverði. Ágreiningur reis um það, hvort útgerðarmaðurinn G skyldi kaupa síldina við skipshlið, eða hvort sjómenn ættu að bera kostnað af flutningi hennar í frystihús eða vinnustöð. Líkur þóttu benda til þess, að það væri venja á Suðurnesjum, að miða kaupverð fyrir síldina við það, að hún væri komin í frystihús eða vinnustað, og var dómur byggður á þeirri venju 19

Deilt var um það, hvort hlutafélaginu E væri heimilt að nota eigin bifreiðar til flutninga milli Reykjavíkur og Keflavíkur á vörum, sem það skyldi samkvæmt samningi flytja frá New York til Keflavíkur. Upplýst var, að E hefði átölulaust notað eigin bifreiðar til þess að flytja vörur milli skipa og geymsluhúsa, þótt það væri ekki eigandi varanna. Var þetta atriði m. a. lagt til grundvallar dómi í málinu 36

Framreiðslumenn á skipinu Esju tölu sig eiga rétt til þjónustugjalds af verði þess fæðis, sem farþegar fengu á skipinu, en verð þess var falið í verði farseðils, er seldur var á afgreiðslu skipsins í landi. Dæmt var, að framreiðslumenn ættu rétt til þjónustugjaldsins og var m. a. byggt á því, að það hefði verið regla áður fyrr, meðan framreiðslumenn önnuðust fæðisöluna, að þeir fengju þjónustugjald af verði þess, og hefði sú regla yfirleitt haldizt, þótt sú tilhögun væri upptekin, að verð fæðis væri innifalið í verði farseðils og framreiðslumenn þyrftu því ekki að sjá um innheimtu þess 45

Sú regla hafði viðgengist, að yfirvinnukaup skipverja við tiltekna olíuflutninga var greitt samkvæmt ákvæði því, er farið skyldi eftir um yfirvinnukaup, er sjóvökum væri slitið.

Þessi regla var lögð til grundvallar skýringu á ákvæðum kjarasamnings aðilja um það, hvaða kaupregla skyldi gilda um þessa flutninga 113
Verklýðsfélag og útvegsmaður deildu um það, hversu marga veikindadaga skipverji ætti samkvæmt gildandi samningi að halda hlut sínum. Við úrlausn þessa ágreinings var m. a. höfð hliðsjón af því, hvaða reglur giltu um veikindadaga í hliðstæðum verstöðvum 152
Sjómenn og útgerðarmenn deila um það, hvort kauptrygging sjómanna á þorskveiðum með lóð eigi að taka breytingum með breyttu verði. Sagt, að ekki sé vitað, að sú regla hafi tíðkast í viðskiptum aðilja, að breytt fiskverð, orki á fjárhæð kauptryggingar 208

Verkamenn.

Maður, sem vann við smíðar í bifreiðasmiðju, talinn eiga rétt til inngöngu í verkamannafélag kauptúns þess, er hann átti heima í 15
Maður, sem vann í bifreiðasmiðju og hafði þann starfa með höndum að rétta aurhlífar, var talinn eiga rétt til inngöngu í verkamannafélag kauptúns þess, er hann átti heima í 22, 25, 28, 31, 33
Félagsmanni í verkalýðsfélagi dæmdar skaðabætur úr hendi vinnuveitenda, sem var talinn hafa sniðgengið forgangsréttar ákvæði kjarasamnings 77, 193

Verkföll.

Afgreiðlubann, sem verkamannafélagið D framkvæmdi, talið jafngilda samúðarverkfalli. Og þar sem verkfallið hafði ekki verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem getur í 16. gr. laga nr. 80/1938, var það dæmt ólögmætt. Jafnframt var félaginu D gert að greiða sekt og það talið skaðabótaskylt gagnvart þeim, sem verkfallið var gert hjá 90, 95
Vörubílstjórafélagið Þ stóð í kjaradeilu við vinnuveitendasambandið V og hafði gert verkfall hjá félagsmönnum þess. Hraðfrystihúsið I, sem ekki var félagi í V, lét skipa út hraðfrystum fiski og notaði að venju til þeirra flutninga eigin bifreið og aðra, sem framkvæmdastjórinn átti. Bifreiðarstjórar þeir, sem óku þessum bifreiðum, voru félagsmenn í verkamannafélaginu D, en ekki var vitað, að það hefði gert neinar ráðstafanir til samúðarverkfalls, að því er þessa flutninga varðaði. Formaður Þ kom á vettvang, og hættu bifreiðarstjórarnir tveir akstri. Varð hraðfrysti fiskurinn því ekki fluttur til skips. I taldi, að formaður Þ ætti sök á því, og sótti hann Þ til sakar fyrir brot á lögum nr. 80/1938 og

krafðist þess, að hann yrði dæmdur skaðabótaskyldur fyrir það tjón, sem af þessu hefði hlotizt. Sök Þ var af hálfu I talin sú, að hann hefði með hótun eða valdbeitingu valdið því, að félagsmenn úr öðru verklýðsfélagi hættu venjulegri vinu sinni, án þess að félag þeirra hefði gert eða boðað samúðarverkfall. Félagsdómur taldi, að þess konar stöðvun vinnu, þó sönnuð væri, félli ekki undir ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né önnur ákvæði laganna og ætti Félagsdómur því ekki dóm um það, hvort hér hefði verið um ólögmætar athafnir að ræða. Var málinu samkvæmt því vísað frá dómi 103

Þ var einnig í öðru máli gefið að sök, að hann hefði hindrað skipverja á bátnum K í því að flytja lóðir sínar til skips á handvagni og sjálfum sér. Eigandi K var ekki í vinnuveitendasambandi því, er Þ átti í deilu við, og skipverjar voru hvorki félagsmenn í Þ nú heldur félagar í öðrum stéttarfélögum, sem gert höfðu samúðarverkfall til stuðnings Þ. Verknaður Þ var því ekki verkfall samkvæmt lögum nr. 80/1938 og varð mál út af lögmæti þessara athafna því ekki rekið fyrir Félagsdómi skv. 44. gr. laga nr. 80/1938 118

Stjórn og trúnaðarráð verklýðsfélagsins F samþykktu á sameiginlegum fundi 25. apríl að hefja verkfall 1. maí og samskonar ákvörðun var samþykkt á almennum félagsfundi 27. apríl. Sama dag var tilkynning um verkfallið fest upp á símastaurum í kauptúninu, en það var hvorki tilkynnt sérstaklega þeim atvinnurekendum, sem það beindist gegn, né heldur héraðssáttasemjaranum. Ekki voru í samþykktum F nein ákvæði, er heimiluðu trúnaðarmannaráði félagsins að taka ákvörðun um verkfall samkvæmt c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Dæmt var, að ákvörðunin um að hefja verkfall hefði ekki verið tekin með lögmætum hætti og verkfallið ekki tilkynnt á réttan hátt. Hafði F því gerzt brotlegur við 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938. Var verkfallið dæmt ólöglegt og F sektað fyrir brot á nefndum lagaákvæðum .. 122

Verkfallsboðun af hálfu verklýðsfélags talin ólögmæt, þar sem gildandi kjarasamningi hafði ekki verið sagt löglega upp .. 128

Verkalýðs- og sjómannafélagið K var saman sett af deildum verkamanna, verkakvenna, sjómanna, vélstjóra og bifreiðarstjóra og gerði hver deild kjarasamninga út af fyrir sig. Í maí 1952 runnu út kjarasamningar milli vinnuveitenda og verkamanna — og verkakvennadeildar félagsins og kom til verkfalls í tvo daga, áður samningar tækjust. Bifreiðarstjóradeildin tók hinsvegar ekki þátt í kaupdeilu þessari, enda hafði samingi hennar við atvinnurekendur ekki verið sagt upp. Hinn 30. nóvember 1952 sagði bifreiðarstjóradeild félagsins upp kjarasamningi sínum við atvinnurekendur og

boðaði síðan verkfall í janúar 1953 með lögmætum fyrirvara. Vinnuveitendur töldu, að bifreiðarstjóradeildin væri bundin samningi, sem samtök vinnuveitenda og verklýðsfélaga gerðu með sér í maí 1952 og væri því bæði uppsögnin og verkfallsboðunin ólögmæt. En þar sem bifreiðarstjóradeildin var ekki talin hafa gerzt aðili að maísamkomulaginu og uppsögn hennar á gildandi samningi var gerð með réttum fyrirvara og verkfallið löglega boðað, var kröfu um ógildingu þess hrundið 197

Við byggingu áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi unnu margir Dagsbrúnarmenn, en enginn kjarasamningur hafði verið gerður milli hlutafélags þess, er byggði og átti verksmiðjuna, og Dagbrúnar. Hinsvegar fór hlutafélagið í öllum höfuðatriðum eftir þágildandi kjarasamningi milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Hinn 1. desember 1952 hóf Dagsbrún almennt verkfall, sem félagið boðaði með löglegum fyrirvara þeim aðiljum, sem það hafði áður samið við og gerði nú kaupkröfur gegn. Hinsvegar tilkynnti það hvorki hlutafélaginu verkfallið né fór fram á samninga við það. Kvöldið áður en verkfallið átti að hefjast tilkynnti Dagsbrún í útvarpinu, að verkfall hæfist næsta morgun, og komu verkamenn áburðarverksmiðjunnar ekki til vinnu næsta dag. Hlutafélagið taldi, að Dagsbrún hefði verið skylt að boða sér verkfallið með 7 daga fyrirvara og krafðizt þess, að það yrði dæmt ólögmætt. Samskipti Dagsbrúnar og hlutafélagsins þóttu hinsvegar með þeim hætti, að Dagsbrún hefði ekki þurft að boða því verkfallið með þeim fyrirvara, er getur í 16. gr. laga nr. 80/1938 213

Verklýðsfélög. Sjá stéttarfélög.

Vinnulaun.

Laun fyrir vinnu við að sauma utan um óverkaðan saltfisk talin eiga að vera þau sömu og fyrir aðra vinnu við óverkaðan saltfisk. 4

Svo var um samið í kjarasamningi milli verklýðsfélags Vestmannaeyja og atvinnurekenda þar, að kaup í Vestmannaeyjum skyldi breytast til samræmis við þær breytingar, sem yrðu á grunnkaupi verkamanna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík. Hinn 15. júní 1949 féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en kjarasamningur milli þessara aðilja hafði allt frá árinu 1934 ráðið því, hvaða kaup Dagsbrúnarmenn fengu fyrir almenna verkamannavinnu. Dagsbrún og Vinnuveitendasambandið náðu ekki samningum aftur fyrr en 20.

júní, en hinsvegar gerði Dagsbrún strax hinn 15. júní kjarasamning við Olíufélagið, og hækkaði kaup í almennri dagvinnu samkvæmt þeim samningi nokkuð frá því, sem áður var. Verklýðsfélag Vestmannaeyja taldi félagsmenn sína eiga að njóta góðs af þessari hækkun samkvæmt nefndu ákvæði kjarasamnings þess við atvinnurekendur þar. Þessi krafa var þó ekki tekin til greina, þar sem talið var, að það væri samningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins, sem fyrst og fremst réði úrslitum um það, hvaða kaup Dagsbrúnarmenn fengju, enda var svo kveðið á í samningi Dagsbrúnar og Olíufélagsins, að ákvæði þess samnings skyldu breytast til samræmis við þau kjör, sem um kynni að verða samið við Vinnuveitendafélagið. Auk þessa skipti samningurinn við Olíufélagið aðeins máli fyrir tiltölulega fáa félagsmenn Dagsbrúnar 73

Samkvæmt kjarasamningi skyldi greiða yfirvinnu um borð í skipum mismunandi kaupi eftir því, hvort sjóvökum hefði verið slitið eða ekki, en þeim skyldi slitið, er skip var lagzt í höfn eða bundið við bryggju. Olíuflutningaskipið Þyrill frá Reykjavík flutti í febrúar 1950 til lands olíu úr flutningaskipi, sem lá á ytri höfn Reykjavíkur. Þótt flutningar þessir færu fram innan hafnarsvæðis Reykjavíkur voru sjóvökur staðnar og galt útgerðin yfirvinnukaup samkvæmt því ákvæði, er gilda skyldi, er sjóvökur væru staðnar, en það var lægra heldur en þá er sjóvökum var slitið. Sannað þótti, að útgerðin hefði allt frá árinu 1947 goldið yfirvinnu við samskonar flutninga úr öðrum skipum á ytri höfn Reykjavíkur hinu hærra kaupi, þótt samningar hefðu á þessu tímabili verið framlengdir óbreyttir að því er varðaði hlutfallslega fjárhæð yfirvinnukaupsins. Var því talið, að hún gæti nú ekki komizt hjá því að greiða það kaupið, er gilda skyldi, þá er sjóvökur voru staðnar 113

Sagt, að kjarasamningur milli stéttarfélags stýrimanna og skipaútgerðarfélags feli ekki í sér rétt stýrimönnum til handa til þess að krefjast sérstakrar þókunar fyrir farmiðasölu og farmiðaeftirlit, þótt þeir þurfi að annazt þá hluti á frívöktum sínum 136

Svo var um samið, að sjómenn, sem voru ráðnir upp á hlut, skyldu fá tiltekið lágmarkskaup, sem greitt væri mánaðarlega meðan vertíð stóð. Kauptrygging þessi átti þó að falla niður, ef ekki var róið vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem meiri háttar vélbilana eða skipskaða. Vélbáturinn S, er var eign útgerðarmannsins E, laskaðist í ofviðri 24. janúar og hófust róðrar ekki á ný fyrr en 16. febr. E greiddi kauptryggingu fyrir allan janúar, en vildi ekki greiða kauptryggingu

nema fyrir hálfan febrúarmánuð. Ekki þótti sannað, að hlé það, er varð á róðrum 2.—16. febrúar, hefði verið óhjákvæmileg afleiðing sjóskaðans hinn 24. janúar, og var E talið skylt að greiða kauptryggingu þann tíma 140

Skorið úr ágreiningi um það, hvort vinna við saltfiskverkun á Skagaströnd skuli greidd samkvæmt ákvæði kjarasamnings um kaup við almenna vinnu eða hvort hún eigi að greiðast sama verði og fiskvinna í frystihúsum 146

Kjarasamningur milli rafvirkja og rafvirkjameistara geymdi ákvæði þess efnis, að vinnuvikan skyldi vera 48 klst. og uppsagnarfrestur af hálfu einstakra rafvirkja og meistara einn mánuður. Talið var, að með þessum ákvæðum hefðu rafvirkjar fengið tryggingu fyrir kaupi 48 klst. á viku hverri, enda kæmu þeir réttstundis til vinnu og ættu kröfu til eins mánaðar uppsagnarfrests 167

Skorið úr ágreiningi milli sjómanna og útgerðarmana um það, hvaða fjárhæð skyldi lögð til grundvallar aflaverðlaunum skipverja, þegar svo stóð á, að saltfiskur var seldur um borð í skipum í erlendri höfn 175

Vinnusamningar, sjá kjarasamningar.

Vinnuveitendur.

Sagt, að það sé grundvallarregla, að vinnuveitendum sé frjálst að nota tæki sín til starfsemi sinnar yfirleitt, nema þeir hafi sérstaklega samið um annað eða slíkt sé takmarkað með lögmætum ákvæðum yfirvalda 36

Vísitala, sjá dýrtíðaruppbót.

Þjónustugjald.

Samkvæmt kjarasamningi milli matsveina og veitingaþjónafélagsins M og Skipaútgerðar ríkisins S var framreiðslumönnum heimilt að leggja 15% á verð allrar vöru, sem þeir seldu til farþega. S tók upp ferðir milli Englands og Íslands og voru farseðlar seldir á skrifstofum S. Var fæði falið í verði þeirra, ósundurgreint frá fargjaldi. Framreiðslumenn töldu sig eiga rétt til 15% þjónustugjalds af verði fæðisins, og héldu því fram, að útgerðin ætti að standa þeim skil á því gjaldi, þar sem farseðlasölu væri þannig háttað af hálfu S, að þeim væri ókleyft sjálfum að innheimta gjaldið. Það kom fram í málinu, að framreiðslumenn hefðu yfirleitt fengið þjónustugjald af verði fæðis farþega meðan þeir önnuðust innheimtu þess og ennfremur lá fyrir, að framleiðslumenn fengu einnig þjónustugjöld af verði fæðis eftir

að skipafélög tóku upp þá reglu, að greiðsla fyrir fæði var innifalin í verði farseðla. Ekkert kom fram við samningsgerðina, sem benti til þess, að breyting hefði átt að verða á þeirri reglu, að framreiðslumenn fengju þjónustugjald af verði fæðisins. Dæmt var, að þeir ættu samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins rétt til nefnds gjalds. Og þar sem verð fæðisins var hvorki greint sérstaklega á farseðli né farþegum gert aðvart um, að þeir ættu að greiða þjónustugjald af verði þess, og framreiðslumönnum var heldur ekki skýrt frá því, hvert verð þess væri, var talið, að S ætti að standa framreiðslumönnum skil á gjaldinu 45

Miðvikudaginn 21. janúar 1948.

Nr. 1/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Verðlagsvísitala. Vinnulaun.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 8. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Í 5. mgr. 5. gr. kjarasamnings milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands, sem dagsettur er 5. júlí 1947, segir svo: „Allt kaup samkvæmt samningi þessum greiðist með fullri dýrtíðaruppbót samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939 og sé dýrtíðarvísitala kauplagsnefndar lögð til grundvallar mánaðarlega frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að sú dýrtíðartala er birt."

Samningsákvæði þetta, sem staðið hefur í kjarasamningum málsaðilja undanfarin ár, hefur réttilega verið framkvæmt svo, að vinna hvers mánaðar hefur verið greidd með grunnkaupi sama mánaðar, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt verðlagsvísitölu næsta mánaðar á undan. Þannig var kaup fyrir vinnu, sem leyst var af hendi í desembermánuði s.l., greitt með verðlagsuppbót samkvæmt verðlagsvísitölu nóvembermánaðar síðast liðins, en hún var 326 stig.

Dýrtíðarvísitala s.l. desembermánuð reyndist 328 stig.

Þann 1. þ. m. gengu í gildi lög nr. 128/1947 um dýrtíðarráðstafanir. Vegna 12. gr. laga þessara neitaði stefndi vegna

félagsmanna sinna að greiða hærri verðlagsuppbót á janúarkaupið en 300 og taldi sér það hvorki rétt né heimilt. Stefnandi vildi ekki fallast á skilning stefnda á nefndu lagaboði, en taldi, að félagsmönnum hans væri skylt að greiða verðlagsuppbót í janúar samkvæmt verðlagsvísitölu s.l. desembermánaðar. Eru dómkröfur hans í máli þessu þær, að viðurkennt verði, að framangreind málsgrein 5. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 5. júlí 1947 sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að stefnda sé skylt að greiða félagsmönnum í verkamannafélaginu Dagsbrún fulla dýrtíðartölu desembermánaðar 1947, 328 stig, á allt grunnkaup goldið í janúar 1948 samkvæmt nefndum samningi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að þegar fyrst var farið að greiða verðlagsuppbót á árunum 1939 og 1940 hafi verkamenn ekki fengið dýrtíðina bætta með verðlagsuppbót nema að nokkru leyti, og auk þess hafi verðlagsuppbótin ekki verið greidd fyrr en eftir á. Þá hafi það verið haft fram á, að þegar dýrtíðin færi lækkandi fengju verkamenn þetta að nokkru leyti bætt. Samkvæmt samningum þeim, er nú gildi, og í gildi hafi verið undanfarin ár milli aðilja máls þessa, eigi verkamenn í raun og veru inni sem svarar dýrtíðaruppbót eins mánaðar. Beri ekki að skilja 12. gr. laga nr. 128/1947 á þa lund, að hún svipti verkamenn möguleika á að fá þá uppbót, því þá yrðu lögin að gilda aftur í tímann, en fyrir því sé ekki gert ráð í þeim, auk þess sem með því væru rofin þau fyrirheit, sem áður voru gefin um hagstæðari aðstöðu verkamanna með lækkandi dýrtíðartölu. Orðalag 12. gr. laganna sé enda eingöngu miðað við opinbera starfsmenn, sem þrátt fyrir ákvæði hennar hafi fengið fulla dýrtíðaruppbót desembermánaðar. En ef talið yrði, að nefnt lagaákvæði ætti einnig að ná til verkamanna, sem fái verðlagsuppbót sína greidda með öðrum hætti, væri launþegum mismunað, en það geti ekki verið tilgangur löggjafans.

Stefndi hefur eindregið mótmælt málsútlistun stefnanda og byggt sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 12. gr. ofan-

greindra laga sé það fortakslaust bannað að greiða hærri verðlagsuppbót en 300 frá gildistöku þeirra, 1. janúar þ. á. Og með því að þau hafi verið löglega sett og birt skipti hér ekki máli, hvað samið sé um í 5. gr. framangreinds samnings, þar sem hann verði að víkja fyrir ákvæðum laganna, enda hafi verkamenn fengið fulla greiðslu fyrir vinnu leysta af hendi í desember með því kaupi og þeirri verðlagsuppbót, er þá var greidd. Hins vegar mundu félagsmenn stefnda hafa greitt janúarkaupið með verðlagsvísitölu desembermánaðar, ef lög nr. 128/1947 hefðu ekki verið sett.

Í fyrsta málslið 12. gr. laga nr. 128/1947, sem öðluðust gildi 1. þ. m. segir svo: „Hvarvetna þar sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi.“

Þetta ákvæði laganna verður ekki skilið á annan veg en þann, að verðlagsuppbót á laun fyrir vinnu, sem leyst er af hendi eftir gildistöku þeirra, megi ekki fara fram úr 300. Og með því að lögin leyfa ekki neinar undantekningar frá þessari reglu leiðir af henni, að stefnda verður ekki, þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 5. gr. í kjarasamningi aðilja frá 5. júlí f. á., talið skylt að greiða hærri verðlagsuppbót en 300 á vinnu, sem félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún leysa af hendi fyrir félagsmenn hans (stefnda) í yfirstandandi janúarmánuði. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 300,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Samkvæmt beinu ákvæði í 5. mgr. 5. gr. samnings milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 5. júlí 1947

eru félagsmenn í Vinnuveitendafélagi Íslands skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, dýrtíðaruppbót á kaup samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939. Það fyrirkomulagsatriði er haft við útborgun kaupsins, að vísitala næsta mánaðar á undan er greidd með grunnkaupi þess mánaðar, sem er að líða, en það breytir ekki samningsskyldu vinnuveitenda að bæta dýrtíð þess mánaðar, sem er að líða, að fullu. Þar eð lög nr. 128 frá 29. des. 1947 tóku ekki gildi fyrr en 1. jan. 1948 hafa þau ekki áhrif á gildi skuldbindinga, sem samkvæmt nefndum samningi eru áfallnar í desember 1947. Félagsmenn Vinnuveitendafélags Íslands eru því skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í Dagsbrún, fulla dýrtíðaruppbót samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939, eins og kauplagsnefnd reiknar hana til 31. des. 1947. Þessari skuldbindingu ber vinnuveitendum að fullnægja með því að greiða desember-vísitöluna, sem var 328 stig, um leið og þeir greiða verkamönnum grunnkaup janúarmánaðar 1948. Kröfur stefnanda ber því að taka til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

5. mgr. 5. gr. samnings Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 5. júlí 1947 er rétt skilin þannig, að með grunnkaupi í janúar 1948 ber að greiða dýrtíðarvísitölu kauplagsnefndar fyrir desember 1947, sem er 328 stig.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. marz 1948.

Nr. 2/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness vegna kvennadeildar félagsins** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H. f. Ásmundi (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings. Vinnulaun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. jan. s.l. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags

Akraness vegna kvennadeildar félagsins gegn h/f Ásmundi á Akranesi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að viðurkennt verði, að 5. gr. í samningi milli kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og atvinnurekenda á Akranesi, dags. 9. sept. 1946, sé, með þeirri breytingu, er á henni var gerð með viðbótarsamningi sömu aðilja, dags. 31. júlí 1947, rétt skilin og framkvæmd svo, að stefnda sé skylt að greiða verkakonum, sem vinna við að sauma utan um óverkaðan saltfisk, þegar honum er pakkað, kr. 2.80 í grunnkaup fyrir hverja klukkustund. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 9. september 1946 var gerður kjarasamningur milli kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og atvinnurekenda á Akranesi, þar á meðal stefnda. Í 1. málsgr. 5. gr. samningsins segir svo:

„Lágmarkskaup í algengri dagvinnu fyrir fullgilda verkakonu skal vera kr. 1.89 fyrir hverja klst. Í aðgerð og uppvöskun á fiski, hirðingu og verkun á hrognum, við þá vinnu, sem erfið er og venja er að karlmenn einir vinni, hreingerningar á bátum og bröggum, svo og eftirtalin störf í frystihúsum; flökun, uppþvottur og vinna í frystiklefum skal greiða kr. 2.65 fyrir hverja klst.“

Með samningi, dags. 31. júlí 1947, milli sömu aðilja, er svo um samið, að öll grunnkaupsákvæði um vinnulaun í nefndum samningi skuli hækka um 15 aura fyrir hverja klst. Ennfremur segir svo í 4. gr.:

„Í 1. málsgr. 5. gr. í samningi verkakvennadeildar (þ. e. ofanritaðra greina) bætist: Á eftir orðinu *frystiklefum* komi: *Söltun á fiski* og *vinna við óverkaðan saltfisk.*“

Í máli þessu deila aðiljar um það, hvaða kaup skuli greiða konum þeim, er sauma utan um fiskinn, þegar óverkuðum saltfiski er pakkað. Hafa verkakonur krafizt þess, að fá hærra kaupið (þ. e. nú kr. 2.80 í grunnkaup) fyrir þá vinnu sem aðra vinnu við óverkaðan saltfisk samkvæmt viðbótarsamningnum frá 31. júlí 1947. Atvinnurekendur, þar á meðal stefndi, vilja hins vegar ekki greiða nema hið almenna verkakvennakaup samkvæmt 5. gr. samningsins frá 9. sept. 1946, þ. e. nú kr.

2.04, fyrir hverja klst. Byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að vinna sú, er konur leysi af hendi, er þær *saumi* utan um óverkaðan saltfisk, sé tvímælalaust „vinna við óverkaðan saltfisk", og falli því beint undir ákvæði 4. gr. viðbótarsamningsins frá 31. júlí 1947. Telur hann, að við samningsgerðina hafi verið til þess ætlazt, að öll vinna við óverkaðan saltfisk skyldi greiðast hinu hærra kaupinu.

Stefndi mótmælir því, að umdeild vinna sé „vinna við óverkaðan saltfisk", heldur sé þetta aðeins venjulegur saumaskapur. Þetta sé hvorki óþægileg né sérstaklega erfið vinna, t. d. fylgi henni hvorki kuldi né vosbúð. Kveður hann, að þegar framangreindir samningar voru gerðir, hafi hærra kaupið miðast við það, að vinna sú, er leyst væri af hendi, væri sérstaklega erfið. Hér hafi verið um að ræða undantekningu frá hinni almennu kaupreglu og megi því ekki færa undir hærra kaupið aðra vinnu en þá, sem tvímælalaust eigi þar heima. Bendir hann á, máli sínu til stuðnings, að aðeins sé goldið venjulegt verkakonukaup fyrir að sauma utan um fullþurrkaðan fisk, og sé það þó að ýmsu leyti verri vinna heldur en að sauma utan um óverkaðan fisk.

Stefnandi mótmælir framangreindri málsútlistun stefnda, og telur kulda og ýmislegt vos fylgja því, að sauma utan um óverkaðan saltfisk, og auk þess sé það nokkurs konar fagvinna, sem einungis vanar og röskar konur vinni.

Eftir upplýsingum þeim, er komið hafa fram í máli þessu, er vinnutilhögun þegar óverkaður saltfiskur er pakkaður og metinn sú, að fiskurinn er rifinn úr stafla og saltið slegið af honum. Þá er honum raðað í mót, til þess að fá sem jöfnust knippi, veginn, bundið utan um hvert knippi og það lagt á hæfilega stóran striga og flutt til saumakvennanna. Konurnar sauma þá strigann að fiskinum, tvær um hvern pakka. Því næst eru pakkarnir færðir frá þeim af saumaborðinu og settir í stæður.

Vinna sú, sem þær konur framkvæma, er sauma strigann utan um fiskpakkana, og umhverfi það, sem hún er framkvæmd í, hlýtur í öllum höfuðdráttum að mótast af vöru þeirri, þ. e. óverkaða saltfiskinum, sem handleikinn er. Verður því að telja, að hún sé vinna við óverkaðan saltfisk, enda

hefur ekki neitt komið fram í máli þessu, er bendi til annarrar málvenju á Akranesi. Og með tilliti til hins víðtæka orðalags á ákvæðum 4. gr. framangreinds viðbótarsamnings frá 31. júlí f. á., „vinna við óverkaðan saltfisk", verður að líta svo á, enda þótt hér sé um að ræða undantekningarákvæði frá hinum almennu ákvæðum 5. gr. samningsins frá 9. sept. 1946, að umdeild vinna falli undir ofan greind ákvæði 4. gr. fyrrnefnds viðbótarsamnings, þar sem hún er ekki sérstaklega undanskilin. Og þar sem kaup það, sem krafizt er viðurkenningar á fyrir vinnu þessa, er í samræmi við ákvæði nefndra kjarasamninga, ber að taka kröfur stefnanda til greina, og þykir rétt, að stefndi greiði honum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, H/f Ásmundi, er skylt að greiða félagskonum í verkakvennadeild Verkalýðsfélags Akraness, sem vinna við að sauma utan um óverkaðan saltfisk þegar honum er pakkað, kr. 2.80 í grunnkaup fyrir hverja klukkustund.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness vegna kvennadeildar félagsins, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1948.

Nr. 4/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Síldarbræðslustöðinni á Dagverðareyri h/f
(Magnús Thorlacius hrl.).

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Hinn 5. júlí s.l. var gert samkomulag milli Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f og fleiri annars vegar og Alþýðusambands Íslands f. h. nokkurra verkalýðsfélaga hins vegar, þar á meðal Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps um það, að samningar um kaup og kjör í síldarverksmiðjum á Skagaströnd, Dagverðareyri, Krossanesi, Húsavík og Raufarhöfn skyldu færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðju ríkisins og Þróttar, þannig að sama kaup og sértakstar giltu í framangreindum verksmiðjum og á Siglufirði. Segir í 3. málsgrein samkomulagsins, að sérákvæði, sem teljist til hlunninda í samningum milli einstakra verksmiðja og verklýðsfélaga, sem hlut eiga að máli, skuli haldast óbreytt. Er breyta skyldi eldri samningi (frá 28/4 1947) milli Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f og Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps, til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar á Siglufirði var því haldið fram af hálfu verkamannafélagsins, með stoð í 3. málsgr. samkomulagsins frá 5. júlí, að ákvæði eldri samningsins um kaffitíma alla svo og ákvæði hans um skiptingu sólarhringsins í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu utan tryggingartíma skyldu tekin upp óbreytt í hinn nýja samning milli aðiljanna, þar eð þau væru mun hagstæðari verkamönnum en tilsvarandi ákvæði í samningnum milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Á þenna skilning vildi stjórn Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f ekki fallast. Varð það þó úr, að hinn 28. júlí 1947 undirrituðu Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps og Síldarbræðslustöðin á Dagverðareyri h/f nýj-

an samning, er orðaður hafði verið í samræmi við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar, en af hálfu verkamannafélagsins var samningurinn undirritaður með fyrirvara um framangreind atriði, (lengd kaffitíma og skiptingu sólarhringsins í vinnutímabil), og áður hafði félagið í bréfi til Síldarbræðslustöðvarinnar áskilið sér rétt til að leita úrskurðar Félagsdóms um ágreiningsatriðin.

Alþýðusamband Íslands hefur nú höfðað mál þetta f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps með stefnu 14. maí s. l. gegn Síldarbræðslustöðinni á Dagverðareyri h/f. Hefur stefnandi gert þær réttarkröfur hér fyrir dómi, að dæmt verði, *að* stefnanda hafi borið réttur til að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og verið höfðu áður samkvæmt samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947 og *að* stefnanda hafi borið réttur til að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 sömu skiptingu sólarhringsins í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu og gilt hafði eftir samningnum frá 28. apríl 1947, þó að undanteknum tryggingartímanum frá 8. júlí til 8. sept., að báðum dögum meðtöldum.

Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefnda verði dæmt skylt að bæta verkamönnum það tjón, sem þeir hafa beðið af því að vinna eftir samningnum frá 28. júlí 1947 þannig úr garði gerðum, sem raun varð á.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Framangreindar kröfur sínar um upptöku þeirra ákvæða í samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947, sem varða kaffihlé og skiptingu sólarhrings í vinnutímabil, í hinn nýja samning, reisir stefnandi á því, að þessi ákvæði séu, eins og áður hefur verið drepið á, verulega hagstæðari en tilsvarandi ákvæði í samningi Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Bendir hann í þessu sambandi á, að í samningnum frá 28. apríl 1947 hafi verkamönnum verið áskilið 45 mínútum lengra kaffihlé miðað við sólarhring heldur en ákveðið hafi verið í samningi Þróttar. Þá hefjist næturvinna á Siglufirði samkvæmt þeim samningi ekki fyrr en kl. 22, en eftir aprílsamningnum hafi hún átt að hefjast kl. 19, eða þrem stundum fyrr. Heldur stefnandi því fram, að greint ákvæði samningsins frá 28. apríl 1947

feli í sér hlunnindi verkamönnum til handa, en samkvæmt 3. málsgr. samkomulagsins frá 5. júlí eigi hlunnindi að haldast óbreytt.

Þá rökstyður stefnandi og umræddar kröfur sínar með því, að það muni eigi hafa verið ætlunin með greindu samkomulagi að skerða rétt þann, sem einstök verkalýðsfélög höfðu áunnið sér með sérstökum samningum við einstakar síldarverksmiðjur.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sýknukröfuna reisir stefndi á þeim grundvelli, að lengd og fjöldi kaffihléa og skipting vinnudags geti ekki talist til hlunninda, heldur falli beint undir kaup og kjör. Samkvæmt samkomulaginu frá 5. júlí 1947 hafi samningar um kaup og kjör í tilteknum síldarverksmiðjum, þar á meðal í verksmiðjunni á Dagverðareyri, átt að færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Þetta hafi verið gert með samningnum milli hans og stefnanda frá 28. júlí 1947. Með þeim samningi hafi kaupið á Dagverðareyri verið hækkað upp í það kaup, sem gilti á Siglufirði, og telur stefndi það hafa verið verulega forsendu af sinni hálfu fyrir þeirri hækkun, að sömu kjör giltu á báðum stöðunum um kaffihlé og skiptingu vinnudags.

Það þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að ákvæði um kaffihlé í vinnutíma teljist til hlunninda. Eins og áður hefur verið greint skyldu, samkvæmt 3. málsgrein samkomulagsins frá 5. júlí 1947, ákvæði um hlunnindi í samningum milli einstakra verksmiðja og verkalýðsfélaga haldast óbreytt. Hefur stefnandi því átt rétt á að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 ákvæði um jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og áður hefur verið um samið í samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947. Ber því að taka kröfu hans til greina að þessu leyti.

Ákvæði aprílsamningsins um skiptingu sólarhrings í vinnutímabil (dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu) ber að skoða sem ákvæði um kaup, þar sem greiða skal mismunandi fjárhæð fyrir vinnu þá, sem í té er látin, eftir því á hvaða vinnu-

tímabili unnið er. Samkvæmt samkomulagi frá 5. júlí 1947 skyldu, svo sem áður greinir, samningar um kaup í nokkrum síldarverksmiðjum, m. a. verksmiðjunni á Dagverðareyri, færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar, þannig að sama kaup gilti í verksmiðjunum og á Siglufirði. Verður að skilja ákvæði þetta á þá leið, að samræmingin á kaupi skyldi framkvæmd, hvort sem hún hefði í för með sér hækkun eða lækkun kaupsins frá því sem ákveðið hafði verið í eldri samningum. Af framansögðu er það ljóst, að krafa stefnanda, um að fá inn í samning aðiljanna frá 28. júlí 1947 ákvæði samningsins frá 28. apríl s. á. um skiptingu sólarhringsins í vinnutímabil, hefur ekki við rök að styðjast og verður því ekki tekin til greina.

Að því er varðar kröfu stefnanda um að stefnda verði dæmt skylt að bæta verkamönnum það tjón, sem þeir hafa beðið af því að vinna eftir samningnum frá 28. júlí 1947, svo úr garði gerðum, sem raun varð á, þá skortir í málinu alla greinargerð fyrir kröfu þessari, eins og hún er orðuð í stefnu. Vegna þessa skorts á greinargerð fyrir kröfunni er ekki unnt að taka afstöðu til réttmætis hennar, og ber því að vísa henni frá dómi.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu vísast frá dómi.

Stefnanda, Verkamannafélagi Glæsibæjarhrepps, bar réttur til að fá inn í samninginn við stefnda, Síldarbræðslustöðina á Dagverðareyri h/f, frá 28. júlí 1947, ákvæði um jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og verið höfðu áður samkvæmt samningi milli aðiljanna frá 28. apríl 1947.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. júlí 1948.

Nr. 3/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f
(Magnús Thorlacius hrl.).

Ágreiningur út af kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps gegn Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h. f. með stefnu, útgefinni 14. maí þ. á.

Málsatvik eru þessi:

Í 17. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 28. júlí 1947, segir svo:

„Þeim verkamönnum, sem dvelja þurfa á vinnustað allan ráðningartímann, leggur verksmiðjan ókeypis húsnæði, ljós og hita, en verkamenn skulu sjálfir sjá um ræstingu herbergja sinna. Þó skal verksmiðjan sjá um þvott á gólfum einu sinni í viku. *Verksmiðjan sér verkamönnum þessum fyrir ókeypis matreiðslu og ókeypis flutningi á matvælum.*

Ef einn úr hópi verkamanna er matarstjóri skal honum heimilt að gegna þeim störfum í vinnutíma eftir því sem þörf krefur. Verkamenn hafa rétt til að kjósa úr sínum hópi 2 menn til að endurskoða reikninga matarfélagsins.“

Stefnandi skýrir svo frá, að árið 1945 hafi verið tekið upp í kjarasamning málsaðilja ákvæði um það, að verksmiðjan skyldi sjá verkamönnunum fyrir ókeypis matreiðslu og hafi fyrirsvarsmenn verkamannafélagsins gengið út frá því sem sjálfsögðu, að verkamenn við síldarverksmiðju stefnda bæru ekki kostnað af fæði stúlkna þeirra, sem matreiddu. Um mánaðamótin júní—júlí 1947 hafi þeim hins vegar fyrst orðið kunnugt um það, að fyrirsvarsmaður verksmiðjunnar, sem frá upphafi hafði séð um allt reikningshald vegna svokallaðs matarfélags verkamanna, hafi látið verkamennina bera kostnað af fæði stúlknanna. Af þessu efni hafi verkalýðsfélagið fengið

inn í samningana 1947 framangreinda 2. mgr. 17. gr., en þetta muni hafa verið látið liggja þar til haustið 1947, er stefndi enn hélt uppteknum hætti um þetta, er gerðir voru upp reikningar matarfélagsins.

Stefnandi telur, að samkvæmt framangreindu samningsákvæði sé það alveg tvímælalaust, að verkamenn eigi ekki að bera neinn kostnað af fæði matreiðslustúlknanna, og hafi verkalýðsfélagið ekki á neinn hátt fallið frá þeim samningslega rétti sínum. Stefndi hafi samt ekki viljað fallast á þá skoðun, og sé því mál þetta höfðað. Eru dómkröfur hans samkvæmt þessu þær, að viðurkennt verði, að áðurgreint ákvæði í samningi málsaðilja sé rétt skilið og framkvæmt þannig, að stefnda beri að greiða fæðiskostnað þeirra stúlkna, er starfa að matreiðslu fyrir verkamenn verksmiðjunnar. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Sýknukröfu sína byggir hann á því, að frá því á árinu 1945 hafi verið samskonar ákvæði um matreiðsluna í samningum málsaðilja og nú sé í 17. gr. kjarasamningsins frá 28. júlí 1947. Þetta ákvæði hafi frá upphafi verið framkvæmt svo, að verkamenn báru kostnað af fæði matreiðslustúlknanna og aldrei verið hreyft neinum andmælum gegn því af hálfu stefnanda. Verkamönnum hljóti að hafa verið fullkunnugt um þessa tilhögun. Þeir hafi og ávallt átt þess kost, að fylgjast með reikningshaldi matarfélagsins. Verkamenn hafi heldur ekki hreyft andmælum gegn þessu, þegar gert var upp við þá haustið 1947, og kvittað þá fyrirvaralaust fyrir greiðslu inneignar sinnar. Loks hafi forráðamenn verklýðsfélagsins undirritað samninginn 28. júlí 1947, án þess að hreyfa þá andmælum gegn framkvæmd stefnda á umdeildu ákvæði, þó að þeim væri þá samkvæmt eigin sögn þeirra kunnugt um framkvæmdina.

Ákvæði 17. gr. nefnds kjarasamnings, að verksmiðjan sjái verkamönnum fyrir ókeypis matreiðslu, verður ekki skilið öðruvísi en svo, að verkamenn skuli ekki bera kostnað af fæði matreiðslustúlknanna. Stefndi hefur ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur að því, að fyrirsvarsmönnum verka-

lýðsfélagsins hafi verið það kunnugt fyrr en í júlí 1947, að verkamenn voru látnir greiða fæði stúlknanna og verður því ekki talið, að stefnandi hafi fyrir sakir venju misst af rétti þeim, sem hann átti samkvæmt samningnum. Og þó stefnandi léti það dragast til hausts 1947, eða þar til uppgjör við verkamennina fór fram, að bera fram við stefnda athugasemdir vegna framkvæmdar hans á umdeildu ákvæði, verður samt ekki talið, að stefnandi hafi með því fyrirgert rétti sínum til þess að fá framkvæmd jafn skýlauss samningsákvæðis færða í rétt horf.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina dómkröfu stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, er skylt að greiða fæðiskostnað matreiðslustúlkna samkvæmt 17. gr. framangreinds samnings, dags. 28. júlí 1947.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1948.

Nr. 6/1948. **Guðmundur Helgason**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Krafa um félagsréttindi í verklýðsfélagi.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útg. 21. september þ. á. af Guðmundi Helgasyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda aðallega þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. september þ. á. að telja. Til vara krefst hann þess, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í nefndu félagi. Málskostnaðar krefst hann og úr hendi stefnda eftir mati dómsins, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Loks gerði stefnandi þá kröfu, er málið var flutt munnlega, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnanda en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan haustið 1944. Þenna tíma allan hefur hann unnið að smíðum, fyrst sem aðstoðarmaður við byggingar, með venjulegu verkamannakaupi, en síðar við smíðar í bifreiðasmiðju Kaupfélags Árnesinga, og þá fyrir hærra kaupi (gervismiðakaupi). Síðast liðið sumar vann hann nokkurn tíma sem afgreiðslumaður í kjötbúð kaupfélagsins og vann þá aðallega að því að ganga frá pöntunum til sveitaheimila.

Hann er búfræðingur að menntun, en hefur ekki stundað iðnaðarnám né fengið nein réttindi sem iðnaðarmaður. Í

ágústmánuði s.l. sneri hann sér til formanns verkamannafélagsins Þórs. Afhenti honum inntökubeiðni í félagið og greiddi inntökugjaldið. Veitti formaðurinn, sem ritaði fyrir hann inntökubeiðnina, hvoru tveggja móttöku án nokkurra athugasemda. Samkvæmt lögum verkamannafélagsins skal formaður bera inntökubeiðnir undir atkvæði á félagsfundi. Næsti fundur í félaginu var ekki haldinn fyrr en 15. sept. s.l. Fundarefni var: 1) að kjósa fulltrúa á alþýðusambandsþing og 2) önnur mál. Stefnandi kom á fund þenna ásamt nokkrum mönnum öðrum, sem höfðu þá nýlega sótt um inngöngu í félagið. Í fundarbyrjun bar einn félagsmaður fram þá tillögu, að fyrst yrði tekin fyrir inntaka nýrra félaga. En á fundi í trúnaðarmannaráði félagsins 12. s. m. hafði verið samþykkt, að taka ekki nýja félagsmenn inn í félagið, fyrr en kosningu til alþýðusambandsþings væri lokið. Tók formaður þessa tillögu því ekki til greina og lét kosningu fram fara. Ekki bar formaður, að þessum dagskrárlið afgreiddum, undir atkvæði inntökubeiðnir þær, er honum höfðu borizt, og virðist ekki hafa komið fram krafa um það þá frá neinum fundarmanni. Næst gerðist svo það, að stefnandi höfðaði mál þetta svo sem að framan greinir.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hann sem verkamaður eigi kröfu til þess samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 að fá inngöngu í verkamannafélagið. Hafi stefndi með synjun sinni gerzt brotlegur við ákvæði nefndrar greinar og eigi því að sæta refsingu fyrir það. Telur stefnandi, að skylt hafi verið, að veita sér félagsréttindi þegar í upphafi fundarins 15. sept., og þar með gefa sér kost á að taka þátt í fundarstörfum. Kveður hann það vera sér hagsmunamál, að vísu ekki fjárhagslegt, að fá það viðurkennt með dómi, að hann hafi átt að fá full félagsréttindi þegar í upphafi fundarins 15. sept. s.l., því með synjun um inntöku þá hafi hann verið sviptur þeim rétti að geta haft áhrif á, hverjir færu með stjórn alþýðusamtakanna í landinu næstu tvö árin.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 geti verklýðsfélögin sjálf ákveðið, til hvaða starfsgreinar þau taki. Nú sé almenn verkamannavinna sú starfsgrein, er þeir menn stundi, sem félagið sé stofnað til

hagsbóta fyrir, og sé því af þessum sökum rétt að veita þeim mönnum eða konum einum inngöngu í félagið, sem vinni almenna verkamannavinnu. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi trésmíðar. Félagið hafi því ekki á nokkurn hátt gerzt brotlegt við 2. gr. nefndra laga með því að synja honum inngöngunnar. Telur stefndi, að stefnandi geti ekki byggt neinn almennan rétt til inngöngu í verkamannafélagið á þessari grein, og hagsmunalega séð skipti það hann engu máli, hvort hann sé í félaginu eða ekki.

Þá heldur stefndi því og fram, að þó talið yrði, að stefnandi ætti rétt til inngöngu í félagið, þá sé það ekki á valdi dómsins að skera úr um það, í hvaða röð málefni skuli tekin fyrir á fundum verkamannafélagsins og jafnframt mótmælir hann því, að stefnanda verði dæmd félagsréttindi frá tilteknum degi. Loks andmælir stefndi því, að á hann verði lögð nokkur refsing í máli þessu, þótt talið yrði, að hann hefði breytt andstætt 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem ekki hafi verið gerð refsikrafa í stefnu.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs, er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því sviði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma," svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins." Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona, ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar virt eru þessi ákvæði samþykktanna annars vegar og hins vegar atvinna stefnanda, sem að framan er greind, verður ekki talið, að hún sé þess eðlis eða hagir hans með þeim hætti, að hann geti ekki talizt í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum félagssamþykktanna á heima í verkamannafélaginu Þór. Af þessu leiðir, að neitun stefnda á því að veita honum inngöngu í verkamannafélagið Þór, er brot á ákvæðum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 80/1938. Er stefnda samkvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi, en ekki þykja efni til, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

Það er ekki á valdi dómsins að skera úr um það, í hvaða röð

átti að taka fyrir fundarefni á fundinum 15. sept. s.l., og ekki þykja ástæður vera fyrir hendi til þess að taka þá kröfu stefnanda til greina, að honum verði dæmd félagsréttindi í verkamannafélaginu frá og með 15. september s.l.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Guðmundi Helgasyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Það er upplýst í málinu, að stefndi hefur verið fastráðinn starfsmaður á bifreiðaverkstæði Kaupfélags Árnesinga sem smiður síðastliðin 3—4 ár og er það enn. Stefndi hefur aldrei samið um kaup og kjör smiða, enda ekki gert ráð fyrir slíku í samþykktum hans. Stefnandi hefur því enga fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, enda hefur hann viðurkennt það hér fyrir dóminum.

Þar eð stefnandi vinnur að starfsgrein, sem er utan starfsviðs stefnda, ber stefnda ekki skylda samkvæmt 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur að veita honum félagsréttindi og ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefndi, verkamannafélagið Þór á Selfossi, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Helgasonar.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1948.

Nr. 5/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Hlutaskiptasamningur. Ágreiningur um verð aflahlutar á reknetjaveiðum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu dagsettri 14. júní þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda Guðmundi sé dæmt skylt að greiða skipverjum, er voru á bátum hans, m/b Mumma G.K. 120 og m/b Freyju G.K. 275, á reknetjaveiðum haustið 1947, 37% af brúttóafla nefndra báta, án nokkurs frádráttar vegna aksturs á afla í frystihús eða vinnslustað. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í júlímánuði 1945 komust á samningar, um kaup og kjör á síldveiðum, milli samninganefndar Alþýðusambands Íslands annars vegar og samninganefndar Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar og stóðu að samningi þessum ýmis verkalýðsfélög og útgerðarmenn víðsvegar um landið. Samningur þessi var framlengdur með litlum breytingum 2. júlí 1947. Aðiljar máls þessa áttu hlut að samningi þessum, en í 5. gr. hans segir svo m. a.:

„Á síldveiðum með reknetjum greiðist til skipverja 37% af brúttóafla, er skiptist í jafnmarga staði og menn eru á skipi.

Á reknetjaveiðum við Faxaflóa skal síldin vegin upp úr bát,

þar sem bílavogir eru til á staðnum. Útgerðarmaður við Faxaflóa, sem kaupir beitusíld af skipverjum af bát sínum, skal greiða hana við hæsta gangverði við Faxaflóa."

Stefndi, sem búsettur er í Garði á Suðurnesjum, gerði út á reknetjaveiðar haustið 1947 báta þá, sem greindir eru í dómkröfum stefnanda. Stefndi keypti sjálfur síldina af skipverjum sínum, og áður en veiðar hófust samdi hann við þá um tiltekið verð fyrir hverja tunnu síldar, kr. 70.00, sem síðar var með samkomulagi lækkað í 50 krónur. Fyrst framan af vertíðinni lögðu bátarnir eingöngu upp í höfnum á Suðurnesjum, en eftir að síld fór að veiðast í Hvalfirði var hún oft sett á land í Reykjavík og ekið á bifreiðum suður í Sandgerði eða Njarðvík í frystihús þar. Er Guðmundur, að lokinni vertíð, gerði hásetum sínum reikningsskil, dró hann flutningskostnað á síldinni frá skipi í frystihús frá andvirði aflahlutar þeirra, og mun meiri hluti þess kostnaðar hafa verið fyrir flutning á síld, sem landað var í Reykjavík.

Stefnandi telur, að samkvæmt framangreindum samningi sé óheimilt að draga frá andvirði aflahlutar nokkurn flutningskostnað á síld frá skipi til frystihúss eða vinnslustöðvar. Skipverjar eigi samkvæmt samningnum að fá umsamið verð, eða hæsta gangverð fyrir síldina, miðað við aflamagnið eins og það reynist upp úr skipi, en allur kostnaður við flutning sé þeim óviðkomandi. Með orðinu „brúttóafli" hljóti að vera átt við hlut skipverja án nokkurs frádráttar, enda hafi verið svo um samið, að skipverjar fengju framangreint verð fyrir síldina við skipshlið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að það sé föst og viðtekin venja á Suðurnesjum, að því er reknetjaveiðar á síld snertir, að tekinn sé af óskiptu kostnaður við flutning aflans frá skipi í frystihús eða á vinnslustað, enda hafi hann samið svo um við skipverja, að 70 og síðar 50 króna verðið miðaðist við verðmæti síldarinnar á þeim stöðum, þ. e. að frádregnum flutningskostnaði. Þá telur stefndi, að það hafi tvímælalaust verið skipverjum til mikilla hagsbóta að landa síldinni í Reykjavík, meðan veiðar voru stundaðar í Hvalfirði, heldur en að sigla með hana til Sandgerðis, því að fyrir þær sakir hafi þeir komizt í fleiri róðra og aflahlutur þeirra orðið

þeim mun hærri, en bátar sínir hafi aldrei þurft að bíða löndunar í Reykjavík. Loks telur hann, að Elías Guðmundsson, sem stefnt er vegna í máli þessu, hafi tekið við greiðslu án nokkurs fyrirvara og þar með firrt sig rétti til frekari greiðslu.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að stefndi geti grundvallað framangreind reikningsskil sín á nokkurri venju. Fyrirsvarsmönnum verklýðsfélagsins hafi ekki verið kunn nein slík venja. Þeir hafi ekki heldur, hvorki beint né óbeint, samþykkt, að flutningskostnaðurinn væri tekinn af óskiptu. Þá mótmælir stefndi því sem ósönnuðu, að það hafi verið skipverjum til hagsbóta að landa í Reykjavík, enda hafi þeir aldrei um það samið. Loks mótmælir hann því, að Elías hafi með fyrirvaralausri móttöku firrt sig rétti til frekari krafna, þar sem reikningsskil stefnda hafi verið andstæð kjarasamningnum frá 2. júlí 1947.

Svo sem að framan greinir keypti stefndi af hásetum sínum síld þá, er aflaðist á framangreinda báta hans haustvertíðina 1947, og bar honum þá samkvæmt síðustu málsgr. 5. gr. samningsins frá 2. júlí 1947 að greiða hana hæsta gangverði við Faxaflóa. Ekki er um það deilt, hvert kaupverðið var, heldur um hitt, hvort það átti að greiðast fyrir aflann við skipshlið, eða þegar hann hefði verið fluttur í frystihús eða vinnslustöð. Í málinu eru líkur að því leiddar, að verð reknetjasíldar á Suðurnesjum hafi undanfarin ár verið miðað við verðmæti hennar kominnar í frystihús eða vinnslustöð, þannig að flutningskostnaðinn var dreginn frá. Hefur raunverulegt gangverð til skipverja því miðast við það. Að þessu athuguðu verður að telja, að verð það, sem stefndi samdi um við skipverja sína hafi í fyrstu verið 70 krónur fyrir hverja tunnu síldar og síðar 50 krónur, svo sem að framan greinir, að frádregnum flutningskostnaði frá skipshlið. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendi til þess, að aðrir hafi þá greitt hærra verð fyrir síldina en stefndi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að verð það, sem stefndi samdi um og greiddi skipverjum sínum, hafi verið hæsta gangverð á reknetjasíld við Faxaflóa haustið 1947, og hefur hann þar með fullnægt ákvæðum 5. gr. samningsins frá 2.

júlí 1947. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 9/1948. **Matthías Sveinsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þórs (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Matthíasi Sveinssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest og lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður

stefnanda þá frest til þess að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan 23. febrúar þ. á. Allan þenna tíma hefur hann unnið á bifreiðaverkstæði þar og haft þann starfa að rétta hjólhlífar á bifreiðum. Fyrst í stað vann hann fyrir kaupi, sem var lægra en venjulegt verkamannakaup þar á staðnum, en nú fær hann fullt verkamannakaup fyrir vinnu sína. Hann hefur ekki stundað iðnaðarnám eða öðlazt nein iðnréttindi.

Hinn 15. sept. s. l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna og afhenti þar formanni skriflega beiðni sína um inngöngu í félagið og bauð fram greiðslu á inntökugjaldi. Inntökubeiðni hans var þó ekki borin upp á fundi þessum, og fékk hann ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að verða félagsmaður, og hafi félagið gerzt brotlegt við nefnda grein með því að neita honum um inngöngu.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið, og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar í því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða megi til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona,“ ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar

virt eru þessi ákvæði samþykktanna annarsvegar og hinsvegar starf stefnanda, sem að framan er greint, verður að telja, að það sé þess eðlis og hagir hans með þeim hætti, að hann sé í flokki þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykkta félagsins á rétt til inngöngu í það. Synjun forráðamanna verkamannafélagsins Þórs, um að veita stefnanda inngöngu í félagið, er því andstæð ákvæðum 1. málsl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi. En ekki eru efni til að taka til greina kröfu hans um það, að honum verði dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Matthíasi Sveinssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör bifreiðaviðgerðarmanna falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Matthíasar Sveinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 11/1948. **Gunnar Sigurjónsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Þórs á Selfossi (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Gunnari Sigurjónssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest, lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnanda fékk þá frest til þess, að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið dómtekið eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan árið 1944. Árin 1944 til vors 1947 var hann fyrst við klæðskeranám, en hvarf alveg frá því og stundaði ýmiskonar verkamannavinnu. Vorið 1947 hóf hann að starfa á gúmmíviðgerðarverkstæði Kaupfélags Árnesinga og vann hann þar þangað til í síðastliðnum októbermánuði, að undanskildum mánaðartíma, er hann var í byggingavinnu. Við gummíviðgerðirnar fékk hann fyrst lágmarkskaup verkamanna, en síðan fékk hann „gervismiðakaup“ og um tíma í sumar sveinakaup. Nú starfar hann í bifreiðaverkstæði kaupfélagsins og fær „gervismiðakaup“. Stefnandi hefur hlotið

venjulega barnafræðslu og verið á iðnskóla eitt ár í sambandi vio klæðskeranámið. Annarar skólagöngu hefur hann ekki notið og ekki öðlast nein iðnréttindi né iðnpróf í neinni grein.

Hinn 15. september s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Stefnandi kom á fund þenna. Afhenti hann þá formanni félagsins skriflega inntökubeiðni og bauð fram inntökugjald. Formaðurinn bar beiðni hans þó ekki upp á fundinum og fékk stefnandi ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að fá inngöngu í verkamannafélagið Þór á Selfossi, og hafi það gerzt brotlegt við nefnda lagagrein með því að neita honum um félagsréttindi.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra atvinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið og sé engin heimild til þess að dæma honum félagsréttindi. Þá mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma," svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, sem verða megi til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins." Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona, „ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar annarsvegar eru virt þessi ákvæði samþykktanna og hinsvegar litið til atvinnu stefnanda, sem að framan er lýst, verður að telja, að hann eigi heima í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum á rétt til inngöngu í verkamannafélagið Þór. Synjun forráðamanns félagsins, um að veita stefnanda félagsréttindi, er því andstæð 1. málsl. 2. gr.

laga nr. 80/1938, og er stefnda samkvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskoruð félagsréttindi, en ekki standa efni til þess, að honum verði dæmd þau frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Gunnari Sigurjónssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á gúmmíviðgerðaverkstæði, hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningur um kaup og kjör gúmmíviðgerðarmanna falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Sigurjónssonar í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 12/1948. **Ólafur Friðriksson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Þórs á Selfossi (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Ólafi Friðrikssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest, lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða 25. nóv. s. l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnanda fékk þá frest til þess, að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá dómtekið eftir kröfu hans.

Stefnandi hefur átt heima á Selfossi og stundað þar ýmsa vinnu s.l. þrjú ár. Fyrst vann hann verkamannavinnu við húsabyggingar, en síðan hefur hann oftast unnið á bifreiðaverkstæði á Selfossi. Upphaflega vann hann með borvél, en frá því í sumar hefur vinna hans verið fólgin í því, að rétta hjólhlífar á bifreiðum. Á þessu ári hefur stefnandi tvisvar sinnum horfið frá vinnu sinni á bifreiðaverkstæðinu og unnið að því að vigta vörur hjá Kaupfélagi Árnesinga. Kaup stefnanda á bifreiðaverkstæðinu og við vigtun varanna var nokkru nærra en lágmarkskaup verkamanna, svokallað „gervismiðakaup“. Stefnandi hefur ekki hlotið aðra menntun en barna-

skólafræðslu og ekki öðlazt iðnpróf né réttindi í neinni iðngrein.

Hinn 15. september s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna. Afhenti hann þá formanni félagsins skriflega beiðni um inntöku í félagið. Formaður félagsins bar inntökubeiðnina ekki upp á fundinum og fékk stefnandi ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að fá inngöngu í verkamannafélagið Þór og hafi það gerst brotlegt við nefnda lagagrein með því að neita honum um félagsréttindi.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið, og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Þá mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma," svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins." Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona," ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar annarsvegar eru virt þessi ákvæði samþykktanna og hinsvegar litið til atvinnu stefnanda, sem að framan er greind, verður að telja, að hann eigi heima í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykkta verkamannafélagsins Þórs á rétt til inngöngu í félagið. Synjun forráðamanna félagsins um að veita stefnanda félagsréttindi er því andstæð ákvæðum 1. málsl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda sam-

kvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskoruð félagsréttindi, en ekki standa efni til þess, að honum verði dæmd þau frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Ólafi Friðrikssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði og í verzlun hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör bifreiða-viðgerðarmanna og starfsmanna við verzlanir falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Friðrikssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1949.

Nr. 8/1948: **Ármann Einarsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Þórs á Selfossi (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verklýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. f. á., af Ármanni Einarssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest, lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnanda fékk þá frest til þess, að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá dómtekið eftir kröfu hans.

Stefnandi hefur átt heima á Selfossi s.l. 2½ ár. Allan þann tíma hefur hann unnið á bifreiðaverkstæði á Selfossi og hefur starf hans verið í því fólgið, að rétta aurhlífar og að vinna við yfirbyggingu bifreiða. Kaup stefnanda hefur verið það sama og bifvélavirkjar fá, en hann hefur ekki hlotið aðra menntun en barnaskólafræðslu, og ekki öðlazt réttindi í neinni iðngrein né tekið iðnpróf.

Hinn 15. september s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna. Afhenti hann formanni félagsins skriflega beiðni um inntöku í félagið. Formaður félagsins bar inntökubeiðnina ekki upp á fundinum

og fékk stefnandi ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að fá inngöngu í verkamannafélagið Þór, og hafi það gerst brotlegt við nefnda lagagrein með því að neita honum um félagsréttindi.

Í greinargerð sinni byggði stefnandi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið, og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Þá mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma“, svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona“, ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar annarsvegar eru virt þessi ákvæði samþykktanna og hins vegar litið til þeirrar atvinnu stefnanda, sem að framan er greind, verður að telja, að hann eigi heima í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykkta verkamannafélagsins Þórs á rétt til inngöngu í félagið. Synjun forráðamanna félagsins um að veita stefnanda félagsréttindi er því andstæð ákvæðum 1. málsliðs 2. gr. laga nr. 80/1938, og er stefnda samkvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskorðuð félagsréttindi, en ekki standa efni til þess, að honum verði dæmd þau frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Ármanni Einarssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör bifreiðaviðgerðarmanna falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ármanns Einarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1949.

Nr. 10/1948. **Sigurður Grímsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þórs (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verklýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. f. á., af Sigurði Grímssyni, verkamanni á Selfossi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á

Selfossi. Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest og lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu, og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður stefnanda þá frest, til þess að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima s. l. þrjú ár. Allan þann tíma hefur hann unnið að trésmíðum. Fyrst við að byggja sér sjálfum hús, en síðan að staðaldri við smíðar á yfirbyggingum bifreiða á verkstæði Kaupfélags Árnesinga. Hjá kaupfélaginu fær stefnandi svokallað „gervismiðakaup". Er það hærra en venjulegt verkamannakaup, en lægra en kaup það, er iðnlærðir menn fá. Hann hefur ekki stundað iðnaðarnám eða öðlazt nein iðnréttindi, og ekki notið annarrar fræðslu í skólum en barnaskólafræðslu.

Hinn 15. sept. s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna til þess að fá inngöngu í félagið, en hann hafði nokkru fyrir fundinn afhent einum stjórnarnefndarmanni félagsins inntökubeiðni sína. Beiðni hans var þó ekki borin upp á fundi þessum, og fékk hann ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að verða félagsmaður, og hafi félagið gerzt brotlegt við nefnda grein með því að neita honum um inngöngu.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu,

er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Mótmælti stefndi því sérstaklega að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta verkamannafélagsins Þórs, er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma," svo og að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins." Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona," ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar virt eru þessi ákvæði samþykktanna annars vegar og hins vegar það starf stefnanda, sem að framan er greint, verður að telja, að það sé þess eðlis og hagir hans með þeim hætti, að hann sé í flokki þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykkta félagsins á rétt til inngöngu í það. Synjun forráðamanna verkamannafélagsins Þórs um að veita stefnanda inngöngu í félagið, er því andstæð ákvæðum 1. málsl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi. En ekki eru efni til að taka til greina kröfu hans um það, að honum verði dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Sigurði Grímssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem trésmiður við yfir-

byggingu bifreiða á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör trésmiða falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Grímssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 5. febrúar 1949.

Nr. 1/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. h/f Eimskipafélags Íslands
(Eggert Claessen hrl.)

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um forgangsrétt vörubílstjóra.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. h/f Eimskipafélags Íslands með stefnu útgefinni 13. janúar þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að dæmt verði, að flutningar Eimskipafélags Íslands h/f á vörum og varningi frá skipum sínum og afgreiðslum hér í Reykjavík með eigin bifreiðum og flutningatækjum til Keflavíkurflugvallar, sem fram hafa farið undan farið og nú fara fram af og til, séu brot á 2. gr. samnings, dagsetts 9. sept.

1948, milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og vörubílstjórafélagsins Þróttar hins vegar.

2. Að dæmt verði, að framangreindir flutningar með bifreið frá Agli Vilhjálmssyni h/f 30. des. f. á. og samskonar flutningar með bifreið frá Almenna Byggingarfélaginu h/f 6. janúar s.l. séu brot á 2. gr. framangreinds samnings.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Í byrjun árs 1947 samdi Eimskipafélag Íslands h/f við amerískt firma um flutning á vörum frá New York til Keflavíkurflugvallar. Vörum þessum hefur að jafnaði verið skipað upp í Reykjavík og þær síðan fluttar á bifreiðum suður á Keflavíkurflugvöll. Hafa þeir flutningar yfirleitt farið fram með vörubifreiðum frá vörubílstjórafélaginu Þrótti, en þó hefur Eimskipafélag Íslands h/f síðan í maí 1947, er flutningar þessir hófust, notað til þeirra þeirra eina og síðar tvær vörubifreiðar auk hjólsleða, sem dreginn er af dráttarbifreið, en tæki þessi átti félagið sjálft.

Í nóvembermánuði s.l. kom til nýrra samninga milli Eimskipafélags Íslands h/f og hins ameríska firma. Og þar sem firmað vildi fá lækkun á flutningsgjöldum átti framkvæmdarstjóri Eimskipafélags Íslands h/f tal um það við forráðamenn Þróttar, hvort ekki fengist lækkun á aksturgjöldum bifreiðafélagsins frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Ekki tókust samningar um þetta atriði milli Þróttar og eimskipafélagsins og nokkru síðar sömdu Eimskipafélag Íslands h/f og ameríska firmað á ný um vöruflutninga frá New York til Keflavíkur um Reykjavík. Mun þá hafa verið samið um lægri flutningsgjöld en áður var. Með því að samningar höfðu ekki tekizt milli Eimskipafélags Íslands h/f og Þróttar um akstur til Keflavíkur fyrir það gjald, sem eimskipafélaginu þótti viðunandi, með tilliti til þeirrar lækkunar, er orðið hafði á flutningsgjöldum, hóf félagið flutninga til Keflavíkurflugvallar með 4 vörubifreiðum, er það átti sjálft, og jafnframt notaði það til flutninganna hjólsleða þann, sem að framan greinir. Mun

hann geta borið um 16 smálesta þunga og er aðallega notaður til flutnings á vöru, sem venjulegar bifreiðar geta ekki borið.

Vörubílstjórafélagið Þróttur telur, að þessir flutningar Eimskipafélags Íslands h/f séu brot á 2. gr. samnings, dags. 9. sept. f. á., milli Vinnuveitendasambands Íslands og Þróttar, en grein þessi hljóðar svo:

„Vinnuveitendafélag Íslands skuldbindur sig til þess að láta fullgilda félaga „Þróttar" hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu handa félagsmönnum Vinnuveitendafélagsins (svo). Meðlimir Vinnuveitendafélagsins hafa ávallt frjálst val um það, hvaða félaga Þróttar þeir taka til vinnu. Þessi ákvæði skerða í engu rétt félagsmanna Vinnuveitendafélagsins til að nota í eigin þjónustu bifreiðar sínar."

Eimskipafélag Íslands h/f vildi ekki fallast á þenna skilning stefnanda og höfðaði hann því mál þetta og gerir þær kröfur, er að framan greinir.

Verða þær nú teknar til athugunar.

Um 1. Stefnandi rökstyður kröfur sínar í þessum lið með því, að umrædd notkun eigin bifreiða Eimskipafélags Íslands h/f til vöruflutninga þeirra, sem hér um ræðir, sé ekki notkun í „eigin þjónustu", þar sem eimskipafélagið sé hér að annast flutninga á vörum fyrir annan aðilja. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt 2. gr. nefnds samnings sé það aðalreglan, að félagsmenn Þróttar eigi að sitja fyrir um allan akstur og nái heimild vinnuveitenda til að nota bifreiðar í „eigin þjónustu" aðeins til þess, er vinnuveitandi á bæði bifreiðina, sem notuð er, og vöruna, sem ekið er.

Stefndi hefur mótmælt framangreindum skilningi stefnanda. Kveður hann Eimskipafélag Íslands h/f hafa samið um að flytja umrædda vöru frá New York til Keflavíkur um Reykjavík og sé það því tvímælalaust notkun í eigin þjónustu, er félagið flytji vörur þessar með bifreiðum sínum og flutningatækjum þangað. Þetta sé og í samræmi við þann hátt, sem verið hafi hingað til, að félagið flytti með eigin tækjum varning milli skipa og vörugeymsluhúsa sinna, þó að það væri ekki eigandi varanna. Hafi slík notkun eigin bifreiða eða tækja ætíð verið látin óátalin af Þrótti, og enda ekki af hálfu Þróttar fundið að þeim flutningum eimskipafélagsins til

Keflavíkurflugvallar, sem átt hafi sér stað frá því í maí 1947 til ársloka 1948. Þá bendir hann og á það til stuðnings skoðun sinni, að á s.l. sumri hafi Þróttur farið fram á, að niðurlagsákvæði 2. gr. yrði breytt svo, að þar stæði, að vinnuveitendum skyldi heimilt „að nota eigin bifreiðar í allan akstur, er stendur í beinu sambandi við atvinnurekstur þeirra. Þó er þeim óheimilt að leigja öðrum bifreiðar sínar eða taka sérstakt gjald fyrir þær.“ Telur stefnandi, að þetta sýni glöggt, að Þróttur hafi þá lagt víðtækari skilning í umdeilt ákvæði, en hann nú heldur fram.

Stefnandi mótmælir því, að hann hafi beint eða óbeint samþykkt skilning og framkvæmd stefnda á 2. gr. nefnds samnings. Hann hafi þvert á móti fundið að flutningum Eimskipafélags Íslands h/f með eigin bifreiðum, þó að hann hafi ekki gert reka af því með málssókn, að fá þá stöðvaða, þar sem þeir hafi allt til s.l. áramóta verið í smáum stíl. Einnig mótmælir hann því, að í breytingu þeirri á 2. gr., sem Þróttur fór fram á s.l. sumar, hafi átt að felast efnisbreyting, heldur hafi aðeins vakað fyrir Þrótti, að fá skýrar tekið fram, hvað í síðustu málsgr. 2. gr. fælist.

Það verður að teljast grundvallarregla, að vinnuveitendum sé frjálst að nota tæki sín til starfsemi sinnar yfirleitt, nema þeir hafi með samningum undirgengizt annað eða slíkt sé takmarkað með lögmætum ákvæðum yfirvalda. Þessi regla virðist og vera undirstaða ákvæða 2. gr. nefnds samnings frá 9. sept. 1948. Samkvæmt því, sem upp er komið í máli þessu, hefur og ekki verið um það fengizt af hálfu Þróttar, þótt Eimskipafélag Íslands h/f notaði *eigin* flutningatæki til flutninga á vörum frá skipi til geymsluhúsa og gagnkvæmt, ásamt bifreiðum félagsmanna Þróttar, þó að vörur þær, er fluttar voru, væru ekki eign félagsins. Samkvæmt málflutningnum verður að byggja á því, að samningar eimskipafélagsins og ameríska firmans um vöruflutninga þá, er að framan greinir, séu með þeim hætti, sem stefndi hefur lýst, og að ekki sé samið um sérstakt flutningsgjald milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Þegar þetta er athugað og það, að starfsemi Eimskipafélags Íslands h/f er flutningar, verður ekki talið, að umdeildir flutningar séu brot á 2. gr. samningsins frá 9.

sept. s.l., enda er það ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að fundið hafi verið að þeim af hálfu Þróttar fyrr en í desember s.l.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því er þennan kröfulið snertir.

Um 2.

a. Stefnandi telur, að 6. janúar síðastliðinn hafi Eimskipafélag Íslands h/f fengið dráttarbifreið hjá Almenna Byggingarfélaginu h/f til þess að draga frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar hjólsleða, sem á var olíugeymir. Gegn eindregnum mótmælum stefnda er ekki sannað, að þessi flutningur hafi á nokkurn hátt farið fram á vegum Eimskipafélags Íslands h/f og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að þessu leyti.

b. Hinn 30. des. s.l., er dráttarvagn Eimskipafélags Íslands h/f skyldi draga til Keflavíkurflugvallar frá Reykjavík hjólsleða félagsins, sem hlaðinn var m. a. timbri og annarri þungavöru, bilaði hann. Var þá fengin dráttarbifreið frá hlutafélaginu Agli Vilhjálmssyni og dró hún hjólsleðann til flugvallarins. Stefnandi telur, að þessir flutningar hafi verið brot á 2. gr. nefnds samnings. Eimskipafélaginu hafi samkvæmt framan greindu verið óheimilt að flytja með eigin tækjum flutning, sem bifreiðar Þróttar hefðu getað annað, en timbur það, sem á sleðanum var, hafi auðveldlega mátt flytja á bifreiðum. Auk þess hafi eimskipafélaginu verið óheimilt að fá tæki frá öðrum en Þrótti til flutnings á timbrinu.

Stefndi hefur með vísun til framan greindra raka talið sér heimila notkun eigin tækja til flutnings þessa og mótmælt því, að hér hafi verið um bifreiðaleigu að ræða samkvæmt framangreindum samningi, enda hafi a. m. k. að nokkru leyti verið á hjólsleðanum vara, sem ekki varð flutt með venjulegum bifreiðum.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var a. m. k. nokkuð af vöru þeirri, sem flutt var á hjólsleðanum 30. des. f. á. timbur, sem flytja hefði mátt á venjulegum vörubifreiðum. Að vísu var bifreið sú, sem fengin var til dráttar hjá Agli Vilhjálmssyni h/f, ekki venjuleg vöruflutningabifreið, en með tilvísun til forgangsréttarákvæða 2. gr. samningsins frá 9.

sept. f. á. verður að telja, að það hafi verið andstætt ákvæðum greinarinnar, að Eimskipafélag Íslands h/f fékk tæki hjá öðrum en Þrótti til flutnings á vörum, sem voru tækar bifreiðum, fyrst félagið flutti þær ekki með eigin tækjum, sem því samkvæmt framansögðu hefði verið heimilt. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda, að því er varðar þá bifreiðatæku vöru, sem flutt var 30. des. f. á.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Dráttur sá á hjólsleða h/f Eimskipafélags Íslands, sem fór fram 30. des. f. á. með dráttarbifreið frá Agli Vilhjálmssyni h. f., var andstæður 2. gr. samnings þess frá 9. sept. 1948, er í málinu greinir, að því er varðar vörur þær á hjólsleðanum, sem fluttar urðu með venjulegum vöruflutningabifreiðum.

Að öðru leyti á stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. h/f Eimskipafélags Íslands, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1949.

Nr. 2/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Borgarness**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Kaupfélagi Borgfirðinga
(Magnús Thorlacius hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um forgangsrétt bifreiðarstjóra.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 13. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Borgarness gegn Kaupfélagi Borgfirðinga.

Málavextir eru þessir:

Stefndi, sem rekur bifreiðastöð í Borgarnesi, hefur sérleyfi til fólksflutninga á leiðinni Borgarnes-Hvítársíða og annast jafnframt mjólkur- og vöruflutninga fyrir bændur í Hvítársíðuhreppi. Ferðum á leið þessari hefur að jafnaði verið svo háttað, að bifreiðar leggja upp að morgni frá Borgarnesi og koma þangað aftur samdægurs. Samkvæmt 7. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. marz f.á., er stefnda „aðeins heimilt að taka til vinnu bifreiðarstjóra, sem eru meðlimir Verkalýðsfélags Borgarness.“ Jafnframt segir svo í grein þessari, að „geti félagið ekki fullnægt eftirspurn eftir bifreiðarstjórum skal sækja um leyfi til stjórnar bifreiðastjóradeildar félagsins um að taka aðra menn.“ Í samræmi við þetta ákvæði hafa bifreiðarstjórar þeir, sem unnu á stöð stefnda, verið félagsmenn í verklýðsfélaginu, og þá einnig bifreiðarstjóri sá, sem ekið hefur á nefndri leið.

Þann 22. október s.l. gerði stefndi samning við Sigurð Jóhannesson bifreiðarstjóra, sem búsettur er að Laugarmel í Hvítársíðu, þar sem hann leigir Sigurði vöru- og fólksbifreiðina M 14 til aksturs á leiðinni Borgarnes-Hvítársíða á tíma-

bilinu 1. nóv. 1948 til 1. apríl 1949 fyrir 50 króna dagleigu hvern dag, sem bifreiðin er í notkun. Samkvæmt samningi þessum skal Sigurður annast allt daglegt viðhald bifreiðarinnar, greiða allar brennsluolíur og skila henni aftur með jafngóðum hjólbörðum. Þá er um það samið, að Sigurður taki að sér mjólkur- og vöruflutninga þá, sem stefndi hafði samið um við bændur í Hvítársíðuhreppi, og jafnframt tekur Sigurður að sér að annast fólksflutninga stefnda á sérleyfisleið þessari. Var það með samþykki póststjórnarinnar, en á ábyrgð stefnda, sem þrátt fyrir þetta var hinn raunverulegi sérleyfishafi.

Sigurður hóf ferðir sínar 1. nóv. f. á., og sökum þess, að hann var búsettur upp í Hvítársíðu lagði hann af stað þaðan að morgni og kom heim að kvöldi. Sigurður er ekki félagsmaður í verklýðsfélagi Borgarness, og þegar fyrirsvarsmönnum þess varð kunnugt um leigumála hans og stefnda mótmæltu þeir þessari ráðstöfun stefnda sem broti á 7. gr. nefnds kjarasamnings. Hann sinnti ekki umkvörtun þeirra og fór málið þá fyrir sáttanefnd samkvæmt 10. gr. sama samnings og afgreiddi hún málið frá sér 9. nóv. f. á. Niðurstaða hennar leiddi þó ekki til sátta milli aðilja og höfðaði stefnandi síðan mál þetta svo sem að framan greinir. Eru dómkröfur hans þær, að dæmt verði, að stefndi hafi með áðurgreindri „ráðningu“ Sigurðar Jóhannessonar bifreiðarstjóra brotið 7. gr. nefnds kjarasamnings frá 22. marz 1948 og honum því verið óheimilt að ráða nefndan bifreiðarstjóra í þjónustu sína á þann hátt, sem gert var. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi telur, að með leigusamningi stefnda og Sigurðar sé aðeins verið að fara í kring um forgangsréttarákvæði 7. gr. kjarasamningsins frá 22. marz f. á. Umrædd sérleyfisleið sé ennþá í raun og veru starfrækt af stefnda, og sé Sigurður í reyndinni í þjónustu hans, enda hafi stefndi sagt félagsmanni í verkalýðsfélaginu upp starfi frá sama tíma og Sigurður tók við akstri bifreiðarinnar M 14. Hafi stefndi þannig brotið forgangsréttarákvæði 7. gr. oft nefnds samnings.

Stefndi hefur mótmælt málsútlistun stefnanda. Telur hann samning sinn og Sigurðar í alla staði eðlilegan og gildan leigusamning. Gjöld öll fyrir flutninga þá, sem Sigurður annast, gangi beint til hans (Sigurðar) og geti það ekki skipt máli, þótt stefndi sé ábyrgur fyrir sérleyfisleið þessari gagnvart póstmálastjórninni. Þá kveður stefndi það vera samkvæmt eindregnum óskum bænda í Hvítársíðu, að ferðir hefjist þaðan að morgni, en reynsla undanfarinna ára hafi leitt í ljós, að bifreiðarstjórar búsettir í Borgarnesi vilji ekki sinna þessum akstri með því fyrirkomulagi. Hafi hann af þeim sökum talið tilgangslaust að leita til bifreiðarstjóra úr verklýðsfélaginu um þennan akstur, er hann breytti um burtfararstað á s.l. hausti. Stefndi mótmælir og að hafa sagt bifreiðarstjóra upp starfi vegna leigumálans við Sigurð.

Telja verður, að stefnda hafi verið heimilt að taka upp það fyrirkomulag, að bifreið sú, sem annast vöru-, mjólkur- og fólksflutninga úr Hvítársíðu færi þaðan að morgni. Hins vegar þykir verða að fallast á það, þegar málavextir allir eru athugaðir, að þrátt fyrir framangreindan leigumála stefnda og Sigurðar um bifreiðina M 14, sé Sigurður í raun og veru í þjónustu stefnda. Verður að telja, að stefnda hefði borið að ganga úr skugga um það við fyrirsvarsmenn verklýðsfélagsins, áður en hann gerði samninginn við Sigurð, hvort völ var á félagsmanni til þess að aka framangreinda leið með því fyrirkomulagi, að ferðir hæfust að morgni úr Hvítársíðu. Þar sem stefndi gætti þessa ekki voru framangreindar ráðstafanir hans andstæðar 7. gr. framangreinds kjarasamnings.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Það var andstætt 7. gr. framangreinds kjarasamnings milli stefnda, Kaupfélags Borgfirðinga, og stefnanda, Verkalýðsfélags Borgarness, að stefndi gerði framangreindan samning við Sigurð Jóhannesson, án þess að hafa áður leitað til stefnanda um bifreiðarstjóra til aksturs á leiðinni Borgarnes—Hvítársíða.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. apríl 1949.

Nr. 3/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.)

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Isleifs Árnasonar.

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.
Þjónustugjöld á farþegaskipum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins með stefnu, útg. 26. jan. þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða framreiðslumönnum á m/s Esju, í ferðum skipsins milli Skotlands og Íslands í júlí, ágúst og september 1948, 10% af verði alls þess fæðis, er farþegarnir greiddu stefnda beint um leið og þeir keyptu farseðla sína.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Í síðastliðnum júnímánuði fóru fram samningsumleitanir milli stefnanda máls þessa annars vegar og stefnda og Eimskipafélags Íslands h/f hins vegar um nýjan kjarasamning, og tókust samningar 2. júlí f. á. Í b-lið 3. gr. samnings þessa segir svo:

„Á verð allrar vöru, sem framreiðslumenn selja til farþega, er þeim heimilt að bæta allt að 15% — fimmtán af hundraði —, enda beri útgerðin ekki ábyrgð á innheimtu þess gjalds.“

Áður en til þessa samnings kom, eða snemma vors s.l. ár, hafði stefndi ákveðið að halda uppi skipaferðum milli Skotlands og Íslands þá um sumarið, sem voru sérstaklega ætlaðar

erlendu skemmtiferðafólki, er koma vildi til Íslands. Voru farmiðar seldir fyrirfram af umboðsmanni stefnda í Glasgow og giltu þeir bæði fyrir fari og fæði, ósundurgreint, þann tíma, er ferðin stóð yfir, þ. e. frá Glasgow til Íslands með dvöl þar og til Glasgow aftur. M/s Esja var notuð til þessara ferða. Fór hún frá Reykjavík í fyrstu ferð sína 23. júní f. á. Eftir nokkurra daga dvöl erlendis hélt hún af stað frá Glasgow í fyrsta sinn 7. júlí s. á. og kom til Reykjavíkur 10. s. m., og svo aftur 22. s. m.

Framreiðslumenn skipsins töldu sig samkvæmt framangreindu samningsákvæði eiga rétt til að fá 15% af verði fæðis hvers farþega, en með því að farþegar höfðu greitt fæðið í verði farmiðans, litu framreiðslumenn svo á, að útgerðin ætti að standa þeim skil á nefndu gjaldi. Hefur stefndi viðurkennt, að málaleitun um að inna gjald þetta af hendi hafi komið fram í ágústmánuði f. á. Hann taldi sér þetta óskilt, en greiddi þó framreiðslumönnunum á Esju 5% af verði fæðisins, er samkvæmt skýrslu stefnda, sem ekki hefur verið mótmælt, nam alls kr. 76.256.00. Þar sem stefndi vildi ekki greiða meira höfðaði stefnandi mál þetta og gerir þær dómkröfur, sem að framan greinir. Upphaflega krafðist hann í stefnu 15% af verði fæðisins, en er það kom í ljós meðan á málinu stóð, að stefndi hafði þegar greitt 5%, lækkaði stefnandi kröfu sína, sem því nam.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að í framannefndu ákvæði b-liðs 3. greinar „selja til farþega“ felist það, að framreiðslumönnunum á m/s Esju hafi verið heimilt að reikna sér 15% þjónustugjald af verði allrar þeirrar vöru, sem þeir létu af hendi til farþega. Nú hafi útgerðin selt fæðið um leið og farmiðann, og sé henni því skylt að standa þeim skil á 15% af verði þess fæðis, sem hún innheimti endurgjald fyrir, því að framreiðslumenn hafi ekki talið sér fært, að krefja farþega um þjónustugjald, enda gert ráð fyrir, að stefndi hefði tekið tillit til þess við sölu farmiðanna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ákvæðum b-liðs 3. gr. sé framreiðslumönnunum aðeins heimilt að reikna sér 15% af verði þeirrar vöru, sem þeir láti farþegum í té og innheimti jafnframt endurgjald fyrir. Hins vegar eigi

þeir ekki rétt til þjónustugjalds af verði þeirrar vöru, sem stefndi innheimti gjald fyrir, svo sem fæðis, sem innifalið sé í verði farseðils, enda sé skýrt tekið fram í nefndu ákvæði, að útgerðin beri ekki ábyrgð á innheimtu þjónustugjaldsins. Telur stefndi, að fyrirsvarsmönnum matsveina- og veitingaþjónafélagsins hafi mátt vera þetta fullljóst, því hann (stefndi) hafi ætíð áður, er skip hans sigldu milli landa, selt fæði og far í einu lagi, án þess að þjónustugjald væri þar innifalið. Hins vegar hafi honum þá þótt sanngjarnt, að framreiðslumenn fengju 5% af verði fæðisins, og hafi hann goldið þeim þá fjárhæð, er svo stóð á, og þótt rétt að gera það einnig nú, enda þótt hann teldi sér það óskylt samkvæmt núgildandi samningi.

Samningsákvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hefur ekki verið í kjarasamningum málsaðilja undanfarin ár, og var nú tekið upp í samningana úr samningsuppkasti, er fyrirsvarsmenn matsveina- og veitingaþjónafélagsins lögðu fyrir skipaeigendur. En aðiljar eru sammála um það, að ekkert hafi verið um það rætt við samningsgerðina, hvað í því skyldi felast. Fram til þessa mun það hafa verið aðalreglan í siglingum íslenzkra farþegaskipa, og er enn í strandferðum hér, að þjónar innheimti gjald fyrir fæði farþega og fái þá þjónustugjald af verði þess. Á þeim skipum Eimskipafélags Íslands h/f — en það er aðili að framannefndum samningi — er sigla milli Bretlands og Íslands, hefur það fyrirkomulag tíðkast síðan árið 1946, að far og fæði hefur verið selt í einu lagi og framreiðslumenn þó fengið þjónustugjald af verði fæðisins, sem félagið hefur innheimt hjá farþegum. Þá er það komið upp í máiinu, að í þeim tilfellum, er skip stefnda hafa siglt milli landa, hefur hann greitt framreiðslumönnum þeim, er hlut áttu að máli, tiltekinn hundraðshluta af verði fæðis þess, er farþegar fengu, þótt hann hefði það fyrirkomulag þá að selja far og fæði í einu lagi.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir verða að skýra ákvæði b-liðs 3. greinar svo, að framreiðslumönnum sé heimilt samkvæmt umdeildu samningsákvæði, að krefjast 15 % af verði þess fæðis, er þeir afgreiða til farþega, þótt það sé greitt beint til útgerðarinnar, enda er ekki sannað, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi vitað, er þeir sömdu 2. júní f. á., hversu

háttað yrði sölu fæðis í ferðum Esju s. l. sumar, og þannig gefist sérstakt tilefni til að ræða þessi ákvæði. Stefndi hefur og í verki viðurkennt, að framreiðslumönnum beri einhver þóknun fyrir afgreiðslu þessa fæðis, með því að greiða þeim 5% af verði þess.

Þá kemur til álita, hvort stefnda sé þrátt fyrir ákvæði b-liðs 3. greinar, um að útgerðin beri ekki ábyrgð á innheimtu þjónustugjaldsins, skylt að standa þjónustumönnunum skil á gjaldi því, sem um er deilt í þessu máli.

Í málinu er fram komið, að stefndi tilkynnti ekki farþegum í ferðum þessum, hve mikill hluti verðs farseðils væri fæðiskostnaður og ekki verður séð, að hann hafi gert þeim ljóst, að þeim bæri að greiða sérstakt þjónustugjald fyrir framreiðslu matar, er þeim var látinn í té og goldið var fyrir við kaup farseðils. Þá er og fram komið, að stefndi tilkynnti ekki framreiðslumönnunum í ferðum þessum, hvaða verði fæðið var reiknað farþegunum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að stefndi hefur gert aðstöðu framreiðslumanna skipsins gagnvart farþegunum slíka, að þeim var ókleyft að krefja farþega um sérstakt þjónustugjald vegna fæðisins. Með þessu hefur stefndi gert framreiðslumönnum ókleyft að beita þeim rétti, er þeim var veittur með kjarasamningnum frá 2. júlí f. á., og verður hann því að bera ábyrgð á því gjaldi, er þeir ella máttu krefja, eða 15% af fæðisverðinu.

Eins og að framan er greint hefur stefndi þegar goldið 5% af verði fæðisins, og ber því samkvæmt þessari niðurstöðu að taka til greina þá dómkröfu stefnanda, að stefnda sé skylt að greiða umræddum framreiðslumönnum 10% af verði fæðis þess, er mál þetta fjallar um.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, er skylt að greiða framreiðslumönnum þeim, er voru á m/s Esju í ferðum skipsins milli Skotlands og Íslands í júlí, ágúst og septembermánuði 1948, 10% af verði þess fæðis, er farþegar í

nefndum ferðum greiddu stefnda um leið og þeir keyptu farseðla.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 21. maí 1949.

Nr. 10/1949. **Trésmiðafélag Reykjavíkur**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Almenna byggingarfélagsins h/f
(Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson
í stað Gunnlaugs E. Briem.

Kjarasamningar. Vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 ekki talinn vera fyrir hendi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Trésmiðafélagi Reykjavíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Almenna byggingarfélagsins h. f. með stefnu, dags. 12. þ. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kauptaxti Trésmiðafélagsins, sem tilkynntur var með auglýsingu 7. apríl s. l. og kom til framkvæmda 10. s. m., sé jafn bindandi fyrir stefnda sem um skriflegan vinnusamning samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 væri að ræða milli aðilja máls þessa. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi hefur haft þann hátt á um ákvörðun kaups félagsmanna sinna, að ekki hafa verið gerðir kjarasamningar við vinnuveitendur, heldur hefur kaupið verið ákveðið með einhliða ákvörðun stefnanda og hann auglýst kauptaxta, sem aðeins virðist hafa geymt ákvæði um fjárhæð vinnulauna á klukkustund. Í samræmi við þessa tilhögun var samþykkt

við allsherjaratkvæðagreiðslu, er fór fram í Trésmiðafélagi Reykjavíkur 2. og 3. apríl síðastliðinn, að hækka kaupgjald félagsmanna, og á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 5. apríl s.l. var samþykkt, að hinn nýi kauptaxti skyldi ganga í gildi frá 10. s. m. Kauptaxti þessi var síðan auglýstur í öllum dagblöðum Reykjavíkur með svohljóðandi auglýsingu:

„Trésmiðafélag Reykjavíkur tilkynnir:

Að undangenginni allsherjaratkvæðagreiðslu, er fram fór 2. og 3. þ. m., hefur félagið samþykkt, að kaupgjald félagsmanna breytist þannig frá núverandi kauptöxtum:

Grunnkaup sveina verður ..... kr. 4.30 um klst.
Grunnkaup vélamanna verði ..... — 4.50 — —
Grunnkaup meistara og verkstjóra verði . — 4.75 — —

Verði yfirvinna unnin greiðist hún með 60% álagi eins og áður og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Breytingin kemur til framkvæmda frá 10. þ. m.

Reykjavík, 7. apríl 1949. — Félagsstjórnin."

Með þessari auglýsingu átti kauptaxti sá, er áður hafði gilt að falla niður, án þess að nokkrar tilkynningar hefðu áður verið gefnar út um það af hálfu stefnanda. Þann 5. apríl s.l., eða sama dag og trúnaðarmannaráðið tók ákvörðun um það, frá hvaða tíma nýi kauptaxtinn skyldi gilda, átti framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands tal við skrifstofustjóra stefnanda og einnig við formanninn, og fékk hjá þeim upplýsingar um það, hvaða kauphækkanir væru væntanlegar. Fór hann þá þess á leit við formanninn, að viðræður færu fram milli trúnaðarmanna stefnanda og fyrirsvarsmanna vinnuveitendasambandsins um mál þetta, þar sem hér væri um víðtækar og áhrifamiklar kauphækkanir að ræða. En formaður stefnanda taldi slíkar umræður tilgangslausar og varð ekki af þeim þá. Hinn 29. apríl ritar Vinnuveitendasamband Íslands stjórn stefnanda og býður henni til fundar næsta dag ásamt fulltrúum frá ríkisstjórninni og Reykjavíkurbæ, og á bessum fundi var því lýst yfir, að vinnuveitendasambandið gæti ekki viðurkennt hinn nýja taxta. Kveður stefndi, að dráttur sá, er varð á því, að vinnuveitendasambandið hæfist handa, eftir að kauptaxtinn var auglýstur, hafi bæði stafað

af helgidögum þeim, er þá fóru í hönd vegna páskanna, og svo vegna veikinda framkvæmdastjóra þess. Þann 4. maí tilkynnti vinnuveitendasambandið stefnanda bréflega, að það óskaði eftir samningum við hann, og að hvorki það, ríkissjóður né Reykjavíkurbær viðurkenndu hinn nýja kauptaxta, og sama dag bannaði sambandið með auglýsingu í Ríkisútvarpinu félagsmönnum sínum að greiða kaup samkvæmt honum. Daginn eftir birti það samskonar auglýsingu í dagblöðum Reykjavíkur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi, þ. e. Almenna byggingarfélagið h. f., hafi strax frá 10. apríl s.l. farið eftir hinum nýja kaupgjaldstaxta í öllum greinum svo sem vinnuskrár til 7. maí beri með sér. Þessu til sönnunar bendir hann á, að stefndi hafi sjálfur fært á kaupgjaldsskrár sínar kaupið samkvæmt nýja kauptaxtanum og sent þær þannig gerðar á skrifstofu stefnanda, svo sem venja er. Með þessari framkvæmd hafi hann augljóslega játazt undir ákvæði kauptaxtans, og þannig stofnazt milli hans og stefnanda vinnusamningur, sem jafngildi skriflegum vinnusamningi samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 og lúti ákvæðum þeirrar greinar.

Stefndi mótmælir því hins vegar, að stofnazt hafi nokkur vinnusamningur samkvæmt 6. gr. nefndra laga milli sín og stefnanda. Byggir hann mótmæli sín fyrst og fremst á því, að samkvæmt nefndri grein skuli vinnusamningar vera skriflegir, en hann hafi hvorki samþykkt kauptaxtann skriflega né gengist undir ákvæði hans með öðrum þeim hætti, er jafngildi skriflegu samþykki. Þá neitar hann því og, að hafa fylgt ákvæðum hans í öllum greinum, þannig, að hann hafi að öllu leyti breytt kaupgreiðslum til trésmiða þeirra, er á hans vegum unnu, vegna ákvæða kauptaxtans eða í sambandi við ákvæði hans, því svo hafi staðið á um suma trésmiðina, að þeir hafi þegar fyrir 10. apríl fengið það kaup, sem taxtinn kvað á um, en haldið því áfram óbreyttu eftir þann tíma. Auk þessa kveður stefnandi sig ekki hafa getað gert vinnusamning upp á sitt einsdæmi, þar sem hann sé félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands, en samkvæmt 20. gr samþykkta þess sé einstökum félögum óheimilt að gera vinnusamninga án samþykkis

trúnaðarmanna sambandsins. Þá mótmælir stefndi því, að hægt sé að jafna kaupskránum til skriflegs samþykkis.

Kauptaxti sá, er um ræðir í máli þessu, geymir, eins og að framan er greint, aðeins fyrirmæli um fjárhæð vinnulauna á klst., en að öðru leyti geymir hann engin þau ákvæði, sem venjulegt er, að sett séu í kjarasamninga, svo sem ákvæði um matar- og kaffitíma, lengd dagvinnu, flutning verkamanna o. fl. þess háttar. Ekkert er fram komið um það, að stefnda hafi verið sendur kauptaxtinn sérstaklega né hann gengizt skriflega við honum, eða beinlínis viðurkennt hann gagnvart trúnaðarmönnum stefnanda. Svo virðist að vísu, að stefndi hafi breytt kaupgreiðslum til trésmiða þeirra, er á hans vegum unnu, til samræmis við ákvæði kauptaxtans, þó svo, að stöku maður, sem áður hafði fengið það kaup, sem í taxtanum greindi, virðist hafa haldið því óbreyttu áfram. En þegar annars vegar er litið til fyrirmæla 6. gr. laga nr. 80/1938 um að vinnusamningar, þ. e. samningar um kaup og kjör milli stéttarfélaga og vinnuveitenda, skuli vera skriflegir, en hins vegar virt þau atriði, sem að framan eru rakin, verður ekki talið, að kaupgreiðslur stefnda samkvæmt oftnefndum kauptaxta svo skamman tíma, sem um var að ræða, geti leitt til þess, að talið verði, að stofnazt hafi milli aðilja máls þessa skriflegur vinnusamningur samkvæmt nefndri 6. gr., eða ígildi slíks samnings. Er þá og höfð hliðsjón af því, að stefnda var samkvæmt samþykktum vinnuveitendasambandsins óheimilt án samþykkis forráðamanna þess að gera á eigin spýtur samning við stefnanda um kaup eða kjör.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Almenna byggingarfélagsins h. f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Í málinu er viðurkennt, að stefnda var kunnugt um efni kauptaxta þess, sem Trésmíðafélag Reykjavíkur auglýsti 8. apríl s.l., og gekk í gildi 11. s. m.

Hvorki stefndi né vinnuveitendasambandið mótmæltu kauptaxtanum eftir að hann var auglýstur fyrr en á fundi 30. apríl, með bréfi 4. maí og auglýsingu í Ríkisútvarpinu 5. maí. Frá 10. apríl til 7. maí greiddi stefndi trésmiðum, sem voru í hans þjónustu, kaup samkvæmt hinum auglýsta kauptaxta fyrirvaralaust og sendi kaupskrár þannig frágengnar vikulega á skrifstofu Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þykir stefndi með þessum aðgerðum hafa viðurkennt hinn auglýsta kauptaxta, svo sem hann hefði undirskrifað kaup og kjarasamning. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kauptaxti, sem stefnandi auglýsti 8. apríl s.l. og gekk í gildi 11. s. m., er viðurkenndur af stefnda og gilda því um hann ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1949.

Nr. 9/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísfirðinga** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson í stað Gunnlaugs E. Briem.

Úrskurður um öflun frekari gagna.

Úrskurður.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt með tilvísun til 56. gr. laga nr. 80/1938, að leita frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Aðiljar eru sammála um það, að II. gr. í samningi þeirra, dags. 28. des. 1946, (rskj. 9) hafi verið framkvæmd svo, að

þegar ekki hefur aflazt svo mikið á veiðum þeim, sem grein þessi fjallar um, að náð hafi þeirri lágmarkskaupstryggingu háseta, sem vísað er til í umræddum samningi, þá hafi vélstjórum verið greidd kauptrygging jafnt hásetum, en hálfa eða fjórðungshlutinn, sem þeir eiga að fá samkvæmt ákvæðum greinarinnar, hafi þeir fengið úr raunverulegum afla, en ekki hlutfallslega greiðslu, er miðuð væri við kauptryggingu háseta. Í sambandi við þetta atriði er óskað upplýsinga um það: *Hvenær hófst þessi framkvæmd? Byggist hún upphaflega á samskonar samningsákvæðum og þeim, er nú gilda milli aðilja samkvæmt II. gr. greinds samnings? Hversu oft hafa aðiljar samið síðan þessi framkvæmd hófst?*

2. Hversu gömul eru þau ákvæði a-liðs III. gr. í greindum samningi, að vélstjórar fái tiltekinn hundraðshluta af afla á herpinótaveiðum. Hafa annars konar ákvæði áður verið í gildi um skiptingu afla milli skipverja á nefndum veiðum?

3. Hvernig hefur verið gert upp við vélstjóra á síldveiðum samkvæmt C-lið III. gr. oft nefnds samnings (hringnóta- og reknetjaveiðar), ef ekki hefur aflazt svo að næði kauptryggingu háseta?

4. Hvernig hefur hásetahluturinn verið reiknaður vélstjórum, þegar gert hefur verið upp við þá samkvæmt II. gr. samningsins, þegar ekki aflaðist fyrir kauptryggingu háseta, þ. e., hafa vélstjórum verið færðir til tekna fæðispeningar samkvæmt kauptryggingarákvæðum sjómanna auk þeirra fæðispeninga, sem þeim eru sérstaklega tryggðir í samningnum?

5. Var Vélstjórafélagi Ísfirðinga kunnugt um þau reikningsskil m/b Richards og Hugins I 1947, sem um getur í rskj. 15?

Framangreindra upplýsinga skal aflað svo fljótt, sem unnt er og annarra þeirra gagna aflað, sem skýrslur um framangreind atriði gefa efni til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra upplýsinga svo fljótt sem unnt er.

Miðvikudaginn 29. júní 1949.

Nr. 14/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns vegna skipverja á m/b Baldri**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eigenda m/b Baldurs
(Björgvin Sigurðsson hdl.)

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum vegna skipverja á m/b Baldri V. E. 24 gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eiganda m/b Baldurs V. E. 24. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda sé skylt samkvæmt 4. gr. samnings þess frá 2. júlí 1947, sem síðar verður nánar rakin, að miða reikningsskil við skipverja á m/b Baldri V. E. 24 vegna síldveiðanna sumarið 1948 við 4. lið skrár þeirrar yfir betri kjör, sem þeim samningi fylgir, þ. e. að hlutur skipverja verði 41.5%, er skiptist í 10 staði, eða til hvers skipverja 4.15% af allri veiði skipsins. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Hinn 1. júlí 1945 var gerður samningur milli Alþýðusambands Íslands f. h. ýmissa verklýðsfélaga, þ. á. m. Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, annars vegar og Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar um kaup og kjör á síldveiðum. Í 20. gr. samnings þessa segir svo:

„Þeir aðiljar þessa samnings, sem á síldveiðum árið 1944 höfðu í kjarasamningum sínum ákvæði, sem tryggði sjómönn-

um betri kjör en þessi gerir, skulu halda þeim ákvæðum óbreyttum samkvæmt viðfestri skrá."

Í skrá þeirri, sem gerð var samkvæmt þessu samningsákvæði eru meðal annars eftirtalin ákvæði:

„A. Í Vestmannaeyjum .....

4. Á skipum, er stunda síldveiðar með hringnót (4. gr.), hækkar hlutur skipverja eftir að veiðin hefur náð kr. 135 þúsund úr 40% upp í 41.5% í 10 staði eða til hvers manns 4.15% af allri veiðinni."

Samningur þessi gilti til vors 1947, en 2. júlí það ár er gerður nýr samningur milli sömu aðilja um kaup og kjör á síldveiðum og gilti hann sumarið 1947 og 1948. Í 4. gr. þess samnings segir svo:

„Á síldveiðum með hringnót greiðist til skipverja 40% af brúttóafla á bátum allt að 40 rúmlestir, er skiptist í 10 staði eða til hvers manns 4%. Séu skipin stærri en 40 rúmlestir skal 40% skipt í jafnmarga staði og menn eru á skipi, þó ekki fleiri staði en 11 á skipum upp að 70 rúmlestum og í 12 staði í skipum yfir 70 rúmlestir, þó aldrei í fleiri staði en menn eru á skipi."

Þá er 20. gr. þessa samnings öldungis samhljóða framangreindri 20. gr. samningsins frá 1. júlí 1945 og framangreind sérákvæði 4. liðs betri-kjaraskrárinnar frá 1945 tekin upp óbreytt.

Eins og 20. gr. framangreindra samninga og „betri-kjaraskrárinnar" benda til hafði einmitt sumarið 1944 verið í gildi í Vestmannaeyjum samningur um kaup og kjör á síldveiðum. Hann er dagsettur 9. júlí það ár og er 5. gr. hans svohljóðandi:

„Vélbátur, sem fiskar með hringnót, með 10 manna áhöfn, fá skipverjar 48% af brúttó afla skipsins, sem skiptist þannig:

Skipstj. 8,5%, stýrim. 5%, 1. vélstj. 6%, matsv. 4%, 2. vélstj. 4,5%, 5 hásetar 4% hver.

Þegar skipið hefur fiskað fyrir kr. 135 þús. kr. hækkar hlutur hvers skipverja um 0,15% af allri veiðinni. Verði skipverjar fleiri eða færri en að ofan greinir, hækkar og lækkar hlutur þeirra í samræmi við það. Skipstj., stýrim. og matsveinn óumsamið af samningsaðiljum."

Sumarið 1948 stundaði vélbáturinn Baldur frá Vestmannaeyjum, sem er að stærð 55 rúmlestir, síldveiðar með hringnót. Nam afli skipsins að verðmæti kr. 146.394.00. Að loknum veiðum gerði útgerðarmaður bátsins upp við skipverja með þeim hætti, að hann skipti 41,5% af brúttoverðmæti aflans í 11 staði, þannig, að hver háseta fékk 3,773%. Byggði hann þessa skiptingu á því, að þar sem báturinn væri yfir 40 rúmlestir félli hann undir ákvæði 2. málsliðar 4. gr. samningsins frá 2. júlí 1947. En þar sem afli bátsins hefði að verðmæti numið meira en 135 þús. krónum ættu skipverjar að fá 41,5 af honum til skipta samkvæmt 4. lið betrikjara skrárinnar frá 2. júlí 1947.

Stefnandi vill ekki fallast á þessi reikningsskil. Telur hann, að gera eigi upp við hásetana á þann hátt, að hver þeirra fái 4,15% af brúttóverðmæti aflans. Byggir hann kröfu sína á því, að vegna ákvæða 20. gr. samningsins frá 2. júlí 1947 skipti ekki máli, hver stærð bátsins sé, þar sem hann falli ekki undir ákvæði 4. gr. sama samnings, heldur eigi við um hann sérákvæði 4. liðs betrikjara skrárinnar, er grundvallazt hafi átt á 5. gr. Vestmannaeyjasamningsins frá 9. júlí 1944, sem einmitt fjalli um hringnótaveiðar. En í síðast nefndu samningsákvæði sé svo kveðið á, að verði skipverjar fleiri en 10 skuli heildarhlutur þeirra hækka í samræmi við fjölgunina, svo að hásetar fái ávallt 4.15% af brúttóafla, ef verðmæti hans nemur meira en 135 þúsundum króna.

Stefndi hefur mótmælt því, að samningurinn frá 1944 geti komið til álita um stærð skipsins. Þegar hann hafi verið gerður hafi engir bátar frá Vestmannaeyjum stærri en 40 rúmlestir stundað veiðar með hringnót, og sé samningurinn því aðeins miðaður við smærri báta. Þá telur hann, að skilja beri niðurlagsákvæði 5. gr. þess samnings svo, að þó skipverjar verði fleiri en 10 skuli heildarhlutur skipshafnar verða óbreyttur jafnt fyrir það, en fjölgunin aðeins hafa áhrif á skiptingu milli skipverja innbyrðis.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, var svo um samið í 20. gr. heildarsamningsins 1945 og 1947, að haldast skyldu þau kjör sjómanna, sem betri voru en þau, sem þá var samið um og verið höfðu í kjarasamningum um síldveiðar sumarið

1944. Sýnist samkvæmt þessu ákvæði og skýrslum þeim, er fram hafa komið í málinu, ekki leika vafi á því, að sjómenn í Vestmannaeyjum hafi átt að halda öllum þeim kjörum samkvæmt samningi þeirra frá 1944, sem voru þeim hagstæðari heldur en ákvæði heildarsamningsins. Ljóst er, að 5. gr. Vestmannaeyjasamningsins frá 1944 fól í sér betri kjör heldur en 4. gr. nefndra samninga frá 1945 og 1947, þar sem þeir skyldu fá 41,5% af afla, ef hann fór að verðmæti yfir 135.000.00 þúsund krónur, í stað 40% eftir 4. gr. heildarsamninganna, og er þetta réttilega tekið upp í 4. lið betrikjaraskrárinnar 1945, en þar er og tekið fram, að hlutur háseta skuli vera 4,15% af brúttóafla. Þessi ákvæði eru svo óbreytt tekin upp í 4. lið skrárinnar frá 1947. Ekki er hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að 5. gr. samningsins frá 1944 geti aðeins hafa átt við um smærri báta en 40 rúmlestir, eða báta, sem ekki hafa nema 10 manna áhöfn, því í henni er beinlínis gert ráð fyrir því, að fleiri skipverjar en 10 geti verið á bát, sem stundar hringnótaveiðar. Verður orðalag hennar ekki skilið á annan veg en þann, að ef skipverjar verði fleiri en 10 skuli heildarhlutur þeirra hækka þannig, að hver háseti haldi þó sama hundraðshluta. Þetta samningsákvæði felur þannig einnig í sér ákvæði um hagstæðari kjör sjómönnum í Vestmannaeyjum til handa heldur en 4. gr. oftnefndra samninga frá 1945 og 1947. Þegar þetta er virt og hliðsjón höfð af ákvæði 4. liðs betri kjaraskrárinnar um 4.15% sjómönnum til handa, sem ekki var breytt neitt við samningsgerðina 1947, verður með skýrskotun til 20. gr. síðastnefnds samnings að telja, að stefnda hafi við reikningsskil til háseta á m/b Baldri eftir síldveiðarnar sumarið 1948 borið að greiða hverjum þeirra 4.15% af brúttó verðmæti aflans. Ber samkvæmt þessu að taka þá dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefnda, eiganda m/b Baldurs V.E. 24, er skylt að greiða þeim hásetum, er voru á síldveiðum á nefndum bát

sumarið 1948, 4.15% af verðmæti brúttóafla bátsins þá síldarvertíð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eiganda m/b Baldurs V.E. 24, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns vegna skipverja á m/b Baldri V.E. 24, kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1949.

Nr. 9/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Setudómari Ragnar Jónsson í stað Gunnlaugs E. Briem.

Deilt um skilning á kjarasamningi, lágmarkstryggingu og hlutaskipti.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar gegn H. f. Nirði á Ísafirði. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. Að dæmt verði að a-, b- og c liður III. gr. í kjarasamningi aðilja frá 28. des. 1946 séu rétt skildir og framkvæmdir svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkshlutatryggingu, sbr. VII. gr. sama samnings, skuli vélstjórar fá, auk hásetakauptryggingar, svo háan hundraðshluta af raunverulegum afla skips, að nemi því, sem hlutur vélstjórans skal vera hærri en hásetahluturinn er á sama skipi samkvæmt gildandi kjarasamningi.

2. Að dæmt verði, að lágmarkshlutartrygging samkvæmt VII. gr. nefnds samnings sé á mánuði hverjum kr. 578.00, og

að vélstjórar skuli auk þess fá kr. 150.00 í fæðispeninga samkvæmt d-lið 3. gr. sama samnings.

Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Hinn 28. desember 1946 undirrituðu aðiljar kjarasamning. Skyldi hann gilda milli stefnanda annars vegar og stefnda o. fl. vinnuveitenda hins vegar. Í II. gr. samnings þessa, sem fjallar um laun vélstjóra á þorskveiðum með línu og á togveiðum, segir svo:

„a. Þorskveiðar með línu. Fyrsti vélstjóri 1½ hásetahlut og annar vélstjóri 1¼ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga. Báðir vélstjórar fæði sig sjálfir.

b. Togveiðar: Fyrsti vélstjóri 1½ hásetahlut og annar 1¼ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga. Báðir vélstjórar hafi kr. 120/— á mánuði í fæðispeninga. Verði hækkun á fæðispeningum, sem aðrir skipverjar fá nú greidda samkv. samningum sinna stéttarfélaga, hækki einnig fæðispeningar vélstjóra til samræmis við það.“

Í III. gr. sama samnings, sem fjallar um laun vélstjóra á síldveiðum, er svo um samið er nú skal greint:

„a. Herpinótaveiðar: Á skipum, sem eru ein um nót og draga báta, skal fyrsti vélstjóri hafa 4,5% af brúttósöluverði aflans, ef það er minna en 150 þúsund krónur yfir ráðningartímann, en 4,7% ef brúttósöluverðið er kr. 150 þúsund eða meira. Á skipum, sem taka báta í davíður, hækkar hlutur fyrsta vélstjóra úr 4,5% í 4,7%, þegar brúttósöluverð aflans hefur náð 200 þúsund krónum.

Annar vélstjóri skal hafa 3,3% af brúttósöluverði aflans.

b. Þegar skip eru tvö saman um nót skal I. vélstjóri fá 4,5% af brúttósöluverði aflans, en II. vélstjóri 3,3%.

c. Á hringnót og reknetjaveiðum fær I. vélstjóri 1½ hásetahlut og II. vélstjóri 1¼ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga.

d. Á öllum síldveiðum hafi báðir vélstjórar 120/— fæðispeninga, sbr. II. gr. b.“

Loks segir svo í VII. gr. sama samnings:

„Á öllum veiðum, sem um getur í samningi þessum, skal báðum vélstjórum tryggður einn aflahlutur samkvæmt gildandi hlutatryggingu í samningum Sjómannafélags Ísfirðinga."

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, hafa framangreind ákvæði II. gr. nefnds samnings verið framkvæmd með þeim hætti, að þegar ekki hefur aflazt svo mikið á þorskveiðum með línu og togveiðum, að hlutur vélstjóranna hafi numið lágmarkskauptryggingu háseta, hefur verið gert upp við vélstjórana með þeim hætti, að þeir hafa samkvæmt VII. gr. fengið lágmarks kauptryggingu háseta, en auk þess hafa þeir fengið ½ eða ¼ hásetahlut úr afla þeim, er skip það, er hlut átti að máli í hvert sinn, fékk.

Á síðast liðnu sumri (1948) gerði stefndi tvo báta, m/b Freydísi og m/b Hafdísi, út á síldveiðar með herpinót. Bátar þessir öfluðu ekki fyrir kauptryggingu háseta og er reikningsskil fóru fram gerði stefndi þannig upp við vélstjórana, að hann greiddi þeim lágmarks kauptryggingu háseta. Aðrir útgerðarmenn á Ísafirði virðast hafa gert upp við vélstjóra sína með sama hætti og stefndi, að undanskildu Samvinnufélagi Ísfirðinga. Það greiddi vélstjórum sínum lágmarkskauptryggingu háseta, en auk þess hundraðshluta af raunverulegum afla hvers skips, og mun hann a. m. k. í sumum tilfellum hafa svarað nokkurn veginn til þess hundraðshluta, sem vélstjórarnir skyldu hafa fram yfir hásetana samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Stefnandi vildi ekki fallast á framangreind reikningsskil stefnda. Taldi hann, að gera ætti svo upp við vélstjórana eftir síldarvertíðina, að framangreind III. gr. væri framkvæmd með sama hætti og II. grein, þannig að hver vélstjóri fengi, auk lágmarkskauptryggingar háseta, svo háan hundraðshluta af afla viðkomandi skips, sem hlutur hans hefði átt að vera hærri en hásetahluturinn. Á þetta vildi stefndi ekki fallast, þar sem engin ákvæði væru í framangreindum kjarasamningi um þetta. Mótmælti hann því eindregið, að venja sú, sem komizt hefði á um kaupgreiðslur samkvæmt II. gr. kjarasamningsins, yrði einnig talin gilda um III. gr. hans, því auk þess sem

hér væri um aðra aflaskiptingu að ræða, þá fjallaði þessi grein um allt aðra veiðiaðferð.

Þá deila málsaðiljar og um það, hvaða fjárhæð skuli leggja til grundvallar, þegar reiknuð er út lágmarkskauptrygging vélstjóra samkvæmt framangreindri VII. gr. oftnefnds samnings.

Verða dómkröfur stefnanda nú teknar til athugunar í þeirri röð, er að framan greinir.

Um 1.

Samkvæmt gögnum málsins verður að byggja á því, að á veiðum þeim, sem um ræðir í c-lið III. gr. samningsins frá 28. des. 1946, skuli gilda sömu reglur um greiðslu lágmarkskauptryggingar vélstjóra og nú er samkvæmt framansögðu samkomulag um, að gildi á veiðum þeim, er greinir í II. gr. sama samnings, og ber því að taka til greina dómkröfu stefnanda að því er snertir þennan lið III. gr.

Ekki verður talið, að framangreindur skilningur stefnanda á ákvæðum III. gr. margnefnds samnings um það, hversu háttað skuli reikningsskilum samkvæmt greininni, ef ekki veiðist fyrir lágmarks kauptryggingu, verði leiddur af ákvæðum greinarinnar sjálfrar. Aðiljar eru sammála um það, að ef ekkert veiðist beri vélstjórum samkvæmt VII. gr. oftnefnds samnings aðeins einföld lágmarkskauptrygging háseta.

Veiðar þær, sem um er rætt í a-ogb-lið III. gr. eru annarrar tegundar heldur en veiðar samkvæmt II. gr. og c-lið III. gr. og aflaskipting með öðrum hætti, eins og samningsákvæðin bera með sér.

Þegar þessi atriði eru virt og það jafnframt haft í huga, að framkvæmd sú, sem upp hefur verið tekin um greiðslu lágmarkskauptryggingar samkvæmt II. gr., virðist ekki verða leidd út af orðalagi samningsins, heldur mun hún byggjast á sérstöku samkomulagi aðilja, verður ekki talið, að stefnda sé skylt að hlíta þeim skilningi á ákvæðum a- og b-liðs III. gr. oftnefnds samnings frá 28. des. 1946, sem stefnandi heldur fram. Skiptir ekki máli að þessu leyti fyrir hann, þótt samaðili hans að samningnum, Samvinnufélag Ísfirðinga, hafi í meginatriðum fylgt skilningi stefnanda um úthlutun aukahlutar til vélstjóra.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna stefnda að því er varðar a- og b-lið III. gr. í þessum kröfulið stefnanda.

Um 2.

Svo sem að framan er greint er vélstjórum í VII. gr. samningsins frá 28. des. 1946 tryggður einn aflahlutur samkvæmt samningi Sjómannafélags Ísfirðinga við útgerðarmenn, en í 8. gr. þess samnings segir svo:

„Útgerðin tryggir háseta og matsveini mánaðarlega greiðslu á 428.00 kr. kaupi og kr. 150.00 í fæðispeninga upp í hundraðshluta afla hans frá lögskráningardegi til afskráningardags, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er á hverjum tíma. Greiðslur þessar miðast við 30 daga mánuð.“

Þá fá vélstjórar og fæðispeninga samkvæmt d-lið III. gr. samningsins frá 28. des. 1946, og eru aðiljar sammála um það, að fjárhæð þeirra hafi sumarið 1948 numið kr. 150.00 á mánuði.

Stefnandi telur nú, að þegar aflahlutur vélstjóra samkvæmt VII. gr. sé reiknaður beri að telja hann kr. 428.00 + kr. 150.00, eða samtals kr. 578.00, og auk þess beri vélstjórum fæðispeningar samkvæmt samningi þeirra, kr. 150.00 á mánuði, allt að viðbættri verðlagsuppbót. Byggir stefnandi þessa kröfu sína á því, að aflahlutur sá, sem hásetum er tryggður, sé raunverulega kr. 578.00, þótt hann sé greindur í þessa tvo liði. Af þessu leiði, að það sé sú fjárhæð, sem leggja beri til grundvallar samkv. VII. gr. vélstjórasamningsins. Stefndi telur aftur á móti, að kauptrygging sjómanna sé aðeins kr. 428.00 á mánuði, en þær kr. 150, sem þeir fái í fæðispeninga, skuli ekki telja með, þegar kauptrygging vélstjóra sé ákvörðuð, þar sem þeir (vélstjórarnir) fái þá samkvæmt sínum eigin samningi.

Svo sem greint er skiptist trygging háseta samkvæmt samningi þeirra í tvennt, kaup og fæðispeninga. Vélstjórar fá samkvæmt samningi sínum fæðispeninga, hvernig sem veiði gengur, en um aflahlutinn er vísað til sjómannasamningsins, en stefndi er aðili að báðum þessum samningum. Ósennilegt verður að teljast, að vélstjórum hafi verið ætlaðir fæðispeningar bæði eftir þeirra samningi og samningi sjómannafélagsins,

enda er upp komið í málinu, að þegar gert hefur verið upp við vélstjóra samkvæmt kauptryggingarreglu þeirri, er fylgt hefur verið um II. gr. samningsins frá 28. des. 1946, hafa vélstjórum aðeins verið reiknaðir fæðispeningar samkvæmt þeirra eigin samningi. Að þessu athuguðu þykir bera að sýkna stefnda að öllu leyti af þessum kröfulið stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

C-liður III. gr. framangreinds samnings frá 28. des. 1946 er rétt framkvæmdur svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkstryggingu þeirri, er um ræðir í VII. gr. sama samnings, þá fái hlutaðeigandi vélstjóri hundraðshluta af raunverulegum afla skips, svo háan, að nemi því, sem umsaminn hlutur vélstjóra á að vera hærri en venjulegur hásetahlutur.

Að öðru leyti skal stefndi, h. f. Njörður, vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 11/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga
(Ólafur Jóhannesson prófr.).

Deilt um gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar gegn Kaupfélagi Eyfirðinga með stefnu, dags. 9. f. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt

verði, að kjarasamningur milli málsaðilja, sem undirritaður var 30. ágúst 1947, hafi fallið úr gildi og verið útrunninn 1. sept. 1948. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. ágúst 1947 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör vörubílaeigenda á Akureyri. Er 6. gr. samnings þessa svohljóðandi:

„Samningur þessi gildir frá og með 1. sept. 1947 til 1. marz 1948 og framlengist af sjálfu sér jafnlangan tíma hafi honum ekki verið sagt upp með eins mánaðar fyrirvara."

Stefnandi telur, að samkvæmt efni þessarar greinar hafi samningurinn fallið niður af sjálfu sér 1. sept. 1948, án þess að uppsagnar væri þörf, og hafi því síðan í raun og veru verið samningslaust milli aðilja. Hafi þessum málum ekkert verið hreyft við stefnda fyrr en s.l. vetur, en 15. febr. s.l. ritaði stefnandi stefnda bréf. Segir hann þar, að framannefndur „samningur virðist hafa fallið úr gildi 1. sept. síðastliðinn," og óskar eftir framlengingu á honum með þeirri breytingu á 6. gr., að í stað orðanna „1. marz og 1. sept." komi „1. maí og 1. nóvember," og á eftir orðunum „jafnlangan tíma" komi „hverju sinni."

Stefndi synjaði þessari málaumleitan með bréfi, dags. 8. marz s.l. Heldur hann því fram, að samningurinn sé enn í fullu gildi, þar sem samningurinn samkvæmt 6. gr. hans framlengist af sjálfu sér um 6 mánaða tímabil, miðað við 1. marz og 1. september, hafi honum ekki verið sagt upp með mánaðarfyrirvara miðað við þá daga.

Af því, sem fram hefur komið í máli þessu, má ráða, að aðiljar hafi ekki rætt það sérstaklega, þegar framangreindur kjarasamningur var gerður, til hve langs tíma hann skyldi gilda. Þegar þetta er haft í huga og þess gætt, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 falla kjarasamningar yfirleitt ekki niður nema þeim sé sagt upp sérstaklega, þykir eðlilegast að skilja ákvæði 6. gr. framangreinds samnings frá 30. ágúst 1947 svo, að hann framlengist af sjálfu sér um sex mánaða skeið í senn, nema honum hafi verið sagt upp með mánaðar

fyrirvara miðað við 1. sept. eða 1. marz ár hvert. Og með því að ekkert liggur fyrir um það, að honum hafi verið sagt upp miðað við þann tíma, ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 8/1949. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f**
(Björgvin Sigurðsson hdl.).
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um forgangsréttarákvæði í kjarasamningi. Skipasmiðir.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Í 12. gr. kjarasamnings, dags. 24. marz 1947, milli Sveina-

félags skipasmiða annars vegar og meistara í skipasmíði hins vegar, sem í gildi var til 1. júní þ. á., segir svo:

„Meðlimir í Sveinafélagi skipasmiða skulu sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík, enda sé því félagi skylt að taka í félagið sveina með fullum réttindum. Aftur á móti mega meðlimir Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík ekki vinna hjá öðrum atvinnurekendum í skipasmíði innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur en þeim, sem eru viðurkenndir af Meistarafélagi skipasmiða í Reykjavík, enda sé því félagi skylt að taka í félagið þá menn, sem hafa meistararéttindi í iðninni samkvæmt lögum."

Stefnandi er aðili að samningi þessum og hefur venjulega marga skipasmiði í þjónustu sinni.

Samkvæmt 2. gr. framangreinds samnings skal uppsagnarfrestur skipasmiðum til handa vera 2 vikur. Hinn 28. og 30. marz s.l. sagði stefnandi upp nokkrum skipasmiðum með tveggja vikna uppsagnarfresti og virðast uppsagnir þessar hafa komið til framkvæmda á tilsettum tíma. Stefndi mótmælti strax uppsögnunum og bar því við, að stefnandi hefði brotið forgangsréttarákvæði 12. gr. nefnds samnings frá 24. marz 1947, þar sem í smíðavinnu hjá stefnanda væru, er uppsögnin fór fram, smiðir, sem ekki væru félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða. Á þetta vildi stefnandi ekki fallast, þar sem menn þeir, er um var að ræða, ynnu ekki að skipasmíði, og er aðiljar gátu ekki orðið ásáttir um þetta, höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Eru dómkröfur hans þær,

1. *að* dæmt verði, að félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða hafi samkvæmt 12. gr. samningsins frá 24. marz aðeins forgangsrétt til vinnu hjá stefnanda í iðn skipasmiða og,

2. *að* framangreindar uppsagnir frá 28. og 30. marz s.l. verði metnar gildar.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Verða dómkröfur stefnanda nú athugaðar.

Um 1.

Stefnandi heldur því fram, að forgangsréttur samkvæmt 12. gr. greinds samnings geti aðeins átt við um skipasmíðar og sé honum því heimilt að hafa í þjónustu sinni smiði, er aðrar smíðar stundi, t. d. húsasmíði, þótt þeir séu ekki félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða. Skipasmíðar séu sérstök iðngrein og húsasmíðar önnur og geti stefnandi ekki, svo lögmætt sé, veitt skipasmiðum forgangsrétt til vinnu í annarri iðn. Umdeild 12. gr. beri og með sér, að hún eigi aðeins við um skipasmíðar, þar sem sveinar skuldbindi sig til þess, að vinna ekki hjá öðrum atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík en þeim, sem viðurkenndir séu af Meistarafélagi skipasmiða í Reykjavík.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að forgangsréttur samkvæmt 12. gr. oftnefnds samnings nái til allrar smíðavinnu, sem stefnandi láti framkvæma, enda hafi það verið viðtekin regla undanfarin ár, að stefnandi hafi sótt um undanþágu til sín, ef hann hafði að smíðum menn, sem ekki voru félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða.

Stefnandi hefur viðurkennt, að sótt hafi verið um undanþágu vegna annarra smiða, en það hafi aðeins verið til þess, að hann gæti látið þá stunda skipasmíði, ef svo mikil verkefni væru fyrir hendi, að sveinar í skipasmíði gætu ekki annað þeim.

Samkvæmt iðnlöggjöfinni eru skipasmíðar sérstök iðn, svo er og um húsasmíðar. Tilgangur Sveinafélags skipasmiða er samkvæmt 2. gr. samþykkta þess, að efla samheldni skipasmiða og framfarir í þeirri iðn og gera sér far um, að vinnulaun og vinnutími svari kröfum tímans. Í 7. gr. samþykkta þess segir, að inngöngu í félagið fái aðeins þeir, sem hafa sveinsbréf eða iðnbréf í þessari iðn, og ekki séu í öðru iðnfélagi. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af orðalagi 12. gr. samnings þess, er um er deilt, verður að telja, að nefndur forgangsréttur nái aðeins til þeirrar vinnu, sem fellur undir iðn skipasmiða. Ber samkvæmt þessu að taka þenna lið dómkrafna stefnanda til greina.

Um 2.

Þegar framangreindar uppsagnir af stefnanda hálfu fóru

fram 28. og 30. marz s.l. unnu hjá honum 4 smiðir, sem ekki voru skipasmiðir að iðn. Upp er komið í málinu, að tveir þessara smiða, Aðalsteinn Maack og Atli Jensson, unnu eingöngu að smíði hurða í hús, eða að smíði, sem ekki telst skipasmíði. Samkvæmt því, sem að framan er greint, var stefnanda vítalaust að hafa þessa menn áfram í þessari vinnu, þó að hann segði upp skipasmiðum. Hins vegar er það upp komið, að hinir tveir, Ásgeir Guðbjartsson beykir og Jeppi Svendsen modelsmiður, unnu að skipasmíðum hjá stefnanda allt til 29. og 30. apríl s.l., eða um það bil í hálfan mánuð eftir að skipasmiðir þeir, er upp var sagt, hættu vinnu. Stefndi hefur haldið því fram, að samkvæmt 12. gr. samningsins frá 24. marz 1947 sé stefnanda óheimilt að segja skipasmið upp, meðan aðrir smiðir séu við smíðavinnu þá, er samningurinn nái til. Á þetta verður að vísu ekki fallizt, heldur ræður hitt úrslitum, hvort aðrir en skipasmiðir vinna forgangsréttarvinnu eftir að uppsögn hefur komið til framkvæmda. En með því að þeir Ásgeir og Svendsen unnu að skipasmíðum svo sem greint var, eftir að skipasmiðir þeir, er upp var sagt, fóru úr þjónustu stefnanda, var uppsögn hans að því leyti andstæð forgangsréttarákvæðum oftnefndrar 12. gr. samningsins frá 1947, og verður þessi liður dómkrafna hans því ekki tekinn til greina.

Rétt þykir samkvæmt þessari niðurstöðu að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Forgangsréttur félagsmanna í Sveinafélagi skipasmiða í Reykjavík til vinnu hjá Slippfélaginu í Reykjavík h/f samkvæmt 12. gr. í framanrituðum samningi frá 24. marz 1947, nær aðeins til vinnu í iðn skipasmiða.

Að öðru leyti skal stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. september 1949.

Nr. 13/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Kjartans Sveinssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Úrskurður um gagnasöfnun.

Úrskurður.

Áður en mál þetta er dæmt þykir rétt samkvæmt 56. gr. laga nr. 80 frá 1938, að leitað sé fyllri upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Greint skal svo nákvæmlega sem frekast er unnt, hvenær stefndi auglýsti á Skagaströnd eftir starfsmönnum vorið 1948. Hve lengi auglýsingar þær, er greinir á rskj. 10, voru uppfestar, og hvernig orðalag þeirra var.

2. Aðiljum ber ekki saman um það, hvenær framkvæmdastjóri stefnda og formaður verklýðsfélagsins hafi fyrst átt tal saman um ráðningar vorið 1948. Skal leitað frekari upplýsinga um þetta atriði, og þeir samprófaðir um þetta og efni samtals þeirra, ef ástæða reynist til þess.

3. Greint skal svo nákvæmlega sem kostur er, hvenær Kjartan falaði fyrst vinnu hjá stefnda nefnt vor, og í því sambandi upplýst, hve margir menn, sem ekki voru í Verklýðsfélagi Skagastrandar, voru ráðnir í þjónustu stefnda síldveiðitímann sumarið 1948, og hvenær ráðning hvers einstaks þeirra fór fram. Ennfremur skal aflað gleggri upplýsinga um það, hvort félagsmenn úr verklýðsfélaginu voru ráðnir til vinnu hjá stefnda, eftir að Kjartani var synjað um vinnu 8. júní 1948.

4. Loks er rétt, að aflað sé upplýsinga um það, hversu háttað er ráðningu starfsmanna við aðrar síldarverksmiðjur þar

sem samskonar forgangsréttarákvæði voru í gildi vorið 1948, eða áður, og þau, sem greinir í 1. gr. samnings aðilja á rskj. 3.

Því úrskurðast:

Framangreindra gagna og upplýsinga sé aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 20. október 1949.

Nr. 16/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Útvegsmannafélagi Stykkishólms
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómendur Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Pétursson í stað Ísleifs Árnasonar og Ragnars Ólafssonar.

Kröfu um frávísun máls hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms gegn Útvegsmannafélagi Stykkishólms með stefnu, dags. 6. f. m. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að félagsmönnum stefnda sé skylt að greiða hlutarsjómönnum kr. 0,55 fyrir hvert kg. af óslægðum þorski vetrarvertíðina 1949. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði algerlega sýknaður. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og verður hún tekin hér sérstaklega til athugunar.

Tildrög máls þessa eru þau, að í 9. gr. kjarasamnings, sem málsaðiljar undirrituðu 2. febr. þ. á., er svo um samið, að verð

á óslægðum þorski skuli vera kr. 0,53 hvert kg. En þann 9. s. m., eða viku eftir að nefndur samningur var gerður, gaf sjávarútvegsmálaráðuneytið, samkvæmt heimild í I. kafla laga nr. 100/1948, út auglýsingu um lágmarksverð á fiski, og er í auglýsingu þessari mælt svo, að verð á óslægðum þorski skuli vera kr. 0,55 hvert kg. Stefnandi telur, að eftir að nefnd auglýsing kom út hafi fiskverðið samkvæmt 9. gr. nefnds kjarasamnings átt að hækka í kr. 0,55 hvert kg., og er stefndi vildi ekki á það fallast fyrir hönd félagsmanna sinna, höfðaði stefnandi mál þetta.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að þar sem skylda stefnda til greiðslu á kr. 0,55 fyrir hvert kg. verði ekki leidd af framangreindum kjarasamningi, sé um það eitt að ræða í máli þessu, hvernig skilja beri lög nr. 100 frá 19. des. 1948, en Félagsdómur geti ekki um það atriði dæmt.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda, en samkvæmt málsútlistun hans fyrir dóminum byggir hann dómkröfur sínar m. a. á því, að framannefnda 9. gr. í kjarasamningi málsaðilja frá 2. febrúar þ. á. beri að skilja svo, að með henni hafi verið samið um það, að í viðskiptum aðilja skyldi um verð á þorski farið eftir því lágmarksverði, er síðar kynni að verða sett.

Af framangreindum málflutningi aðilja er ljóst, að í máli þessu er að ræða um ágreining út af skilningi í kjarasamningi, en samkvæmt 44. gr. laga nr. 80 frá 1938 skal Félagsdómur dæma í slíkum málum.

Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 27. október 1949.

Nr. 15/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Vestmannaeyja**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda Vestmannaeyja
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómendur Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Pétursson í stað Ísleifs Árnasonar og Ragnars Ólafssonar.

Deilt um gildi kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu dags. 6. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Vestmannaeyja gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda Vestmannaeyja.

Tildrög máls þessa eru þau, að í 11. gr. kjarasamnings, sem gerður var 7. sept. 1942 milli stefnanda annars vegar og atvinnurekenda í Vestmannaeyjum hins vegar, er svo samið, að „verði breyting á grunnkaupi verkamanna hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík meðan samningur þessi er í gildi, breytist kaup hér í samræmi við það.“ Samkvæmt þessu ákvæði, sem enn stendur óbreytt, hefur verkamannakaup í Vestmannaeyjum, síðan nefndur samningur var gerður, ávallt breytzt, ef samið hefur verið um kaupbreytingar milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands.

Þann 15. júní s.l. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands og með því að samningar höfðu ekki tekizt að kvöldi þess dags, hóf Dagsbrún verkfall næsta dag. Stóð það til 20. s. m., er samningar tókust á ný milli síðast nefndra aðilja. Daginn, sem Dags-

brúnarsamningurinn féll úr gildi, þ. e. 15. júní s.l., gerði Dagsbrún kjarasamning við Olíufélagið h/f. Samkvæmt samningi þessum skyldi grunnkaup í almennri verkamannavinnu og grunnkaup mánaðarkaupsmanna hækka frá því, sem verið hafði í samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins, þess er niður féll 15. júní, og er það tekið upp í 1. og 2. gr. hans, hvert kaupið skuli vera.

Er samningsgerð þessi spurðist til Vestmannaeyja taldi stefnandi, að verkamannakaup þar ætti, samkvæmt nefndri 11. gr. samningsins frá 1942, að hækka til samræmis við kauphækkun þá, er samningur Dagsbrúnar við Olíufélagið h/f fól í sér, og auglýsti stefnandi kauphækkun þar þann 19. júní s.l. Stefndi mótmælti strax kauphækkuninni, þar sem hann taldi, að miða bæri við kjarasamning milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Stefnandi vildi ekki fallast á þann skilning og höfðaði mál þetta svo sem að framan greinir. Eru dómkröfur hans þær, að stefnda verði dæmt skylt samkvæmt 11. gr. nefnds samnings frá 7/9 1942, að greiða félagsmönnum í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja dagana 16.—20. júní s.l., að báðum dögum meðtöldum, kaupgjald það, sem greinir í 1. og 2. gr. framangreinds kjarasamnings frá 15. júlí s.l. milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og Olíufélagsins h/f. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að með framangreindum kjarasamningi milli Dagsbrúnar og Olíufélagsins hafi orðið breyting á grunnkaupi verkamanna hjá Dagsbrún, sem félagsmenn í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja skuli samkvæmt framangreindri 11. gr. njóta góðs af. Samningurinn við Olíufélagið 15. júní s.l. hafi verið eini kjarasamningurinn við Dagsbrún, sem þá hafi verið í gildi um kaup í almennri verkamannavinnu, og hafi því borið að miða við hann.

Stefndi hefur hins vegar eindregið andmælt því, að oftnefndur samningur Olíufélagsins og Dagsbrúnar hafi getað valdið breytingum á kaupi félagsmanna í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja. Telur hann, að ekki verði miðað við annan samn-

ing en þann, sem í gildi er á hverjum tíma milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Samningur Olíufélagsins h/f og Dagsbrúnar hafi og aðeins getað snert hagsmuni 15—20 félagsmanna í Dagsbrún, en félagstala þess félags sé hins vegar nálægt 4000. Auk þessa kveður stefndi, að umræddur samningur hafi aldrei komið til framkvæmda.

Samkvæmt því, sem upp er komið í máli þessu, mun framangreint ákvæði 11. gr. samningsins frá 7. sept. 1942 hafa komið inn í samning stefnanda og vinnuveitenda í Vestmannaeyjum það ár. Þá er það og fram komið, að verkamannafélagið Dagsbrún hefur allt frá árinu 1934 samið við Vinnuveitendafélag Íslands um kaup fyrir almenna verkamannavinnu, og að samningar þessara aðilja hafa allt frá þeim tíma og til þessa dags skorið úr um það, hvaða kaup Dagsbrúnarmönnum er goldið fyrir þá vinnu. Það er einnig í ljós leitt, að samtímis því sem Dagsbrún undirritaði samninginn við Olíufélagið h/f 15. júní s.l., var því lýst yfir af hálfu forráðamanna Dagsbrúnar, að ef það félag semdi við Vinnuveitendasamband Íslands um önnur kjör en þau, sem samið var um við Olíufélagið h/f, skyldi umsamið kaup breytast til samræmis við það. Loks má geta þess, að margnefndur samningur milli Olíufélagsins og Dagsbrúnar gat aðeins skipt máli fyrir tiltölulega mjög fáa Dagsbrúnarmenn.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður ekki talið, að sú breyting hafi orðið almennt á grunnkaupi verkamanna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík með samningnum við Olíufélagið h/f 15. júní s.l., að leitt geti til kaupbreytingar hjá félagsmönnum stefnanda samkvæmt 11. gr. kjarasamningsins frá 7. sept. 1942, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda Vestmannaeyja, á að vera

sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Vestmannaeyja, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1949.

Nr. 18/1949. **Francis Daugaard** (Ólafur Björnsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur.

Er munnlegur flutningur máls þessa skyldi fara fram í dag var sótt dómþing af hálfu stefnanda og þess krafizt, að málið yrði hafið. Af hálfu stefnda var dómþing sótt og krafizt ómaksbóta.

Með tilliti til þess að stefndi hefur 8 sinnum sótt dómþing í málinu og búið sig undir að flytja það munnlega þykja ómaksbætur honum til handa úr hendi stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 400.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Stefnandi, Francis Daugaard, greiði stefnda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands, kr. 400.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 31. desember 1949.

Nr. 13/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna db. Kjartans Sveinssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Forgangsréttur verkamanns til vinnu. Skaðabætur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 14. okt. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Kjartans Sveinssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd. Eftir að málið var höfðað lézt Kjartan Sveinsson og hefur nú dánarbúið komið í hans stað. Dómkröfur stefnanda eru þær, 1) að dæmt verði, að stefndi hafi með synjun sinni um að taka Kjartan Sveinsson í vinnu vorið 1948, svo sem nánar verður lýst síðar, brotið 1. gr. kjarasamnings þess frá 1. sept. 1947, sem aðiljar máls þessa framlengdu 6. júní 1948. 2) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 3204.00, eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í öndverðum aprílmánuði 1948, að líkindum 9. þess mánaðar, lét forstjóri síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd festa upp á þremur stöðum í kauptúninu, að hans sögn, auglýsingu þess efnis, að þeir verkamenn, sem hefðu hugsað sér að gefa kost á sér til vinnu við síldarverksmiðjuna næstkomandi sumar, skyldu gefa sig fram við hann sem fyrst. Samkvæmt þessu kveður stefnandi, að Kjartan sálugi Sveinsson hafi falazt eftir vinnu við síldar-

verksmiðjurnar um 20. maí s. á. Stefndi kveður það hafa verið um mánaðamótin maí—júní, en fullvíst er, að það hefur verið fyrir 8. júní sama ár, því þann dag ritar stefndi Kjartani sáluga svohljóðandi bréf: „Út af bréfi yðar ódagsettu skal yður hér með tjáð, að nú þegar er fullráðið til almennrar vinnu í verksmiðju vorri hér," og synjaði þess þar með að taka Kjartan í vinnu. Fyrirsvarsmenn stefnanda kveðast þá þegar hafa kvartað yfir þessu við framkvæmdastjóra stefnda, því þeir hafi talið, að samkvæmt 1. gr. kjarasamnings þess, sem í gildi var þá milli aðilja, hafi Kjartan sem félagsmaður í verklýðsfélaginu átt forgangsrétt til vinnu hjá stefnda. Stefndi hefur mótmælt því, að stjórn verklýðsfélagsins hafi kvartað yfir þessu við sig, fyrr en með bréfi, dags. 8. ágúst s. á., en þá var þess krafizt af félagsins hálfu, að stefndi tæki Kjartan í vinnu, en hann synjaði þess með bréfi dags. 17. s. m. Að þeirri neitun fenginni höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Í 1. gr. kjarasamnings þess, sem var í gildi milli aðilja máls þessa sumarið 1948, en hann er frá 1. sept. 1947 og var framlengdur samkvæmt sérstöku samkomulagi aðilja 6. júní 1948, segir svo:

„Síldarverksmiðjur ríkisins skuldbinda sig til að láta verkamenn, sem eru gildir meðlimir í Verklýðsfélagi Skagastrandar, hafa forgangsrétt til allrar verkamannavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir félagsins bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, er um ræðir, auk námsmanna, sem vinnurétt eiga í verksmiðjunni á Skagaströnd."

Stefnandi telur, að samkvæmt samningsákvæði þessu hafi stefnda verið skylt að taka félagsmenn verklýðsfélagsins til vinnu umfram utanfélagsmenn. Enginn frestur hafi verið settur í auglýsingu stefnda, þeirri er að framan getur, og hún hafi enn verið uppfest, er Kjartan falaðist eftir vinnu. Þá hafi og það langur tími verið til þess, er starfræksla síldarverksmiðjunnar skyldi hefjast, að forstjóra hennar hafi á þeim tíma, er Kjartan falaðist eftir vinnu, verið skylt að láta þá félagsmenn úr verklýðsfélaginu, er þess óskuðu, fá vinnu. Hann hafi því með synjun sinni um að taka Kjartan gerzt brotlegur við framangreint samningsákvæði og orðið skaða-

bótaskyldur gagnvart Kjartani, þar sem hann hafi af þessum sökum verið atvinnulaus sumarið 1948, en bótakrafa stefnanda miðast við það kaup, sem Kjartan mundi hafa fengið, ef hann hefði verið fastráðinn starfsmaður stefnda síldarvertíðina sumarið 1948.

Stefndi neitar því eindregið að hafa gerzt brotlegur við forgangsréttarákvæði 1. gr. nefnds samnings, og að hafa orðið skaðabótaskyldur vegna synjunar sinnar um að taka Kjartan sáluga Sveinsson í vinnu. Byggir hann málsvörn sína á því, að verkamönnum á Skagaströnd, þ. e. félagsmönnum verklýðsfélagsins, hafi verið gefinn nægilegur frestur til þess að fala vinnu hjá sér, áður en hann réði til sín þá utanfélagsmenn, sem hann þurfti, til þess að fá nógu marga starfsmenn, en vegna starfrækslu verksmiðjunnar sé nauðsynlegt að tryggja fullan vinnukraft alllöngu áður en starfræksla hefst. Beiðni Kjartans um vinnu hafi þá fyrst komið fram, er eðlilegur og sanngjarn frestur félagsmanna hafi verið liðinn, og því vítalaust af sinni hálfu, að synja honum um ráðningu, enda hafi þá þegar verið fullráðið, er hann gaf sig fram.

Eins og starfrækslu stefnda er háttað, þykir eðlilegt, að hann þurfi ekki að draga það til síðustu stundar að ráða til sín starfsmenn til sumarstarfrækslunnar og eigi þrátt fyrir ákvæði 1. gr. nefnds samnings heimtingu á því, að þeir félagsmenn úr verklýðsfélaginu, sem ætla að sækja um vinnu, gefi sig fram með hæfilegum fyrirvara. En þar sem stefndi setti ekki í framangreinda auglýsingu sína neinn ákveðinn frest, fyrir félagsmenn verklýðsfélagsins, né hafði, svo sannað sé, samvinnu um það við fyrirsvarsmenn stefnanda, að verkamenn gæfu sig fram fyrir tiltekinn tíma, verður ekki talið, að krafa Kjartans um vinnu um mánaðamótin maí—júní hafi borizt svo seint, að stefnda hafi verið rétt að láta hann af þeim sökum víkja fyrir utanfélagsmönnum. Og þar sem ekki er upplýst, að Kjartan hafi verið ófær um að leysa af hendi þá vinnu, sem um var að ræða, verður að telja, að synjun stefnda um að taka hann í vinnu hafi, eins og á stóð, verið brot á 1. gr. nefnds kjarasamnings, og hann þannig orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt sérstaklega fjárhæð

steinukröfunnar né borið fyrir sig ákvæði annars málsliðar 65. gr. laga nr. 80/1938 þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að fullu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Synjun stefnda, Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd, um að taka Kjartan Sveinsson í vinnu við Síldarverksmiðjuna sumarið 1948, var brot á 1. gr. framangreinds kjarasamnings frá 1. september 1947, sem framlengdur var með samkomulagi dags. 6. júní 1948.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Db. Kjartans Sveinssonar, kr. 3204.00 og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 1/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi** (Björgvin Sigurðsson hdl.).
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, *að* vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamanna-

félaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og Shell á Íslandi h/f hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; *að* dæmt verði að Alþýðusamband Íslands beri, vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; *að* Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; *og að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvort heldur málinu yrði vísað frá dómi eða sýknukrafan tekin til greina.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og hefur stefnandi aðallega krafizt þess, að henni verði algerlega hrundið, en til vara, að málinu verði frestað þar til fram hefur farið sáttaumleitun samkvæmt 23. gr. í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, sem dagsettur er 20. júní s.l.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s.l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. H/f Shell á Íslandi, stefnandi máls þessa, og Olíuverzlun Íslands h/f selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur h/f Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til flugfélaganna beggja frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún H/f Shell á Íslandi, að það hefði ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og þann 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflega manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögun-

um, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem lögleysu, og er mótmæli hans báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að samkvæmt 23. gr. í gildandi kjarasamningi málsaðilja frá 20. júní 1949, sé svo um samið:

„Rísi ágreiningur milli samningsaðilja skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðiljans. Skulu þeir rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi stjórnir beggja aðilja eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni einn mann og annan til vara, en borgardómarinn í Reykjavík þann þriðja, og skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatriðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa frá því að þriðji maður var skipaður."

Telur stefndi, að samkvæmt þessu ákvæði hafi borið að fara með þann ágreining, sem um sé að ræða í máli þessu, á þann hátt, sem mælt sé fyrir um í nefndri grein, áður en mál verði höfðað út af honum, og þar sem þetta hafi ekki verið gert, beri að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt því, að framangreint samningsákvæði komi til álita um það atriði, sem um sé deilt í þessu máli, þ. e. hvort afgreiðslubann Dagsbrúnar hafi verið löglegt eða ekki. Telur hann, að 23. gr. nefnds samnings eigi aðeins við um ágreiningsatriði, sem varða gildi eða framkvæmd samningsins, en geti ekki átt við þegar svo standi á sem hér, að deilt sé um atriði, sem ekki snerti ákvæði sjálfs samningsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að fá frest til þess að fullnægja ákvæðum 23. gr. samningsins, ef talið yrði, að átt hefði að beita þeim um þá deilu, sem hér er um að ræða.

Enda þótt ákvæði framangreindrar 23. gr. samningsins frá 20. júní f. á. séu all víðtæk og ekki sérstaklega tekið fram, að þar sé aðeins átt við ágreining út af samningi þeim, sem greinin er hluti af, verður dómurinn að telja, að eðlilegast sé

að skýra hana svo, að ákvæði hennar eigi einungis við um þann ágreining í skiptum samningsaðilja, sem á rót sína að rekja til samningsins sjálfs, svo sem ágreinings um gildi hans eða framkvæmd. Og þar sem ekki sést, að það deiluatriði, sem mál þetta fjallar um, sé á nokkurn hátt risið út af ákvæðum nefnds samnings, verður frávísunarkrafa stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað vegna frávísunarkröfu stefnda í sambandi við meðferð málsins í heild.

Því úrskurðast:
Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 2/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f**
(Björgvin Sigurðsson hdl.).
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; *að* dæmt verði, að Alþýðusamband Íslands beri vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun

hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; *að* Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; *og að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvort heldur málinu yrði vísað frá dómi eða sýknukrafan tekin til greina.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og hefur stefnandi aðallega krafizt þess, að henni verði algerlega hrundið, en til vara, að málinu verði frestað, þar til fram hefur farið sáttaumleitun samkvæmt 23. gr. í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, sem dagsettur er 20. júní s.l.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s.l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. Stefnandi máls þessa, Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur H/f Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til flugfélaganna beggja frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún stefnanda, Olíuverzlun Íslands h/f, að það hefði ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og þann 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflega manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögunum, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem löglausu, og er mótmæli hans báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að samkvæmt

23. gr. í gildandi kjarasamningi málsaðilja frá 20. júní 1949, sé svo um samið:

„Rísi ágreiningur milli samningsaðilja skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðiljans. Skulu þeir rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi stjórnir beggja aðilja eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni einn mann og annan til vara, en borgardómarinn í Reykjavík þann þriðja, og skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatriðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa frá því að þriðji maður var skipaður."

Telur stefndi að samkvæmt þessu ákvæði hafi borið að tara með þann ágreining, sem um sé að ræða í máli þessu, á þann hátt, sem mælt sé fyrir um í nefndri grein, áður en mál verði höfðað út af honum, og þar sem þetta hafi ekki verið gert, beri að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt því, að framangreint samningsákvæði komi til álita um það atriði, sem um sé deilt í þessu máli, þ. e. hvort afgreiðslubann Dagsbrúnar hafi verið löglegt eða ekki. Telur hann, að 23. gr. nefnds samnings eigi aðeins við um ágreiningsatriði, sem varða gildi eða framkvæmd samningsins, en geti ekki átt við þegar svo standi á sem hér, að deilt sé um atriði, sem ekki snerti ákvæði sjálfs samningsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að fá frest til þess að fullnægja ákvæðum 23. gr. samningsins, ef talið yrði, að átt hefði að beita þeim um þá deilu, sem hér er um að ræða.

Enda þótt ákvæði framangreindrar 23. gr. samningsins frá 20. júní f. á. séu all víðtæk og ekki tekið fram, að þar sé aðeins átt við ágreining út af samningi þeim, sem greinin er hluti af, verður dómurinn að telja, að eðlilegast sé að skýra hana svo, að ákvæði hennar eigi einungis við um þann ágreining í skiptum samningsaðilja, sem á rót sína að rekja til samningsins sjálfs, svo sem ágreinings um gildi hans eða framkvæmd. Og þar sem ekki sést, að það deiluatriði, sem mál þetta fjallar um, sé á nokkurn hátt risið út af ákvæðum nefnds

samnings, verður frávísunarkrafa stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað vegna frávísunarkröfu stefnda í sambandi við meðferð málsins í heild.

Því úrskurðast:
Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 1/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi** (Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Úrskurður um frest.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, *að* vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; að Alþýðusamband Íslands beri vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; *að* Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní

1938, *og, að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s.l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. Stefnandi máls þessa H/f Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h/f selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur H/f Shell samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til nefndra flugfélaga frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún H/f Shell á Íslandi, að það hefði ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og hinn 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflega manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögunum, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga, þar til annað yrði ákveðið. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem löglausu, og er mótmæli hans báru ekki árangur, höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur. Var málið þingfest 7. þ. m. og fékk stefndi þá frest til andsvara til 9. þ. m. Í þinghaldi þann dag lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu og krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór samstundis fram um þá kröfu og var henni hrundið með úrskurði uppkveðnum í dag. Á því dómþingi krafðist umboðsmaður stefnda frests til gagnasöfnunar til 14. þ. m. Kvaðst hann þurfa að afla ýmissa skýrslna frá stefnda, alþýðusambandinu og flugvirkjafélaginu. Umboðsmaður stefnanda mótmælti lengri fresti en þangað til síðdegis í dag.

Eins og máli þessu er háttað þykir eftir atvikum rétt að stefndi fái frest til gagnasöfnunar til kl. 13.30 11. þ. m.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til gagnasöfnunar til kl. 13.30 11. janúar þ. á.

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 2/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f**
(Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Úrskurður um frest.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, *að* vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; *að* dæmt verði að Alþýðusamband Íslands beri vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; *að* Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938, *og, að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s. l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. Stefnandi máls þessa, Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi, selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur H/f Shell samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til nefndra flugfélaga frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún stefnanda og H/f Shell á Íslandi, að það hefði ákveðið

að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og hinn 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflega manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögunum, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga, þar til annað yrði ákveðið. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem löglausu, og er mótmæli hans báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur. Var málið þingfest 7. þ. m. og fékk stefndi þá frest til andsvara til 9. þ. m. Í þinghaldi þann dag lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu og krafðizt þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór þá samstundis fram um þá kröfu og var henni hrundið með úrskurði uppkveðnum í dag. Á því dómþingi krafðist umboðsmaður stefnda frests til gagnasöfnunar til 14. þ. m. Kvaðst hann þurfa að afla ýmissa skýrslna frá stefnda, alþýðusambandinu og flugvirkjafélaginu. Umboðsmaður stefnanda mótmælti lengri fresti en þangað til síðdegis í dag.

Eins og máli þessu er háttað þykir eftir atvikum rétt, að stefndi fái frest til gagnasöfnunar til kl. 13.30 11. þ. m.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til gagnasöfnunar til kl. 13.30 11. janúar þ. á.

Fimmtudaginn 12. janúar 1950.

Nr. 1/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
H/f Shell á Íslandi (Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Afgreiðslubann verklýðsfélags dæmt ólögmætt. Sératkvæði.

Dómur.

Mál betta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær: að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún að hefja hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; *að* Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík beri skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann, *að* Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík verði dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938 *og til að* greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Stefndi krafðist og þess að málinu yrði vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 10. þ. m.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 1. bessa mánaðar hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. Svo hagar til um benzínsölu til nefndra flugfélaga, að H/f Shell á Ís-

landi og Olíuverzlun Íslands h/f selja þeim það flugvélabenzín, sem þau taka hér í Reykjavík, og hefur H/f Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni frá stöð sinni við Skerjafjörð á bifreiðar þær, sem flytja benzínið á flugvöllinn, en þær eru eign H/f Shell á Íslandi og Olíuverzlunar Íslands h/f. Kaupir Flugfélag Íslands h/f benzín sitt af H/f Shell, en Loftleiðir h/f af Olíuverzlun Íslands h/f.

Hinn 2. þ. m. ritar Alþýðusamband Íslands verkamannafélaginu Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Þar sem Flugvirkjafélag Íslands hefur hafið vinnustöðvun hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðir h/f, frá og með 1. janúar að telja og búast má við, að flugfélögin reyni að halda áfram starfsemi sinni að einhverju leyti, óskum við eftir, að þið stöðvið alla afgreiðslu á benzíni til farþegaflugs, þar til samkomulag hefur náðst og deilunni verður aflýst.“

Að kvöldi sama dags kom stjórn Dagsbrúnar, en í henni eiga sæti 7 menn, sem allir eru jafnframt í trúnaðarmannaráði félagsins, saman til fundar á skrifstofu félagsins ásamt 2 af þeim fjórum mönnum, sem sæti eiga í trúnaðarmannaráði félagsins, en ekki eiga sæti í félagsstjórninni, en alls er trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar skipað 11 mönnum. Er því haldið fram af stefnda, að allir trúnaðarráðsmenn hafi verið boðaðir til þessa fundar, en þar sem tveir þeirra hafi hvorki mætt né boðað forföll hafi varamenn ekki verið kvaddir í þeirra stað. Á fundi þessum var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna, að verða við framangreindri beiðni alþýðusambandsins. Næsta dag tilkynnir fyrirsvarsmaður Dagsbrúnar h/f Shell, að félagið hafi „ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni í flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hafa tekizt í kjaradeilu þeirri, er Flugvirkjafélag Íslands á nú í við bæði þessi flugfélög.“ H/f Shell mótmælti þegar í stað lögmæti þessarar ákvörðunar. Þenna sama dag munu forráðamenn Dagsbrúnar hafa tilkynnt munnlega afgreiðslumanni þeim hjá H/f Shell, sem hafði þann starfa á hendi að afgreiða benzínið af benzíngeymi í stöð félagsins í bifreiðar beggja framangreindra olíufélaga, að hann mætti ekki afgreiða flugvélabenzín til þeirra. Hann

sinnti þó ekki þeim fyrirmælum, en næsta dag, þ. e. 4. þ. m., kl. 14 hætti hann afgreiðslu á flugvélabenzíni til nefndra flugfélaga, er hann hafði fengið frá Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Hér með sendum við þér afrit af bréfi, er við sendum í gær til olíufélaganna varðandi afgreiðslubann á benzíni til flugfélaganna. Jafnframt viljum við staðfesta samtöl og munnleg fyrirmæli til þín og annarra félagsmanna, sem starfandi eru hjá olíufélögunum, að ykkur er óheimilt samkvæmt þessari ákvörðun félagsins að vinna að afgreiðslu á benzíni til Flugfélags Íslands og Loftleiða þar til annað verður ákveðið."

Auk þessa manns snerti bann þetta sérstaklega tvo aðra starfsmenn H. f. Shell, sem önnuðust flutningana á flugvellinum.

Þegar mótmæli stefnanda gegn þeim ákvörðunum stefnda, sem að framan er lýst, báru ekki árangur, höfðaði hann mál þetta og gerir hann framangreindar dómkröfur.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hér sé um að ræða samúðarverkfall af hálfu Dagsbrúnar til styrktar Flugvirkjafélagi Íslands. En þar sem ákvörðun Dagsbrúnar hafi hvorki verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938, né á annan hátt farið eftir ákvæðum sömu greinar, og verkfall þetta hafi heldur ekki verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem í 16. gr. sömu laga getur, sé það algerlega ólöglegt. Telur hann, að stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði, og eigi að sæta refsingu fyrir það samkv. ákvæðum laganna. Þá telur hann og, að verkfallið hafi komið í veg fyrir, að hann gæti selt vöru sína og hann þar með orðið fyrir fjártjóni, sem stefndi sé bótaskyldur fyrir, þar sem hann hafi valdið því með þessum ólögmæta verknaði sínum.

Stefndi hefur auk þess, er síðar greinir, byggt sýknukröfu sína á því, að benzínsala stefnanda til flugfélaganna hafi verið þess háttar stuðningur við flugfélögin, er farið hafi í bága við 18. gr. nefndra laga. En þar sem ekkert hefur komið fram í máli þessu, er bendi til þess, að starfsmenn stefnanda hafi í störfum sínum við afgreiðslu og flutning benzíns-

ins farið inn á verksvið flugvélavirkjanna, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Þá mótmælir stefndi því, að umrætt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Það sé annars eðlis en verkföll þau, sem um ræði í þeim kafla laganna, enda sé það í samræmi við margra ára venjur verklýðsfélaganna, að afgreiðslubanni sé beitt án þess að fylgt sé fyrirmælum II. kafla laganna. Þá heldur stefndi því fram, að þó svo yrði litið á, að taka ætti ákvörðun um afgreiðslubann samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 þá hafi það verið gert, því oftnefnd ákvörðun hafi verið samþykkt af 9 mönnum af 11 úr trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar á fundi, sem þeir hafi allir verið boðaðir á, en hins vegar geti ákvæði 16. gr. sömu laga um 7 daga frest alls ekki átt hér við. Loks mótmælir stefndi því, að hann hafi á nokkurn hátt orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna afgreiðslubannsins.

Afgreiðslubann það, sem um ræðir í máli þessu og að framan er lýst, var með þeim hætti, að jafna verður því til samúðarverkfalls, sbr. dóm Félagsdóms frá 7. nóvember 1944 í málinu nr. 11/1943, og bar stefnda því að taka ákvörðun um það samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938 og tilkynna það stefnanda með þeim fresti, er greinir í 16. gr. sömu laga. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja, að stefnandi hafi á framangreindum fundi 2. jan. s.l. tekið ákvörðun um afgreiðslubannið með þeim hætti, að fullnægt hafi verið ákvæðum 15. gr. oftnefndra laga. Hinsvegar hefur hann með því að tilkynna stefnanda það ekki með þeim fyrirvara, sem um ræðir í 16. gr. sömu laga, gerzt brotlegur við ákvæði þeirrar greinar. Þykir refsing á hendur honum fyrir það brot samkvæmt 70. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 900.00 króna sekt í ríkissjóð, og er þá tekið tillit til þess, að stefnda hefur með dómi uppkveðnum samtímis í dag í málinu nr. 2/1950 verið dæmd sekt vegna þessa sama afgreiðslubanns.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu gætti ekki skilyrða 16. gr. laga nr. 80/1938 um frest til handa stefnanda, er hann hóf afgreiðslubannið, ber hann bótaábyrgð gagnvart

honum á því tjóni, sem stefnandi kann að hafa beðið af þeim sökum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

1. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 900.00 í sekt til ríkissjóðs.

2. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda. Vinnuveitendasambandi Íslands vegna H. f. Shell á Íslandi.

3. Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Áður en lög nr. 80/1938 voru sett var það venja, að verkalýðsfélög samkvæmt beiðni Alþýðusambands Íslands neituðu að afgreiða eða flytja vörur til atvinnurekenda, sem verkfall var hjá. Var þetta kallað afgreiðslubann og var ákvörðun um það tekin af stjórnum félaganna og það sett án sérstaks fyrirvara.

Í lögunum er ekki getið um afgreiðslubann. Þess hefði þó þurft, ef ætlazt hefði verið til, að þau settu reglur um framkvæmd þeirra. Ekki er heldur hægt að álykta, að ætlazt hafi verið til, að reglur laganna um framkvæmd verkfalls skyldu og gilda um framkvæmd afgreiðslubanns. Áhrif afgreiðslubanns eru öll önnur en verkfalls, þar sem verkamenn leggja niður alla vinnu. Það setur ekki í hættu verðmæti atvinnurekenda og verkamenn missa ekki atvinnu meðan á því stendur. Það liggja því ekki jöfn rök til að veita atvinnurekanda frest, né til að tryggja áhrif verkamanna við ákvörðun um afgreiðslubann og um verkfall.

Lög nr. 80 frá 1938 breyta því engu um framkvæmd afgreiðslubanns. Verkalýðsfélögunum er því heimilt eins og áður að fyrirskipa bann við flutningum til atvinnurekenda, án þess að farið sé eftir reglum 2. kafla laga nr. 80/1938 um framkvæmd þess. Stefndi í þessu máli á því að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasam-

bands Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 12. janúar 1950.

Nr. 2/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f**
(Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Afgreiðslubann verklýðsfélags dæmt ólögmætt. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, *að* vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún að hefja hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; *að* Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík beri skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; *að* Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík verði dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938, *og* til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerleega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Stefndi krafðist og þess

að málinu yrði vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 10. þ. m.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 1. þessa mánaðar hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. Svo hagar til um benzínsölu til nefndra flugfélaga, að H.f. Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h.f. selja þeim það flugvélabenzín, sem þau taka hér í Reykjavík, og hefur H.f. Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni frá stöð sinni við Skerjafjörð á bifreiðar þær, sem flytja benzínið á flugvöllinn, en þær eru eign H.f. Shell og Olíuverzlunar Íslands h/f. Kaupir Flugfélag Íslands h/f benzín sitt af H.f. Shell en Loftleiðir h.f. af Olíuverzlun Íslands h/f.

Hinn 2. þ. m. ritar Alþýðusamband Íslands verkamannafélaginu Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Þar sem Flugvirkjafélag Íslands hefur hafið vinnustöðvun hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðir h/f, frá og með 1. janúar að telja og búast má við, að flugfélögin reyni að halda áfram starfsemi sinni að einhverju leyti, óskum við eftir, að þið stöðvið alla afgreiðslu á benzíni til farþegaflugs, þar til samkomulag hefur náðst og deilunni verður aflýst.“

Að kvöldi þessa sama dags kom stjórn Dagsbrúnar, en í henni eiga sæti 7 menn, sem allir eru jafnframt í trúnaðarmannaráði félagsins, saman til fundar á skrifstofu félagsins ásamt 2 af þeim 4 mönnum, er sæti eiga í trúnaðarmannaráði félagsins, en ekki eiga sæti í félagsstjórninni, en alls er trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar skipað 11 mönnum. Er því haldið fram af stefnda, að allir trúnaðarráðsmenn hafi verið boðaðir til þessa fundar, en þar sem tveir þeirra hafi hvorki mætt né boðað forföll, hafi varamenn ekki verið kvaddir í þeirra stað. Á fundi þessum var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna, að verða við framangreindri beiðni alþýðusambandsins. Næsta dag tilkynnir fyrirsvarsmaður Dagsbrúnar Olíuverzlun Íslands h/f, að félagið hafi „ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni í flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hafa tekizt í kjaradeilu þeirri, er Flugvirkjafélag Íslands á nú í við bæði þessi

flugfélög.“ Ólíuverzlun Íslands h/f mótmælti þegar í stað lögmæti þessarar ákvörðunar. Þenna sama dag munu forráðamenn Dagsbrúnar hafa tilkynnt munnlega afgreiðslumanni þeim hjá H/f Shell, sem hafði þann starfa á hendi að afgreiða benzínið af benzíngeymi í stöð félagsins í bifreiðar beggja framangreindra olíufélaga, að hann mætti ekki afgreiða flugvélabenzín til þeirra. Hann sinnti þó ekki þeim fyrirmælum, en næsta dag, þ. e. 4. þ. m., kl. 14 hætti hann afgreiðslu á flugvélabenzíni til nefndra flugfélaga, er hann hafði fengið frá Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Hér með sendum við þér afrit af bréfi, er við sendum í gær til olíufélaganna varðandi afgreiðslubann á benzíni til flugvélanna. Jafnframt viljum við staðfesta samtöl og munnleg fyrirmæli til þín og annarra félagsmanna, sem starfandi eru hjá olíufélögunum, að ykkur er óheimilt samkvæmt þessari ákvörðun félagsins að vinna að afgreiðslu á benzíni til Flugfélags Íslands og Loftleiða þar til annað verður ákveðið.“

Auk þessa manns snerti þetta sérstaklega tvo aðra starfsmenn H/f Shell, sem önnuðust flutningana á flugvellinum.

Þegar mótmæli stefnanda gegn þeim ákvörðunum stefnda, sem að framan er lýst, báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerir hann framangreindar dómkröfur.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hér sé um að ræða samúðarverkfall af hálfu Dagsbrúnar til styrktar Flugvirkjafélagi Íslands. En þar sem ákvörðun Dagsbrúnar hafi hvorki verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938, né á annan hátt farið eftir ákvæðum sömu greinar, og verkfall þetta hafi heldur ekki verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem í 16. gr. sömu laga getur, sé það algerlega ólöglegt. Telur hann, að stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði og eigi að sæta refsingu fyrir það samkvæmt ákvæðum laganna. Þá telur hann og, að verkfallið hafi komið í veg fyrir, að hann gæti selt vöru sína og hann þar með orðið fyrir fjártjóni, sem stefndi sé bótaskyldur fyrir, þar sem hann hafi valdið því með þessum ólögmæta verknaði sínum.

Stefndi hefur auk þess, er síðar greinir, byggt sýknukröfu sína á því, að benzínsala stefnanda til flugfélaganna hafi ver-

ið þess háttar stuðningur við flugfélögin, er farið hafi í bága við 18. gr. nefndra laga. En þar sem ekkert hefur komið fram í máli þessu, er bendi til þess, að starfsmenn stefnanda hafi í störfum sínum við afgreiðslu og flutning benzínsins farið inn á verksvið flugvélavirkjanna, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Þá mótmælir stefndi því, að umrætt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Það sé annars eðlis en verkföll þau, sem um ræði í þeim kafla laganna, enda sé það í samræmi við margra ára venjur verklýðsfélaganna, að afgreiðslubanni sé beitt án þess að fylgt sé fyrirmælum II. kafla laganna. Þá heldur stefndi því fram, að þó svo yrði litið á, að taka ætti ákvörðun um afgreiðslubann samkv. 15. gr. laga nr. 80/1938 þá hefði það verið gert, því oftnefnd ákvörðun hafi verið samþykkt af 9 mönnum af 11 úr trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar á fundi, sem þeir allir hefðu verið boðaðir á, en hins vegar geti ákvæði 16. gr. sömu laga um 7 daga frest alls ekki átt hér við. Loks mótmælir stefndi því, að hann hafi á nokkurn hátt orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna afgreiðslubannsins.

Afgreiðslubann það, sem umræðir í máli þessu og að framan er lýst, var með þeim hætti að jafna verður því til samúðarverkfalls, sbr. dóm Félagsdóms frá 7. nóv. 1944 í málinu nr. 11/1943, og bar stefnda því að taka ákvörðun um það samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938 og tilkynna það stefnanda með þeim fresti, er greinir í 16. gr. sömu laga. Eins og máli þessu er háttað verður að telja, að stefnandi hafi á framangreindum fundi 2. jan. s.l. tekið ákvörðun um afgreiðslubannið með þeim hætti, að fullnægt hafi verið ákvæðum 15. gr. oftnefndra laga. Hinsvegar hefur hann með því að tilkynna stefnanda það ekki með þeim fyrirvara, sem umræðir í 16. gr. sömu laga, gerzt brotlegur við ákvæði þeirrar greinar. Þykir refsing á hendur honum fyrir það brot samkvæmt 70. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 900.00 króna sekt í ríkissjóð, og er þá tekið tillit til þess, að stefnda hefur með dómi uppkveðnum í dag í málinu nr. 1/1950 verið dæmd sekt vegna þessa sama afgreiðslubanns.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu gætti ekki skilyrða 16. gr. laga nr. 80/1938, um frest til handa stefnanda, er hann hóf afgreiðslubannið, ber hann bótaábyrgð gagnvart honum á því tjóni, sem stefnandi kann að hafa beðið af þeim sökum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

1. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 900.00 í sekt til ríkissjóðs.

2. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Olíuverzlunar Íslands h/f.

3. Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Áður en lög nr. 80/1938 voru sett var það venja, að verkalýðsfélög samkvæmt beiðni Alþýðusambands Íslands neituðu að afgreiða eða flytja vörur til atvinnurekenda, sem verkfall var hjá. Var þetta kallað afgreiðslubann og var ákvörðun um það tekin af stjórnum félaganna og það sett á án sérstaks fyrirvara.

Í lögunum er ekki getið um afgreiðslubann. Þess hefði þó þurft, ef ætlazt hefði verið til, að þau settu reglur um framkvæmd þeirra. Ekki er heldur hægt að álykta, að ætlast hafi verið til, að reglur laganna um framkvæmd verkfalls skyldu og gilda um framkvæmd afgreiðslubanns. Áhrif afgreiðslubanns eru öll önnur en verkfalls, þar sem verkamenn leggja niður alla vinnu. Það setur ekki í hættu verðmæti atvinnurekenda og verkamenn missa ekki atvinnu meðan á því stendur. Það liggja því ekki jöfn rök til að veita atvinnurekanda frest, né til að tryggja áhrif verkamanna, við ákvörðun um afgreiðslubann og um verkfall.

Lög nr. 80 frá 1938 breyta því engu um framkvæmd afgreiðslubanns. Verkalýðsfélögunum er því heimilt eins og áður að fyrirskipa bann við flutningum til atvinnurekenda án þess að farið sé eftir reglum 2. kafla laga nr. 80/1938 um framkvæmd þess. Stefndur í þessu máli á því að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. marz 1950.

Nr. 4/1950. **Helgi Eyjólfsson** (Guðjón Hólm hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Vörubílstjóradeildar
Verkalýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 12. jan. þ. á., af Helga Eyjólfssyni, bifreiðarstjóra í Keflavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Samkvæmt munnlegum málflutningi stefnanda eru dómkröfur hans þær, *að* dæmt verði, að stefnda, Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sé skylt að sjá stefnanda sem félagsmanni deildarinnar fyrir afgreiðsluréttindum á vörubílastöð á félagssvæði stefnda, með jafngóðum kjörum og gert er ráð fyrir í samþykktum vörubílstjóradeildarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur mun hafa verið stofnuð árla árs 1946. Samkvæmt 6. gr. samþykkta hennar skulu félagsmenn greiða 500 króna stofngjald til „Vörubílastöðvarinnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, sem deildin rekur.“ Deildin rak vörubílastöð til 5. október 1946, en þann dag er stofnað Samvinnufélagið Vöru-

bílastöð Keflavíkur. Verður ekki annað ráðið, en að vörubílstöðvarrekstur vörubílstjóradeildarinnar hafi þá að öllu leyti færzt yfir á samvinnufélagið. Samvinnufélag þetta starfaði þar til síðla árs 1948, en þann 12. desember það ár stofna nokkrir bifreiðastjórar í Keflavík hlutafélag til þess að reka vörubílastöð í Keflavík og færðist þá starfsemi samvinnufélagsins yfir á hendur hlutafélagsins.

Stefnandi máls þessa, sem hefur verið félagsmaður í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur í mörg ár, gerðist í ársbyrjun 1947 félagsmaður í vörubílstjóradeild félagsins og fékk þá afgreiðslu fyrir vörubifreið sína hjá Vörubílastöð Keflavíkur, sem hann þá kveðst hafa haldið, að væri rekin af vörubílstjóradeildinni. Starfaði hann þá frá vörubílastöðinni til maíloka 1947. Árið 1948 er hann á stöðinni sömu mánuði og árið 1947, og enn kemur hann á stöðina í ársbyrjun 1949. Mánuðina janúar til apríl 1949 greiðir stefnandi 150 krónur í afgreiðslugjald á mánuði, sem aðrir vörubílstjórar, og auk þess kveðst hann þá hafa greitt til stöðvarinnar 5 kr. fyrir hvern mánuð, sem hann hafði verið fjarverandi næst á undan. Í aprílloк s.l. árs bilaði bifreið hans og var ekki í nothæfu ástandi fyrr en í október s. á. Þann 1. nóvember s.l. ætlaði hann að hefja akstur frá vörubílstöðinni af nýju, en þá var honum tjáð af fyrirsvarsmönnum hennar, að hann fengi því aðeins afgreiðslu, að hann greiddi kr. 150.00 fyrir hvern mánuð, sem hann hafi verið fjarverandi þá næst á undan. Stefnandi vildi ekki hlýta þessu, og er hann fékk ekki stöðvarpláss með öðru móti höfðaði hann mál þetta og gerði framangreindar dómkröfur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt framangreindum samþykktum vörubílstjóradeildarinnar skuli hún reka vörubílastöð og sé því skyld gagnvart honum sem félagsmanni, að sjá honum fyrir afgreiðslu frá vörubílastöð með jafngóðum kjörum og gert er ráð fyrir í samþykktum deildarinnar.

Stefndi hefur krafizt sýknu á þeim grundvelli, að vörubílstjóradeildin reki nú enga vörubílastöð og hafi ekki gert síðan áðurgreint samvinnufélag var stofnað 1946. Kveður stefndi, að stefnandi njóti allra sömu félagsréttinda og aðrir félags-

menn. Hins vegar sé það algert innanfélagsmál, hvernig vörubílstjóradeildin fylgir fram samþykktum sínum.

Eins og að framan er rakið hefur stefndi ekki rekið vörubílastöð síðan samvinnufélagið var stofnað árið 1946, og ekkert er upp komið um það í máli þessu, að stefndi hafi sérstaklega samið um það við hlutafélag það, er nú rekur vörubílastöð í Keflavík, eða aðra aðilja, að það taki félagsmenn deildarinnar til afgreiðslu á stöðinni. Það er heldur ekkert fram komið um það, að vörubílstjóradeildin láti undir höfuð leggjast að veita stefnanda sömu félagsréttindi og öðrum félagsmönnum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að dómkrafa stefnanda lýtur í raun og veru að því einu, að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að framfylgja því ákvæði samþykkta sinna að reka vörubifreiðastöð. Þar sem ekki verður séð, að hér sé um þesskonar málefni að ræða, sem Félagsdómur samkvæmt lögum á dómsvald um, ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Helgi Eyjólfsson, greiði stefnda, Alþýðusambandi Íslands f. h. vörubílstjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. marz 1950.

Nr. 7/1949. **Hraðfrystihúsið Ísbjörninn h/f**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Vörubílstjórafélagsins Þróttar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19. apríl f. á., af Hraðfrystihúsinu Ísbjörninn h/f í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. apríl f. á. hóf vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík verkfall í því skyni að fá nýja samninga við Vinnuveitendasamband Íslands, en samningar milli þessara aðilja höfðu þá runnið út fyrir uppsögn. Hraðfrystihúsið Ísbjörninn h/f í Reykjavík, sem ekki er í Vinnuveitendasambandi Íslands, starfrækir, eins og nafnið bendir til, hraðfrystihús. Frystir það bæði fisk, sem það á sjálft, og tekur jafnframt fisk til geymslu af öðrum aðiljum. Þegar hraðfrystur fiskur, sem er í vörzlum þess, er sendur til útlanda, annast frystihúsið flutning á þeim fiski til skips og notar að jafnaði til þeirra flutninga bifreið, sem hlutafélagið sjálft á og aðra, sem framkvæmdastjóri þess á, svo og leigubifreiðar eftir því sem þörf krefur. Hinn 11. apríl f. á. var stefnandi að flytja hraðfrystan fisk úr frystihúsi sínu að skipshlið og notaði til þess framangreinda bifreið sína og framkvæmdastjórans. Bílstjórar þeir, sem óku bifreiðum þessum, voru fastir starfsmenn félagsins og munu hafa verið félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún. Það félag hafði lýst yfir samúðarverkfalli með vörubílstjórafélaginu Þrótti, að því er varðaði flutninga til Keflavíkurflugvallar, en ekki er vitað, að það hafi lýst yfir

neinu samúðarverkfalli að því er snerti akstur þann, er hér fór fram.

Er framangreindir bifreiðarstjórar stefnanda komu með annað bílhlass sitt að skipshlið eftir hádegi nefndan dag, kveða þeir, að formaður Þróttar, Friðleifur Friðleifsson, hafi komið á vettvang og bannað þeim, að halda áfram akstrinum, þar sem þeir væru með því komnir inn á verksvið Þróttar. Hættu þá bifreiðastjórarnir akstrinum, og útskipun á fiski frá hraðfrystihúsi stefnanda stöðvaðist.

Stefnandi telur, að umrædd útskipun hafi stöðvazt vegna valdboðs formanns Þróttar, en það hafi verið löglaust með öllu. Eru dómkröfur stefnanda í máli þessu þær, að framangreint framferði Þróttar verði dæmt lögbrot, þ. e. samkvæmt munnlegum málflutningi hans, brot á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og stefndi dæmdur bótaskyldur gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem af nefndri stöðvun hlauzt. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að engin valdbeiting hafi átt sér stað í umrætt skipti af hálfu formanns Þróttar eða annarra fyrirsvarsmanna þess gagnvart bifreiðarstjórum þeim, er óku fiski frá frystihúsi stefnanda umræddan dag. Formaður Þróttar hafi að vísu komið á vettvang í umrætt skipti og beðið bifreiðarstjórana að aka ekki meðan athugað væri, hver ætti fiskinn, sem verið væri að flytja til skips, en hann hafi hvorki beitt hótunum né valdi gagnvart bifreiðarstjórunum, og ekki á nokkurn hátt brotið ákvæði fyrrnefndra laga nr. 80/1938, né annarra laga. Hér hafi engin sú vinnustöðvun átt sér stað, að varði við ákvæði greindra laga, og stefndi því ekki bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna stöðvunar þeirrar, er varð á útskipun hraðfrysts fisks umræddan dag.

Samkvæmt því, er að framan greinir, er stefndi, sem stofnað hafði til verkfalls með löglegum hætti 1. apríl f. á. sakaður um það, að hafa orðið þess valdur hinn 11. s. m., með hótun eða óbeinni valdbeitingu, að tveir félagsmenn úr öðru verk-

lýðsfélagi hættu venjulegri vinnu sinni, án þess að það félag hefði gert eða boðað samúðarverkfall í þeirri vinnu.

Þesskonar stöðvun vinnu fellur hvorki undir sérákvæði II. kafla laga nr. 80 frá 1938, sem fjallar um verkföll og verkbönn, né heldur verður hún talin brjóta í bág við önnur ákvæði sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. nefndra laga á Félagsdómur aðeins að dæma í málum, sem rísa út af kæru um brot á þeim lögum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana, en telja verður að þar sé átt við verkföll og verkbönn samkvæmt II. kafla laganna. Hér fyrir dómi verður því ekki skorið úr um það, hvort stefndi kann, í sambandi við þá stöðvun á útskipun hraðfrysts fisks, sem um ræðir í máli þessu, að hafa gerzt sekur um athafnir, sem taldar yrðu ólögmætar vegna ákvæða annara laga og með þeim hætti orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Smkvæmt þessari niðurstöðu ber að vísa málinu frá dómi ex officio, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. marz 1950.

Nr. 12/1949. **Einar Sigurðsson f. h. Timburverksmiðju Austurlands** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt þykir rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að aflað sé frekari gagna og upplýsinga um eftirfarandi atriði:

1. Samþykkta Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, þeirra, sem í gildi voru í aprílmánuði 1949.

2. Hverjir áttu sæti í trúnaðarmannaráði nefnds verklýðsfélags í apríl 1949, og hverjir þeirra sóttu fundinn 25. sama mánaðar, sem talið er, að tekið hafi ákvörðun um að hefja verkfall, og hvernig féllu atkvæði.

3. Var umboðsmönnum vinnuveitenda við samningaumleitanirnar í apríl, þeim Vilhjálmi Björnssyni og Jens Lúðvíkssyni eða öðrum vinnuveitendum, tilkynnt það sérstaklega af hálfu verklýðsfélagsins hinn 25. apríl eða síðar, að verkfall skyldi hefjast frá 1. maí 1949, og ef svo var, hvenær fór sú tilkynning fram.

4. Var sáttasemjara tilkynnt verkfallsákvörðun verklýðsfélagsins, og ef svo var, hvenær fór sú tilkynning fram.

5. Hvenær áttu fulltrúar verklýðsfélagsins og fulltrúar vinnuveitenda fyrst tal saman um væntanlega samninga, eftir að ákvörðun sú um verkfall, sem frá er greint á rskj. 8, var tekin, og hverjir voru þá fulltrúar vinnuveitenda.

Því úrskurðast:

Framangreindra gagna og upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 30. marz 1950.

Nr. 20/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Deilt um skilning á ákvæðum kjarasamnings um hafnarleyfi skipverja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. des. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Skipaútgerð ríkisins.

Málavextir eru þeir, að í 11. gr. samnings, dags. 30. júní f. á., um kaup og kjör háseta og 10. gr. samnings, dags. sama dag, um kaup og kjör kyndara, milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. hins vegar, er svo um samið, að hásetar og kyndarar skuli fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn og Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið. Þó skulu þessir frídagar ekki vera fleiri en 4 á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Samningsákvæði þetta mun fyrst hafa komið inn í kjarasamninga málsaðilja við samningsgerð í nóvembermánuði 1945. Er því haldið fram í máli þessu af hálfu stefnda, að á skipum hans hafi þetta verið framkvæmt með þeim hætti, að er skip var í höfn þar sem gefa átti hafnarleyfi samkvæmt greindu ákvæði, hafi frá upphafi verið fylgt þeirri reglu, að helmingur háseta tæki hafnarfrí í einu. Skipshöfn sé að þessu leyti skipt í tvo flokka. Fylgi sömu hásetar sama stýrimanni og sé það undir því komið, hvaða stýrimaður taki frí, hvor flokkur skipshafn-

arinnar fái landgönguleyfi. Það hafi verið með vitund og vilja hásetanna, að hafnarleyfum væri hagað svo og stefnandi aldrei að því fundið fyrr en á s.l. sumri. Stefndi kveður, að það geti að vísu komið fyrir, að skipverji, sem leyst hafi af hendi 4 stunda sjóvakt og 4 stunda vinnu, fái þannig 4 stunda hafnarleyfi á þeim sama sólarhring, en þetta sé jafnað upp með síðari leyfum og í engu á hann hallað.

Stefnandi vill ekki á það fallast, að þessi framkvæmd stefnda sé í samræmi við framangreind ákvæði umræddra kjarasamninga. Telur hann, að óheimilt sé með öllu samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að reikna háseta það til hafnarleyfis, er hann fái frí frá skipi á þeim sólarhring, sem hann hefur þegar leyst af hendi 8 stunda vinnu. Samkvæmt ákvæðum sömu samninga sé vinnutíminn ekki nema 8 stundir, en útilokað, að hægt sé að telja háseta eða kyndara til hafnarleysis tíma utan venjulegs vinnutíma þeirra. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um það fyrr en á s.l. sumri, að sá háttur væri hafður á skipun stefnda, sem að framan er lýst, og hann því engan rétt misst úr hendi sér til að krefjast þess, að framfylgt sé á réttan hátt ákvæðum framangreindra samninga, þótt önnur skipan kunni að hafa tíðkazt. Er mál þetta af þessum ágreiningi risið og gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að framangreindar samningsgreinar séu rétt skildar og framkvæmdar svo, að ekki geti verið um frídaga samkvæmt framangreindum samningsákvæðum að ræða, er svo stendur á, að háseti eða kyndari hefur skilað 8 stunda vinnu á þeim sama sólarhring, hvort sem vinnan fer fram í höfn eða á siglingu að öllu eða nokkru leyti.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, þannig að dæmt verði, að honum sé heimilt að telja það hálfan hafnarleyfisdag, þegar háseta eða kyndara er gefið landgönguleyfi kl. 12 á komudegi skips í landleyfahöfn, þó hann hafi þá skilað átta stunda vinnu á þeim sama sólarhring. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt munnlegum málflutningi aðilja er um það eitt deilt í þessu máli, hvort stefnda sé heimilt að telja það til

hafnarleyfa samkvæmt 11. gr. framangreinds hásetasamnings og 10. gr. nefnds kyndarasamnings frá 30. júní f. á., er háseti eða kyndari, sem leyst hafa af hendi 8 stunda vinnu, fá landgönguleyfi frá kl. 12 á hádegi á þeim sama sólarhring.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. framangreinds hásetasamnings má sjóvaka og vinnutími við land, þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn, ekki fara fram úr 8 klst. samtals á sama sólarhring, ella greiðist fyrir yfirvinnu. Í 4. gr. nefnds kyndarasamnings segir, að vinnutími skuli vera 8 tímar og skal ekki unnið utan venjulegs vinnutíma, er skip liggur við land, nema verkið þoli ekki bið vegna öryggis skipsins.

Samkvæmt þessum samningsákvæðum og eðli málsins verður ekki talið, að sú framkvæmd á margnefndum kjarasamningum, sem stefndi hefur upptekið og lýst er hér að framan, sé, gegn andmælum stefnanda, samrýmanleg 11. gr. hásetasamningsins og 10. gr. kyndarasamningsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Óheimilt er að telja það til hafnarleyfa samkvæmt 11. gr. framangreinds hásetasamnings og 10. gr. framangreinds kyndarasamnings frá 30. júní 1949, er háseti eða kyndari fá landgönguleyfi kl. 12 á hádegi, og svo stendur á, að þeir hafa á þeim sama sólarhring leyst af hendi samtals 8 stunda vinnu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. júlí 1950.

Nr. 17/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Útvegsmannafélagi Stykkishólms f. h. Sigurðar Ágústssonar (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Deilt um ákvæði kjarasamnings um hlutarskipti. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 6. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms gegn Útvegsmannafélagi Stykkishólms f. h. Sigurðar Ágústssonar. Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að 1. gr. í kjarasamningi milli málsaðilja, dags. 2. febr. 1949, sé rétt skilin svo, að skipta skuli afla í 20 staði, og stefnda, Sigurði Ágústssyni, dæmt skylt að haga reikningsskilum við skipverja á m/b Gretti eftir vetrarvertíðina 1949 með þeim hætti. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. febrúar 1949 var gerður samningur milli Verklýðsfélags Stykkishólms og Útvegsmannafélags Stykkishólms um kaup og kjör á vélskipum frá Stykkishólmi. Í 1. gr. samnings þessa segir svo:

„Skipta skal til helminga á öllum bátum stærri en 10 smálestir, sem stunda veiðar með línu og koma daglega að landi með aflann og sé tala skipverja ekki hærri en 10 menn.“

Vetrarvertíðina 1949 gerði Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður í Stykkishólmi, m. a. út vélskipið Gretti. Þessa vertíð var á skipinu, auk þeirra 10 skipverja, sem gert er ráð fyrir í ofannefndri grein, maður, sem gegndi matsveinsstörfum, þannig að skipverjar voru 11. Er stefndi, en hann er félagsmaður í Útvegsmannafélaginu, gerði hásetum reikningsskil

í vertíðarlok, skipti hann í 21 stað. Verklýðsfélagið vildi ekki fallast á það, að skipting þessi væri rétt. Taldi það, að samkvæmt samningnum ætti aðeins að skipta í 20 staði, þar sem hann kvæði svo á, að skipverjar skyldu ekki vera fleiri en 10. Yrði útgerðarmaður því sjálfur að greiða af skipshluta þann kostnað, sem leitt hefði af dvöl matsveinsins á skipinu.

Útgerðarmaðurinn, stefndi í máli þessu, vildi ekki fallast á þenna skilning. Kvað hann dvöl matsveinsins á skipinu hafa verið skipverjum til hagsbóta og þæginda og því rétt, að hlutur hans væri tekinn af óskiptu sem annar sameiginlegur kostnaður, enda hafi það verið í samráði við skipshöfnina, að formaður bátsins réði matsveininn á hann umrædda vertíð. Í flutningi máls þessa benti stefndi einnig á það, skoðun sinni til stuðnings, að samkvæmt ákvæði í kjarasamningi, sem gerður var milli málsaðilja 28. janúar þ. á., sé svo um samið, að heimilt sé að ráða matsvein til viðbótar þeim 10 skipverjum, sem þá var einnig samið um, en þá skuli skipt í 21 stað. Kveður hann, að þetta nýja ákvæði hafi komið inn í samninginn í tilefni af ágreiningi þeim, sem úrlausnar er krafizt á í þessu máli, og hafi í raun og veru aðeins verið staðfesting á eldri reglu.

Verklýðsfélagið hefur neitað því, að ákvæði samningsins frá 28. janúar þ. á. sé staðfesting á eldri reglu og mótmælir því, að samningurinn frá 2. febrúar 1949 verði skýrður með hliðsjón af því.

Samkvæmt samningi milli aðilja máls þessa, dags. 2. janúar 1947, um kaup og kjör háseta á vélskipum, skal skipt til helminga og skipverjar ekki vera fleiri en 11. Þegar aðiljar sömdu á ný þann 2. febrúar 1949, eins og greint er að framan, verður sú breyting á þessum ákvæðum eldri samningsins, að nú skulu skipverjar ekki vera fleiri en 10. Í hvorugum þessara samninga er að því vikið, hversu fara skuli, ef matsveinn sé tekinn á skipið og venja, sem við verði miðað, er ekki heldur fyrir hendi um þetta. Ekkert er fram komið um það, að um það hafi verið rætt við samningsgerð, hversu haga skyldi skiptum, ef matsveinn væri tekinn. Hinsvegar bendir það til gagnstæðs skilnings þegar frá upphafi, að á vélbátnum Hrímni frá Stykkishólmi var ekki matsveinn vertíðina 1949, en að

sögn formanns verklýðsfélagsins, sem fór með útgerðarstjórn hans, var það af þeim sökum, að útgerðin vildi ekki taka á sig þann kostnað, sem af því leiddi. Það er ekki heldur hægt að miða við það, um hvað samið var 28. janúar 1950, eftir að mál þetta var komið á flot, því ekki verður talið, að næg gögn séu fyrir hendi um það, að ákvæði síðastnefnds kjarasamnings hafi aðeins verið staðfesting á eldri reglu.

Ætla má að vísu, af því sem fram er komið í málinu, að það hafi verið sjómönnum þeim, er á m/b Gretti voru vertíðina 1949, til þæginda og hagsbóta, að matsveinn var á skipinu. En þar sem 1. gr. samningsins frá 2. febr. 1949 kveður skýrt á um helmingaskipti og tiltekna tölu háseta, þykir verða að leggja á útgerðarmann bátsins þann kostnað, sem af matsveininum leiddi, meðan útgerðin, þ. e. stefndi í máli þessu, hafði ekki aflað samþykkis verklýðsfélagsins á því, að hlutur matsveins yrði tekinn af óskiptu, en það hefur hann ekki gert svo sannað sé. Verður það ekki talið fullnægjandi samþykki af hálfu verklýðsfélagsins, þó að formaður bátsins hafi átt tal við skipverja um það, að matsveinn yrði tekinn, enda virðist svo eftir málflutningnum að dæma, að þeir skipverjar, sem í landi unnu, hafi ekki verið því samþykkir, og ekkert er fram komið, sem bendi til þess, að skipverjum hafi frá upphafi vertíðar eða síðar á henni mátt vera eða verið það ljóst, að hlutur matsveins yrði að hálfu leyti á þeirra kostnað.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur stefnanda um skilning hans á nefndum samningi til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Rétt er, samkvæmt framangreindri 1. gr. samnings málsaðilja frá 2. febrúar 1949, að skipta afla á vélskipinu Gretti frá Stykkishólmi vertíðina 1949 í 20 staði, og er stefnda, Sigurði Ágústssyni, skylt að haga reikningsskilum við skipverja á þessum bát með þeim hætti.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Telja verður vafalaust, að það hafi verið til hagsbóta útgerðarmanni og skipverjum, að ráðinn var matsveinn á vélbátinn Gretti á vertíð

þeirri, er í málinu greinir, enda hefur þetta sjónarmið hlotið staðfestingu í 1. gr. samnings, dags. 23. janúar 1950, um kaup og kjör háseta á vélskipum frá Stykkishólmi á vetrarvertíð 1950. Af þessum sökum er ekki eðlilegt, að útgerðarmanni einum sé gert að greiða kaup matsveins, nema því aðeins, að samningar skyldi hann einan til kaupgreiðslunnar. Virðist það og ekki brjóta í bága við 1. gr. samnings, dags. 2. febrúar 1949, að kaup matsveins sé greitt af óskiptu eða sem sameiginlegur kostnaður. Tel ég þannig að sýkna beri stefnda í máli þessu, en sýnist hinsvegar rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Laugardaginn 30. september 1950.

Nr. 7/1950. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um yfirvinnu og sjóvökur.

Dómur.

Mál þetta höfðaði Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur hér fyrir dómi með stefnu, dags. 25. maí s.l., gegn Skipaútgerð ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða hásetum þeim á v/s Þyrli, er unnu yfirvinnu dagana 23. til 26. febr. s.l., er skipið flutti olíu til lands úr olíuskipinu Clam, yfirvinnukaup samkvæmt ákvæðum b-liðs 2. gr. í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 30. júní 1949. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Atvik málsins eru þessi:

Í 2. gr. kjarasamnings, sem aðiljar máls þessa undirrituðu 30. júní f. á., segir svo:

„Yfirvinna borgist þannig:

a) Þegar sjóvökur eru staðnar greiðist kr. 1.71 fyrir hverja byrjaða hálfa klukkustund.

b) Þegar sjóvökum er slitið greiðist kr. 1.99 fyrir byrjaða hálfa klst. frá kl. 17—20, kr. 2.65 fyrir byrjaða hálfa klst. frá kl. 20 til kl. 7½ og helgum dögum."

Upphaf 4. gr. sama samnings hljóðar svo:

„Þegar skip er lagzt í höfn eða er bundið við bryggju er skylt að ljúka sjóvökum og ekki fyrr."

Í niðurlagi sömu greinar segir:

„Heimilt er að ljúka ekki sjóvökum í höfnum eða viðkomustöðum í innanlandssiglingum, ef viðstaða skipsins í höfn er minni en 24 klst. Þetta gildir þó ekki um heimahöfn skipsins...."

Olíuflutningaskipið Þyrill frá Reykjavík er eitt þeirra skipa, sem stefndi sér um útgerð á. Frá því á árinu 1947 hefur það m. a. verið notað til þess að létta af stórum olíuflutningaskipum, sem flutt hafa olíu til Íslands. Olíuflutningaskip þessi hafa legið á ytri höfn Reykjavíkur. Hefur v/s Þyrill lagzt að þeim þar, tekið olíuna og flutt hana til lands í Reykjavík, eða til stöðva h/f Shell á Íslandi í Skerjafirði. Þegar olía er flutt til lands í Reykjavík með þessum hætti er talið, að hleðsla v/s Þyrils taki 4 til 5 klst., sigling fram og aftur 10—15 mín. hvora leið, og afferming við bryggju allt að 7 klst.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á v/s Þyrli hér fyrir dóminum 27. júní s.l. var sjóvökum fyrst í stað yfirleitt slitið, þegar Þyrill var í þessum olíuflutningum innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Þetta hafi þó reynzt óhentugt og kveðst skipstjórinn því fyrir rúmu ári hafa tekið upp þá reglu, að sjóvökur væru ávallt staðnar í þessum flutningum.

Dagana 23.—26. febr. s.l. flutti v/s Þyrill til lands í Reykjavík olíu úr olíuflutningaskipinu Clam, sem þá lá á ytri höfn Reykjavíkur. Sjóvökur munu þá hafa verið staðnar samkvæmt þeirri reglu, er þá hafði verið tekin upp, og lýst er hér að framan. Áður en þessir flutningar hófust mæltu forráðamenn skipaútgerðarinnar svo fyrir, að yfirvinnukaup í þeim skyldi greitt samkvæmt a-lið 2. gr. framannefnds samnings, og voru greiðslur til skipverja fyrir yfirvinnu í þetta sinn samkvæmt þeim fyrirmælum.

Stefnandi vildi ekki fallast á það, að umrætt yfirvinnukaup ætti að gjaldast samkvæmt a-lið 2. gr., heldur taldi hann, að hér ætti við b-liður greinarinnar.

Byggir hann bæði á því, að það hafi allt frá árinu 1947 verið föst regla að greiða þessa yfirvinnu samkvæmt ákvæðum b-liðs, og auk þess sé það beinlínis skylda stefnanda. Er sú staðhæfing hans studd þeim rökum, að umræddir flutningar frá Clam í febrúarmánuði s.l. hafi allir átt sér stað innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Samkvæmt ákvæðum framangreindrar 4. gr. nefnds samnings hafi verið skylt að ljúka sjóvökum, er Þyrill var kominn inn á Reykjavíkurhöfn, heimahöfn skipsins, í umrætt skipti og dvaldist þar, og greiðslur fyrir yfirvinnu því átt að miðast við ákvæði nefnds b-liðs 2. gr. í kjarasamningi aðilja.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að umræddir olíuflutningar v/s Þyrils, bæði dagana 23—26 febr. s.l. og endranær, séu þess eðlis, að ákvæði kjarasamningsins um að ljúka skuli sjóvökum, er skip sé lagzt í höfn eða bundið við bryggju, eigi ekki við um þá. Það sé óhjákvæmilegt, að sjóvökur séu staðnar í flutningum þessum, bæði vegna lagafyrirmæla og þess, að komið geti fyrir, að Þyrill komist ekki upp að bryggju, er hann hafi tekið hleðslu úr olíuflutningaskipi á ytri höfn Reykjavíkur, og einnig að skipstjórnarmönnum hans sé skyndilega boðið að fara til staða utan Reykjavíkur, í stað þess að flytja farminn til hafnar í Reykjavík. Stefndi hefur ekki viljað fullyrða, að rangt sé, að greitt hafi verið fyrir yfirvinnu samkvæmt b-lið 2. gr. í samskonar flutningum, en kveður, að það hafi verið af vangá af hálfu starfsmanna útgerðarinnar. Og er forráðamenn stefnda hafi fengið vitneskju um, að slíkt ætti sér stað, hafi þeir strax mælt svo fyrir, að goldið skyldi samkvæmt a-lið 2. gr., og því hafi yfirvinnukaup verið greitt með þeim hætti fyrir vinnu í sambandi við flutningana úr Clam í febrúarmánuði s.l. Neitar stefndi að greiða samkvæmt kröfu stefnanda og heldur því fram, að stefnandi hafi ekki unnið neinn rétt úr hendi sér til greiðslu samkvæmt b-lið 2. gr. fyrir umrædda yfirvinnu.

Hinn 31. október 1947 framlengdu aðiljar máls þessa kjarasamning, sem þeir gerðu með sér í nóvember 1945. Gilti hann

til 30. júní 1949, þegar sá samningur var gerður, er um ræðir í máli þessu, og í gildi var í febrúarmánuði s.l., er flutningarnir úr Clam fóru fram. Þessir samningar geymdu allir sömu ákvæði um sjóvökur (4. gr.) og yfirvinnu (2. gr.), að því undanskildu, að yfirvinnukaupið samkvæmt a- og b-lið 2. gr. hækkaði samkvæmt samningnum frá 30. júní 1949. Hinsvegar hélzt sami munur og áður var á kaupi fyrir yfirvinnu, hvort sem hún féll undir a- eða b-lið.

Í þinghaldi í málinu 27. júní s.l. kom vitnið Halldór Sigurðsson fyrir dóm. Hann hefur verið 2. stýrimaður á v/s Þyrli síðan 11. júní 1948 og gefur samkvæmt stöðu sinni upp til skrifstofu stefnda þá yfirvinnu, sem greiða ber skipverjum. Hann kvaðst ætíð frá þeim tíma, er hann kom á skipið, hafa reiknað hásetum, sem unnu yfirvinnu við olíuflutninga úr olíuskipum á ytri höfn Reykjavíkur til lands, kaup samkvæmt b-lið 2. gr. þess samnings, er í gildi var á hverjum tíma, enda þótt sjóvökur hafi verið staðnar, er þesskonar flutningar fóru fram. Að loknum munnlegum málflutningi 29. þ. m. taldi dómurinn rétt, að leitað yrði nákvæmari upplýsinga um það, hversu oft greitt hefði verið yfirvinnukaup í slíkum olíuflutningum samkvæmt a-lið og hversu oft samkvæmt b-lið oftnefndrar 2. gr., en stefnandi staðhæfði, að ætíð hefði verið greitt samkvæmt b-lið 2. gr. Er málið var flutt munnlega á nýjan leik að lokinni framhaldsgagnasöfnun hinn 21. þ. m., lýsti stefndi yfir því, að ekki væri unnt að sjá það nægilega greinilega af gjaldseðlum, hvort yfirvinna fyrir olíuflutninga milli olíuskipa á Reykjavíkurhöfn og lands hefði verið goldin samkvæmt a- eða b-lið 2. gr., og vildi ekki fullyrða, að sú staðhæfing stefnanda, að ávallt hafi verið goldið samkvæmt b-lið, væri röng. Samkvæmt útdráttum úr leiðarbók Þyrils sést, að skipið hefur á tímabilinu frá 25. maí 1948 til 3. júní 1949 flutt olíu til lands í Reykjavík úr a. m. k. 5 skipum á ytri höfn Reykjavíkur og öðrum 5 skipum á tímabilinu frá miðjum júlí 1949 til miðs febrúar 1950.

Með tilliti til framangreinds framburðar 2. stýrimanns Þyrils og þess, að stefndi hefur hvorki, þótt sérstakt tækifæri gæfist, getað nefnt neitt dæmi þess, að röng sé sú staðhæfing stefnanda, að ætíð hafi verið goldið fyrir þessa yfirvinnu sam-

kvæmt b-lið 2. gr., né heldur viljað fullyrða, að hún sé röng, verður dómurinn að byggja á því, að hærra kaupið, eða kaup samkvæmt b-lið, hafi ætíð verið goldið fyrir umrædda yfirvinnu án tillits til þess, hvort sjóvökur voru staðnar eða ekki, allt frá því að þessir flutningar hófust 1947 og til þess tíma, er samningurinn 30. júní f. á. var gerður. Eftir þann tíma er þessu greiðslufyrirkomulagi enn haldið áfram þar til því samkvæmt framansögðu er hætt við flutningana úr Clam í s.l. febrúarmánuði. Ekki verður séð, að neitt hafi verið minnst á þessa Þyrilsflutninga við síðustu samningagerð, þ. e. í júní 1949, þótt þetta skip hefði vegna notkunar þess nokkra sérstöðu meðal skipa þeirra, sem stefndi sá um útgerð á, og ýmis ákvæði samningsins, t. d. um sjóvökur í höfn, virtust frekar miðuð við siglingar annarra skipa stefnda.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að leggja þann skilning í ákvæði 2. gr. samningsins frá 30. júní 1949, að greiða hafi átt fyrir yfirvinnu við olíuflutningana úr Clam í s.l. febrúarmánuði samkvæmt b-lið þeirrar greinar, og stefnda með framangreindri framkvæmd skapast skylda til þess. Skiptir því hér ekki máli, hvort sigling v/s Þyrils verður, að því er þessa olíuflutninga snertir, heimfærð undir ákvæði oft nefnds samnings um sjóvökuslit í heimahöfn.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, er skylt að greiða þeim hásetum á v/s Þyrli, er unnu yfirvinnu dagana 23. til 26. febr. þ. á., er Þyrill flutti olíu til lands í Reykjavík úr olíuskipinu Clam, yfirvinnukaup samkvæmt ákvæðum b-liðs 2. gr. í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 30. júní 1949.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. október 1950.

Nr. 19/1949. **H/f Kári** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands sjálfs sín vegna og f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Kæru um ólögmætt verkfall vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. nóvember f. á., af h/f Kára í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands sjálfs sín vegna og f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1) Að stefndu verði dæmdir til refsingar fyrir brot á II. kafla laga nr. 80/1938,

2) að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 20.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins og málskostnað eftir mati Félagsdóms.

Stefndu kröfðust í upphafi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. En eftir að dómur hafði gengið í Félagsdómi 17. marz þ. á. í málinu nr. 7/1949 kröfðust stefndu þess, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda þá gert að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Stefnandi mótmælti frávísunarkröfu stefndu. Í þinghaldi 13. apríl s.l. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Að honum loknum taldi dómurinn nauðsynlegt, að aflað yrði fyllri gagna áður en dæmt væri um frávísunarkröfuna, og var málinu frestað til frekari gagnasöfnunar. Að þessum gögnum fengnum var málið flutt af nýju að því er frávísunarkröfuna varðaði.

Atvik málsins eru þessi:

Stefnandi, h/f Kári, er eigandi vélbátsins Kára Sölmundarsonar, R 39. Bátur þessi stundaði línuveiðar frá Reykjavík á vetrarvertíðinni 1949 og var afli hans lagður upp í Reykja-

vík. Hinn 1. apríl 1949 hóf vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík verkfall, í því skyni að ná nýjum samningum við Vinnuveitendasamband Íslands. Samkvæmt skýrslu stefnanda bar það til að morgni þess 10. apríl, en þá stóð verkfall Þróttar enn yfir, að framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og menn úr stjórn vörubílstjórafélagsins Þróttar hindruðu skipverja á m/b Kára Sölmundarsyni í því að flytja lóðir sínar til skips í handvagni eða á sjálfum sér, á þeim grundvelli, að sögn stefnanda, að lóðirnar mætti aðeins flytja á vörubifreiðum í eigu félagsmanna í vörubílstjórafélaginu Þrótti. Jafnframt kveður stefnandi, að sömu menn hafi hótað því, að afgreiðslubann yrði lagt á nefndan vélbát, ef hann leitaði til annarrar verstöðvar. Hafi m/b Kári Sölmundarson orðið að hætta róðrum af framangreindum ástæðum. Stefnandi telur, að hér hafi verið um ólöglegt verkfall að ræða af hálfu stefndu, þar sem skipverjar hafi þannig að tilhlutan þeirra verið hindraðir í því að geta stundað venjulega vinnu sína. Sér hafi ekki á neinn hátt verið boðað verkfall og hann hafi hvorki verið í Vinnuveitendasambandi Íslands, né átt í nokkurri vinnudeilu við vörubílstjórafélagið Þrótt. Stefndu hafi því samkvæmt framansögðu gerzt sekir um brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og orðið skaðabótaskyldir gagnvart sér.

Stefndu hafa mótmælt því, að þeir hafi á nokkurn hátt með afskiptum sínum af m/b Kára Sölmundarsyni brotið lög nr. 80/1938 og hvorki með þeim hætti né öðrum orðið skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda út af afskiptum sínum af nefndum bát. En frávísunarkröfu sína byggja þeir á því, að hindrun sú, sem þeim er gefin að sök, sé ekki, þó að sönnuð væri, brot á lögum nr. 80/1938 og eigi Félagsdómur því ekki dómsvald um þá sök.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, er stefndu gefið það að sök, að hafa orðið þess valdandi, að skipverjar á m/b Kára Sölmundarsyni fengu eigi framkvæmt venjulega vinnu sína, og með þeim hætti orðið sekir um ólögmæta vinnustöðvun. Skipverjar á Kára voru hvorki félagsmenn í vörubílstjórafélaginu Þrótti né í öðru verklýðsfélagi, sem lýst hafði yfir samúðarvinnustöðvun með verkfalli Þróttar. Slík vinnuhindrun af hálfu stefnda, þó sönnuð væri, fellur hvorki undir sér-

ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né verður talin sérstakt brot á öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. sömu laga á Félagsdómur að dæma í málum, sem rísa út af kæru um brot á þeim lögum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætrar vinnustöðvunar, en telja verður, að þar sé átt við verkföll og verkbönn samkv. II. kafla oftnefndra laga. Fellur því ekki undir Félagsdóm, að skera úr framangreindu sakaratriði og ber af þeim sökum að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. desember 1950.

Nr. 8/1950. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Bolungavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, dags. 22. júní þ. á., var flutt munnlega hér fyrir dómi 20. þ. m. En áður en málið verður dæmt þykir rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að leitað sé frekari gagna og upplýsinga um eftirfarandi atriði.

1. Spyrja skal skipstjóra og skipverja, hvort borið hafi á leka á vélbátnum Særúnu, ÍS 6, í desember 1949 og fyrir 24. janúar þ. á., og ef svo var, hversu mikið hafi að honum kveðið. Þá skulu þeir og inntir nákvæmlega eftir því, hvort og hve mikið hafi orðið vart við leka, er báturinn var fluttur til Ísa-

fjarðar hinn 25. eða 26. s. m., og jafnframt um það, hversu leka á bátnum hafi verið háttað, er farið var með hann til Bolungarvíkur 2. febrúar s. á, t. d. hvort þá hafi borið meira á leka en fyrir áfallið 24. janúar. Upplýst skal, hvort útgerðarmaður eða umboðsmaður hans voru með bátnum, þegar hann fór til Ísafjarðar til viðgerðar eða kom þaðan, og ef svo var ekki, hvernig og hvenær honum varð kunnugt um lekann. Skipstjórinn skal einnig um það spurður, hvort, og þá hvenær, hann hafi tjáð útgerðarmanni, að báturinn væri ekki sjófær, sbr. aðiljaskýrslu Guðfinns Einarssonar 27. júní s. l. Skal skipstjóri og sérstaklega inntur eftir því, hvort skipið hafi að hans áliti verið fært til róðra eftir viðgerðina á Ísafirði í lok janúarmánaðar.

2. Leita skal álits M. Bernharðssonar á Ísafirði um það, hvort gert hafi verið að fullu við þær skemmdir, sem urðu á bátnum 24. janúar s.l., með viðgerð þeirri, sem fram fór í Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f, síðustu daga þess sama mánaðar. Jafnframt skal hann að því spurður, hvort frekari seymingar hafi þá verið þörf, til þess að báturinn yrði sjófær, og ef svo var, hvort það hafi stafað af eðlilegu sliti eða af sjóskaða. Þá skal og leitað umsagnar hans um ástand og viðhald bátsins yfirleitt.

3. Rétt er, að bátasmiðurinn Ove Andersen, sem seymdi v/b Særúnu í Bolungavík 6. til 11. febr. þ. á., sé um það spurður, í hverju seymingin var fólgin, t. d. hvort seymdur var byrðingur aðeins og þá hvar. Jafnframt skal leitað álits hans um það, af hverju saumslitið hafi stafað, þ. e., hvort það var af venjulegu sliti eða áfalli og hvernig ástand skipsins og viðhald hafi yfirleitt verið. Upplýst skal ennfremur, hvort hann hafi unnið einn að seymingunni.

4. Loks skal um það spurt, hvort útgerðarmaður Særúnar hafi gert kröfu til þess, að vélbátaábyrgðarfélag það, er báturinn var tryggður í, greiddi kostnað þann, er leiddi af viðgerðinni í Bolungavík 6.—11. febr. s. l.

Skýrslna þessara og annarra gagna, sem þær kunna að gefa tilefni til, skal aflað svo fljótt sem föng eru á.

Því úrskurðast:

Framangreindra upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1951.

Nr. 12/1949. **Einar Sigurðsson vegna Timburverksmiðju Austurlands** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Verkfall dæmt ólögmætt. Skaðabætur dæmdar. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. júní 1949, af Einari Sigurðssyni vegna Timburverksmiðju Austurlands gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og Sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fyrst fram 23. marz 1950. En með úrskurði 30. s. m. ákvað Félagsdómur að afla skyldi frekari gagna áður en málið yrði dæmt. Sú gagnasöfnun tók það langan tíma, að munnlegur málflutningur gat ekki farið fram fyrr en 25. janúar þ. á.

Tildrög máls þessa eru þau sem hér segir:

Hinn 28. marz 1949 sagði Verklýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, hér eftir nefnt verklýðsfélagið, upp kjarasamningi þeim, er þá gilti milli þess og atvinnurekenda á Fáskrúðsfirði. Eru aðiljar máls þessa sammála um það, að sú uppsögn hafi verið gild, og að kjarasamningnum hafi verið sagt upp frá og með 1. maí það ár. Hinn 9. apríl s. á. komu saman til fundar, til þess að ræða um nýja samninga, samninganefnd verklýðsfélagsins og nokkrir vinnuveitendur. Á þessum fundi kveðast samninganefndarmenn verklýðsfélagsins hafa tilkynnt vinnuveitendum, að vinnustöðvun mundi hefjast hinn 1. maí, ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir

30. apríl, og kveðast samninganefndarmenn jafnan hafa lýst yfir hinu sama á síðari samningafundum. Samkvæmt skýrslu fyrirsvarsmanna verklýðsfélagsins var aðalfundur félagsins haldinn 16. apríl og kveða þeir, að þar hafi verið mættir um 70 manns. Á þeim fundi hafi verið samþykkt að hefja verkfall með 10 daga fyrirvara, ef samningar kæmust ekki á. Næst virðist það hafa skeð, að svofelld ályktun var samþykkt á fundi stjórnar- og trúnaðarráðs félagsins 25. apríl s. á.:

„Þar sem samningsaðiljar hafa ekki boðað samninganefnd til viðtals viljum vér minna á það, að frestur sá, er gefinn var, er útrunninn 1. maí og verði samningar ekki undirritaðir fyrir þann tíma verður allsherjarverkfall frá þeim degi (1. maí), þar til samningar hafa tekizt."

Stefndi kveður, að ályktun þessi hafi verið fest upp kl. 11 árdegis þenna sama dag á 5 stólpum í kauptúninu. Þá hafi varið samþykkt á almennum fundi í verklýðsfélaginu hinn 27. apríl s. á. að hefja vinnustöðvun, ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir 1. maí.

Stefnandi máls þessa var á framangreindum fundi 9. apríl, en kveðst hafa farið áður en honum var lokið. Kveðst hann hvorki þá né síðar hafa fengið neina tilkynningu um verkfall af hálfu verklýðsfélagsins. Á þessum fundi virðist tveimur vinnuveitendum, þeim Vilhjálmi Björnssyni og Jens Lúðvígssyni, hafa verið falið að fara með samninga af hálfu vinnuveitenda, og samkvæmt vottorði þeirra hefur þeim hvorki þann 25. apríl né síðar verið tilkynnt sérstaklega af hálfu verklýðsfélagsins, að verkfall skyldi hefjast 1. maí. Verður ekki séð, að verkfall af hálfu verklýðsfélagsins hafi í þetta sinn verið boðað á annan hátt en með nefndum götuauglýsingum 25. apríl, auk þess sem á það kann að hafa verið minnst á samningafundum, að til verkfalls kæmi, ef samningar tækjust ekki.

Samkvæmt venju var ekki unnið 1. maí 1949, enda bar þann dag upp á sunnudag, en mánudaginn 2. maí hófst almennt verkfall af hálfu verklýðsfélagsins. Þegar þetta gerðist unnu í Timburverksmiðju Austurlands 4 lærðir trésmiðir, einn trésmíðanemi, tveir ungir synir stefnanda og 6 ófaglærðir menn. Þessir 6 verkamenn, sem allir voru í verklýðsfélag-

inu, komu til vinnu 2. maí, að morgni. En er skammt var liðið á vinnutíma kom formaður verklýðsfélagsins á vinnustaðinn ásamt mönnum úr samninganefnd félagsins. Fór svo, að eftir komu þeirra lögðu verkamennirnir 6 niður vinnu, og var verkfall af hálfu félagsins hjá stefnanda til 12. maí s. á., er nýir samningar voru undirritaðir.

Stefnandi telur, að þetta verkfall félagsins hafi verið ólögmætt með öllu og stefndi af þeim sökum orðið skaðabótaskyldur gagnvart sér fyrir tjón, sem hann hafi beðið af því, að verkamennirnir 6 lögðu niður vinnu. Hefur hann gert þessar dómkröfur í málinu:

að dæmt verði, að framangreint verkfall hafi verið ólögmætt,

að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt lögum samkvæmt fyrir að hafa framkvæmt ólögmætt verkfall,

að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 6197.60 í skaðabætur auk 6% ársvaxta frá 14. júní 1949 til greiðsludags og

að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Hinn 12. maí 1949 komst á af nýju kjarasamningur milli verklýðsfélagsins og atvinnurekenda, þar á meðal stefnanda. Hann var þó ekki sjálfur viðstaddur undirskriftir, heldur fór bróðir hans með umboð af hans hálfu, til þess að undirrita samningana. Samkvæmt 29. gr. samningsins skyldi hann gilda frá 1. maí 1949, þ. e. frá þeim tíma, er verkfallið hófst. Stefndi heldur því fram, að þar sem skrifað hafi verið fyrirvaralaust undir nýja samninginn af hálfu stefnanda hafi hann firrt sig rétti til þess að geta haft uppi refsi- og bótakröfur gegn stefnda út af nefndu verkfalli. Telur stefndi, að stefnandi hefði orðið að gera áskilnað um það við undirskrift samningsins, ef hann ætlaði sér að halda fram refsi- eða bótakröfum gagnvart sér.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda verður ekki talið, að undirskrift umboðsmanns hans undir samninginn 12. maí 1949 hafi firrt stefnanda rétti til þess að hafa síðar uppi kröfur á hendur stefnda út af verkfalli því, sem um ræðir í

máli þessu, án þess að skýlaus yfirlýsing frá stefnanda, sem fæli í sér afsal á þeim rétti hans, væri fyrir hendi. Slíka yfirlýsingu hefur hann ekki gefið, svo sannað sé, og ekki skiptir máli í þessu sambandi, þótt kjarasamningurinn skyldi gilda frá 1. maí s. á. Er því ekki hægt að taka þessa sýknuástæðu stefnda til greina.

Koma þá til athugunar dómkröfur stefnanda:

1. *Krafan um að verkfallið verði dæmt ólöglegt og refsikrafan.*

Eins og áður er getið hóf verklýðsfélagið verkfall að morgni hins 2. maí 1949. Af því, sem rakið var um aðdraganda verkfallsins, er ljóst, að ákvörðunin um það hefur hvorki verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 né af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hafði umboð til þess samkvæmt b-lið sömu greinar.

Samþykktir félagsins, sem í gildi voru í apríl 1949, hafa ekki að geyma nein ákvæði um trúnaðarmannaráð, sbr. c-lið nefndrar greinar, og getur því ákvörðun sú, er gerð var af stjórn og trúnaðarráði félagsins 25. s. m., og að framan er greind, þegar af þeirri ástæðu ekki komið í stað ákvörðunar trúnaðarmannaráðs samkvæmt nefndum c-lið 15. gr. Ákvörðun um verkfall þetta var þannig ekki tekin með þeim hætti, er lög mæla fyrir um, og var verkfallið því ólögmætt. Hefur stefndi með þessu gerzt brotlegur við 15. gr. laga nr. 80/1938.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að verklýðsfélagið hafi tilkynnt atvinnurekendum á Fáskrúðsfirði, að verkfall skyldi hefjast 2. maí, með öðrum hætti en götuauglýsingum, sem festar voru upp árdegis hinn 25. apríl. Þetta var ekki fullnægjandi tilkynning til stefnanda um verkfallið, sem beindist gegn honum, hvorki um tilkynningaraðferð né fyrirvara. Hefur stefndi með þessu brotið ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt yfirlýsingu héraðssáttasemjarans á Austurlandi tilkynnti verklýðsfélagið honum ekki ákvörðun sína um að hefja verkfall fyrr en 2. maí, eða sama daginn og verkfallið hófst. Var þetta einnig brýnt brot á 16. gr. nefndra laga.

Af því sem greint hefur verið leiðir, að taka ber til greina þá kröfu stefnanda, að oftnefnt verkfall verði dæmt ólögmætt og að stefndi verði dæmdur til refsingar. Þykir hún samkvæmt

70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 14/1948, hæfilega ákveðin 700 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

2. *Skaðabótakrafan.*

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því, að sökum verkfallsboðunar verklýðfélagsins hafi 6 verkamenn, sem hjá honum unnu, lagt niður vinnu um hádegi 2. maí 1949 og ekki komið aftur til vinnu meðan verkfallið stóð yfir. Þetta hafi valdið honum tjóni, sem stefnda sé skylt að bæta, bæði sökum þess, að verkfallið hafi verið ólöglegt og auk þess hafi formaður verklýðsfélagsins komið á vinnustað hjá sér fyrir hádegi 2. maí og mennirnir þá hætt vinnu sökum komu hans, en þeir voru allir í verklýðsfélaginu.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa orðið bótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekkert tjón hlotið, þótt þessir 6 verkamenn legðu niður vinnu. Mótmælir hann því, að koma formanns verklýðsfélagsins á vinnustað stefnanda hafi valdið því, að verkamennirnir hættu vinnu sinni, enda hafi stefnandi, sem viðstaddur var, aldrei skorað á þá að halda áfram vinnunni.

Ljóst er af öllum málavöxtum, að það er verkfallsboðun verklýðsfélagsins og koma formanns félagsins á vinnustað stefnanda, sem veldur því, að verkamennirnir hætta vinnu hjá stefnanda. Eins og áður segir, var verkfallið ólögmætt og er stefnandi því skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, sem hann kann að hafa hlotið af verkfalli þessara verkamanna.

Stefndi sundurliðar skaðabótakröfu sína svo:

1. Töpuð álagning á vinnu ..	kr.	957.60
2. Töpuð álagning á efni	—	240.00
3. Óbeint tjón	—	5000.00
Samtals	kr.	6197.60

Kröfu um bætur fyrir tapaða álagningu á vinnu byggir stefnandi á því, að samkvæmt kjarasamningnum, sem undirritaður var 12. maí, en átti að gilda frá 1. maí, hafi dagvinnukaup verkamanna verið ákveðið kr. 2.80 pr. klst. Þetta nemi með verðlagsuppbót kr. 8.40 pr. klst. og verði þá dagkaup fyrir 8 klst. vinnu alls kr. 67.20. Þá telur stefnandi sig hafa

tapað af vinnu þessara verkamanna í 9½ dag og hefðu þeir allir 6 átt að fá í kaup á þessu tímabili samtals kr. 3.830.40. Samkvæmt verðlagsákvæðum hefði sér verið heimilt að leggja 25% á vinnu þessara starfsmanna sinna og hefði hann því tapað sem svaraði þeirri fjárhæð, eða kr. 957.60.

Stefndi hefur mótmælt þessum útreikningi sem réttum grundvelli undir mögulegt tap stefnanda og bent á, að þessi 25% séu ætluð stefnanda til þess að mæta ýmsum útgjöldum vegna mannahaldsins, svo sem tryggingargjöldum o. fl., og geti aldrei orðið hreinn ágóði.

Kröfu sína um tapaða álagningu á efni byggir stefnandi á því, að hann hafi ekki getað sökum verkfallsins smíðað trillubát fyrir nafngreindan mann. Efni í bát þenna muni hafa kostað kr. 2000.00 og hefði hann því samkvæmt réttum álagningarreglum átt að fá hreinan ágóða 12% af þeirri fjárhæð, eða kr. 240.00.

Loks kveðst stefnandi hafa orðið fyrir ýmsu óbeinu tjóni vegna verkfallsins og áætlar hann það tjón sitt kr. 5000.00 samtals.

Báðum þessum síðasttöldu kröfuliðum hefur stefndi mótmælt sem rakalausum. Kveður hann stefnanda ekkert óbeint tjón hafa hlotið og umræddan bát hafi hann síðar smíðað fyrir sama mann og þannig engu tapað í efnissölu.

Telja verður, að stefndi hafi leitt að því næg rök, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni við að missa af þjónustu þessara sex verkamanna í hartnær 10 daga í öndverðum maímánuði, enda þótt aðrir starfsmenn í timburverksmiðju hans gætu haldið áfram störfum. Þykja bætur honum til handa hæfilega metnar kr. 1000.00 samtals og ber að dæma stefnda til þess að greiða honum þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, greiði kr. 700.00 sekt í ríkissjóð.

2. Stefndi greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Timburverksmiðju Austurlands, kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1949 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gunnlaugs E. Briem.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel, að sýkna beri stefnda af skaðabótakröfu stefnanda, þar sem stefnandi hefur ekki við undirskrift samningsins 12. maí 1949 áskilið sér rétt til þess að krefjast skaðabóta.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Ég er ósamþykkur meiri hluta dómsins, þar eð ég tel, að stefnandi hafi með undirskrift samningsins 12. maí 1949, án nokkurs áskilnaðar, firrt sig öllum rétti til krafna á hendur stefnda.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar vegna Timburverksmiðju Austurlands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. apríl 1951.

Nr. 5/1951. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co.** (Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Uppsögn kjarasamnings og eftirfarandi verkfallsboðun dæmd ógild. Sératkvæði.

Dómur

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co. gegn Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verklýðsfélags Akraness, með stefnu, dags. 7. þ. m.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að uppsögn stefnda, dags. 18. marz s. l., á samningi um kaup og kjör verkamanna á Akranesi og samningi um kaup og kjör verkakvenna á Akranesi milli verklýðsfélags Akraness annars vegar og atvinnurekenda þar hins vegar, dagsettum 12. júlí 1949, en sem framlengdir voru með breytingu 9. sept. 1950, sé ógild, og að nefndir samningar verði taldir gilda til 1. júlí þ. á., eða til vara til 5. sept. s. á.
2. Að verkfallsboðun stefnda til stefnanda, dags. 1. apríl þ. á., sé dæmd ógild.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög og atvik málsins eru þessi:

Hinn 12. júlí 1949 undirrituðu atvinnurekendur á Akranesi og verklýðsfélagið þar samninga um kaup og kjör verkamanna á Akranesi og annan um kaup og kjör verkakvenna þar. 14. gr. beggja þessara samninga hljóðar á þessa leið:

„Samningur þessi gildir frá 1. júlí 1949 til 1. janúar 1950 og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði með sama uppsagnarfresti.“

Framannefndum samningum var ekki sagt upp fyrir 1. janúar 1950 og giltu þeir áfram. En hinn 2. ágúst 1950 samþykkti trúnaðarmannaráð verklýðsfélagsins ályktun þess efnis, að segja upp öllum gildandi samningum, sem fælu í sér kauplagsákvæði, og var atvinnurekendum á Akranesi tilkynnt sú ákvörðun bréflega daginn eftir, þ. e. 3. ágúst, og framangreindum samningum, dags. 12. júlí 1949, sagt upp frá og með 5. sept. 1950. Atvinnurekendur á Akranesi hreyfðu ekki, svo vitað sé, neinum athugasemdum við uppsögn þessa.

Næst gerðist það, að hinn 29. ágúst 1950 voru gefin út bráðabirgðalög um það, hversu vísitalan skyldi reiknuð. Alþýðusambandið ritaði þá verklýðsfélögunum og hvatti þau til þess að framlengja samninga sína fyrst um sinn með þeim

hætti, að hægt væri að segja þeim upp með sem minnstum fyrirvara, hvenær sem væri.

Hinn 9. september 1950 endurnýjuðu atvinnurekendur á Akranesi og verklýðsfélagið þar skriflega samningana frá 12. júlí 1949 með svohljóðandi samningi:

„Atvinnurekendur á Akranesi og Verklýðsfélag Akraness gera með sér svofellt samkomulag: Kjarasamningar þeir, sem gengu úr gildi hinn 5. sept. s.l. skulu gilda frá þeim tíma og áfram með þessum breytingum:

1. Það ákvæði í 5. gr. samningsins um kaup og kjör kvenna, sem fjallar um ákvæðisvinnu við fiskþvott, falli burtu.
2. Samningarnir skulu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara."

Með bréfi, dags. 18. marz þ. á., tilkynnir verklýðsfélagið atvinnurekendum á Akranesi, að það segi upp öllum kaupgjaldssamningum, þar á meðal framangreindum samningum um kaup og kjör verkamanna og verkakvenna á Akranesi, frá og með 3. apríl þ. á.

Atvinnurekendur á Akranesi, þar á meðal Haraldur Böðvarsson & Co., sem ágreiningslaust er, að hafi verið aðili að samningi þessum og fengið sérstaka uppsögn frá verklýðsfélaginu, mótmæltu með bréfi, dags. 29. s. m., að uppsögn þessi væri gild og héldu því fram, að ekki væri hægt að segja upp samningum þeim, sem framlengdir voru 9. sept. f. á., fyrr en í fyrsta lagi frá og með 1. júlí þ. á. Verklýðsfélagið vildi ekki fallast á þessa skoðun. Hélt það fast við uppsögn sína og með bréfi, dags. 1. þ. m., tilkynnti það atvinnurekendum, að trúnaðarmannaráð félagsins hefði samþykkt, að hafin skyldi vinnustöðvun 10. s. m., ef ekki hefðu þá náðst nýir samningar. Atvinnurekendur á Akranesi, þ. á m. stefnandi, mótmæltu því enn með bréfi, dags. 3. þ. m., að uppsögnin væri gild. Sama dag mótmæltu þeir einnig lögmæti nefndrar verkfallsboðunar verklýðsfélagsins. Er verklýðsfélagið vildi ekki taka mótmæli atvinnurekenda til greina, höfðaði stefnandi mál þetta hér fyrir dómi, svo sem að framan er greint.

Eftir að mál þetta var höfðað ákvað verklýðsfélagið að fresta til 19. þ. m. verkfalli því, sem það hafði boðað, að hefjast skyldi 10. þ. m.

Kröfu sína um ógildi framangreindrar uppsagnar verklýðsfélagsins byggir stefnandi á því, að samkvæmt 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949 hafi þeir, eftir 1. janúar 1950, framlengzt með þeim hætti, að þeir yrðu uppsegjanlegir með mánaðar fyrirvara á þriggja mánaða fresti. Með samkomulaginu frá 9. sept. 1950 hafi ekki orðið önnur breyting á þessu en sú, að uppsagnarfresturinn hafi breytzt í 14 daga, í stað eins mánaðar áður. Hins vegar hafi samningstími sá, sem greindur er í 14. gr. samninganna, haldizt og samningstíminn eftir 9. sept. 1950 því orðið sá, að samningarnir giltu fyrst til 1. janúar 1951, en síðan áfram, þannig, að þeim yrði aðeins sagt upp á þriggja mánaða fresti með 14 daga fyrirvara. Uppsögn verklýðsfélagsins 18. marz hafi því orðið of síðbúin til þess, að um gilda uppsögn miðað við 3. apríl gæti verið að ræða, og geti verklýðsfélagið nú ekki sagt þeim upp fyrr en í fyrsta lagi frá 1. júlí n. k.

Varakrafa stefnanda, að nefndir samningar aðilja verði ekki taldir uppsegjanlegir fyrr en frá 5. sept. þ. á., er á því reist, að ef talið yrði, að ákvæði 14. gr. hinna eldri samninga um 3 mánaða samningstíma hefðu fallið niður með samkomulaginu frá 9. sept. 1950, þá væri nú enginn samningstími tilgreindur í þeim samningum aðilja, er upp var sagt 18. marz s. l. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 yrði hann þá eitt ár og ættu samningar aðilja því að gilda frá 5. sept. 1950 til 5. sept. þ. á.

Stefndi hefur eindregið mótmælt framangreindum skilningi stefnanda. Heldur hann því fram, að þegar fyrrgreint samkomulag 9. sept. f. á. var undirritað, hafi samningsaðiljar verið fullkomlega ásáttir um það, að samningarnir væru eftir þann tíma uppsegjanlegir, hvenær sem væri með 14 daga fyrirvara. Kveður hann, að skilja beri 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1940 svo, að þeir hafi fyrst gilt til 1. janúar 1950, en síðan 3 mánuði í viðbót, eða til 1. apríl 1950, en frá þeim tíma hafi mátt segja þeim upp með mánaðar fyrirvara, hvenær sem væri. Þetta hafi verklýðsfélagið einmitt gert með uppsögninni 3. ágúst 1950 og atvinnurekendur á Akranesi réttilega engum andmælum hreyft gegn lögmæti þeirrar uppsagnar. Og þegar samkomulagið frá 9. sept. 1950 var undirritað, hafi báðir

samningsaðiljar verið fullkomlega ásáttir um það, að samningunum yrði eftir þann tíma sagt upp, hvenær sem væri með 14 daga fyrirvara. Telur hann, að ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938 um samningstíma kjarasamninga geti alls ekki komið til álita hér, þar sem aðiljum hafi verið frjálst að semja um það, að samningarnir skyldu uppsegjanlegir, hvenær sem væri, með þeim uppsagnartíma, sem tilgreindur sé. Uppsögn verklýðsfélagsins sé því í alla staði lögmæt og þá jafnframt verkfallsboðun þess, dags. 1. þ. m.

Þegar litið er til orðalags 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949 um samningstímann, er eðlilegast að skilja ákvæði greinarinnar svo, að samningar þessir skyldu, eftir 1. jan. 1950, framlengjast á þriggja mánaða fresti, þannig að segja mætti þeim upp með eins mánaðar fyrirvara miðað við 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. janúar ár hvert. Nú er það að vísu svo, að hvorki stefnandi né aðrir atvinnurekendur á Akranesi hreyfðu, svo vitað sé, andmælum gegn uppsögn verklýðsfélagsins frá 3. ágúst 1950, enda þótt samningunum þá væri sagt upp frá og með 5. september s. á. En þrátt fyrir það þykir ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnanda, öruggt, að þessi afstaða atvinnurekenda til uppsagnar verklýðsfélagsins 3. ágúst 1950, hafi af atvinnurekenda hálfu falið í sér skilorðslausa viðurkenningu þess, að segja mætti kjarasamningunum upp með mánaðar fyrirvara, hvenær sem væri. Sá skilningur stefnanda, að samningstíminn hafi átt að vera 3 mánuðir kemur og strax fram af hálfu vinnuveitenda 29. f. m., er þeir mótmæltu uppsögn verklýðsfélagsins frá 18. s. m. Samkvæmt þessu var samningstíminn eftir 14. gr. samninganna frá 14. júlí 1949 sá, að þeir framlengdust af sjálfu sér á þriggja mánaða fresti, ef þeim var ekki sagt upp miðað við 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. eða 1. jan. ár hvert.

Aðiljar máls þessa eru sammála um það, að samningar þessir hafi fallið úr gildi 5. sept. 1950, en verið endurnýjaðir frá þeim degi með framangreindu samkomulagi frá 9. sept. f. á. Kemur þá til úrlausnar það deiluatriði máls þessa, hvort gerðar hafi verið breytingar á samningstímanum með 2. lið samkomulagsins.

Málsaðilja greinir mjög á um það, hversu háttað hafi verið

viðræðum þeim, sem fram fóru milli þeirra áður en samkomulagið frá 9. sept. f. á. var undirritað. Formaður verklýðsfélagsins, sem fór með samninga af þess hálfu, heldur því eindregið fram, að hefur staðfest þá skýrslu sína hér fyrir dómi, að fullt og ótvírætt samkomulag hafi verið um það milli hans og þeirra fulltrúa atvinnurekenda, sem fóru með samninga af þeirra hálfu, að í 2. lið samkomulagsins felist það, að samningarnir séu uppsegjanlegir með 14 daga uppsagnarfresti, hvenær sem er. Þeir fulltrúar atvinnurekenda á Akranesi, sem undirrituðu samkomulagið, halda því hinsvegar fram og hafa staðfest þá skýrslu hér fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um samningstímann eða uppsagnarfrestinn sérstaklega, en þeir hafi hins vegar orðalaust fallizt á 14 daga uppsagnarfrestinn. Telja þeir sig ekki á nokkurn hátt hafa samþykkt, að hið eldra ákvæði 14. gr. samninganna um 3 mánaða samningstíma félli niður. Nefndir aðiljar hafa verið samspurðir um þetta hér fyrir dómi og hafa þeir þrátt fyrir það, hvor í sínu lagi, haldið fast við nefndar staðhæfingar sínar um það, hvað þeim fór á milli.

Með því að aðilja greinir svo mjög á um skilning á uppsagnarákvæðinu, og ekki eru fyrir hendi önnur gögn um þetta, verður að leggja orðalag samkomulagsins til grundvallar við úrlausn þessa ágreiningsatriðis. Þykir þá ekki unnt að skýra 2. lið þess öðruvísi en svo, að í honum felist aðeins breyting á uppsagnarákvæði 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949, en að framangreindur þriggja mánaða samningstími standi eftir sem áður. Hófst hið nýja samningstímabil 5. sept. 1950. Gat verklýðsfélagið ekki án samþykkis stefnanda, Haralds Böðvarssonar & Co., miðað uppsögn framan nefndra tveggja kjarasamninga við aðra daga en 5. desember, 5. marz, 5. júní og 5. september ár hvert.

Samkvæmt þessu var uppsögn Verklýðsfélags Akraness, dags. 18. marz, á kjarasamningum þeim, sem greindir voru í dómkröfum stefnanda, ógild, miðað við 3. apríl þ. á. og ber því að taka þá kröfu hans til greina. Verður samningum þessum nú ekki sagt upp fyrr en frá og með 5. júní n. k., og þá með 14 daga uppsagnarfresti.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir, að verkfallsboðun

Verklýðsfélags Akraness til Haralds Böðvarssonar & Co., dags. 1. þ. m., þar sem verkfall er boðað frá og með 10. apríl þ. á., er andstæð samningum þessara aðilja, þar sem þeir eru enn í gildi, og því ógild.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

1. Uppsögn Verklýðsfélags Akraness, dags. 18. marz þ. á., á samningum félagsins við atvinnurekendur á Akranesi um kaup og kjör verkamanna og kaup og kjör verkakvenna frá 12. júlí 1949, sem endurnýjaðir voru með samningi sömu aðilja 9. sept. 1950, er ógild gagnvart Haraldi Böðvarssyni & Co., og verður nefndum samningum nú ekki sagt upp fyrr en frá og með 5. júní 1951.
2. Verkfallsboðun Verklýðsfélags Akraness, dags. 1. apríl þ. á., til Haralds Böðvarssonar & Co., er ógild.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co., kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Eins og í dóminum segir er mál þetta risið út af ágreiningi um það, hvort stefndi, Verklýðsfélag Akraness, hafi haft rétt til að segja upp kaup- og kjarasamningum við atvinnurekendur á Akranesi með 14 daga fyrirvara og með þeim skilningi, að samningar væru jafnframt þá úr gildi, að liðnum þessum 14 dögum.

Í samningum þeim, er aðiljar hafa undirskrifað 12. júlí 1949, segir svo í 14. gr.:

„Samningur þessi gildir frá 1. júlí 1949 til 1. janúar 1950, og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um þrjá mánuði með sama uppsagnarfresti.“

Samningi þessum, ásamt tveimur öðrum, segir Verklýðsfélag Akraness upp 3. ágúst 1950 með eins mánaðar fyrirvara, og féllu þeir niður 5. sept. s. á.

Hinn 9. sept. sama ár gera Verklýðsfélag Akraness og atvinnurekendur með sér samkomulag svohljóðandi:

„Kjarasamningar þeir, sem gengu úr gildi hinn 5. sept. s. l., skulu gilda frá þeim tíma og áfram, með þessum breytingum:

1. Það ákvæði í 5. gr. samningsins um kaup og kjör kvenna, sem fjallar um ákvæðisvinnu við fiskþvott, falli burtu.

2. Samningarnir skulu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara."

Ég tel að skýra beri svo 14. gr. samningsins frá 12. júlí 1949, að sá samningur hafi í fyrstu gilt til 1. janúar 1950, en hafi honum fyrir þann tíma ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, gildi hann áfram um þrjá mánuði, þ. e. til 1. apríl 1950, en úr því fari saman gildistími hans og uppsagnarfrestur, þ .e. einn mánuður, er endurnýist frá mánuði til mánaðar, unz samningum er sagt upp.

Þessarar skoðunar virðast báðir aðiljar hafa verið, þegar verklýðsfélagið sagði þessum samningi upp 3. ágúst 1950. Og hefur þeim borið saman um það hér fyrir Félagsdómi, fyrirsvarsmanni verklýðsfélagsins og fyrirsvarsmönnum atvinnurekenda, að enginn ágreiningur hafi verið milli verklýðsfélagsins og atvinnurekenda á Akranesi út af uppsögninni 3. ágúst 1950, og að atvinnurekendur hreyfðu alls engum athugasemdum við þá uppsögn.

Það verður því að líta svo á, að beggja skilningur hafi verið sá, að ekkert væri við það að athuga, að segja samningnum upp með mánaðar fyrirvara, og væri hann jafnframt úr gildi, að þeim mánuði loknum, nema endurnýjaður væri.

Það verður því einnig að telja réttan þann skilning fyrirsvarsmanna verklýðsfélagsins, er samkomulagið gerðu 9. sept. 1950 við atvinnurekendur, að samningarnir skyldu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara, og um það hafi verið fullt samkomulag, að stytta gildistíma samningsins og uppsagnarfrest úr einum mánuði niður í 14 daga.

Enda er upplýst undir rekstri málsins hér fyrir dóminum, að ástæðan fyrir uppsögn verklýðsfélagsins á samningnum hinn 3. ágúst 1950 var sú, að vera viðbúið til aðgerða, ef ekki fengist leiðrétting á vísitölu þeirri, er ákveðin hafði verið með bráðabirgðalögum, 112 stig, og deilt var um milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar.

En er sú deila leystizt, var það markmið verklýðsfélagsins á Akranesi, sem og annara verklýðsfélaga, er upp höfðu sagt í sama skyni, að hinir nýju samningar yrðu lausir á sem skemmstum tíma, ef til nýrra átaka þyrfti að koma.

Í 6. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo:

„Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks, skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur."

Ég lít svo á, að skýra beri það orðalag 6. gr. „og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur", að undir þetta ákvæði greinarinnar falli það beinlínis, að samningstími og uppsagnarfrestur geti verið einn og sá sami.

Tel ég því, að ákvæðum greinarinnar sé fullnægt með því formi samninga verklýðsfélaga og atvinnurekenda, að samningstími og uppsagnarfrestur fari saman.

Í greinargerð fyrir lögunum eru þessi atriði ekki skýrð, en útlistun 6. gr. fjallar um og leggur áherzlu á, að samningarnir skuli vera skriflegir.

Ég get því engan veginn fallist á, að ógilda beri nú uppsögn samninga af hendi stefnda í máli þessu, miðað við, að samningarnir falli úr gildi 3. þ. m. og að gildistími þeirra sé lengri en til þessa dags, og tel ég verkfallsboðun stefnda gilda.

Samkvæmt framanskráðu er dómsatkvæði mitt á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Verklýðsfélag Akraness, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Akraness, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1951.

Nr. 4/1951. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi. Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 27. marz þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins. Eru dómkröfur stefnanda þær *aðallega,* að dæmt verði, að stýrimönnum á skipum stefnda sé óskylt, samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 22. júlí 1950, að inna af hendi á frívöktum sölu farmiða og farmiðaeftirlit, en *til vara,* að kjarasamningur málsaðilja frá 27. júlí 1950 verði skýrður svo, að greiða beri stýrimönnum á skipum stefnda sérstaka borgun fyrir að annast sölu farmiða og farmiðasmölun og eftirlit á frívöktum.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarin ár hafa stýrimenn á skipum stefnda haft á hendi farmiðaeftirlit, farmiðasölu og innheimtu farmiða hjá farþegum, með þeirri undantekningu þó, að á stríðsárunum var þetta starf falið sérstökum manni, undir umsjá stýrimanna. Samkvæmt samningum málsaðilja eru þrískiptar vaktir á sólarhring á þeim skipum stefnda, sem hafa þrjá stýrimenn, og virðist svo sem framangreint starf stýrimanna sé yfirleitt framkvæmt á svokallaðri frívakt þeirra. Í kjarasamningi aðilja, sem gerður var 28. desember 1942, er svo um samið, að vaktir skuli vera þrískiptar á þeim skipum, sem hafa þrjá stýrimenn, nema þegar skipstjóri telur nauðsyn bera til þess að víkja frá því vegna öryggis skipsins. Ekki er í samningi þessum kveðið á um greiðslur til stýrimanna fyrir vinnu á frívakt, að öðru leyti en því, að þegar skipi er lagt að eða frá bryggju skulu þeir fá tiltekna greiðslu fyrir hverja byrjaða hálfa klukkustund, sem tekin er af frívakt þeirra, eftir því sem nánar er ákveðið í samningnum. Þá er svo um samið í samningi þessum, að auk fastakaupsins skuli stýrimenn fá aukaþóknun, 10% af kaupi sínu, svokallaða strandferðaþóknun. Ennfremur fá stýrimenn kr. 10.00 á mánuði í mistalningsfé, þar sem þeir annazt sölu farmiða. Hinn 9. desember 1945 semja aðiljar á ný. Er þá sem áður haldið ákvæðinu um þrískiptar vaktir og kveðið á um aukagreiðslur fyrir vinnu á frívakt, þegar skipi er lagt að eða frá bryggju. Haldið er hinu eldra ákvæði um mistalningsfé, en strandferðaþóknunin felld niður. Og nú er tekið upp það nýmæli, að stýrimenn fá aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á „frívakt“ og er hún, fyrir hverja byrjaða hálfa klukkustund, jöfn þeirri þóknun, sem stýrimenn fá, þegar þeir eru kvaddir til starfs af „frívakt“, er skipi er lagt að eða frá bryggjum. Þessi samningur er síðan framlengdur óbreyttur 22. október 1947 og eftir honum farið, þar til samið var á nýjan leik 22. júlí 1950. Með þeim samningi, er þá var gerður, verða ýmsar breytingar á ákvæðum

hinna eldri samninga. Föst laun stýrimanna hækka, en ákvæðið um aukagreiðslur til stýrimanna, fyrir kvaðningu til starfa á „frívakt“, þegar skipi er lagt að og frá bryggju, og einnig ákvæðið um aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á frívakt fellur niður. Hins vegar er haldið ákvæðinu um mistalningsfé til stýrimanna, sem annazt sölu farmiða.

Eftir 22. júlí 1950 kom skjótt upp ágreiningur milli stýrimanna á skipum stefnda og forráðamanna stefnda um greiðslur fyrir farmiðasölu þá, sem stýrimenn inntu af hendi á „frívöktum“ sínum. Töldu stýrimennirnir, að þeir ættu eftir sem áður rétt til aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á „frívöktum“. Byggðu þeir þá kröfu sína á því, að þar sem vaktir skyldu samkvæmt samningnum vera þrískiptar, en farmiðasalan yrði ekki framkvæmd nema á frívakt, hlytu þeir að eiga rétt til aukaþóknunar, því þeir væru ekki skyldir til þess að inna þessi störf af hendi á frívakt, án sérstaks endurgjalds. Eru dómkröfur stefnanda byggðar á þessu sjónarmiði og því haldið fram af hans hálfu, að ekki hafi átt að verða neinar breytingar á aukagreiðslum til stýrimanna fyrir farmiðasölu, þrátt fyrir breytt orðalag í kjarasamningnum frá 22. júlí 1950, en af ákvæði samningsins um þrískiptar vaktir hljóti að leiða, að stýrimönnum sé ekki skylt að vinna endurgjaldslaust á frívakt sinni, nema það sé sérstaklega tekið fram.

Stefndi hefur hreyft andmælum gegn því, að Félagsdómur geti dæmt um starfsskyldur stýrimanna á skipum hans, án þess þó að bera fram beina kröfu um frávísun, að því er varðar aðalkröfu stefnanda. Jafnframt hefur hann eindregið mótmælt því, að með samningnum frá 22. júlí f. á. hafi verið samið um nokkra breytingu á starfi stýrimanna á skipum hans frá því, sem áður hafi tíðkast samkvæmt venju, landslögum og ráðningarsamningum stýrimanna. Hinsvegar hafi með samningnum orðið þær kaupbreytingar, að grunnkaup stýrimanna yfirleitt hafi hækkað sem svaraði þeirri fjárhæð, sem stýrimenn á skipum stefnda hafi áður fengið vegna vinnu við farmiðasölu og afgreiðslu þeirra á frívöktum og kvaðningu til starfs af frívakt, er skipi var lagt að eða frá bryggju. Hafi báðum samningsaðiljum verið fullkomlega ljóst við samningsgerðina, að launahækkunin hafi einmitt fengizt gegn

því, að greiðslur fyrir frívaktavinnu féllu niður. Felist þannig ekki í samningnum frá 22. júlí þ. á. neinn réttur til handa stýrimönnunum til þess að krefjast aukaþóknunar vegna farmiðaafgreiðslunnar, þó að sú vinna sé framkvæmd á frívöktum.

Aðalkrafa stefnanda lýtur að því, hvort stýrimönnum á skipum stefnda sé skylt að inna af hendi ákveðin störf um borð í skipunum.

Starfsskyldur stýrimanna stefnda fara fyrst og fremst eftir landslögum og ráðningarsamningi hvers einstaks þeirra við stefnda, en framangreindur kjarasamningur aðilja frá 22. júlí er ekki nema að litlu leyti heimild um þær. Hinsvegar fjallar hann samkvæmt eðli sínu og orðalagi fyrst og fremst um það, hvaða endurgjald skuli greitt fyrir þá vinnu, sem þeir stýrimenn, er ráðast í þjónustu stefnda, eiga að láta í té. Aðalkrafa stefnanda er því þess eðlis, að hún verður ekki talin falla undir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og af framangreindum andmælum stefnda leiðir, að skilyrði 3. mgr. sömu greinar eru, þegar af þeirri ástæðu, ekki fyrir hendi. Ber því að vísa aðalkröfu stefnanda sjálfkrafa frá dómi.

Með breytingum þeim, sem gerðar voru á kjarasamningi aðilja með samningsgerðinni 22. júní 1950 og að framan er greint, er ljóst, að ákvæði eldri samninga um sérstaka greiðslu fyrir vinnu á frívakt við afhendingu og innheimtu farseðla hafa verið felld niður. Og enda þótt rök hafi verið færð fram fyrir því, að hér sé um talsverða vinnu að ræða á skipum stefnda umfram það, sem stýrimenn annarra skipafélaga kunna að eiga við að búa, sem þó hlíta kjörum þessa sama samnings, þá verður ekki talið, að fram hafi komið gögn fyrir því, að aðiljar máls þessa hafi ætlazt til þess við samningsgerðina, né fyrirsvarsmenn stefnanda mátt gera ráð fyrir því, að stýrimenn stefnda ættu, þrátt fyrir breytt orðalag, kröfu samkvæmt samningnum til þeirrar aukaþóknunar, sem þeir fengu áður vegna farmiðaafgreiðslunnar. Hefur og ekki af hendi stefnanda verið bent á neitt það ákvæði samningsins, sem ætti við um þess háttar greiðslur. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, að því er varðar varakröfu stefnanda.

Eftir þessum málavöxtum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands, er vísað frá frá dómi.

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af varakröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. júní 1951.

Nr. 8/1950. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar (Barði Friðriksson hdl.).

Deilt um skilning á kauptryggingarákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 22. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur vegna skipverja á m/b Særúnu gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar, útgerðarmanns í Bolungavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda sé dæmt skylt að greiða skipverjum á m/b Særúnu, Ís. 6, kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð 1950. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greint.

Á vetrarvertíðinni 1950 gerði Einar Guðfinnsson, útgerðarmaður í Bolungavík, m/b Særúnu út til fiskveiða. Aðfaranótt hins 24. eða 25. janúar þess árs lá vélbátur þessi við öldubrjótinn í Bolungavík. Gerði þá hvassveður svo mikið, að ekki var gerlegt að koma bátnum frá, eftir því sem segir í skýrslu skipstjóra hans, Halldórs Halldórssonar. Laskaðist báturinn í veðri þessu og er skemmdunum lýst svo í þessari sömu skýrslu: „Brotnaði lunningin aftur að vanti og fram á mitt hádekk, tvær styttur brotnuðu einnig sömu megin og skansklæði aftur fyrir miðsíðu. Einnig brotnaði efsta borð á byrðingi við aftur-enda hádekks og sömuleiðis skammdekk á sama stað.“ Hinn 25. eða 26. s. m. var báturinn fluttur til Ísafjarðar til viðgerðar. Samkvæmt skýrslu virðingarmanns Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga eru skemmdir þessar: „Brotnar eru styttur, skansklæði, skammdekk og öldustokkur.“ En tjónið metur hann á kr. 2050.00. Viðgerð fór fram í skipasmíðastöð M. Bernharðssonar dagana 26. janúar til 1. febrúar og reyndist kostnaður við þá viðgerð kr. 1562.44. Samkvæmt gögnum málsins var viðgerðin á Ísafirði í því fólgin, að gert var við styttur, öldustokk og skansklæði. Í vottorði M. Bernharðssonar, dags. 26. apríl þ. á., segir, að báturinn hafi verið lekur, og telur M. Bernharðsson í þessu vottorði, að báturinn hafi reynzt í óveðri því, sem skemmdum olli við öldubrjótinn. Þá segir og í sama vottorði, að ákveðið hafi verið að framkvæma í Bolungavík viðgerð á byrðing bátsins, en ekkert er fram komið um það, hvers vegna sú viðgerð var ekki látin fara fram á Ísafirði. Báturinn var nú fluttur til Bolungavíkur, að líkindum hinn 2. febrúar, og þar framkvæmdi Ove Andersen bátasmiður frekari viðgerð dagana 6.—11. febrúar. Samkvæmt skýrslu hans hér fyrir dómi, 2. maí s.l., var sú viðgerð í því fólgin, að báturinn var allur seymdur miðskips frá kili upp að borðstokk og stjórnborðsmegin fram að miðjum lúkar. Taldi vitni þetta, að þessarar seymingar hefði verið þörf vegna áfalls, sem báturinn hafði orðið fyrir, en ekki af því að saumurinn hefði verið slitinn eða látið á sjá sökum slits eða elli. Jafnframt lýsti vitnið því, að báturinn hefði verið lekur undir „skammdekki“, er hann kom úr viðgerðinni á Ísafirði.

Samkvæmt kjarasamningum þeim, sem þá voru í gildi milli sjómanna og útgerðarmanna, höfðu sjómenn, er annars voru ráðnir upp á hlut, lágmarkskauptryggingu, sem greiðast skyldi mánaðarlega. Fengu þeir hana greidda að fullu fyrir janúarmánuð, án nokkurra athugasemda af hálfu útgerðarmannsins (stefnda). En þegar að því kom, að greiða skyldi kauptryggingu fyrir febrúarmánuð, greiddi stefndi aðeins kauptryggingu fyrir hálfan þann mánuð, og er mál þetta risið út af ágreiningi milli hans og sjómanna um það, hvort honum hafi verið skylt eða ekki að greiða kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð.

Stefndi byggir heimild sína til þess að greiða ekki kauptryggingu fyrir nefnt tímabil á 7. gr. þess kjarasamnings, sem þá var í gildi milli málsaðilja, en hún er svohljóðandi:

„Hætti skip veiðum og verði skipverjar afskráðir á vertíð en byrji aftur á sömu vertíð, þá skal greiða tryggingu fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin, að viðbættri einni viku. Þó skal því aðeins greiða trygginguna, að samanlagðir hlutir fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin verði ekki hærri en tryggingin. Þó falli trygging niður, ef um stöðvun er að ræða vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem meiriháttar vélbilana eða skipsskaða, íshindrana, verkfalls eða verkbanns. Vertíðir teljast frá 1. janúar til 30. júní, 1. júlí til 15. september og frá 1. október til 31. desember.“

Stefndi taldi að áfall það, er báturinn varð fyrir við öldubrjótinn 24. eða 25. janúar, hefði leitt til þess, að róðrar féllu niður frá þeim degi til 16. febrúar. Hér hefði þannig verið að ræða um stöðvun af óviðráðanlegum orsökum framangreint tímabil og hefði því greiðsla kauptryggingar átt að falla niður samkvæmt ákvæðum 7. gr. samningsins. Og þar sem skipverjar hefðu hinsvegar fengið fulla greiðslu til janúarloka, hefði hann fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þenna skilning stefnda. Telur hann, að áfall það, er v/b Særún varð fyrir 24. eða 25. janúar, hafi ekki verið þess eðlis, að stöðvun vegna þess geti fallið undir ákvæði áðurnefndrar 7. gr., sem aðeins eigi við um meiriháttar tjón eða bilanir. Kveður hann bátinn hafa verið lekann alla vertíðina, að meira eða minna leyti. Seymingin í

Bolungavík hafi ekki verið nauðsynleg vegna áfallsins við öldubrjótinn, og töf sú á róðrum, sem af henni stafaði, geti ekki á neinn hátt leitt til þess, að útgerðarmaður bátsins (stefndi) losni af þeim sökum við að greiða kauptryggingu. Þá heldur stefnandi því og fram, að skipverjar á v/b Særúnu eigi óskoraðan rétt til kauptryggingar allan febrúar, þegar af þeirri ástæðu, að þeim hafi aldrei verið sagt upp af hálfu stefnda, enda hafi hann án nokkurs áskilnaðar greitt fulla kauptryggingu til loka janúarmánaðar.

Stefndi hefur neitað því, að nokkurs áskilnaðar hafi verið þörf í sambandi við janúargreiðsluna, því að það komi fyrst í ljós, er reikningsskil séu gerð í vertíðarlok, hvort um greiðslu kauptryggingar sé raunverulega að ræða, eða aðeins greiðslu upp í aflahlut.

Skemmdir þær, sem v/b Særún hlaut við öldubrjótinn í Bolungavík 25. janúar f. á. samkvæmt framangreindum skýrslum skipstjórans og virðingarmanns bátaábyrgðarfélagsins og sem leiddu til viðgerðarinnar á Ísafirði 26. janúar til 2. febrúar, voru þannig, að telja verður, að stöðvun sú, er varð á róðrum vegna þessarar viðgerðar hafi valdið því, að skylda útgerðarmanns bátsins til greiðslu kauptryggingar hefði samkvæmt 7. gr. þágildandi kjarasamnings getað fallið niður meðan á henni stóð.

Þá kemur til athugunar það atriði, hvort viðgerðin í Bolugnavík og dráttur sá, frá 2.—16. febrúar f. á., sem á því varð, að m/b Særún hæfi róðra á ný, hafi einnig verið þess eðlis, að ákvæði 7. gr. nefnds kjarasamnings um niðurfall kauptryggingar ætti við um hann.

Svo sem áður er getið heldur stefnandi því fram, að báturinn hafi verið lekur af og til alla vertíðina. Skal nú það rakið, sem fram hefur komið um lekann. Við yfirheyrslu, sem fram fór hinn 10. október 1950 yfir skipverjum, segir Kristján Jóhannesson háseti, að báturinn hafi verið svo lekur, er hann var settur á flot í byrjun haustvertíðar, að standa hafi orðið vörð í honum fyrsta sólarhringinn. Magnús Ágúst Haraldsson háseti segir, að báturinn hafi lekið allan tímann, þar til búið var að seyma hann í byrjun febrúar. Gunnar Hjörtur Halldórsson skipverji segir, að þegar báturinn var settur á flot

hafi orðið að draga hann upp aftur vegna leka. Sigurður Finnbogason segir, að báturinn hafi lekið frá því að hann var settur ofan og þar til hann var seymdur upp. Allir þessir hásetar gera kröfu til kauptryggingar þeirrar, sem um er deilt í málinu. Skipstjóri bátsins, Halldór G. Halldórsson, sem eins stendur á um, segir við yfirheyrsluna 10. október, að hann hafi orðið var við leka strax eftir niðursetningu bátsins og telur orsökina þá, að báturinn hafi reynzt, er hann var settur fram. Þá hefur skipstjórinn lýst yfir því í vottorði, dags. 23. apríl þ. á., að báturinn hafi ekki verið sjófær, þegar hann var dreginn á land í Bolungavík í febrúarbyrjun 1950, en ekki er þess getið í því vottorði, hver orsök þess var. Guðfinnur Einarsson, framkvæmdastjóri í Bolungavík, sem fór með útgerðarstjórn m/b Særúnar, telur í skýrslu, sem hann gaf hér fyrir dómi, að leki hafi komið að bátnum, er hann varð fyrir áfallinu við öldubrjótinn í janúar 1950. Jafnframt skýrir hann frá því, að leki hafi komið að bátnum fyrr á vertíðinni, að líkindum fyrir áramót, og hafi þá verið girt fyrir þann leka. En hann gat ekki um það sagt, hvort síðari lekinn var meiri hinum fyrri. Eins og áður greinir, telur M. Bernharðsson á Ísafirði, sem gerði við bátinn og framkvæmdi virðingu á honum fyrir bátaábyrgðarfélagið eftir að hann skemmdist, að báturinn hafi verið lekur og muni hafa reynzt í óveðrinu við öldubrjótinn. Ekki er þó seyming talin með í virðingargerð hans, en hins vegar er því haldið fram af stefnanda, að Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga hafi greitt fyrir seyminguna í Bolungavík. Loks segir Ove Andersen bátasmiður í skýrslu, er hann gaf hér fyrir dómi, að þurft hafi að seyma bátinn af nýju vegna áfalls, sem hann hafi orðið fyrir, og að hann hafi lekið undir skammdekki stjórnborðsmegin frá miðju skipi aftur á „hekk". Telur hann, að þessi leki hafi stafað af áfallinu við öldubrjótinn. Þetta vitni telur þó, að báturinn hafi orðið að teljast sjófær, þó að þurft hefði að þess áliti að hampþétta hann og tjarga.

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 28. desember s. l., kvað dómurinn svo á, að afla þyrfti ýmsra frekari gagna áður en málið yrði dæmt að efni til, og eru þau atriði, sem talið var að upplýsa þyrfti betur, ýtarlega rakin í úrskurði þessum.

Meðal annars var lýst eftir nánari upplýsingum um leka á bátnum fyrir og eftir áfallið 24. eða 25. janúar 1950. Þrátt fyrir þenna úrskurð og munnlegar áréttingar um öflun þessara gagna hafa dóminum ekki borizt fullnægjandi upplýsingar um sum þeirra atriða, sem um var spurt í úrskurðinum, en auðvelt hefði þó verið að afla gagna um, eins og t. d. um það, hvort meira bar á leka eftir áfallið við öldubrjótinn 24. eða 25. janúar en áður var.

Skýrslur þær og vætti, sem að framan eru rakin, benda að vísu í þá átt, að meira hafi kveðið að leka á bátnum eftir áfallið í janúar en fyrr á vertíðinni. En gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykir þó ekki fullsannað, að hlé það, er varð á róðrum m/b Særúnar á tímabilinu frá 2. til 16. febrúar 1950, að báðum dögum meðtöldum, hafi verið nauðsynleg og óhjákvæmileg afleiðing af sjóskaða þeim, er báturinn varð fyrir í janúar s. á. og að framan er lýst. Verður ekki talið, að verið hafi fyrir hendi þessa daga skilyrði til þess, að kauptrygging háseta félli niður vegna ákvæða síðari liðs 7. greinar oftnefnds kjarasamnings. Og þar sem útgerðarmaður v/b Særúnar sagði ekki á þessu tímabili upp ráðningarsamningi sínum við skipverja, þykir bera að taka dómkröfur stefnanda til greina, að undanskildum 1. febrúar 1950, en sá dagur féll til þess tímabils, er kauptrygging samkvæmt framansögðu hefði getað fallið niður á.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Einari Guðfinnssyni, er skylt að greiða skipverjum á m/b Særúnu, Ís. 6, kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð 1950, að undanskildum 1. degi þess mánaðar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. júní 1951.

Nr. 3/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Hólanesi h/f (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 24. janúar þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar gegn Hólanesi h/f, Skagaströnd. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kjarasamningur aðilja, dags. 2. júlí 1949, sé rétt skilinn og framkvæmdur svo, að fyrir saltfiskvinnu karlmanna skuli greiða almennan dagvinnutaxta, kr. 3.08 fyrir hverja klst., í grunnkaup samkvæmt 1. gr. samningsins ásamt verðlagsuppbót samkvæmt 13. gr. og viðauka fyrir eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu samkvæmt 1. gr. sbr. 2. gr. samningsins. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Með samningi málsaðilja, dags. 2. júlí 1949, er svo samið í 1. gr., að lágmarkskaup fyrir fullgilda verkamenn skuli vera kr. 3.08 pr. klst. í almennri vinnu. Í upphafi 4. gr. sama samnings segir, að *„við fiskvinnu í frystihúsum aðra en síldarvinnu greiðist“*: Karlar kr. 2.95 dagvinna.

Þegar samningur þessi var gerður, mun lítið hafa kveðið að saltfiskverkun á Skagaströnd. Er hennar ekki getið sérstaklega í samningi þessum, og er svo að sjá af skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja, að saltfiskverkun hafi ekki borið á góma sérstaklega við samningana í júlí 1949. En síðari hluta sumars árið 1949 eykst saltfiskverkun á Skagaströnd allverulega. Stefndi greiddi þegar frá upphafi laun fyrir saltfiskvinnuna samkvæmt 4. gr. kjarasamningsins, þ. e. eins og fyrir fiskvinnu í frystihúsum.

Stefnandi telur þessa framkvæmd ekki vera í samræmi við ákvæði kjarasamningsins, heldur eigi saltfiskvinnan að greiðast með almennu dagvinnukaupi samkvæmt 1. gr. samningsins og eru dómkröfur hans reistar á þessu sjónarmiði.

Stefndi byggir sýknukröfu sína bæði á því, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til þess að hafa nú uppi kröfu þá, sem hann gerir í máli þessu, og auk þess á þeirri ástæðu, að greiðslur sínar fyrir saltfiskvinnuna hafi verið í fullu samræmi við orðalag samningsins og tilætlun aðilja, er þeir sömdu.

Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, telur stefnandi, að einstakir verkamenn muni fljótlega eftir að saltfiskvinnan hófst hafa fundið að því við stefnda, að greitt var fyrir þá vinnu sama kaup og það, sem greitt var fyrir fiskvinnu í frystihúsum, þar sem þeir hafi þá strax talið sig eiga að fá laun fyrir vinnu þessa samkvæmt framangreindu ákvæði 1. gr. samningsins um almenna dagvinnu. En af hálfu verklýðsfélagsins virðist ekki hafa verið að þessu fundið við stefnda fyrr en í nóvembermánuði 1949. Stefndi hélt samt áfram að greiða saltfiskvinnu því kaupi, sem inna skyldi af hendi fyrir fiskvinnu í frystihúsum, og verður ekki séð, að stefnandi hafi þrátt fyrir þessa framkvæmd stefnda á samningnum hafizt handa um neinar aðgerðir gegn honum fyrr en 30. október 1950, eða um það bil ári síðar, er Verklýðsfélag Skagastrandar snýr sér til Alþýðusambands Íslands með tilmælum um það, að leitað verði úrskurðar Félagsdóms um það, hvaða kaupi saltfiskvinnan skuli greidd. Engin gögn eru fyrir hendi um það, að verklýðsfélagið hafi tilkynnt stefnda um þessa málshöfðunarbeiðni sína, en 4 dögum síðar, eða 4. nóv. 1950 gerir það nýjan kjarasamning við stefnda, og eru aðiljar máls þessa sammála um það, að með þeim samningi sé svo um samið, að saltfiskvinna skuli greidd sama kaupi og fiskvinna í frystihúsum. Ekkert liggur fyrir um það, að stefnda hafi við þá samningsgerð verið kunnugt um það, að stefnandi hefði í hyggju að leita dómsúrskurðar um það, eftir hvaða ákvæði samningsins frá 2. júlí 1949 skyldi greiða fyrir saltfiskvinnu samkvæmt þeim samningi, en stefna í máli þessu

er, svo sem í upphafi dóms þessa greinir, ekki gefin út fyrr en 24. janúar þ. á. og birt 25. s. m.

Með stefnu dags. 2. febr. 1950 höfðaði Verklýðsfélag Skagastrandar fyrir hönd Alberts nokkurs Haraldssonar mál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu gegn Kaupfélagi Skagastrandar til greiðslu á kr. 17.62 og byggðist þessi krafa á því, að kaupfélaginu væri skylt að greiða saltfiskvinnu í frystihúsum með almennu dagvinnukaupi samkvæmt 1. gr. kjarasamningsins frá 2. júlí 1949, en ekki eftir kaupákvæðum 4. gr. sama samnings um fiskvinnu í frystihúsum, svo sem kaupfélagið hafði gert, en það var ásamt Hólanesi h/f aðili að þeim kjarasamningi. Héraðsdómarinn sýknaði kaupfélagið af kröfu þessari með dómi uppkv. 17. marz s. á.

Liggur ekkert fyrir um það í máli þessu, að reynt hafi verið af verklýðsfélagsins hálfu að fá þeim dómi skotið til æðri dóms.

Þegar virt eru þau atriði, sem að framan eru greind, verður að telja, að stefnandi geti ekki nú, eftir að samningurinn frá 2. júlí 1949 er úr gildi genginn og hann hefur án nokkurs áskilnaðar, svo vitað sé, gert nýjan kjarasamning við stefnda, haft uppi kröfur á hendur honum út af kaupgreiðslum fyrir framangreinda saltfiskvinnu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Hólanes h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júlí 1951.

Nr. 16/1949: **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Útvegsmannafélagi Stykkishólms
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson í stað Helga Hannessonar.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms gegn Útvegsmannafélagi Stykkishólms með stefnu, dags. 6. sept. 1949. Stefndi krafðist í upphafi frávísunar, en með úrskurði dómsins 20. október 1949 var þeirri kröfu hans hrundið. Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að dæmt verði, að útvegsmönnum í Útvegsmannafélagi Stykkishólms sé skylt að greiða hlutarsjómönnum kr. 0.55 fyrir hvert kg. af óslægðum þorski vetrarvertíðina 1949. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. febrúar 1949 var undirritaður í Stykkishólmi samningur um kaup og kjör háseta á vélskipum frá Stykkishólmi vetrarvertíðina 1949. Að samningi þessum stóðu annars vegar Verklýðsfélag Stykkishólms, en hins vegar Útvegsmannafélag Stykkishólms.

Í 9. gr. samnings þessa segir svo:

„Útgerðarmanni skal skylt að kaupa fiskinn óslægðan á umsömdu verði, sem sé miðað við, að verð á þorski verði kr. 0.53 pr. kg. og taki fiskinn alla daga vikunnar.“

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 100 frá 19. desember 1948 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl. skal auglýsa svo fljótt

sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski og samkvæmt 9. gr. sömu laga er greiðsla þess fiskverðs, sem auglýst er samkvæmt 8. gr., skilyrði þess, að útgerðarmaður njóti þeirra ráðstafana og ábyrgðar, sem lögin annars heimila útgerðarmönnum í vil.

Þegar framangreindur samningur var gerður hinn 2. febrúar höfðu stjórnarvöld þau, er með mál þessi fóru, ekki ennþá gefið út auglýsingu um lágmarksverð samkvæmt 8. gr. laganna, en hinn 9. febrúar s. á. var slík auglýsing gefin út og var svo mælt í henni m. a., að lágmarksverð á óslægðum fiski skyldi vera kr. 0.55 hvert kg.

Eftir að auglýsingin frá 9. febr. 1949 um fiskábyrgðarverðið hafði verið birt, töldu sjómenn, að útgerðarmönnum væri skylt að greiða þorskinn því verði, sem hún kvað á um, en útvegsmenn töldu sér aðeins skylt gagnvart sjómönnum að greiða það verð, sem 9. gr. kjarasamningsins kvað á um, og er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint. Byggir hann dómkröfur sínar á því, að ákvæði framangreinds kjarasamnings um fiskverðið hafi átt að breytast sjálfkrafa til samræmis við það lágmarksverð, sem auglýst kynni að verða, og hafi báðum samningsaðiljum verið þetta ljóst, er samningurinn var gerður 2. febr. 1949.

Stefndi hefur hinsvegar eindregið mótmælt því, að nokkur ráðagerð hafi verið um það, þegar samningurinn frá 2. febr. 1949 var gerður, að verð það, sem hann tiltók, skyldi breytast til samræmis við það fiskverð, sem auglýst kynni að verða samkvæmt nefndum lögum, nr. 100 frá 1948. Telur hann, að hvorki ákvæði þeirra laga né útgáfa auglýsingarinnar frá 9. febr. 1949 hafi nokkur áhrif á ákvæði kjarasamningsins frá 2. febr. s. á. Greiðsla þess lágmarksverðs, sem auglýst hafi verið 9. febr., sé aðeins forsenda þess, að útgerðarmenn þeir, sem hlut eiga að máli, geti orðið aðnjótandi þeirrar aðstoðar í atvinnurekstri, sem lögin gera ráð fyrir, en skapi sjómönnum ekki sjálfstæðan rétt til þess lágmarksfiskverðs, sem auglýst sé.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir hendi eru í máli þessu, hefur stefnandi ekki fært sönnur að því, að áskilið hafi verið af hans hálfu við samningsgerðina 2. febr. 1949, að fiskverð

það, sem um var samið í 9. gr. samningsins, skyldi breytast til samræmis við þau ákvæði um fiskverð, sem stjórnvöld kynnu síðar að setja samkvæmt lögum nr. 100 frá 1948. Samningurinn sjálfur felur ekki heldur í sér slík ákvæði og ekki verður ráðið af ákvæðum nefndra laga, að fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þeim varðandi fiskverðið hafi út af fyrir sig átt að breyta eða koma í stað ákvæða í kjarasamningum milli verklýðsfélaga og vinnuveitenda.

Hinsvegar er það ekki á valdi þessa dóms, að skera úr um það, hvort sjómenn hafa með nefndum lögum sjálfstæðan rétt á hendur útvegsmönnum til þess lágmarksverðs á fiski, sem sett er samkvæmt ákvæðum laganna. En eftir því sem greinir í bréfi fiskábyrgðarnefndar, dags. 8. febr. þ. á., og samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni stefnda hér fyrir dómi, við munnlegan flutning málsins, hefur nefndin ekki enn tekið fullnaðarafstöðu til þess, hvort félagsmenn í Útvegsmannafélagi Stykkishólms geta notið þeirra hagsbóta, sem lög nr. 100/1948 heimila, ef þeir greiða ekki það lágmarksverð fyrir fisk vertíðina 1949, sem sett var með auglýsingunni 9. febr. s. á.

Samkvæmt framangreindu verður því niðurstaða máls þessa sú, að sýkna ber stefnda af dómkröfu stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af sameiginlegum frestum, sem umboðsmenn málsaðilja hafa fengið vegna sáttaumleitana í málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsmannafélag Stykkishólms, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 12. júlí 1951.

Nr. 9/1950: **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma vegna Sigurjóns Jónssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
eigendum m/b Hásteins ÁR. 193
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómarar Benedikt Sigurjónsson og Eyjólfur Jónsson í stað Ísleifs Árnasonar og Helga Hannessonar.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um kaup fyrir veikindadaga.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 29. nóv. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma, Stokkseyri, vegna Sigurjóns Jónssonar gegn eigendum m/b Hásteins ÁR. 193, Stokkseyri.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. febrúar 1947 var undirritaður á Stokkseyri samningur milli verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma annarsvegar og útgerðarmanna á Stokkseyri hinsvegar, um kaup og kjör háseta á bátum þeim, sem gerðir eru út frá Stokkseyri. Þessi samningur var í gildi til 6. febr. 1949, en þá var hann framlengdur með nokkrum breytingum. Ekki var haggað við 5. gr. samningsins frá 11. febr. 1947, en hún er svohljóðandi:

„Verði háseti frá vinnu vegna veikinda skal hann halda óskertum hlut sínum næstu 10 daga."

Á vetrarvertíðinni 1950 veiktist einn hásetanna á m/b Hásteini tvívegis og var frá vinnu af þeim sökum dagana 7. til 18. apríl og frá 24. apríl til vertíðarloka. Vegna þessara veikinda kom upp ágreiningur milli samningsaðilja um það, hvernig skilja bæri framangreinda 5. gr. samningsins. Heldur stefnandi því fram, að hún feli í sér, að háseti skuli halda óskertum hlut í allt að því 10 daga í hvert sinn, sem hann kann

að veikjast og eigi nefndur Sigurjón því að halda hlut sínum samkvæmt því. Í samræmi við þenna skilning sinn gerir stefnandi þær dómkröfur í máli þessu, að dæmt verði, að áðurnefnd 5. gr. í samningi aðilja máls þessa frá 11. febr. 1947, sem framlengdur var 6. febr. 1949, sé rétt skilin og framkvæmd svo, að Sigurjón Jónsson skuli halda óskertum hlut sínum dagana 7/4—18/4 og 24/4—4/5 1950 og að stefndu sé dæmt skylt að haga reikningsskilum sínum við hann í samræmi við það. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að samkvæmt nefndu ákvæði 5. gr. hafi Sigurjón aðeins átt rétt til hlutar 10 veikindadaga alls á vetrarvertíðinni. Auk þess telur stefndi, að Sigurjón hafi með fyrirvaralausri kvittun sinni, er fullnaðarreikningsskil fóru fram 17. maí 1950, firrt sig rétti til þess að hafa uppi frekari kröfur á hendur eigendum m/b Hásteins út af vetrarvertíðinni 1950.

Stokkseyrarhreppur er eigandi að 1/3 hluta m/b Hásteins. Hefur oddviti hreppsins, Sigurgrímur Jónsson, sem var við samningsgerðina í febrúar 1947 af hálfu útvegsmanna, komið hér fyrir dóm og gefið skýrslu um málavöxtu af hálfu útvegsmanna. Hann kveðst hafa minnst á það við samningsgerðina 1947, hvort hætta gæti verið á, að 5. gr. samningsins yrði skilin svo, að háseti gæti gert kröfu til fleiri en 10 veikindadaga alls, en aðrir samningsaðiljar hafi þá talið það svo fráleitt, að ekki hafi þótt ástæða til þess, að hafa orðalag 5. gr. öðruvísi.

Í samninganefnd verklýðsfélagsins voru í þetta sinn 5 menn. Þrír þeirra: Gunnar Guðmundsson, Steindór Guðmundsson og Gísli Gíslason, hafa lýst því yfir fyrir dómi, að þeir telji sig aðeins hafa samið um 10 veikindadaga alls með framannefndri 5. gr. Einn þeirra, Frímann Sigurðsson, kveður það ávallt hafa verið skoðun sína, að háseti ætti rétt til 10 veikindadaga í hvert sinn, þó að hann veiktist oftar en einu sinni á sömu vertíð, en 5. samninganefndarmaðurinn, Erlendur Jónsson, hefur ekki gefið skýrslu í málinu. Formaður verklýðsfélagsins, Björgvin Sigurðsson, kveðst að vísu

ekki hafa verið í samninganefnd 1947, en hann hafi verið staddur á öllum samningafundunum og ráðið orðalaginu á samningnum. Hann kveðst ekki minnast þess, að það hafi komið til umræðu, er samið var þá, hvort háseti gæti fengið fleiri en 10 veikindadaga samtals. En það er álit hans, að skýra beri það ákvæði samningsins, sem um er deilt, á þann hátt, er stefnandi heldur fram.

Þess skal getið, að aðiljar málsins eru sammála um það, að orðið „næstu" í oftnefndri 5. gr. skuli merkja það, að til veikindadaga háseta skuli telja næstu daga eftir að hann veikist, án tillits til þess, hvort það eru róðrardagar eða ekki.

Orðalag margnefndrar 5. gr. er ekki svo ljóst, að af því einu verði með öruggri vissu ráðið, hvað aðiljar hafi komið sér saman um. En þegar litið er til framangreinds vitnisburðar samninganefndarmannanna, Gunnars, Steindórs og Gísla, að þeir telja sig aðeins hafa samið um 10 veikindadaga alls, og þess jafnframt, að samkvæmt gögnum málsins tíðkast það ekki í kjarasamningum í verstöðvum, sem jafnað verður til Stokkseyrar, að veikindadagar geti orðið svo margir, sem stefnandi vill hér vera láta, verður að telja, að aðeins hafi verið samið um 10 veikindadaga alls með framangreindu samningsákvæði. Er því þá og gaumur gefinn, að 10 veikindadagar alls verða ekki taldir óeðlilegur tími, þegar miðað er við lengd vertíðarinnar sjálfrar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, eigendur m/b Hásteins ÁR. 193, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma vegna Sigurjóns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. nóvember 1951.

Nr. 9/1951: **Farmanna-og fiskimannasamband Íslands f. h. skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. júlí þ. á., af Farmanna og fiskimannasambandi Íslands f. h. skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis gegn Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Stefnandi gerir þær dómkröfur: a) að dæmt verði, að lýsi skuli teljast til þeirra afurða, er matsnefnd samkvæmt 11. gr. samnings aðilja frá 7. nóv. 1950 framkvæmir rannsókn og mat á, hvort tekið hafi verðbreytingum og b) að aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn, skuli miðast við heildarsöluverð hans þar. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 7. nóvember 1950 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um kaup og kjör skipstjóra og fyrstu stýrimanna á botnvörpuskipum.

2. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Auk mánaðarkaups samkvæmt 1. gr. skal greiða skipstjóra 2¼% og stýrimanni 1¼% af:

a) Á ísfiskveiðum af heildarsöluverði fisks að frádregnum 20% af söluverði vegna útflutningsgjalda, tolla erlendis og löndunarkostnaðar.

b) Á saltfiskveiðum af verði fisksins vegnum upp úr skipi, samanber 10. gr. og 11. gr.

c) Á karfaveiðum af heildarsöluverði aflans.

d) Af lýsi 2¼% til skipstjóra en 2½% til stýrimanns af heildarsöluverði, samanber 10. og 11. grein.

e) Á aflaverðlaun greiðist ekki verðlagsuppbót."

Þá segir svo í 10. gr. sama samnings:

„Frá gildistöku samnings þessa skal miða aflaverðlaun af flöttum fiski upp úr skipi við þetta verð á hverri smálest:

1. Saltaður þorskur og langa ..... kr. 1420.00
2. Saltaður upsi og ýsa ..... — 757.00

Aflaverðlaun af flöttum, ósöltuðum fiski greiðist á sama hátt og af saltfiski, þó þannig að hver 1000 kg. af flöttum ósöltuðum fiski jafngilda 720 kg. af saltfiski.

Aflaverðlaun af óflöttum fiski, sem seldur er innanlands miðast við söluverð hans upp úr skipi, sem ekki má vera lægra en almennt gangverð, miðað við löndunarhöfn og ástand fisksins.

Aflaverðlaun af saltfiski, sem veiddur er utan Íslandsmiða, skulu vera 10% hærri en að framan segir.

Framangreint tímabil skal verð hverrar smálestar lýsis nr. I og II teljast kr. 3100.00, en verð hverrar smálestar lýsis nr. III og lakara lýsis kr. 400.00.

Miða skal við vottorð lýsismatsmanna, að því er varðar magn og flokkun lýsis."

Loks er 11. gr. samnings þessa svohljóðandi:

„Hvor samningsaðilja nefnir einn mann í nefnd til þess að framkvæma rannsókn og mat á því, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaun eru miðuð við. Þriðja mann í nefnd þessa nefnir borgardómarinn í Reykjavík. Tekur sá maður sæti í nefndinni, er ágreiningur verður með nefndarmönnum aðilja, og skal hann vera formaður nefndarinnar, er hann gegnir þar störfum.

Hvenær sem er á samningstímabilinu getur hvor aðili um sig, ef hann telur ástæðu til, krafizt úrskurðar nefndarinnar, hvert teljast skuli verð umræddra afurða.

Nú telur nefndin, að orðið hafi verðbreytingar, er nemi 10% afurðaverðs, er leggja ber til grundvallar aflaverðlaunum eða meiru, og skulu aflaverðlaun þá til næstu verðákvörðunar miðuð við hið breytta verð."

Til þess tíma, er þessi samningur var gerður, hafði kjörum skipstjóra og stýrimanna verið svo háttað, að þeir fengu, eins og nú, fastákveðið mánaðarkaup og tiltekinn hundraðshluta

af söluverði aflans. Auk þessa höfðu þeir áður fengið í sinn hlut fyrirfram tiltekna fjárhæð af hverjum 165.9 lítrum lifrar, án tillits til þess, hverju verði hún seldist, svokallaða lifrarpeninga. En með samningnum 7. nóv. verður sú breyting, að til grundvallar aflaverðlaunum af saltfiski og flöttum fiski er lagt fastákveðið verð, sbr. 10. gr. Það verð getur svo aftur tekið breytingum samkvæmt því, sem nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. hans, kann að komast að niðurstöðu um. Jafnframt þessu var sú breyting gerð á hinum eldri ákvæðum um lifrarhlutinn, að nú skulu skipstjórar og stýrimenn fá tiltekinn hundraðshluta, sbr. d-lið 2. gr., af heildarsöluverði lýsisins, en samkvæmt 10. gr. skal miða við það verð fyrir hverja smálest lýsis, sem þar er greint. En það er annað þeirra ágreiningsatriða, sem um er deilt í máli þessu, hvort það verð sé háð breytingum skv. 11. gr.

Hinn 19. febrúar þ. á. ritaði skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir stefnda bréf þess efnis, að óskir hafi komið fram frá mörgum félagsmönnum sínum um það, að endurskoðun fari fram á verðupphæð þeirri *„sem aflaverðlaun félagsmanna eru reiknuð eftir, vegna verðhækkunar á lýsi.“* Jafnframt tilkynnir félagið stefnda, að nafngreindur skipstjóri hafi af hálfu félagsins verið valinn í nefnd þá, sem samningurinn frá 7. november 1950 geri ráð fyrir. Ekki sést, að stefndi hafi svarað bréfi þessu né haft uppi athugasemdir vegna efnis þess, en þó virðist maður hafa verið valinn í nefnd þessa af hálfu stefnda, því að 19. apríl s. á. ritar nefndur skipstjóri stefnda bréf, þar sem hann skýrir frá því, að hann og útgerðarmaður sá, sem nefndur hafi verið til þess, *„að framkvæma mat á lýsisverði“* hafi ekki komizt að niðurstöðu í því máli. Ber skipstjórinn þar fram ákveðna tillögu um það, hvert verð lýsisins skuli talið, og óskar þess, að stefndi hlutist til um það, að fenginn sé þriðji maðurinn í nefndina samkvæmt ákvæðum 11. gr., ef stefndi vilji ekki fallast á verðákvörðun sína. Þessu bréfi svarar framkvæmdastjóri stefnda 21. s. m. Viðurkennir þar móttöku bréfs skipstjórans frá 19. apríl „varðandi mat á lýsisverði“, en kveður ekki hægt að leggja tillögur skipstjórans fyrir stjórn stefnda fyrr en 26.

apríl. Hinn 21. maí ritar Farmanna- og fiskimannasambandið stefnda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til 14. gr. samnings F. Í. B. við skipstjóra og stýrimannafélagið „Ægi", Rvík, og „Vélstjórafélag Íslands", frá 7. nóvember 1950, leyfum vér oss hérmeð að tilkynna yður, að téð félög hafa snúið sér til vor með tilmælum um, að vér tilnefndum mann til að endurskoða, með fulltrúa yðar, hugsanlegar verðbreytingar á *fiski þeim og lýsi, er nefndur samningur kveður á um*. . . ."

Þessu bréfi svarar stefndi 25. s. m. og segir þar svo:

„Hefur stjórn F. Í. B. því ákveðið að fela Hafsteini Bergþórssyni áframhaldandi *endurskoðun á fisk- og lýsisverði*, sem um getur í samningi félagsins við stéttarfélög yfirmanna á togurum, dags. 7. nóv. 1950."

Ekki varð þó úr því, að umrædd nefnd kæmist að neinni niðurstöðu, sökum ágreinings um það, hvernig skilja bæri ákvæði 10. gr. samningsins. Og er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta og gerði síðan við munnlegan flutning þess framangreindar dómkröfur.

Verða þær nú teknar til athugunar.

a) *Lýsið:* Stefnandi heldur því fram, að lýsið sé meðal þeirra afurða, sem nefnd sú, er um ræðir í framangreindri 11. gr., skuli rannsaka og meta hvort verðbreyting hafi orðið á, og samkvæmt því eigi verðbreytingar á lýsi, sem nema 10%, að hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar, eftir því í hvora átt þær hafa hnigið, á það lýsisverð, sem aflaverðlaunin miðast við. Verð það, sem um getur í 10. gr. samningsins, sé þáverandi verð á lýsinu, er aðeins hafi átt að miða við, þar til breyting yrði á því. Sé þetta ljóst af ákvæðum samningsins sjálfs og komi skýrt í ljós af því, að í d-lið 2. gr. sé beinlínis vitnað til 11. gr. samningsins, enda beinlínis verið um það rætt við samningsgerðina.

Stefndi telur hins vegar, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið, þ. e. það verð, sem tilgreint sé í 10. gr. samningsins. Kveður hann, að orðin „framangreint tímabil" í upphafi næstsíðustu málsgreinar 10. gr. merki „samningstímabilið", og sé tilvísun d-liðs 2. gr. til 10. gr. þýðingarlaus, og enda aðeins þar komin af vangá. Fullyrðir

hann, að það hafi komið glöggt fram, er samningar voru gerðir, að lýsisverðið skyldi vera fast, enda hafi svo alltaf verið áður meðan hinir svokölluðu lifrarpeningar voru greiddir og engin breyting átt að verða á því.

Fulltrúar þeir, sem aðallega fóru með samninga af hálfu beggja aðilja við samningana 7. nóvember f. á., hafa komið hér fyrir dóm og gefið skýrslur um það, sem þeir telja, að aðiljum hafi farið á milli um verð lýsisins við þá samningsgerð. Eru vitnisburðir þeirra algerlega andstæðir og ekki hægt að leggja þá til grundvallar, er skera skal úr um það, um hvað hafi verið samið varðandi lýsisverðið.

Þegar samningar þessir fóru fram haustið 1950 stóð svo á, að stefndi stóð jafnframt í samningum við sjómannafélögin um kaup og kjör háseta og einnig við Vélstjórafélag Íslands vegna vélstjóranna. Hinn 6. nóv. gerði stefndi samning við sjómannafélögin og var við þá samningsgerð lagt til grundvallar samningsuppkast frá sáttanefnd þeirri, sem vann að samkomulagi í deilu þeirra aðilja. Daginn eftir, hinn 7. nóv., samdi stefndi því næst við vélstjórafélagið. Samningurinn við skipstjóra og stýrimannafélagið var síðan gerður síðar sama dag, og eru aðiljar sammála um það, að vélstjórasamningurinn hafi þá verið hafður til fyrirmyndar, enda er 10. og 11. gr. skipstjóra- og stýrimannasamningsins að mestu samhljóða 13. gr. og 14. gr. vélstjórasamningsins. En sýnilegt er, að sjómannasamningurinn hefur verið lagður til grundvallar þeirri samningsgerð því 10. og 11. gr. skipstjóra og stýrimannasamningsins og 13. gr. og 14. gr. vélstjórasamningsins eru í höfuðatriðum samhljóða 24. og 25. gr. sjómannasamningsins.

Samkvæmt 11. gr. þess samnings, sem um er deilt í máli þessu og að framan greinir, er það aðalreglan, að nefnd sú, er greinin gerir ráð fyrir, skuli framkvæma rannsókn og mat á því, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaun eru miðuð við. Ekki getur leikið vafi á því, að lýsið er afurðir, sem aflaverðlaun eru miðuð við, því þau eru greind í d-lið 2. gr. og jafnframt í þeim lið beinlínis vísað til ákvæða 11. gr. Það hefði því þurft að koma ótvírætt fram í samningnum, ef undanskilja átti lýsið ákvæðum 11. gr. En

gegn skýlausri tilvitnun d-liðs 2. gr. til 11. gr. sama samnings verður ekki talið, að hið óljósa orðalag „framangreint tímabil" undanskilji lýsið ákvæðum 11. gr. Þegar öll þessi atriði eru virt, og það jafnframt haft í huga, að stefndi hafði ekki uppi andmæli gegn því, að lýsið félli undir verksvið nefndarinnar samkvæmt 11. gr. samningsins, þótt fullt tilefni gæfist til þess í sambandi við þau bréfaskipti, sem að framan eru rakin, verður að telja, að gögn bresti fyrir þeirri staðhæfingu stefnda, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið. Ber því að taka til greina þenna kröfulið stefnanda.

b) *Aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn.*

Aðilja greinir á um það, hversu fara skuli um aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn. Heldur stefnandi því fram, að um það eigi að fara eftir ákvæðum a-liðs 2. greinar (ísfiskveiðar).

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að ákvæði 10. gr. um aflaverðlaun af saltfiski eigi einnig við um saltfisk, sem veginn er upp úr skipi erlendis.

Aðiljar eru sammála um það, að fyrir 7. nóvember 1950 hafi verið fylgt þeirri reglu um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn, að aflaverðlaun væru reiknuð af söluverði aflans þar með sama hætti og þegar um ísfisksölu hafi verið að ræða. Hér fyrir dómi hefur formaður samninganefndar skipstjóra- og stýrimannafélagsins staðhæft, að við samningsgerðina hafi verið um það rætt og það verið ágreiningslaust með samningsaðiljum, að sama regla skyldi gilda framvegis um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn og áður hefði tíðkazt, þ. e. reglurnar um ísfisksölu, og því sama er haldið fram af öðrum samninganefndarmanni skipstjóranna. Á svipaða lund er skýrsla tveggja samninganefndarmanna útvegsmanna, og var annar þeirra formaður samninganefndarinnar. Hafa þessir menn báðir lýst því yfir hér fyrir dómi, að ekki hafi átt að verða breyting á því fyrirkomulagi um saltfisksölluna erlendis, sem áður hafði tíðkazt. Þriðji samninganefndarmaðurinn af hálfu útvegsmanna, sem komið hefur fyrir dóm, kveðst ekki minnast þess, að þetta hafi borið á góma sérstaklega.

Þegar þetta er virt og það jafnframt haft í huga, að hvorki orðalag né andi samningsins virðist vera því til fyrirstöðu að leggja þann skilning í samninginn, sem stefnandi heldur fram um saltfisksölu erlendis, þykir bera að taka þessa dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Lýsi telst til þeirra afurða, sem matsnefnd samkvæmt 11. gr. framangreinds samnings metur, hvort tekið hafi verðbreytingum.

2. Aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn, skulu miðast við heildarsöluverð hans þar.

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, greiði stefnanda, Farmanna og fiskimannasambandi Íslands f. h. skipstjóra og stýrimannafélagsins Ægis, kr. 800.00 málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1951.

Nr. 10/1951: **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. júlí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Stefnandi gerir þær dómkröfur: a) að dæmt verði, að lýsi skuli teljast til þeirra afurða, er matsnefnd samkvæmt 14. gr. samnings málsaðilja, frá 7. nóv. 1950, framkvæmir rannsókn og mat á, hvort tekið hafi verðbreytingum og b) að

aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn, skuli miðast við heildarsöluverð hans þar. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 7. nóvember 1950 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um kaup og kjör vélstjóra á botnvörpuskipum.

2. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Auk mánaðarkaups samkvæmt 1. gr. skal greiða 1. vélstjóra:

a) Á ísfiskveiðum 1½% af heildarsöluverði fisks að frádregnum 20% af söluverði vegna útflutningsgjalda, tolla erlendis og löndunarkostnaðar.

b) Á saltfiskveiðum 1½% af verði fisksins, vegnum upp úr skipi, sbr. 13. og 14. grein.

c) Á karfaveiðum 1½% af heildarsöluverði aflans.

d) Af lýsi 2.75% af heildarsöluverði samanber 13. gr.

Miðað skal við vottorð lýsismatsmanns, að því er varðar magn og flokkun.

e) Á aflaverðlaun greiðist ekki verðlagsuppbót."

Þá segir svo í 13. gr. sama samnings:

„Frá gildistöku samnings þessa skal miða aflaverðlaun af flöttum fiski upp úr skipi við þetta verð á hverri smálest:

1. Saltaður þorskur og langa ..... kr. 1420.00
2. Saltaður upsi og ýsa ..... — 757.00

Aflaverðlaun af flöttum, ósöltuðum fiski greiðast á sama hátt og af saltfiski, þó þannig, að hver 1000 kg. af flöttum ósöltuðum fiski jafngilda 720 kg. af saltfiski.

Aflaverðlaun af saltfiski, sem veiddur er utan Íslandsmiða, skulu vera 10% hærri en að framan segir.

Framangreint tímabil skal verð hverrar smálestar lýsis nr. I og II teljast kr. 3100.00, en verð hverrar smálestar lýsis nr. III og lakara lýsis kr. 400.00.

Miða skal við vottorð lýsismatsmanns að því er varðar magn og flokkun lýsis."

Loks er 14. gr. samnings þessa svohljóðandi:

„Hvor samningsaðilja nefnir einn mann í nefnd til þess að

framkvæma rannsókn og mat á því, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaun eru miðuð við. Þriðja mann í nefnd þessa nefnir borgardómarinn í Reykjavík. Tekur sá maður sæti í nefndinni, er ágreiningur verður með nefndarmönnum aðilja, og skal hann vera formaður nefndarinnar, er hann gegnir þar störfum.

Hvenær sem er á samningstímabilinu getur hvor aðili um sig, ef hann telur ástæðu til, krafizt úrskurðar nefndarinnar, hvert teljast skuli verð umræddra afurða og hver löndunarkostnaður skuli vera.

Nú telur nefndin, að orðið hafi verðbreytingar, er nemi 10% afurðaverðs, er leggja ber til grundvallar aflaverðlaunum eða meiru, og skulu aflaverðlaun þá til næstu verðákvörðunar miðuð við hið breytta verð."

Til þess tíma er þessi samningur var gerður, hafði kjörum vélstjóra verið svo háttað, að þeir fengu, eins og nú, fastákveðið mánaðarkaup og tiltekinn hundraðshluta af söluverði aflans. Auk þess höfðu þeir fengið í sinn hlut fyrirfram tiltekna fjárhæð af hverjum 165.9 lítrum lifrar, án tillits til þess, hverju verði hún seldist, svokallaða lifrarpeninga. Með samningnum 7. nóvember verður sú breyting, að til grundvallar aflaverðlaunum af saltfiski og flöttum fiski er lagt fastákveðið verð, sbr. 12. gr. Það verð getur svo aftur tekið breytingum samkvæmt því, sem nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í 14. gr. hans, kann að komast að niðurstöðu um. Jafnframt var sú breyting gerð á hinum eldri ákvæðum um lifrarhlutinn, að nú skulu vélstjórar fá tiltekinn hundraðshluta, sbr. d- lið 2. gr., af heildarsöluverði lýsisins, en samkvæmt 13. gr. skal miða við það verð fyrir hverja smálest lýsis, sem þar er greint. En það er annað ágreiningsefna máls þessa, hvort það verð sé háð breytingum skv. 14. gr. samningsins.

Hinn 21. maí ritar Farmanna- og fiskimannasambandið stefnda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til 14. gr. samnings F. Í. B. við skipstjóra- og stýrimannafélagið „Ægi", Rvík, og „Vélstjórafélag Íslands", frá 7. nóv. 1950, leyfum vér oss hér með að tilkynna yður, að téð félög hafa snúið sér til vor með tilmælum um, að vér tilnefnum mann til að endurskoða, með fulltrúa yðar,

hugsanlegar verðbreytingar á fiski þeim og lýsi, er nefndur samningur kveður á um....“

Þessu bréfi svarar stefndi 25. s. m. og segir þar m. a. svo:

„....Hefur stjórn F. Í. B. því ákveðið að fela Hafsteini Þergþórssyni áframhaldandi endurskoðun á fisk- og lýsisverði, sem um getur í samningi félagsins við stéttarfélög yfirmanna á togurum, dags. 7. nóvember 1950.“

Ekki varð þó úr því, að umrædd nefnd kæmist að neinni niðurstöðu, sökum ágreinings um það, hvernig skilja bæri ákvæði 13. gr. samningsins. Og er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta, og gerði síðan við munnlegan flutnings þess framangreindar dómkröfur.

Verða þær nú teknar til athugunar:

a) *Lýsið:* Stefnandi heldur því fram, að lýsið sé meðal þeirra afurða, sem nefnd sú, er um ræðir í framangreindri 14. gr., skuli rannsaka og meta, hvort verðbreyting hafi orðið á, og samkvæmt því eigi verðbreytingar á lýsi, sem nema 10%, að hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar, eftir því í hvora átt þær hafa hnigið, á það lýsisverð, sem aflaverðlaunin miðast við. Verð það, sem um getur í 13. gr. samningsins, sé þáverandi verð á lýsinu, er aðeins hafi átt að miða við, þar til breyting yrði á því. Sé þetta ljóst af ákvæðum samningsins sjálfs og hafi komið skýrt fram milli aðilja, er samningurinn var gerður.

Stefndi telur hins vegar, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið, þ. e. það verð, sem tilgreint sé í 13. gr. samningsins. Kveður hann, að orðin „framangreint tímabil“ í upphafi næstsíðustu málsgreinar 13. gr. merki „samningstímabilið“, enda sé ekki vísað til 14. gr. í d-lið 2. gr. þessa samnings. Fullyrðir hann, að það hafi komið glöggt fram, er samningar voru gerðir, að lýsisverðið skyldi vera fast, enda hafi svo allt af verið áður, meðan hinir svokölluðu lifrarpeningar voru greiddir og engin breyting átt að verða á því.

Fulltrúar þeir, sem fóru aðallega með samninga af hálfu beggja aðilja, er þeir sömdu 7. nóvember f. á., hafa komið hér fyrir dóm og gefið skýrslur um það, sem þeir telja að aðiljum hafi farið á milli um verð lýsisins við þá samningsgerð.

Eru vitnisburðir þeirra algerlega andstæðir og ekki hægt að byggja á skýrslum þeirra er skera skal úr því, um hvað hafi verið samið varðandi lýsisverðið.

Þegar samningar þessir fóru fram haustið 1950 stóð svo á, að stefndi stóð jafnframt í samningum við sjómannafélögin um kaup og kjör háseta og eins við skipstjóra og stýrimenn. Hinn 6. nóvember gerði stefndi samning við sjómannafélögin og var við þá samningsgerð lagt til grundvallar samningsuppkast frá sáttanefnd þeirri, sem vann að samkomulagi í deilu þeirra aðilja. Daginn eftir, hinn 7. nóvember, samdi stefndi því næst við vélstjórafélagið. Er sýnilegt, að sjómannasamningurinn hefur verið lagður til grundvallar þeirri samningsgerð, því að 13. og 14. gr. vélstjórasamningsins er í höfuðatriðum samhljóða 24. og 25. gr. sjómannasamningsins. Samningurinn við skipstjóra- og stýrimannafélagið var síðan gerður síðar sama dag, og eru aðiljar sammála um það, að vélstjórasamningurinn hafi þá verið hafður til fyrirmyndar.

Samkvæmt 14. gr. þess samnings, sem um er deilt í máli þessu og að framan greinir, er það aðalreglan, að nefnd sú, er greinin gerir ráð fyrir, skuli rannsaka og meta, hvort breytingar hafi orðið á verði afurða þeirra, sem aflaverðlaunin eru miðuð við. Ekki getur leikið vafi á því, að lýsið er afurðir, sem aflaverðlaun eru miðuð við, sbr. d-lið 2. gr. Að vísu er ekki í þeim lið vísað beint til 14. gr. sama samnings, eins og gert er í hliðstæðum samningi stefnda við skipstjóra og stýrimenn, en telja verður, að það hefði þurft að koma ótvírætt fram, ef tilætlunin var, að lýsið væri undanþegið ákvæðum 14. gr. Verður þá næst fyrir að athuga þá staðhæfingu stefnda, að orðin „framangreint tímabil“ í 13. gr. þessa samnings, beri að skilja svo, að þau feli í sér þá merkingu, að samið hafi verið um fast verð, þrátt fyrir ákvæði 14. gr. Orðalag þetta er, eins og áður hefur verið vikið að, tekið upp eftir sjómannasamningnum. Eins og á stendur verður ekki lögð víðtækari merking í tilvitnuð orð en svo, að verðákvæði greinarinnar taki aðeins til þar greinds verðs frá upphafi samningstímabilsins, þar til annað verð tekur gildi samkvæmt ákvæðum 14. gr.

Þegar öll þessi atriði eru virt og það jafnframt haft í huga,

að stefndi hafði ekki uppi andmæli gegn því, að lýsið félli undir verksvið nefndarinnar samkvæmt 14. gr. samningsins, þótt fullt tilefni gæfist til þess í sambandi við þau bréfaskipti, sem að framan eru rakin, verður að telja, að gögn bresti fyrir þeirri staðhæfingu stefnda, að samið hafi verið um fast verð á lýsinu allt samningstímabilið. Ber því að taka til greina þennan kröfulið stefnanda.

b) *Aflaverðlaun af saltfiski, sem landað er í erlendri höfn.*

Aðilja greinir á um það, hversu fara skuli um aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn. Heldur stefnandi því fram, að um það eigi að fara eftir ákvæðum a-liðs 2. gr. (ísfiskveiðar).

Stefndi heldur því hins vegar fram, að ákvæði 13. gr. um aflaverðlaun af saltfiski eigi einnig við um saltfisk, sem veginn er upp úr skipi erlendis.

Aðiljar eru sammála um það, að fyrir 7. nóv. 1950 hafi verið fylgt þeirri reglu um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn, að aflaverðlaun væru reiknuð af söluverði aflans þar með sama hætti og þegar um ísfisksölu hafi verið að ræða. Hér fyrir dómi hefur framkvæmdastjóri vélstjórafélagsins, en hann var í samninganefnd, staðhæft, að við samningsgerðina hafi það verið ágreiningslaust með samningsaðiljum, að sama regla skyldi gilda framvegis um sölu saltfisks upp úr skipi í erlendri höfn og áður hefði tíðkazt, þ. e. reglan um ísfisksöluna, og því sama er haldið fram af öðrum samninganefndarmanni vélstjóranna. Á svipaða lund er skýrsla tveggja samninganefndarmanna útvegsmanna og var annar þeirra formaður samninganefndarinnar. Hafa þessir menn báðir lýst því yfir hér fyrir dómi, að ekki hafi átt að verða breyting á því fyrirkomulagi um saltfisksöluna erlendis, sem áður hafði tíðkazt. Þriðji samninganefndarmaðurinn af hálfu útvegsmanna, sem einnig hefur komið fyrir dóm, kveðst ekki minnast þess, að þetta hafi borið á góma sérstaklega.

Þegar þetta er virt og það jafnframt haft í huga, að hvorki orðalag né andi samningsins virðast vera því til fyrirstöðu að leggja þann skilning í samninginn, sem stefnandi heldur fram um saltfisksölu erlendis, þykir rétt að taka þessa dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Lýsi telst til þeirra afurða, sem matsnefnd samkvæmt 14. gr. framannefnds samnings metur, hvort tekið hafi verðbreytingum.

2. Aflaverðlaun af saltfiski, sem veginn er upp úr skipi í erlendri höfn, skulu miðast við heildarsöluverð hans þar.

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1951.

Nr. 12/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h. Félags íslenzkra rafvirkja**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra rafvirkja gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara með stefnu, dags. 27. sept. s.l. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að 2. gr. í kjarasamningi aðilja, dags. 9. marz 1948 með síðari framlengingum og breytingum, sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að félagsmönnum í Félagi löggiltra

rafvirkjameistara sé skylt að greiða félagsmönnum í Félagi ísl. rafvirkja, er hjá þeim vinna, dagvinnukaup fyrir 48 klst. vinnuviku, ef þeir mæta til vinnunnar réttstundis og eru ekki ráðnir til ákveðins tíma — þó þannig, að til frádráttar komi þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. samningsins.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara, að 2. gr. framangreinds kjarasamnings milli aðilja sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að félagsmönnum í Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík skuli því aðeins skylt að greiða félagsmönnum í Félagi ísl. rafvirkja, er hjá þeim vinna, dagvinnukaup fyrir 48 klst. vinnuviku, ef þeir mæta réttstundis og eru ekki ráðnir til ákveðins tíma, að ekki hafi verið um annað samið milli þeirra meistara og sveina, er hlut eiga að máli, enda komi til frádráttar þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. samningsins. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. marz 1948 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör, og er 12. gr. samningsins svohljóðandi:

„Uppsagnarfrestur af beggja hálfu, meistara og sveina, skal vera einn mánuður. Þegar rafvirkjar eru ráðnir til ákveðins tíma þarf ekki uppsagnarfrest, nema rafvirkinn hafi unnið 4 vikur eða lengur samfleytt.“

Í 2. gr. sama samnings segir svo:

„Vegna niðurfelldra kaffitíma, sem unnir eru, telst vinnuvikan 48 klst. o. s. frv.“

5. gr. þessa sama samnings hljóðar svo:

„Mæti sveinn ekki til vinnu á réttum tíma, eins og samningur þessi segir til um, án þess að óviðráðanlegar orsakir liggi til, eða ef samkomulag er milli sveins og meistara um annað í hverju tilfelli, er meistara heimilt að draga frá launum sveinsins 50% af kaupverði hinna vanræktu vinnustunda þannig, að byrji hann t. d. ekki vinnu fyrr en kl. 9 í stað kl. 8 greiðist honum ekki nema frá kl. 9.30 þann dag. Fjarvera frá vinnu hálfan dag eða meira gefur þó ekki rétt til frádráttar á kaupi með 50% álagi.“

Enn segir svo í 6. gr.:

„Þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, skulu þær reglur gilda um dagvinnu, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, kaffi- og matarhlé, sem samningur þessi tiltekur.

Á leið til ákvörðunarstaðar skal greitt samkvæmt 1. gr. samnings þessa fyrir alla þá tíma, sem verið er í ferðalagi, sem farið er landveg eða loftleiðis. Sé farið sjóleiðis greiðist dagvinnukaup samkvæmt 1. gr. fyrir hvern dag meðan á ferðinni stendur, þó einungis fyrir þann stundafjölda, sem til dagvinnu telst.

Sama gildir um heimferð.

Falli vinna niður sökum veðurs, efnisskorts eða annarra orsaka, er sveinninn á ekki sök á, greiðist fullt dagvinnukaup.

Ef farið er sjóleiðis að næturlagi, skal félagsmanni séð fyrir hvílu. Þá skulu menn og hafa fríar ferðir, húsnæði og fæði á staðnum."

Framangreindum samningsákvæðum hefur ekki verið breytt síðan og standa þau þannig í núgildandi kjarasamningi málsaðilja.

Ákvæði framangreindrar 12. gr. samningsins um uppsagnarfrestinn voru tekin upp í samninga aðilja þegar þeir sömdu árið 1946. Um þær mundir var næg atvinna í rafvirkjaiðninni. Kveður stefndi, að það hafi þá verið títt og alvanalegt, að rafvirkjar hyrfu fyrirvaralaust úr þjónustu meistara sinna, og því hafi meistarar beitt sér fyrir ákvæðinu um eins mánaðar uppsagnarfrest af hálfu rafvirkjanna. Stefnandi hefur ekki andmælt því, að ákvæði þetta sé komið frá meisturunum, en kveðst hafa samþykkt það með því skilyrði, að rafvirkjar fengju þá sama rétt gagnvart rafvirkjameisturunum, þ. e. tryggingu fyrir því, að fastráðnum sveinum yrði ekki sagt upp með skemmri fyrirvara en einum mánuði, eins og ákvæði greinarinnar sýnir. Ekkert liggur fyrir um það, hvað milli aðilja hefur þá farið um það, hvað felast ætti í samningsákvæði þessu, og er ekki að sjá, að til neins ágreinings hafi komið milli þeirra út af þessu ákvæði á árunum 1946—1949, enda eru þá yfirleitt fyrir hendi næg verkefni í rafvirkjaiðninni.

En þegar kemur fram á árið 1950 fer að verða vart við verkefnaskort. Jafnframt kemur í ljós, að aðiljar eru ekki sammála um það, hvernig skilja beri ákvæði 12. og 2. gr. samningsins, þær sem að framan greinir. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að félagsmenn hans hafi frá upphafi framkvæmt þessi samningsákvæði svo, að rafvirkjarnir fengju því aðeins greitt kaup, að vinna væri fyrir hendi, án tillits til þess, hvort þeim hefði verið sagt upp með áskildum fyrirvara. Stefnandi telur hins vegar, að hann hafi strax og tilefni gafst til haldið því fram, að með framangreindum samningsákvæðum væri fastráðnum sveinum tryggt kaup fyrir 48 stunda vinnuviku, án tillits til þess, hvort verkefni væru fyrir hendi hjá rafvirkjameisturunum, og hafi hann aldrei hvikað frá þeirri skoðun sinni í viðskiptum sínum við stefnda.

Af gögnum málsins sést, að stefnandi hefur haldið þessu fram í bréfi til h/f Seguls hinn 11. júní 1950, og samkvæmt skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja er ljóst, að þeim hefur hvorum um sig verið kunn afstaða hins til þessa máls í september 1950. Þá stóð svo á, að rafvirkjar höfðu, samkvæmt tilmælum Alþýðusambands Íslands, sagt upp gildandi kjarasamningi. Var sú uppsögn einn liður í viðleitni sambandsins til þess að fá hærri verðlagsuppbætur, en þá voru greiddar. Eftir að samningar höfðu tekizt um þau mál og til þess kom, að aðiljar máls þessa skyldu endurnýja samninga sína, vildu rafvirkjameistarar því aðeins endurnýja þá, að upphaf 2. gr. væri orðað svo:

„Sé vinna fyrir hendi hjá meistara telst vinnuvika 48 stundir og skiptist o. s. frv.“

Þessu höfnuðu rafvirkjarnir algerlega og eftir nokkurt þóf féllu rafvirkjameistarar frá kröfu sinni um breytingu og voru hinir eldri samningar síðan undirritaðir óbreyttir að þessu leyti hinn 21. sept. 1950, eftir að rafvirkjarnir höfðu boðað til verkfalls. Eftir þessa samningsgerð virðast rafvirkjar enn sem fyrr halda fram þeirri skoðun, að kjarasamningurinn feli í sér 48 stunda kauptryggingu hverja viku, því hinn 1. febr. þ. á. ritar stefnandi Raftækjavinnustofunni Norðurljósi bréf, þar sem þessari skoðun er haldið fram.

Aðiljar máls þessa tóku báðir þátt í hinum almennu kaup-

deilum, sem áttu sér stað í s.l. vori milli vinnuveitenda og launþega, og eftir að heildarsamtök nefndra aðilja höfðu komizt að samkomulagi, framlengdu aðiljar máls þessa hinn 21. maí s.l. hinn eldri samning sinn fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins, og það án þess að gerðar væru nokkrar breytingar á þeim ákvæðum hans, sem um er deilt hér. Munu aðiljar alls ekki hafa ræðst við í þetta sinn, hvorki um þessi atriði né önnur, en látið við þær breytingar sitja, sem heildarsamtök vinnuveitenda og launþega komu sér saman um.

Ágreiningurinn um 48 stunda vikulega vinnutryggingu var þó enn fyrir hendi, því hinn 16. júlí s.l. ritar stefnandi stefnda svohljóðandi bréf:

„Að undanförnu hefur það komið fyrir, að rafvirkjameistarar í félagi yðar hafa ekki greitt rafvirkjum samkvæmt samningi félags vors við yður, þ. e. þeir hafa ekki fengið greiddar 48 klst. á viku, þótt þeir hafi mætt til vinnu. En eins og yður er kunnugt gerir fyrrnefndur samningur ráð fyrir því, að greiða skuli fulla vinnuviku með 48 klst. svo lengi sem viðkomandi rafvirkja hefur ekki verið sagt upp vinnu sinni með a. m. k. eins mánaðar fyrirvara, sbr. 12. gr. samningsins.

Vér höfum oft áður látið í ljós okkar skilning á þessu atriði samningsins við yður og einstaka meðlimi félags yðar og mótmælt þessum vanefndum á samningnum, sbr. það sem að framan segir. Viljum vér hér með enn einu sinni gera þá kröfu til yðar, að þér hlutist til um, að meðlimir félags yðar greiði rafvirkjum kaup samkvæmt gildandi samningi, þ. e. 48 klst. á viku, að öðrum kosti teljum vér, að ekki muni verða hjá því komizt að gera félag yðar og einstaka meðlimi þess ábyrga vegna brota á gildandi samningi.

Væntum vér heiðraðs svars yðar fyrir 20. þ. m.“

Þessu bréfi svaraði stefndi hinn 30. s. m. og segir þar m. a. svo:

„Ákvæði um 48 stunda vinnuviku merkja einungis það hámark á dagvinnutíma, sem rafvirkjameistarar eiga rétt á að fá unninn á venjulegu dagvinnukaupi, enda sé vinnan framkvæmd á þeim tímum dagsins, sem um getur í 2. gr. samnings vors við yður.

Með vísun til framanritaðs leyfum vér oss að mótmæla skilningi þeim, er fram kemur í áður ívitnuðu bréfi til vor, dags. 16. júlí s.l."

Samkomulag náðist ekki milli aðilja um ágreining þenna og höfðaði þá stefnandi mál þetta, svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeim rökum, að ljóst sé af ákvæðum samningsins sjálfs, að rafvirkjar eigi samkvæmt 2. gr. og 12. gr. framangreinds samnings rétt til kaups minnst 48 stundir á viku hverri, að frádregnum þeim helgidögum, sem taldir séu í 3. gr. Telur hann, að stefndi hafi beinlínis viðurkennt þenna skilning í sambandi við samningsumleitanir þær, sem fram fóru í september 1950 og að framan er lýst, er hann féll frá kröfu sinni um breytingu á orðalagi 2. gr. Stefnandi kveður, að á árinu 1950 hafi farið að berast kvartanir frá rafvirkjum um það, að þeir fengju ekki kaup fyrir 48 stunda vinnuviku, ef verkefni væru ekki fyrir hendi. Hafi hann þá strax mótmælt þeim skilningi einstakra rafvirkjameistara og rafvirkjameistarafélagsins á þeim ákvæðum kjarasamnings aðilja, sem hér er um að ræða, og æ síðan, er tilefni gafst, fylgt fram þeirri skoðun sinni.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að oftnefnd samningsákvæði feli í sér skuldbindingar af hálfu rafvirkjameistaranna um það, að greiða rafvirkjum kaup fyrir 48 stunda vinnuviku. Telur hann, að ákvæði kjarasamningsins um uppsagnarfrest taki aðeins til þess, að meistari megi ekki láta rafvirkja hætta vinnu án uppsagnar, ef verkefni sé fyrir hendi. Þá heldur stefndi því og fram, að í 5. gr. samningsins, sem rakin er hér að framan, felist heimild til þess, að rafvirkjar og meistarar geti samið um það sín á milli, hve langur vinnutíminn skuli vera. Einnig telur hann, að af ákvæðum framangreindrar 4. mgr. 6. gr. sama samnings verði að ályktá, að rafvirkjar eigi ekki rétt til kaups heima fyrir, ef verkefni séu ekki fyrir hendi þar. Enn mótmælir stefndi því eindregið, að framkoma rafvirkjameistaranna við samningaumleitanirnar í september 1950 hafi falið í sér nokkra viðurkenningu af þeirra hálfu á því, að þeir féllust á sjónarmið stefnanda um 48 stunda lágmarksvinnu. Kveður hann, að meistararnir hafi aðeins með þessu látið í ljós, hvaða skoðun

þeir höfðu á samningsákvæðum þeim, sem um er deilt. Loks heldur stefndi því ákveðið fram, að stefnandi hafi í verki viðurkennt skilning meistaranna, því samningurinn hafi af hálfu rafvirkjameistaranna alla tíð verið framkvæmdur á þá lund, að rafvirkjum hafi því aðeins verið goldið kaup, að verkefni væru fyrir hendi. Þetta hafi stefnandi hlotið að vita og geti því ekki nú gert kröfu um gagnstæða framkvæmd.

Stefnandi mótmælir því, að heimilt sé að draga þá gagnályktun af ákvæðum 4. mgr. 6. gr. um utanbæjarvinnu, að rafvirkjameistarar þurfi ekki að greiða kaup heima fyrir, ef verkefni séu ekki fyrir hendi. Þá neitar hann því ákveðið, að nokkur heimild felist í 5. gr. samningsins til þess, að rafvirkjum og meisturum sé rétt, þrátt fyrir ákvæði 2. og 12. gr., að semja um það, að vinnuvikan skuli vera styttri en 48 stundir. Telur stefnandi, að ákvæði 5. gr. eigi aðeins við um það, ef rafvirkjar mæti ekki stundvíslega til vinnu. Þá neitar stefnandi því ákveðið, að hafa í verki viðurkennt skilning stefnda og staðhæfir, að hann hafi ætíð haldið fast við framangreindan skilning sinn á samningsákvæðum þeim, er hér ræðir um, í hvert sinn, sem tilefni gafst.

Þegar litið er til hinna gagnkvæmu uppsagnarákvæða 12. gr. oftnefnds samnings málsaðilja og upphafsákvæða 2. gr. sama samnings um 48 stunda vinnuviku, þykir ekki unnt að skýra þau á annan veg en þann, að með þeim sé þeim félagsmönnum stefnda, sem kröfu eiga til eins mánaðar uppsagnarfrests, tryggður réttur til 48 stunda dagvinnukaups vikulega, ef þeir mæta réttstundis til vinnu sinnar. Verður ekki fallizt á þá staðhæfingu stefnda, að 5. gr. samningsins feli í sér heimild til frávika frá þessari reglu, því telja verður, að 1. mgr. hennar geymi aðeins ákvæði um það, hverju það geti varðað, ef sveinn mætir ekki réttstundis til vinnu sinnar, og að sveinn og meistari geti samið um þess háttar fyrirkomulagsatriði. Ekki verður heldur talið, að ákvæði 6. gr. samningsins, sem fjallar um þær sérstöku starfsaðstæður, sem fyrir hendi eru, þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, geti haggað framangreindri niðurstöðu um skilning á ákvæðum 2. og 12. gr. hans.

Þá kemur til álita sú staðhæfing stefnda, að framkvæmd

umdeildra samningsákvæða hafi alltaf verið með þeim hætti, sem stefndi heldur fram, og að stjórn stefnanda hafi látið afskiptalaust, þótt henni hlyti að hafa verið kunnugt um það, að sveinar fengju ekki kaup fyrir 48 stundir vikulega, ef verkefni voru ekki fyrir hendi.

Af því sem að framan er rakið um viðskipti aðilja í september 1950, hlaut stefnda á þeim tíma að vera fullkunnugt, að stefnandi taldi félagsmenn sína eiga rétt til 48 lágmarksvinnustunda vikulega, og er ekkert komið fram, sem bendi til þess, að stefndi hafi þá mátt gera ráð fyrir því, að stefnandi mundi falla frá þeim skilningi sínum á samningnum.

Stefndi hefur lagt fram nokkuð af vinnulistum frá ýmsum rafvirkjameisturum, sem benda til þess, að ýmsir sveinar hafi ekki, á árunum 1949—1951, fengið kaup fyrir 48 stundir vikulega. Viðræður aðilja í september 1950 leiða til þess, að vinnulistar fyrir þann tíma koma hér ekki til álita, og hvað viðkemur vinnulistum eftir þann tíma, þá brestur, gegn mótmælum stefnanda, sönnur fyrir því, að það hafi eingöngu stafað af verkefnaskorti, að vikulegar vinnustundir urðu færri en 48. Hins vegar er ljóst af bréfi því, sem stefnandi ritaði rafvirkjameistarafirmanu Norðurljósi 1. febrúar 1951, að afstaða hans er enn hin sama, og af framangreindum bréfum aðilja frá því í s.l. júlímánuði má ráða, að aðiljar hafi á þessu tímabili ræðst við um þetta deilumál, og hvor um sig haldið fram sínum skoðunum. Verður ekki talið, að stefnandi hafi í verki samþykkt skilning stefnda á ákvæðinu um 48 stunda vinnuviku.

Eins og að framan greinir, er það upp komið, að aðiljar muni ekki hafa talazt neitt við um þessi atriði, er samningar þeirra voru framlengdir í maí s.l., og verður ekki talið, að þeir hafi þá mátt gera ráð fyrir því, að nokkur breyting hefði orðið á hinum eldra samningi að þessu leyti.

Af framanrituðu leiðir, að samkvæmt kjarasamningi aðilja gildir sú regla, að rafvirkjar, sem rétt eiga á mánaðar uppsagnarfresti, eiga kröfu til kaups fyrir 48 stunda vinnuviku, ef þeir mæta réttstundis til vinnu sinnar og fullnægja að öðru leyti starfsskyldum sínum, þó að frádregnum þeim helgidög-

um, sem greindir eru í 3. gr. sama samnings. Ber samkvæmt þessu að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Félagsmönnum í Félagi löggiltra rafvirkjameistara er skylt að greiða þeim félagsmönnum í Félagi íslenzkra rafvirkja, sem hjá þeim vinna og rétt eiga á eins mánaðar uppsagnarfresti samkvæmt 12. gr. í núgildandi kjarasamningi nefndra aðilja, kaup fyrir 48 klukkustunda vinnuviku, ef rafvirkjar koma réttstundis til vinnu sinnar, þó þannig, að til frádráttar komi þeir helgidagar, sem tilgreindir eru í 3. gr. kjarasamningsins.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1951.

Nr. 11/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 12. sept. þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og stefnda hins vegar, sem dagsettur er 6. nóvember f. á., skulu skipverjar á togurum fá 17% af heildarsöluverði fisks, þegar veitt er *í ís til sölu á erlendum markaði,* að frádregnum 20% af söluverðinu vegna

útflutningsgjalda, tolla erlendis og löndunar og sölukostnaðar þar. En í 5. mgr. 3. gr. sama samnings segir svo:

„Nú er saltfiski úr veiðiför landað erlendis til sölu þar og skal þá greiða skipverjum 19% af heildarsöluverði fisks að frádregnum 20% af söluverðinu.“

Hins vegar er ekki tekið fram í þessari grein, að 20% frádrátturinn sé vegna ákveðinna gjalda útvegsmanna eins og gert er í 1. mgr. 2. gr.

Nú hefur það átt sér stað, að nokkrir togarar hafa landað saltfiski úr veiðiför í Danmörku. Hefur fiskurinn þá verið seldur um borð í skipinu, kaupandinn séð um löndun hans og greitt löndunarkostnaðinn. Telur stefnandi, að fiskurinn hafi þá verið seldur þeim mun lægra verði sem löndunarkostnaðinum nam. En þegar skipverjum hafa verið greidd þau 19% af söluverði fisksins, sem um er samið í síðast nefndri grein, hafa þeir útgerðarmenn, sem þar áttu hlut að máli, gert upp við skipverja með þeim hætti, að þeir draga 20% frá söluverði aflans um borð í skipinu, áður en til skipta koma þau 19%, sem skipverjum ber í sinn hlut.

Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þennan greiðsluhátt. Telur hann, að þau 20%, sem greinin heimilar útgerðarmönnum að draga frá söluverðinu samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 3. gr., séu til þess að mæta þeim útgjöldum, sem beinlínis er getið í 1. mgr. 2. gr. Eigi því, að hans dómi, að skýra þetta ákvæði svo, að heildarsöluverð fisksins samkvæmt 3. gr., 5. mgr., sé söluverðið um borð, þegar aflinn er seldur um borð í skipinu, að viðbættum löndunarkostnaði á hverjum stað, auk útflutningsgjalds og tolla og sölukostnaðar erlendis.

Stefndi lítur hins vegar svo á, að útgerðarmönnum sé samkvæmt 5. mgr. 3. gr. rétt og heimilt, þegar þeir selja saltfisk upp úr skipi erlendis, að draga frá 20% af söluverði fisksins um borð í skipinu, áður en hlutur skipverja sé inntur af hendi. Bendir hann á, að í þessari grein séu ekki tekin upp þau gjöld, sem greind eru í 1. mgr. 2. gr. sama samnings. Skipti því ekki máli hér, hvort þau séu raunverulega fyrir hendi, enda standi um margt öðruvísi á um saltfisksölu upp úr skipi erlendis en um ísfisksölu. Hefur stefndi haldið því fram, að þurft hefði að geta þess sérstaklega í 5. mgr. 3. gr., ef sama

hefði átt að gilda um saltfisk samkvæmt þeirri grein og ísfisk samkvæmt 2. gr. Þetta hafi ekki verið gert, og sé útgerðarmönnum því heimil sú framkvæmd, sem þeir haldi fram.

Þar sem aðiljar máls þessa gátu ekki komist að samkomulagi um ágreining þann, er lýst hefur verið, höfðaði stefnandi mál þetta svo sem að framan greinir og gerði við munnlegan flutnings þess þær dómkröfur, að framangreind 5. mgr. 3. gr. í kjarasamningi málsaðilja, dags. 6. nóv. f. á., sé rétt skilin og framkvæmd svo, að félagsmenn stefnanda eigi rétt á að fá 19% af heildarsöluverði saltfisks, sem landað er erlendis, að frádregnum 20% af söluverðinu, þannig að heildarsöluverð fisksins skuli talið verð fisksins komins á land, og ávallt að viðbættum útflutningsgjöldum, tollum erlendis og löndunar- og sölukostnaði þar, hvort sem þessir útgjaldaliðir eru greiddir af útgerð skipsins eða ekki.

Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Telja verður, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. í framangreindum samningi málsaðilja sé það meginregla, að sá 20% frádráttur, sem útgerðarmönnum er heimilaður, sé til þess að mæta ákveðnum útgjaldaliðum vegna sölu erlendis. Ekki hefur verið sýnt fram á, að sala saltfisks upp úr skipi erlendis sé í þeim meginatriðum háð öðrum skilyrðum en ísfisksala, að ætla megi, að heimild til 20% frádráttar af hálfu útgerðarmanna sé þar fyrir hendi án tillits til þess, hvort þeir eiga þar nokkrum útgjöldum að mæta eða ekki. Það verður því að líta svo á, að með orðunum „heildarsöluverði fisks“ í 5. mgr. 3. gr. sé átt við verð fisksins komins á land í erlendri höfn. Og ef þannig hagar til, að fiskur er seldur um borð í skipi, þá ber að bæta við það söluverð löndunarkostnaði á þeim stað ásamt útflutningsgjaldi, tollum erlendis og sölukostnaði þar, áður en útgerðarmaður dregur frá þau 20%, sem margnefnd 5. mgr. 3. gr. heimilar honum.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Heildarsöluverð fisks samkvæmt 5. mgr. 3. gr. framangreinds kjarasamnings er verð fisksins um borð, að viðbættum löndunarkostnaði á hverjum stað, útflutningsgjöldum, tollum erlendis og sölukostnaði þar.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 22. desember 1951.

Nr. 14/1951: **Einar J. Guðmundsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson
í stað Helga Hannessonar.

Brottvikning úr stéttarfélagi dæmd ógild.
Skaðabætur dæmdar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 20. f. m. af Einari J. Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Sundlaugavegi 8 í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjórafélagsins Hreyfils. Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. *að* dæmt verði, að brottvikning stefnanda úr bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, sem samþykkt var á félagsfundi þar 7. nóv. s.l. og tilkynnt stefnanda af stjórn Hreyfils 9. s. m., sé ólögmæt,

2. *að* téð félag verði fyrir umrædda ólögmæta brottvikning hans dæmt til að greiða hinar þyngstu sektir, sem lög leyfa,

3. *að* téð félag verði aðallega dæmt til að viðurkenna stefnanda sem fullgildan félagsmann sinn, *en til vara* verði það dæmt til að taka hann í félagið sem fullgildan félagsmann, allt að viðlögðum sektum, eigi undir 200 krónum fyrir hvern

dag, sem líður frá lokum aðfararfrests eftir dómi í máli þessu, unz greindu ákvæði dómsins verður fullnægt,

4. *að* téð félag verði að viðlögðum dagsektum, svo sem nú var greint, dæmt til að heimila, að stefnandi taki aftur við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur,

5. *að* téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda skaðabætur, kr. 2.796.14 fyrir hvern mánuð, sem líður frá 10. nóv. þ. á., unz stefnandi fær aftur að taka við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og

6. *að* téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hefur unnið sem fastur starfsmaður hjá Strætisvögnum Reykjavíkur síðan í maí 1943. Fyrstu árin vann hann eingöngu sem vagnstjóri, en síðari árin hefur hann haft þann starfa á hendi að sjá um að vatn og olía sé jafnan nægilega mikil á vögnunum, annazt smávægilegar viðgerðir og aka vögnum í aukaferðum, eftir því sem þörf gerist. Auk þessa hefur hann verið aðstoðarmaður eftirlitsmanna þeirra, sem starfa sem verkstjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur og gegnt verkstjórn í fjarveru þeirra. Akstur strætisvagna hefur þó jafnan verið talsverður þáttur í störfum hans, og hann hefur tekið laun samkvæmt kjarasamningi bifreiðastjórafélagsins Hreyfils við Strætisvagna Reykjavíkur og verið félagsmaður í Hreyfli með fullum félagsréttindum. Af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 9. s. m., sem nánar verður vikið að síðar, er ljóst, að stjórn Hreyfils telur hann þá gegna störfum hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem skylt sé að láta félagsmenn Hreyfils inna af hendi.

Í sambandi við almenna ráðningu á starfsfólki hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem fram fór á s.l. hausti, snéri núverandi forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur sér til stefnanda, Gunnbjörns Gunnarssonar og Ingibergs Sveinssonar, sem þá gegndu allir sömu störfum hjá nefndu fyrirtæki, með tilmælum um það, að þeir létu honum í té álit um starfshæfni allra

þeirra vagnstjóra, sem þá unnu hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og skiptu þeim í eftirtalda flokka: Úrvalsflokk, 1. flokk og 2. flokk. Stefnandi og Gunnbjörn urðu við þessum tilmælum og létu hvor um sig forstjóranum í té álit um það, í hvaða hæfnisflokk þeir vildu flokka vagnstjórana, án þess að tilgreina á hvaða einstökum atriðum það mat væri byggt. Af þeim vagnstjórum, sem þeir töldu eiga heima í 2. flokki, voru 7 ekki ráðnir, en þeim hafði öllum ásamt öðrum vagnstjórum áður verið sagt upp starfi með 3 mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt yfirlýsingu forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur hér fyrir dómi aflaði hann sér ýmissa annara heimilda og upplýsinga um starfshæfni vagnstjóranna og kveður hann, að flokkun þeirra stefnanda og Gunnbjarnar hafi ekki ráðið neinu um það, hvaða vagnstjórar voru ráðnir til áframhaldandi starfa hjá nefndu fyrirtæki.

Eftir að í ljós kom, að þeir stefnandi og Gunnbjörn höfðu látið í té álit um starfhæfni vagnstjóranna munu þeir hafa orðið fyrir ámæli af hálfu stéttarbræðra sinna, og á almennum fundi í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli hinn 7. nóvember s.l. var borin upp svohljóðandi tillaga:

„Almennur fundur í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, haldinn 7. nóv. 1951, vítir harðlega það framferði tveggja meðlima félagsins, þeirra Einars J. Guðmundssonar og Gunnbjörns Gunnarssonar, að láta nota sig til að kveða upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna og samstarfsmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem síðan voru af forráðamönnum fyrirtækisins notaðir sem átylla til þess að svipta sjö af félagsmönnum bifreiðastjórafélagsins starfi sínu hjá Strætisvögnunum. Fundurinn telur, að slíka framkomu geti bifreiðastjórafélagið ekki liðið félagsmönnum sínum, og samþykkir þess vegna að víkja fyrrgreindum mönnum úr félaginu þegar í stað.“

Tillaga þessi var samþykkt með 74 atkv. gegn 68, en 11 fundarmenn greiddu ekki atkvæði.

Hinn 9. s. m. ritaði formaður Hreyfils stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með tilvísun til meðfylgjandi samþykktar, sem gerð var á

fundi félags vors 7. þ. m., eruð þér ekki lengur meðlimur félags vors."

Sama dag ritaði formaður Hreyfils Strætisvögnum Reykjavíkur eftirfarandi bréf:

„Samkvæmt meðfylgjandi samþykkt, sem gerð var á fundi félags vors 7. þ. m., leyfum vér oss hér með að tilkynna yður, að tveir af starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur, þeir Einar J. Guðmundsson og Gunnbjörn Gunnarsson, hafa verið sviptir félagsréttindum í félagi voru. Með tilvísun til þessa, sbr. samning félags vors við yður, er yður með öllu óheimilt að láta fyrrgreinda menn vinna þau störf, sem samningur félags vors við yður tekur til, en meðlimir félags vors hafa ótvíræðan forgangsrétt til allra þeirra starfa.

Verði áðurgreindir menn ekki látnir hætta fyrrgreindum störfum þegar í stað, munum vér þegar gera ráðstafanir til þess að banna meðlimum félags vors að vinna með þeim."

Forráðamenn Strætisvagnanna töldu sér ekki fært að hafa stefnanda í þjónustu sinni eftir móttöku bréfs þessa og hætti hann störfum þar frá og með 10. nóvember s.l.

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta, svo sem að framan er greint, til þess að fá brottvikningunni úr Hreyfli hrundið og bætur fyrir það tjón, sem hann taldi hafa leitt af henni.

Skal nú vikið að dómkröfum stefnanda.

1. *Brottvikningin úr Hreyfli.*

Kröfuliðir 1—4.

Stefnandi byggir þenna hluta dómkrafna sinna á því, að hann hafi ekki á neinn hátt brotið skyldur sínar við stéttarfélag sitt né félagsbræður sína. Kveðst hann hvorki hafa á nokkurn hátt orðið félaginu til vansa né heldur unnið gegn hagsmunum þess. Einnig vísar hann eindregið á bug þeim ásökunum, sem hann er borinn í framangreindri tillögu á fundinum 7. nóvember s.l., að hann hafi kveðið upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna, er gefið hafi forráðamönnum Strætisvagna Reykjavíkur átyllu til þess, að félagsmenn Hreyfils væru sviptir störfum sínum. Kveðst hann hafa litið svo á, að sér væri samkvæmt starfi sínu skylt að láta forstjóra Strætisvagnanna í té framangreinda umsögn, og ekki á nokkurn hátt með því gerzt brotlegur við félag sitt.

Hafi sú umsögn hvorki að efni né formi gefið ástæðu til þess að víkja honum úr félaginu. Brottvikning hans úr Hreyfli hafi þannig ekki haft við nein rök að styðjast og því verið ólögmæt. Hann eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 lögvarinn rétt til inngöngu í bifreiðastjórafélagið Hreyfil. Telur hann, að jafna verði brottvikningu sinni úr félaginu til þess, að honum hefði verið synjað um inngöngu í það, því félagið væri ekki opið svo sem boðið sé í 2. gr. nefndra laga, ef víkja mætti mönnum úr því án saka. Bifreiðastjórafélagið Hreyfill hafi því gerzt brotlegt við nefnt lagaákvæði og unnið til refsingar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Þá hefur stefnandi einnig bent á það, að ekki hafi verið tilgreint í fundarboðinu að fundinum 7. nóv., að tillaga um brottrekstur sinn yrði til umræðu á þeim fundi, og væri ákvörðun fundarins líka af þeirri ástæðu löglaus.

Stefndi hefur mótmælt þeim dómkröfum stefnanda, að brottrekstur hans úr Hreyfli verði dæmdur ólögmætur. Telur hann, að stefnandi hafi með framangreindri umsögn sinni gerzt sekur um ófélagslega hegðun, er varða eigi brottrekstri, þar sem hann hafi eins og lýst sé í áður nefndri brottvikningartillögu, sem samþykkt var á Hreyfilsfundinum 7. nóv. s.l., orðið þess valdur, að sjö félagsmenn í Hreyfli voru sviptir starfa sínum. Kveður stefndi, að heimilt sé samkvæmt samþykktum Hreyfils að víkja mönnum úr félaginu, en félagsmenn eigi úrlausn þess, hvenær ástæða sé til slíkra aðgerða. Nú hafi brottvikningin verið samþykkt með lögmætum hætti og beri því að sýkna af þeirri kröfu stefnanda, að hún verði dæmd ólögmæt. Þá heldur stefndi því og fram, að enda þótt brottvikningin kunni að verða dæmd ólögmæt þá beri allt að einu að sýkna af refsikröfu stefnanda.

Málssókn þessi byggist í höfuðatriðum á kæru um brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 70. gr. sömu laga. Er því rétt samkvæmt 44. gr. nefndra laga, að málið sé rekið hér fyrir dómi. Hvorki ákvæði 3. gr. samþykkta bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, sem fjalla um það, hverjir eigi rétt til inngöngu í félagið, né heldur ákvæði 10. gr. sömu samþykkta, sem geyma ákvæði um það, hvenær víkja megi mönnum úr nefndu félagi, verða talin því til hindrunar, að metið sé hér í dómi, hvort fé-

lagsmanni hafi með réttu verið vikið úr félaginu og hann sviptur félagsréttindum.

Ágreiningslaust er, að fundur sá í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli 7. nóv. s.l., sem að framan greinir, hafi verið auglýstur á þeim tíma og stöðum, sem vera bar. Í fundarboðinu var fundarefnið tilgreint í 6 liðum, og var eitt fundaratriðið: *Uppsögn strætisvagnastjóranna.* Hins vegar var ekki í fundarboði greint, að lögð mundi verða fyrir fundinn tillaga um að víkja stefnanda eða öðrum úr félaginu. Á fundi þessum voru og greiddu atkvæði samkvæmt samhljóða skýrslum málsaðilja 153 félagsmenn, en upp er komið í málinu, að ekki séu færri en 600 fullgildir félagar í Hreyfli. Þar sem félagsmönnum gafst þannig samkvæmt framansögðu ekki færi á því, að fá vitneskju um það fyrir fundinn, að tillaga um brottvikningu stefnanda úr félaginu mundi koma til álita og atkvæða á fundinum, verður ekki talið, að fundurinn 7. nóv. hafi getað, svo gilt væri, vikið stefnanda úr félaginu. Ber því þegar af þessari ástæðu að dæma brottvikningu stefnda úr Hreyfli marklausa og ólögmæta.

Jafna verður framangreindri fundarsamþykkt Hreyfils og tilkynningu formanns félagsins til stefnanda, dags. 9. f. m., til löglausrar synjunar um inngöngu í félagið. Hefur Bifreiðastjórafélagið Hreyfill því með nefndum athöfnum gerzt brotlegt við 2. gr. laga nr. 80/1938 og ber að dæma það til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Og með tilliti til þess, að ekki hafa verið færð fram af hálfu stefnda rök fyrir því, að fyrir hendi hafi verið gildar ástæður til þess að víkja stefnanda úr stéttarfélagi sínu, þykir sektin, sbr. lög nr. 14/1948, hæfilega ákveðin kr. 500.00, er greiðist í ríkissjóð.

Þar sem dómur þessi er stefnanda fullgild heimild fyrir félagsréttindum í Hreyfli er ekki ástæða til þess að kveða á um dagsektir samkvæmt 3. og 4. lið dómkrafna hans.

2. *Skaðabótakrafan.*

5. kröfuliður stefnanda.

Vegna framangreinds brottreksturs úr Hreyfli og tilkynningar þeirrar frá formanni Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, sem áður hefur verið rakin, kveðst stefnandi hafa verið sviptur stöðu sinni hjá Strætisvögnunum. Og þar sem bif-

reiðastjórafélagið Hreyfill hafi valdið þessu með ólögmætum athöfnum beri því að bæta sér það tjón, sem hann hafi af þessu hlotið. Hann kveðst hafa verið atvinnulaus síðan hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum og er skaðabótakrafa hans miðuð við mánaðarlaun vagnstjóra í þjónustu Strætisvagnanna.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, þótt brottvikningin yrði dæmd ógild. Kveður hann, að störfum stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið svo farið, að hann hefði allt að einu getað unnið áfram í þjónustu þess fyrirtækis, þótt hann væri ekki félagsmaður í Hreyfli. Til vara hefur stefndi, með vísun til 65. gr. laga nr. 80/1938, krafizt lækkunar á skaðabótakröfu stefnanda, þar sem hann hafi sjálfur gefið tilefni til þeirra atburða, sem leiddu til þess, að hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum.

Samkvæmt 22. gr. kjarasamnings Strætisvagna Reykjavíkur og bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, er vinnuveitanda óheimilt „að taka né hafa aðra menn til bifreiðaaksturs.... en þá, sem eru fullgildir meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils.“ Ekki hefur verið véfengt í málinu, að töluverður hluti af starfi stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið bifreiðaakstur, og ljóst er af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, sem að framan er greint, dags. 9. f. m., að forráðamenn Hreyfils hafa litið svo á, að stefnandi ynni þá störf, sem félagsmenn í Hreyfli mættu einir vinna. Það verður því að telja, að stefndi, bifreiðastjórafélagið Hreyfill, hafi með hinni ólögmætu brottvikningu og þeirri kröfu til Strætisvagna Reykjavíkur, að stefnandi yrði látinn hætta þar vinnu, orðið þess valdur, að hann missti atvinnu sína þar. Hefur félagið með því bakað sér skaðabótaskyldu.

Bótakrafa stefnanda er nægilega rökstudd, og þar sem ekki verður talið að skilyrði séu fyrir hendi til lækkunar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 ber að taka hana til greina.

Forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, sem stefnt var til réttargæzlu í máli þessu, hefur lýst því yfir hér fyrir dómi, að hann mundi strax taka stefnanda til starfa hjá Strætisvögnunum, ef hann fengi félagsréttindi í Hreyfli. Að þessu at-

huguðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 2796.14 á mánuði, svo sem krafizt hefur verið, frá og með 10. nóv. þ. á. til dómsuppsögudags og að honum meðtöldum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn, kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Framangreind brottvikning stefnanda, Einars J. Guðmundssonar, úr Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, er ógild.

2. Stefndi, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill í Reykjavík, greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs.

3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, greiði stefnanda kr. 2796.14 fyrir hvern mánuð, frá og með 10. nóv. 1951 til 23. desember s. á. og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. desember 1951.

Nr. 13/1951: **Gunnbjörn Gunnarsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson í stað Helga Hannessonar.

Brottvikning úr stéttarfélagi dæmd ógild.
Skaðabætur dæmdar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 20. f. m. af Gunnbirni Gunnarssyni bifreiðastjóra Selvegi 9 í Reykja-

vík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjórafélagsins Hreyfils. Dómkröfur stefnanda eru þær,

1. *að* dæmt verði, að brottvikning stefnanda úr bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, sem samþykkt var á félagsfundi þar 7. nóv. s.l. og tilkynnt stefnanda af stjórn Hreyfils 9. s. m., sé ólögmæt,

2. *að* téð félag verði fyrir umrædda ólögmæta brottvikning hans dæmt til að greiða hinar þyngstu sektir, sem lög leyfa,

3. *að* téð félag verði aðallega dæmt til að viðurkenna stefnanda sem fullgildan félagsmann sinn, *en til vara* verði það dæmt til að taka hann í félagið sem fullgildan félagsmann, allt að viðlögðum sektum, eigi undir 200 krónum fyrir hvern dag, sem líður frá lokum aðfararfrests eftir dómi í máli þessu, unz greindu ákvæði dómsins verður fullnægt,

4. *að* téð félag verði að viðlögðum dagsektum, svo sem nú var greint, dæmt til að heimila, að stefnandi taki aftur við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur,

5. *að* téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda skaðabætur kr. 2.796.14 fyrir hvern mánuð, sem líður frá 10. nóv. þ. á., unz stefnandi fær aftur að taka við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og

6. *að* téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hefur unnið sem fastur starfsmaður hjá Strætisvögnum Reykjavíkur síðan í júní 1946. Fyrstu árin vann hann eingöngu sem vagnstjóri, en síðari árin hefur hann haft þann starfa á hendi að sjá um að vatn og olía sé jafnan nægilega mikil á vögnunum, annast smávægilegar viðgerðir og aka vögnum í aukaferðum, eftir því sem þörf gerðist. Auk þessa hefur hann verið aðstoðarmaður eftirlitsmanna þeirra, sem starfa sem verkstjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur og gegnt verkstjórn í fjarveru þeirra. Akstur strætisvagna hefur þó jafnan verið talsverður þáttur í störfum hans og hann hefur tekið laun samkvæmt kjarasamningi bifreiðastjórafé-

lagsins Hreyfils við Strætisvagna Reykjavíkur og verið félagsmaður í Hreyfli með fullum félagsréttindum. Af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 9. s. m., sem nánar verður vikið að síðar, er ljóst, að stjórn Hreyfils telur hann þá gegna störfum hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem skylt sé að láta félagsmenn Hreyfils inna af hendi.

Í sambandi við almenna ráðningu á starfsfólki hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem fram fór s.l. haust, snéri núverandi forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur sér til stefnanda, Einars J. Guðmundssonar og Ingibergs Sveinssonar, sem þá gegndu allir sömu störfum hjá nefndu fyrirtæki með tilmælum um það, að þeir létu honum í té álit um starfshæfni allra þeirra vagnstjóra, sem þá unnu hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og skiptu þeim í eftirtalda flokka: Úrvalsflokk, 1. flokk og 2. flokk. Stefnandi og Gunnbjörn urðu við þessum tilmælum og létu hvor um sig forstjóranum í té álit um það, í hvaða hæfnisflokk þeir vildu flokka vagnstjórana, án þess að tilgreina á hvaða einstökum atriðum það mat væri byggt. Af þeim vagnstjórum, sem þeir töldu eiga heima í 2. flokki, voru 7 ekki ráðnir, en þeim hafði öllum ásamt öðrum vagnstjórum áður verið sagt upp starfi með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt yfirlýsingu forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur hér fyrir dómi, aflaði hann sér ýmissa annara heimilda og upplýsinga um starfshæfni vagnstjóranna og kveður hann, að flokkun stefnanda og Einars hafi ekki ráðið neinu um það, hvaða vagnstjórar voru ráðnir til áframhaldandi starfa hjá nefndu fyrirtæki.

Eftir að í ljós kom, að þeir stefnandi og Gunnbjörn höfðu látið í té álit um starfshæfni vagnstjóranna munu þeir hafa orðið fyrir ámæli af hálfu stéttarbræðra sinna, og á almennum fundi í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli hinn 7. nóv. s.l. var borin upp svohljóðandi tillaga:

„Almennur fundur í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, haldinn 7. nóv. 1951, vítir harðlega það framferði tveggja meðlima félagsins, þeirra Einars J. Guðmundssonar og Gunnbjörns Gunnarssonar, að láta nota sig til að kveða upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna og samstarfsmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem síðan

voru af forráðamönnum fyrirtækisins notaðir sem átylla til þess að svipta sjö af félagsmönnum bifreiðastjórafélagsins starfi sínu hjá Strætisvögnunum. Fundurinn telur, að slíka framkomu geti bifreiðastjórafélagið ekki liðið félagsmönnum sínum, og samþykkir þess vegna að víkja fyrrgreindum mönnum úr félaginu þegar í stað."

Tillaga þessi var samþykkt með 74 atkv. gegn 68 en 11 fundarmenn greiddu ekki atkvæði.

Hinn 9. s. m. ritaði formaður Hreyfils stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með tilvísun til meðfylgjandi samþykktar, sem gerð var á fundi félags vors 7. þ. m., eruð þér ekki lengur meðlimur félags vors."

Sama dag ritaði formaður Hreyfils Strætisvögnum Reykjavíkur eftirfarandi bréf:

„Samkvæmt meðfylgjandi samþykkt, sem gerð var á fundi félags vors 7. þ. m., leyfum vér oss hér með að tilkynna yður, að tveir af starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur, þeir Einar J. Guðmundsson og Gunnbjörn Gunnarsson, hafa verið sviptir félagsréttindum í félagi voru. Með tilvísun til þessa, sbr. samnings félags vors við yður, er yður með öllu óheimilt að láta fyrrgreinda menn vinna þau störf, sem samningur félags vors við yður tekur til, en meðlimir félags vors hafa ótvíræðan forgangsrétt til allra þeirra starfa.

Verði áðurnefndir menn ekki látnir hætta störfum þegar í stað, munum vér þegar gera ráðstafanir til þess að banna meðlimum félags vors að vinna með þeim."

Forráðamenn Strætisvagnanna töldu sér ekki fært að hafa stefnanda í þjónustu sinni eftir móttöku bréfs þessa og hætti hann störfum þar frá og með 10. nóv. s.l.

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta svo sem að framan er greint til þess að fá brottvikningunni úr Hreyfli hrundið og bætur fyrir það tjón, sem hann taldi hafa leitt af henni.

Skal nú vikið að dómkröfum stefnanda.

I. *Brottvikningin úr Hreyfli.*

Kröfuliður 1—4.

Stefnandi byggir þenna hluta dómkrafna sinna á því, að hann hafi ekki á neinn hátt brotið skyldur sínar, hvorki við

stéttarfélag sitt né félagsbræður sína. Kveðst hann hvorki á nokkurn hátt hafa orðið félaginu til vansa né heldur unnið gegn hagsmunum þess. Einnig vísar hann eindregið á bug þeim ásökunum, sem hann er borinn í framangreindri tillögu á fundinum 7. nóv. s.l., að hann hafi kveðið upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna, er gefið hafi forráðamönnum Strætisvagna Reykjavíkur átyllu til þess, að félagsmenn Hreyfils væru sviptir störfum sínum. Kveðst hann hafa litið svo á, að sér væri samkvæmt starfi sínu skylt að láta forstjóra Strætisvagnanna í té framangreinda umsögn, og ekki á nokkurn hátt með því gerzt brotlegur við félag sitt. Hafi sú umsögn hvorki að efni né formi gefið ástæðu til þess að víkja honum úr félaginu. Brottvikning hans úr Hreyfli hafi þannig ekki haft við nein rök að styðjast og því verið ólögmæt. Hann eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 lögvarinn rétt til inngöngu í bifreiðastjórafélagið Hreyfil. Telur hann, að jafna verði brottvikningu sinni úr félaginu til þess, að honum hefði verið synjað um inngöngu í það, því félagið væri ekki opið svo sem boðið sé í 2. gr. nefndra laga, ef víkja mætti mönnum úr því án saka. Hafi bifreiðastjórafélagið Hreyfill því gerzt brotlegt við nefnt lagaákvæði og unnið til refsingar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Þá hefur stefnandi einnig bent á það, að ekki hafi verið greint í fundarboðinu að fundinum 7. nóv., að tillaga um brottrekstur sinn yrði til umræðu á þeim fundi, og væri ákvörðun fundarins líka af þeirri ástæðu löglaus.

Stefndi hefur mótmælt þeim dómkröfum stefnanda, að brottrekstur hans úr Hreyfli verði dæmdur ólögmætur. Telur hann, að stefnandi hafi með framangreindri umsögn sinni gerzt sekur um ófélagslega hegðun, er varða eigi brottrekstri, þar sem hann hafi eins og lýst sé í áður nefndri brottvikningartillögu, sem samþykkt var á Hreyfilsfundinum 7. nóv. s.l., orðið þess valdur, að sjö félagsmenn í Hreyfli voru sviptir starfa sínum. Kveður stefndi, að heimilt sé samkvæmt samþykktum Hreyfils að víkja mönnum úr félaginu, en félagsmenn eigi úrlausn þess, hvenær ástæða sé til slíkra aðgerða. Nú hafi brottvikningin verið samþykkt með lögmætum hætti og beri því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda, að hún

verði dæmd ólögmæt. Þá heldur stefndi því og fram, að enda þótt brottvikningin kunni að verða dæmd ólögmæt, þá beri allt að einu að sýkna af refsikröfu stefnanda.

Málssókn þessi byggist í höfuðatriðum á kæru um brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 70. gr. sömu laga. Er því rétt samkvæmt 44. gr. nefndra laga, að málið sé rekið hér fyrir dómi. Hvorki ákvæði 3. gr. samþykkta bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, sem fjalla um það, hverjir eigi rétt til inngöngu í félagið, né heldur ákvæði 10. gr. sömu samþykkta, sem geyma ákvæði um það, hvenær víkja megi mönnum úr nefndu félagi, verða talin því til hindrunar, að metið sé hér í dómi, hvort félagsmanni hafi með réttu verið vikið úr félaginu og hann sviptur félagsréttindum.

Ágreiningslaust er, að fundur sá í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli 7. nóv. s.l., sem að framan greinir, hafi verið auglýstur á þeim tíma og stöðum, sem vera bar. Í fundarboðinu var fundarefnið tilgreint í 6 liðum og var eitt fundaratriðið: *Uppsögn strætisvagnastjóranna.* Hins vegar var ekki í fundarboði greint, að lögð mundi verða fyrir fundinn tillaga um að víkja stefnanda eða öðrum úr félaginu. Á fundi þessum voru og greiddu atkvæði samkvæmt samhljóða skýrslum málsaðilja 153 félagsmenn, en upp er komið í málinu, að ekki séu færri en 600 fullgildir félagar í Hreyfli. Þar sem félagsmönnum gafst þannig samkvæmt framansögðu ekki færi á því að fá vitneskju um það fyrir fundinn, að tillaga um brottvikningu stefnanda úr félaginu mundi koma til álita og atkvæða á fundinum, verður ekki talið, að fundurinn 7. nóv. hafi, svo gilt væri, getað vikið stefnanda úr félaginu. Ber því þegar af þessari ástæðu að dæma brottvikningu stefnda úr Hreyfli marklausa og ólögmæta.

Jafna verður framangreindri fundarsamþykkt Hreyfils og tilkynningu formanns félagsins til stefnanda, dags. 9. f. m., til löglausrar synjunar um inngöngu í félagið. Hefur bifreiðastjórafélagið Hreyfill því með nefndum athöfnum gerzt brotlegt við 2. gr. laga nr. 80/1938 og ber að dæma það til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Og með tilliti til þess, að ekki hafa verið færð fram af hálfu stefnda rök fyrir því, að fyrir hendi hafi verið gildar ástæður til þess að víkja

stefnanda úr stéttarfélagi sínu, þykir sektin, sbr. lög nr. 14/1948, hæfilega ákveðin kr. 500.00, er greiðist í ríkissjóð.

Þar sem dómur þessi er stefnanda fullgild heimild fyrir félagsréttindum í Hreyfli er ekki ástæða til þess að kveða á um dagsektir samkvæmt 3. og 4. lið dómkrafna hans.

II. *Skaðabótakrafan.*

5. Kröfuliður stefnanda.

Vegna framangreinds brottrekstrs úr Hreyfli og tilkynningar þeirrar frá formanni Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, sem áður hefur verið rakin, kveðst stefnandi hafa verið sviptur stöðu sinni hjá Strætisvögnunum. Og þar sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill hafi valdið þessu með ólögmætum athöfnum beri því að bæta sér það tjón, sem hann hafi af þessu hlotið. Hann kveðst hafa verið atvinnulaus síðan hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum og er skaðabótakrafa hans miðuð við mánaðarlaun vagnstjóra í þjónustu Strætisvagnanna.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, þótt brottvikningin yrði dæmd ógild. Kveður hann, að störfum stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið svo farið, að hann hefði allt að einu getað unnið áfram í þjónustu þess fyrirtækis, þótt hann væri ekki félagsmaður í Hreyfli. Til vara hefur stefndi, með vísan til 65. gr. laga nr. 80/1938, krafizt lækkunar á skaðabótakröfu stefnanda, þar sem hann hafi sjálfur gefið tilefni til þeirra atburða, sem leiddu til þess, að hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum.

Samkvæmt 22. gr. kjarasamnings Strætisvagna Reykjavíkur og Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, er vinnuveitanda óheimilt „að taka né hafa aðra menn til bifreiðaaksturs.... en þá, sem eru fullgildir meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils.“ Ekki hefur verið véfengt í málinu, að töluverður hluti af starfi stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið bifreiðaakstur, og ljóst er af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, sem að framan er greint, dags. 9. f. m., að forráðamenn Hreyfils hafa litið svo á, að stefnandi ynni þá störf, sem félagsmenn í Hreyfli mættu einir vinna. Það verður því að telja, að stefndi, bifreiðastjórafélagið Hreyfill,

hafi með hinni ólögmætu brottvikningu og þeirri kröfu til Strætisvagna Reykjavíkur, að stefnandi yrði látinn hætta þar vinnu, orðið þess valdur, að hann missti atvinnu sína þar og hefur félagið með því bakað sér skaðabótaskyldu.

Bótakrafa stefnanda er nægilega rökstudd, og þar sem ekki verður talið að skilyrði séu fyrir hendi til lækkunar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 ber að taka hana til greina.

Forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, sem stefnt var til réttargæzlu í málinu, hefur lýst því yfir hér fyrir dómi, að hann mundi strax taka stefnanda til starfa hjá Strætisvögnunum, ef hann fengi félagsréttindi í Hreyfli. Að þessu athuguðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 2796.14 á mánuði svo sem krafizt hefur verið frá og með 10. nóv. þ. á. til dómsuppsögudags og að honum meðtöldum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Framangreind brottvikning stefnanda, Gunnbjörns Gunnarssonar, úr Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, er ógild.

2. Stefndi, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill í Reykjavík, greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs.

3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, greiði stefnanda kr. 2796.14 fyrir hvern mánuð frá og með 10. nóv. 1951 til 23. des. s. á. og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. janúar 1952.

Nr. 8/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps
vegna Páls Grétars Lárussonar
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Miðness h/f, Sandgerði
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Forgangsréttur til vinnu. Skaðabætur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps vegna Páls Grétars Lárussonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Miðness h/f í Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi með því að synja þess að taka Pál Grétar Lárusson í vinnu, er þess var krafizt í janúar 1951, brotið 1. gr. kjarasamnings frá 23. nóvember 1949, sem framlengdur var 13. des. 1950.
2. Að stefndi verði fyrir nefnt brot dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega sekt samkvæmt 21. gr. sama samnings og,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda vegna Páls Grétars Lárussonar kr. 1000.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1951 til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málsatvik eru þessi:

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings málsaðilja er svo um samið, að vinnuveitendur skuli láta félagsmenn verklýðsfélagsins „hafa forgangsrétt til allrar algengrar verkamannavinnu innan hreppsfélagsins, þegar þess er krafizt og félagsmenn

bjóðast í tæka tíð“ .... „enda sé viðkomandi verkafólk hæft til vinnunnar að áliti verkstjóra og trúnaðarmanns verklýðsfélagsins á viðkomandi vinnustað.“

Þá segir svo í 21. gr. sama samnings:

„Brot á samningi þessum varðar sektum, allt að kr. 5000.00. Sektarupphæð skal í hverju tilfelli ákveðin af Félagsdómi.“

Eftir því sem fram hefur komið í málinu virðist ráðningu verkafólks í Sandgerði einatt vera svo háttað, að vinnuveitendur auglýsa á almannafæri, í búðum eða á símastaurum, eftir verkafólki. Ekki er að sjá, að skriflegir vinnusamningar séu gerðir við verkafólkið. Það fær aðeins goldið fyrir þann tíma, sem vinna stendur yfir, samkvæmt því sem nánar er ákveðið í kjarasamningnum, og ekki er samið um neinn uppsagnarfrest. Þegar hlé verður á vinnu sökum þess, að verkefni eru ekki fyrir hendi, er verkafólkinu gert viðvart, er vinna hefst á ný.

Þegar vertíðarvinnan hófst hjá stefnda í janúar 1951 var ekki auglýst sérstaklega eftir verkafólki, svo sem oft hafði tíðkazt áður, þar sem haustvinnan stóð óvanalega lengi, eða fram í janúar, að því er talið er. Virðist fólk það, er að henni vann hjá stefnda, yfirleitt hafa verið ráðið til áframhaldandi starfa til vertíðarloka með þeim kjörum, er áður greinir. Stefndi rekur frystihús í Sandgerði og hófst vertíðarstarfræksla þess að þessu sinni 29. janúar. Tóku þá þegar til starfa við það menn, sem ekki voru í Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps.

Verkamaðurinn Páll Grétar Lárusson varð 16 ára 11. desember 1950. Hann mun hafa unnið í þjónustu stefnda mest allt árið 1950 og fram í janúar 1951. Þegar vinna hófst á ný hjá stefnda í þeim mánuði, var hann ekki kallaður til starfa, þótt aðkomumenn væru þá strax teknir, og kveður verkstjóri stefnda ástæður til þess hafa verið þær, að nefndur Páll hafi að hans áliti ekki verið fullfær til vinnu. Hann hafi verið afkastaminni en unglingar á hans aldri og ekki orðið úr vinnu, væri hann einn sér, enda muni hann hafa gengið með heilsubrest. Þegar það kom í ljós, að Páll Grétar var ekki ráðinn af nýju, fóru vandamenn hans þess á leit við verkstjóra stefnda, sem stóð fyrir mannaráðningum, að hann (Páll) yrði aftur

tekinn í vinnu. Aðiljum ber ekki saman um það, hvenær fyrst var að þessu sinni falazt eftir vinnu handa honum, en samkvæmt vætti verkstjórans hefur það ekki verið síðar en 29. janúar 1951, er starfræksla frystihússins hófst. Verkstjórinn synjaði þess að taka Pál og bar fyrir sig framangreindar ástæður. Hinn 1. febrúar s. á. krafðist verklýðsfélagið þess, með skírskotun til forgangsréttarákvæða þeirra, sem greind hafa verið, að stefndi tæki Pál í vinnu og gerði þegar jafnframt kröfu til kaups honum til handa frá þeim tíma, er frystihúsvinnan hófst. Stóð svo í þófi um þetta til 10. febrúar s. á., en þá tók stefndi Pál Grétar í vinnu og var hann í þeirri þjónustu fram í maímánuð s. á., er hann lét af störfum vegna veikinda.

Þar sem stefndi vildi ekki verða við þeirri kröfu verklýðsfélagsins vegna Páls Grétars, að greiða honum bætur vegna þess, að hann var ekki tekinn til vinnu dagana 1. til 10. febr. f. á., höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Verða dómkröfur stefnanda þá teknar til athugunar.

Um 1. og 2. Stefnandi byggir þessa kröfuliði á því, að samkvæmt 1. gr. kjarasamnings aðilja hafi stefnda borið skylda til þess að taka Pál Grétar í vinnu, áður en hann réði utanfélagsmenn til sín. Þetta hafi hann ekki gert, og þar sem Páll Grétar hafi eins og á stóð krafizt vinnu í tæka tíð og verið fullgildur til vinnunnar, hafi stefndi með synjun sinni um að taka hann í vinnu gerzt brotlegur við 1. gr. kjarasamningsins og unnið til sekta samkvæmt 21. gr. hans.

Stefndi byggir sýknukröfu sína hins vegar á því, að ekki hafi verið falazt eftir vinnu fyrir Pál Grétar fyrr en 29. janúar, er starfræksla frystihússins hófst, en þá hafi verið fullráðið. Hafi vinnu fyrir Pál Grétar því ekki verið krafizt í tæka tíð og því vítalaust af sinni hálfu, þegar af þeirri ástæðu, að taka hann ekki í vinnu. En auk þess fullyrðir hann, að sökum heilsubrests hafi Páll Grétar ekki verið fullgildur verkamaður samkvæmt þeim skilningi, er leggja beri í 1. gr. samningsins, og hafi sér því einnig af þeim sökum verið vítalaust að hafna tilmælum hans um vinnu. Telur stefndi, að hann hafi þannig hvorki gerzt brotlegur við 1. gr. nefnds samnings né unnið til sektar samkvæmt 21. gr. hans.

Samkvæmt forgangsréttarákvæði 1. gr. oftnefnds kjarasamnings, verður að telja, að stefnda hafi borið að gefa félagsmönnum stefnanda kost á því, áður en hann réði utanfélagsmenn til sín, að segja til þess innan hæfilegs frests, hvort þeir óskuðu eftir vertíðarvinnu hjá honum. Eins og að framan er rakið gerði stefndi þetta ekki. Að þessu athuguðu þykir það ekki, eins og hér stóð á, eiga að varða Pál Grétar missi forgangsréttar til vinnu hjá stefnda, þótt það drægist til 29. janúar, að óskað væri eftir vinnu honum til handa. Hvað viðkemur heilsufari Páls Grétars þá bendir að vísu ýmislegt til þess, að heilsa hans hafi ekki verið sterk, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykir ekki hafa verið leitt í ljós, að hann væri af heilsufarsástæðum haldinn þeim annmörkum, að hann yrði ekki talinn hæfur til þeirrar vinnu, sem um var að ræða, enda gegndi hann samskonar vinnu hjá stefnanda frá 10. febrúar s.l. og fram í maí f. á., og hafa ekki verið færðar sönnur á, að um óvenjulegar fjarvistir hafi verið að ræða af hans hálfu á því tímabili. Að þessu athuguðu, telst það hafa verið andstætt 1. gr. nefnds kjarasamnings, að synja honum um vinnu, þar sem svo stóð á, sem lýst hefur verið, að utanfélagsmenn höfðu þá þegar verið teknir til starfa hjá stefnda.

Eftir atvikum verða þó ekki talin efni til þess að dæma stefnda í févíti samkvæmt 21. gr. kjarasamningsins.

Um 3. Þessi kröfuliður stefnanda er við það miðaður, að Páll Grétar hefði fengið kr. 1000,56 í kaup dagana 29. janúar til 10. febrúar f. á., ef stefndi hefði fullnægt samningsskyldum sínum samkvæmt 1. gr. kjarasamningsins, og tekið Pál Grétar í vinnu þessa daga. Eigi hann því rétt til bóta, sem nemi þessari fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt því, að um nokkra bótaskyldu af hans hálfu sé að ræða, en til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfu stefnanda með vísun til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir um kröfuliði 1 og 2, verður að telja, að stefndi hafi orðið bótaskyldur gagnvart Páli Grétari fyrir það að synja honum um vinnuna. Og þar sem stefndi hafði utanfélagsmenn í þjónustu sinni þá daga, sem bótaskyldan er miðuð við, ber að taka hana til greina, enda er ágreiningslaust, að hún sé reikningslega rétt,

miðað við það verkamannakaup, er greiða skyldi á þeim tíma samkvæmt kjarasamningi aðilja. Vextir verða aðeins dæmdir frá stefnudegi.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness, Sandgerði, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps vegna Páls Grétars Lárussonar, kr. 1000.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1951 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1952.

Nr. 2/1952: **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja**
(Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og Vörubílstjóradeildar þess
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og vörubílstjóradeildar þess með stefnu, dags. 7. febrúar þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði:

1. Aðallega, *að* uppsögn Vörubílstjóradeildar Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, dags. 30. nóvember f. á., á kaup- og kjarasamningi deildarinnar við Vinnuveitendafélag Suðurnesja, sem dagsettur er 14. júlí 1949, sé ógild miðað við 1. janúar s.l., og að nefndur samningur verði talinn í gildi til 1. júní n.k.

Til vara: að dæmt verði, að stofnazt hafi samningur 15. júní f. á. milli málsaðilja, er verði talinn gilda til 15. júní n.k., og að framangreind uppsögn stefndrar bílstjóradeildar, dags. 30. nóvember f. á., verði talin ógild miðað við 1. janúar s.l.

2) að verkfallsboðanir stefnda, dags. 15. og 23. janúar og 7. þ. m., verði dæmdur ólögmætar.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur er samkvæmt samþykktum sínum heildarsamband verkamanna, verkakvenna, sjómanna, vélstjóra og bifreiðarstjóra. Skiptist félagið samkvæmt þessu í deildir, og hefur hver deild atkvæðisrétt í sínum deilumálum. Gera deildir þessar, hver fyrir sig, kjarasamninga við atvinnurekendur.

Á s.l. vori höfðu kjarasamningar verkamanna og verkakvenna í nefndu félagi við atvinnurekendur runnið út, og er samningar náðust ekki, var af félagsins hálfu boðað verkfall verkamanna og verkakvenna frá og með 18. maí f. á. Kom það til framkvæmda og mun hafa staðið yfir í tvo daga. Vélstjóradeild, sjómannadeild og bílstjóradeild félagsins höfðu hinsvegar ekki sagt upp samningum sínum við atvinnurekendur, enda varð þeim ekki sökum ákvæða sinna sagt upp í maímánuði. Var af þessum sökum engin kaupdeila milli atvinnurekenda og þessara deilda félagsins, og verkfall ekki boðað af þeirra hálfu. Ekki höfðu deildir þessar heldur boðað samúðarverkfall til styrktar verkamanna- og verkakvennadeildunum.

Um þessar mundir áttu allmörg verklýðsfélög landsins í

kaupdeilum. En hinn 21. maí komst á í Reykjavík heildarsamkomulag milli fulltrúa nokkurra verklýðsfélaga annars vegar og samtaka atvinnurekenda hinsvegar. Ekki voru verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur né Vinnuveitendafélag Suðurnesja beinir aðiljar að samkomulagi þessu, en þenna sama dag tókust samningar með nefndum aðiljum með þeim hætti, að þeir undirrituðu framannefnt samkomulag óbreytt orði til orðs, og framlengdu með því samninga sína um kaup og kjör til 1. júní 1952. Af hálfu Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur undirrituðu samning þenna 4 menn. Var einn þeirra stjórnarnefndarmaður og átti auk þess sæti í trúnaðarmannaráði félagsins, en hinir þrír áttu sæti í trúnaðarmannaráði, en samkvæmt samþykktum félagsins er það skipað stjórn félagsins og formönnum hinna einstöku deilda þess. Undirskrift fulltrúa verklýðsfélagsins var því skilyrði bundin, að félagsfundur féllist á samninga þessa. Var hann haldinn sama dag, og þar samþykkt tillaga frá stjórn félagsins þess efnis, að fundurinn samþykkti „samning þann, er fulltrúar atvinnurekenda og samninganefndar verkalýðsfélagsins í yfirstandandi vinnudeilu hafa undirritað í dag.“ Ennfremur var samþykkt, að „aflýsa vinnustöðvuninni þegar undirskrift er lokið.“

Enginn þeirra samninganefndarmanna, sem undirrituðu samninginn 21. maí f. á., var félagsmaður í bílstjóradeildinni, og eru aðiljar á einu máli um það, að það hafi ekki borið sérstaklega á góma, er undirskriftir fóru fram, hvort hinn nýji samningur skyldi ná til félagsmanna bifreiðarstjóradeildarinnar. Hinsvegar tók þátt í undirskrift samningsins sá fulltrúi vélstjóradeildarinnar, sem sæti á í trúnaðarmannaráði. Er það samhljóða vitnisburður eins atvinnurekandans, sem undirritaði samninginn af hálfu vinnuveitenda, og nefnds fulltrúa vélstjóranna, að eftir að undirskrift var lokið, hafi þessi atvinnurekandi spurt vélstjórann að því, hvort hann skrifaði undir samninginn sem vélstjóri eða sem trúnaðarmaður, og hafi vélstjórinn svarað því til, að hann undirritaði sem trúnaðarmaður félagsins. Litlu síðar spurði svo vélstjórinn þenna atvinnurekanda, hvort vélstjórarnir gætu líka fallið undir þenna samning, en atvinnurekandinn kveðst hafa

svarað því til, að hann gæti ekki tekið á sig ákvörðun um það. Það virðist líka hafa verið fullt samkomulag um það, að vélstjóradeildin félli ekki undir framannefndan samning frá 21. maí f. á., því að vélstjórar sögðu síðan upp samningi sínum frá og með 1. september f. á., og sömdu vélstjórar og vinnuveitendur þá á nýjan leik, án þess að til nokkurs ágreinings kæmi um uppsagnarheimild vélstjóranna.

Framangreindur samningur, sem undirritaður var 21. maí f. á., skyldi gilda frá 1. júní f. á. til 1. júní þ. á. Eins og getið var, tók enginn af félagsmönnum bílstjóradeildarinnar þátt í þeirri undirskrift. En frá og með 15. júní f. á. hækkuðu félagsmenn nefndrar deildar ökugjöld sín, sem svaraði þeirri hækkun, er varð á kaupgjaldi samkvæmt samningnum frá 21. maí f. á. Ekki verður séð, að nein fundar- eða stjórnarályktun hafi legið til grundvallar þessari hækkun, en fyrirsvarsmenn bílstjóradeildarinnar segja, að hækkunin hafi verið tekin upp af félagsmönnum deildarinnar, eftir að vörubílstjórafélagið Þróttur hafði í byrjun júní f. á. auglýst slíka hækkun, en það sé venja vörubílstjóradeildarinnar í Keflavík að breyta ávallt akstursgjöldum sínum til samræmis við ökugjöld Þróttar. Þess má geta, að vörubílstjórafélagið Þróttur hafði gerzt aðili að samningnum frá 21. maí f. á. Félagsmenn Vinnuveitendafélags Suðurnesja greiddu athugasemdalaust ökugjald vörubílstjóranna þrátt fyrir umrædda hækkun, og sat við þetta til 30. nóvember f. á., án þess að til nokkurra umræðna kæmi um þessi mál milli bílstjóradeildarinnar og atvinnurekenda, svo vitað sé.

Með bréfi, dags. 30. nóv. f. á., sagði vörubílstjóradeild Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur upp „gildandi vinnusamningi við Vinnuveitendafélag Keflavíkur og nágrennis og Útvegsbændafélag Keflavíkur frá 1. janúar n.k.," eins og það er orðað í uppsögninni, en beinir samningar höfðu síðast verið gerðir milli nefndra atvinnurekendafélaga og bílstjóradeildarinnar hinn 14. júlí 1949. Samkvæmt ákvörðun þess samnings mátti segja honum upp með eins mánaðar fyrirvara, miðað við 1. janúar f. á. Atvinnurekendur kveðast ekki hafa tekið þessa uppsögn alvarlega, þar sem þeir hafi litið svo á, að í samningunum frá 21. maí f. á. hafi falizt allsherjar

samkomulag um framlengingu allra samninga milli deilda verklýðsfélagsins og atvinnurekendafélaganna, og bílstjórum þegar verið greidd ökugjöld í samræmi við þann samning. En er Verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur boðaði hinn 15. janúar s.l., að Vörubílstjóradeild félagsins mundi hefja vinnustöðvun hinn 24. s. m., ef samningar hefðu ekki tekizt, brugðu samtök vinnuveitenda, Vinnuveitendafélag Suðurnesja, við og mótmæltu í bréfi, dags. 17. s. m., réttmæti uppsagnarinnar frá 30. nóvember f. á. og eftirfarandi verkfallsboðun. Og er stefndi hélt enn fram réttmæti framangreindrar uppsagnar sinnar og verkfallsboðunar höfðaði stefnandi mál þetta með þeirri kröfugerð, sem að framan greinir.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að framangreindur samningur frá 21. maí f. á. hafi einnig náð til vörubílstjóradeildarinnar. Telur hann, að eins og undirskriftum var háttað, hafi fulltrúar vinnuveitenda haft réttmæta ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn næði einnig til bílstjóranna, og eftirfarandi hækkun ökugjalda frá 15. júní staðfest þá góðu trú vinnuveitendanna. Af þessu leiði, að bílstjóradeildin sé bundin samningi, sem ekki verði sagt upp fyrr en frá og með 1. júní n.k., og sé uppsögnin frá 30. nóv. s. á., sem miðist við 1. jan. s.l., því ómerk, og greind verkfallsboðun, sem byggð sé á henni, löglaus.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að enda þótt talið yrði, að vörubílstjóradeildin hefði ekki beinlínis verið aðili að samningnum frá 21. maí f. á., þá hefðu félagsmenn deildarinnar þó í framkvæmd gengist undir ákvæði hans, þar sem þeir hinn 15. júní f. á. breyttu gjaldskrá sinni til samræmis við nefndan samning. Með þessu hafi komist á samningur milli aðilja, sem ekki sé hægt að segja upp fyrr en frá og með 15. júní þ. á.

Stefndi hefur eindregið mótmælt framangreindum staðhæfingum stefnanda. Heldur hann því fram, að samningurinn frá 21. maí f. á. hafi ekki á nokkurn hátt bundið vörubílstjóradeild verklýðsfélagsins. Hún hafi alltaf samið sjálf um kaup og kjör félagsmanna sinna, og engan þátt átt í kaupdeilunum í s.l. maímánuði. Hafi stefnandi því ekki haft ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn frá 21. maí f.

á. ætti frekar að taka til bílstjóradeildarinnar heldur en vélstjóranna, en ljóst sé af viðskiptum stefnanda og vélstjóradeildarinnar, að það hafi aldrei verið ætlunin, að oftnefndur samningur tæki til allra deilda félagsins, enda hafi í þetta sinn aðeins verið samið um kaupgjaldsmál verkamanna- og verkakvennadeildanna. Þá heldur stefndi því fram, að hækkun aksturs gjaldanna 15. júní f. á. hafi með öllu verið óháð samningum verklýðsfélagsins 21. maí f. á., heldur hafi sú hækkun samkvæmt hefðbundinni venju byggst á hækkun aksturs gjalda hjá vörubílstjórafélaginu Þrótti í Reykjavík. Og þótt atvinnurekendur hafi greitt þessa hækkun athugasemdalaust, hafi það ekki á nokkurn hátt getað leitt til þess, að sjálfstæður kjarasamningur stofnaðist milli bílstjóradeildarinnar og samtaka atvinnurekenda, sem breytt gæti uppsagnarákvæðum þess kjarasamnings, sem í gildi hefði verið allt frá 14. júlí 1949.

Samkvæmt framangreindum málsatvikum liggja eftirtalin atriði ljóst fyrir: Vörubílstjóradeildin er sjálfstæð deild í verklýðsfélaginu og hafa félagsmenn deildarinnar ekki atkvæðisrétt um kaupgjaldsmál annarra starfsgreina félagsins. Hún hefur sjálf annazt samninga við atvinnurekendur og er í síðastliðnum maímánuði bundin kjarasamningi, sem ekki hefur verið sagt upp. Bílstjóradeildin átti ekki í neinum útistöðum við atvinnurekendur á þessu tímabili og hafði ekki boðað til samúðarverkfalls með þeim deildum félagsins, sem þá áttu í kaupdeilu. Enginn af félagsmönnum bílstjóradeildarinnar tók þátt í undirskrift samningsins 21. maí f. á., og aðiljar eru sammála um það, að aðild deildarinnar að samningnum, sem þá var undirritaður, hafi ekki borið á góma. Þá er og auðsætt af því, sem að framan er rakið um afstöðu atvinnurekenda til vélstjóranna, að fulltrúar stefnanda við undirskrift samninganna hafa ekki gert ráð fyrir því, að samningurinn frá 21. maí tæki undantekningarlaust og af sjálfu sér til allra deilda verklýðsfélagsins.

Þegar öll þessi atriði eru virt, verður ekki talið, að fulltrúar vinnuveitenda við samningsgerðina 21. maí f. á. hafi, eins og á stóð, haft réttmæta ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn tæki einnig til bílstjóradeildarinnar, án

þess að um það væri samið sérstaklega. Getur hækkun sú, er varð á aksturgjöldum hinn 15. júní, ekki haggað þeirri niðurstöðu, enda hefur ekki verið sýnt fram á slíkt samband milli undirskrifta fulltrúa Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur hinn 21. maí og nefndrar hækkunar vörubílstjóradeildar félagsins hinn 15. júní, að hækkunin verði út af fyrir sig rakin til nefndrar undirskriftar. Ekki verður séð, að ökugjaldshækkunin 15. júní f. á. sé byggð á neinni þess konar yfirlýsingu aðilja, að með henni hafi stofnazt kjarasamningur milli málsaðilja, er ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938 eigi við um, né hún breytt uppsagnarákvæðum kjarasamnings vörubílstjóradeildarinnar og vinnuveitenda frá 14. júlí 1949.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á þá annmarka á uppsögn bílstjóradeildarinnar 30. nóvember f. á. og eftirfarandi verkfallsboðunum stefnda, að varða eigi ólögmæti þessara athafna, og ber því að taka sýknukröfu stefnda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og vörubílstjóradeildar þess, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 12. apríl 1952.

Nr. 1/1952: **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um hafnarleyfi.
Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f með stefnu, dags. 17. janúar þ. á. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 872.46 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Atvik málsins eru þessi:

Í 12. gr. kjarasamnings, sem gerður var 12. júlí 1951 milli Sjómannafélags Reykjavíkur annarsvegar og Eimskipafélags Íslands h/f og fleiri skipafélaga hinsvegar, segir svo:

„Hásetar skulu fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annari heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mán., þar með taldir sunnudagar. Nú er ekki unnt að veita þessa frídaga að fullu á árinu eða áður en skipverji fer úr skiprúmi og skal þá við árslok eða brottför greiða þá daga, sem á vantar, með 1/30 af mánaðarkaupi skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálfs dags frí tvisvar á mánuði eða einn dag heilan á mánuði. Séu óviðráðanlegar ástæður er hamli því, að unnt sé að veita þetta frí, ber að greiða það samkv. ákvörðun 2. gr., b-lið. Um orlof háseta fer samkv.

lögum um orlof. Á laugardögum skal, ef sjóvökum er slitið og ekki er um burtfarardag að ræða, veita hásetum frí sem hér segir: Sé skip statt í erlendri höfn skal fríið veitt kl. 12 á hádegi. Sé skipið statt í innlendri höfn á þeim árstíma, er verkamenn almennt hætta vinnu kl. 12 á hádegi, skal fríið veitt 1 klst. eftir að verkamenn hætta störfum. Óski háseti að taka orlof í heimahöfn, hefur hann leyfi til að ráða fullgildan mann í sinn stað. Og skal hann gera það í samráði við Sjómannafélag Reykjavíkur."

Á tímabilinu frá 12. september f. á. til ársloka 1951 var m/s Reykjafoss, eign Eimskipafélags Íslands h/f, til viðgerðar erlendis. Hásetar dvöldust í skipinu allan þenna tíma. Er ágreiningslaust, að þeir hafi fengið frí á sunnudögum og ennfremur „hálfs dags frí" þau, sem veita ber hásetum í erlendri höfn samkvæmt þriðja málslið framangreindrar 12. gr.

Stefnandi heldur því fram, að auk nefndra landgönguleyfa eigi hásetar þeir, sem voru á Reykjafossi á nefndu tímabili, rétt til fjögurra frídaga samtals á mánuði samkvæmt fyrsta málslið 12. gr., um frí í heimahöfn. Telur hann, að réttur háseta til hafnarleyfa samkvæmt nefndum málslið sé óháður því, hvort skip sé í heimahöfn eða annarsstaðar. En þegar svo standi á, eins og var um m/s Reykjafoss, að skip komi ekki í heimahöfn, og því ekki unnt að veita hásetum frí þar, þá eigi þeir rétt til þess kaups, sem kveðið sé á um í öðrum málslið oftnefndrar 12. gr. Samkvæmt þessum skilningi hafi Ragnar Guðnason, sem var háseti á m/s Reykjafossi umrætt tímabil, átt að fá alls 13 daga heimahafnarfrí þann tíma, er hann dvaldist erlendis, eða kaup sem því svari, og er fjárhæð dómkröfunnar við það miðuð. Er ekki ágreiningur um fjárhæð hennar út af fyrir sig.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að réttur háseta til hafnarleyfis samkvæmt 1. málslið 12. gr. sé því skilyrði bundinn, að skipið liggi í Reykjavík, annarri heimahöfn eða Hafnarfirði. Mótmælir hann eindregið þeim skilningi stefnanda, að hásetar eigi ætíð rétt til frídaga samkvæmt 1. málslið 12. gr., án tillits til þess, hvar skipið sé. Hásetar á m/s Reykjafossi, þar á meðal Ragnar Guðnason, hafi fengið öll þau frí, er þeim bar, meðan skipið dvaldist erlendis nefnt tímabil, og

geti því ekki gert kröfu til kaups samkvæmt ákvæðum annars málsliðs 12. gr.

Samkvæmt orðum fyrsta málsliðs 12. gr. í kjarasamningi málsaðilja verður að telja, að réttur háseta til þess að fá frí annan hvorn dag, eða 4 daga samtals í mánuði, sé því skilyrði bundinn, að skipið liggi í Reykjavíkurhöfn, heimahöfn skips eða Hafnarfirði. Geta önnur ákvæði 12. gr. ekki haggað þessum skilningi. M/s Reykjafoss kom ekki til neinna þessara hafna framangreint tímabil og verður ekki talið, að upp hafi komið í málinu gögn, er sanni, gegn mótmælum stefnda, að hann hafi bundizt víðtækari skyldu gagnvart stefnanda um frí til háseta nefnds skips, en þeim voru veitt, meðan það var erlendis í þetta sinn.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Mál þetta er risið út af ágreiningi um það, hvernig skilja beri 12. gr. samnings þess, er Sjómannafélag Reykjavíkur annars vegar og Eimskipafélag Íslands h/f o. fl. hins vegar gerðu með sér og undirritaður var hinn 12. júlí 1951. En í 12. gr. samnings þessa segir m. a. svo: „Hásetar skulu fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annari heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Nú er ekki unnt að veita þessa frádaga að fullu á árinu eða áður en skipverji fer úr skiprúmi, og skal þá við árslok eða brottför greiða þá daga, sem á vantar, 1/30 af mánaðarkaupi skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálfs dags frí tvisvar á mánuði, eða einn dag heilan á mánuði....“

Í 1. mgr. 12. gr. samningsins er skýrt tekið fram, að „hásetar *skulu* fá frí annan hvern dag", þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mán." meðan skip er í heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði. Það verður því að teljast ljóst af þessu orðalagi 1. mgr. 12. gr. samningsins, að hásetum ber frí það, sem hér um ræðir skilyrðislaust, sé skip svo lengi í þessum höfnum, að tími vinnist til að veita þau. Kemur þar engin undanþága til greina. Enda staðfestir framburður tveggja yfirmanna á skipum Eimskipafélags Íslands h/f, hér fyrir dóminum, að þetta samningsákvæði hafi verið framkvæmt þannig, að hásetar hafa fengið umrædda 4 frídaga á mánuði samkv. 12. gr. samningsins, ef skip hafa legið það lengi í heimahöfn, að hægt var af þeim ástæðum að veita fríið. Hinsvegar vita þeir engin dæmi þess, að hásetar hafi ekki fengið slíkt frí, ef dvöl skipsins í heimahöfn hefur verið nægilega löng, til þess að þeir gætu fengið umrætt frí. Ber þá næst að gera sér grein fyrir, hvað átt muni við með því orðalagi 2. mgr. 12. gr. samningsins þar sem segir: „Nú er ekki unnt að veita þessa frídaga að fullu" o. s. frv. Kemur þá fyrst til athugunar, hvaða hindranir geti orsakað það, að ekki sé unnt „að veita þessa frídaga að fullu". Ég tel, að hindranir þessar geti einungis verið þær, að skip dvelji ekki það lengi í heimahöfn eða Hafnarfirði, að tími vinnist til þess, að láta hásetum í té umsamið frí, eða þá, að skip er það lengi samfellt fjarri þessum höfnum, að ekki sé unnt að veita hásetum umrætt frí.

Með orðalagi 2. mgr. 12. gr. samningsins geta samningsaðiljar því vart hafa átt við annað en það, að væri ekki unnt að veita þá 4 frídaga á mán., sem hásetum skulu veittir samkvæmt orðalagi 1. mgr. sömu greinar samningsins, þá komi kaupgreiðsla í stað fríanna, burt séð frá því, hver sé orsök þess, að ekki er hægt að veita fríin. Ákvæði 2. mgr. 12. gr. samningsins, sem fyrst kemur inn í samninga Sjómannafélags Reykjavíkur við samningsgerðina 12. júlí 1951, tel ég því að skýra beri á framangreindan hátt.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. samningsins, um frí háseta, er sett til þess að gera þeim mögulegt, að dvelja nokkra daga á ári hverju samvistum við fjölskyldur sínar, og munu samningsaðiljar hafa verið um það fyllilega sammála, enda beinlínis viðurkennt í greinargerð stefnda, að „heimahafnarfríið" virðist til þess ætlað, að veita hásetum kost á að dveljast á heimilum sínum sem lengst, ef skip dvelst svo oft og lengi í heimahöfn. Jafnframt er það greinilegt af 2. mgr. 12. gr. samningsins, að samningsaðiljar hafa við samningsgerðina verið sammála um, að færi háseti á mis við það frí, sem 1. mgr. veitir honum rétt til, þá skyldi honum bætt það upp með kaupgreiðslu, að svo miklu leyti, sem kaupgreiðsla getur bætt slíkt upp. Hafi slíkt ekki verið meining samningsaðilja, var ákvæði 2. mgr. með öllu óþarft. Ég fæ ekki skilið 12. gr. samningsins á annan veg en þann, sem ég hefi nú gert grein fyrir, og tel, að hana beri að skýra í samræmi við þennan skilning minn. Ég tel því, að taka beri kröfu stefnanda til greina, og verður dómsatkvæði mitt því samkvæmt framansögðu á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, ber, samkvæmt 12. gr. samnings frá 12. júlí 1951, að greiða stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar, kr. 872.46 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. janúar 1952 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 5/1952: **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Landssambandi ísl. útvegsmanna
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur út af ákvæðum kjarasamnings um kauptryggingu á þorskveiðum með lóð. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna með stefnu, dags. 18. júní þ. á.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 6. janúar 1947 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör á skipum þeim, sem gerð eru út á þorskveiðar með lóð frá Reykjavík og Hafnarfirði, en Sjómannafélag Hafnarfjarðar var einnig aðili að samningi þessum.

4. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

„Útgerðarmaður tryggir hlut hvers skipverja fyrir hvern 30 daga mánuð á ráðningartímanum með þeirri fjárhæð, er hér segir:

Hlut hvers háseta, matsveins á útilegubátum, 1. og 2. vélamanns kr. 135.00 á viku og dýrtíðaruppbót, sem greiðist fyrir

lok hvers mánaðar. Þó skal útgerðarmanni skylt að greiða trygginguna ½ mánaðarlega, ef skipverjar óska þess. Vélstjórar skulu hafa hlutfallslega hærri tryggingu, er nemur aukahlutum þeirra. Nú víkur skipverji úr skiprúmi áður en mánuður er liðinn og skal honum þá greiddur hlutfallslegur hluti tryggingarinnar. Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð."

Samningur þessi er enn í gildi, og er ekki vitað, að til ágreinings hafi komið milli samningsaðilja út af ákvæðum 4. gr. hans fyrr en nú. Ágreiningsefni máls þessa er svo háttað, að stefnandi heldur fram þeim skilningi, að samkvæmt niðurlagsorðum 4. gr., „Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð," skuli kauptrygging sú, sem um er samið í nefndri grein, fara eftir því verði, sem hverju sinni sé á fiskinum. Nú nemi óvegið meðaltal hækkana á fiskverði frá 1947—1952 68,9%, en vegið meðaltal 63%. Eftir því telur stefnandi, að kauptrygging sjómanna á vetrarvertíðinni 1952 hafi átt að hækka sem þessum hundraðshluta nemur, og eru dómkröfur hans samkvæmt því þær, að dæmt verði, að 4. gr. nefnds samnings sé rétt skilin og framkvæmd svo, að tryggingarfjárhæð sú, sem kveðið er á í greininni, skuli á vetrarvertíðinni 1952 hækka, aðallega um 68,9%, en til vara um 63%. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, sem hefur mótmælt því, að breyting á fiskverði eigi að orka á fjárhæð kauptryggingarinnar, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Ákvæði það, sem aðilja greinir á um í máli þessu, þ. e. síðasti málsliður 4. gr. samningsins frá 6. janúar 1947, mun vera komið inn í samninginn að tilhlutan þeirra fulltrúa stefnda, er fóru með samninga af hans hálfu. Samkvæmt skýrslu þeirra kveðast þeir aðeins hafa litið á ákvæðið sem yfirlýsingu um það, að eðlilegt gæti verið, að samningurinn yrði endurskoðaður, ef breytingar yrðu á fiskverðinu, en hins vegar hafi þeir alls ekki talið, að það fæli í sér skuldbindingu fyrir útvegsmenn um að greiða hærri kauptryggingu, þó að fiskverð hækkaði, né heldur skyldu fyrir skipverja til að hlíta lægri kaup-

tryggingu þótt fiskverð lækkaði. Heldur stefndi því fram, að ef slíkt hefði verið tilætlunin, mundu að sjálfsögðu hafa verið sett nákvæmari ákvæði um hækkun eða lækkun kauptryggingarinnar.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að fulltrúar hans við samningsgerðina hafi bæði skilið og haft réttmæta ástæðu til þess að skilja ákvæðið á þá lund, að það fæli í sér, að kauptryggingin skyldi hækka eða lækka í réttu hlutfalli við breytt fiskverð. Hinsvegar eru þeir fulltrúar aðilja, sem með samninga fóru, á einu máli um það, að ekki hafi verið um það rætt sérstaklega, hvað felast ætti í niðurlagsorðum 4. gr. samningsins.

Verð það, sem var á fiski þegar aðiljar sömdu 6. janúar 1947, mun hafa haldizt óbreytt til ársins 1950, en þá hækkaði það um rösk 15%. Árið 1951 er hækkunin orðin tæp 50%, og á þessu ári nemur hún yfir 60%. Þrátt fyrir þessa hækkun var ekki gerð nein gangskör að því af hálfu stefnanda, að kauptrygging til sjómanna hækkaði, og var þó aflahlutur sjómanna, er ráðnir voru í skiprúm samkvæmt samningi þessum, ekki hærri en svo á ýmsum bátum árin 1950 og 1951, að kauptryggingarákvæði samningsins komu til framkvæmda, þótt miðað væri við það verð á fiskinum, sem gilti þegar samningurinn var gerður. Þetta gilti þó í enn ríkari mæli, ef hækkað fiskverð átti að orka á fjárhæð kauptryggingarinnar. Þessu atriði virðist þó ekki hafa verið hreyft af hálfu stefnanda fyrr en í s.l. marz eða aprílmánuði í sambandi við aðra samninga aðilja.

Stefndi byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að stefnandi hafi með þessu athafnaleysi tvímælalaust firrt sig rétti til þess að geta nú krafizt þess, að breyting á fiskverði orki á fjárhæð kauptryggingarinnar.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að honum hafi engar kærur né kvartanir borizt frá sjómönnum vegna reikningsskila útgerðarmanna við þá árin 1950 og 1951. Kveður hann, að ekki verði til þess ætlazt, að hann geti að öllu leyti fylgzt með framkvæmd kjarasamninga í einstökum atriðum. Sé því ekki heimilt að virða það sér til óhagræðis, þótt hann hefði ekki hafizt handa um að heimta í hendur sjómanna hærri

kauptryggingu, er fiskverð tók að hækka. Telur hann, að hið umdeilda niðurlagsákvæði 4. gr. tryggi sjómönnum svo greinilega rétt til hærri kauptryggingar, ef fiskverð hækkar, að það geti ekki valdið sjómönnum missi þess réttar, þótt þeir hafi ekki framfylgt þessu ákvæði árin 1950 og 1951, en hann hafi hinsvegar hafizt handa strax og honum var kunnugt um, að misbrestur væri á framkvæmd þess.

Ekki er vitað, að svo sé um samið í hlutaskiptasamningnum þar sem kveðið er á um kauptryggingu, að hún skuli fylgja breyttu fiskverði, og ekki hefur verið sýnt fram á í máli þessu, að slíkri reglu hafi verið fylgt í viðskiptum málsaðilja. Það hefði því verið algert nýmæli, ef samið hefði verið um slíkt með ákvæðum 4. gr. framannefnds samnings. Þegar þetta er virt, og það, sem að framan er rakið um viðræður aðilja, er samningar voru gerðir, þykir varhugavert að telja, að síðasti málsliður 4. gr. oftnefnds samnings feli í sér ákvæði um það, að kauptrygging sjómanna samkvæmt þessari grein skuli háð breytingum á fiskverði, enda verður að líta svo á, að athafnaleysi stefnanda varðandi framangreind reikningsskil af hálfu útgerðarmanna árin 1950 og 1951 sé þessari niðurstöðu til styrktar. Að vísu getur staðið svo á, að fyrirsvarsmönnum stéttarfélaga sé ekki unnt að fylgjast að öllu með því, hvort samningar þeirra við atvinnurekendur séu haldnir í öllum greinum. Og oft hlýtur athafnasemi af þeirra hálfu til verndar samningslegum rétti að vera því háð, að félagsmenn þeir, sem hlut eiga að máli, beri fram kvartanir við félag sitt, ef þeir þykjast beittir órétti. En eins og hér stendur á, verður ekki á það fallizt, að það hafi fullar tvær vertíðir getað dulizt stefnanda, að reikningsskil útvegsmanna við fjölmarga af félagsmönnum hans væru með öðrum hætti en hann telur nú í þessu máli, að rétt hafi verið.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband ísl. útvegsmanna, á að vera

sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Ég skil 4. gr. samnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar annars vegar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna frá 6. janúar 1947 á þá leið, að með henni sé verið að tryggja, að hlutfall það, milli tryggingar á aflahlut skipverja og fiskverðs þess, er var, þegar samningurinn var gerður, haldist óbreytt. Útfrá þessu beri að skýra niðurlagsorð nefndrar samningsgreinar, þar sem segir:

„Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð“ á þann veg, að tryggingin breytist í hlutfalli við breytt fiskverð.

Tilgangurinn með því að taka þetta orðalag upp í samninginn, fæ ég ekki séð, að geti hafa verið annar en sá, er fram kemur í skýringu minni hér að framan.

Eftir ástæðum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 4. gr. kjarasamnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar annars vegar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna hins vegar, eru rétt framkvæmd þannig, að skipverjar fái greidda hlutfallstryggingu í hlutfalli við breytt fiskverð, miðað við það fiskverð, er var, þegar samningsgjörðin fór fram.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 13. desember 1952.

Nr. 10/1952. **Áburðarverksmiðjan h/f**
(Theódór B. Líndal hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómarar Eyjólfur Jónsson og Sigtryggur Klemenzson í stað Gunnlaugs E. Briem og Helga Hannessonar.

Verkfall. Vinnuveitandi ekki talinn eiga kröfu til frests samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu útgefinni 2. þ. m., af Áburðarverksmiðjunni h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði:

að verkfall það, er verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá stefnanda 1. þ. m. verði dæmt ólögmætt, og, *að* stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi máls þessa hóf seint á síðastliðnum vetri byggingarframkvæmdir í Gufunesi, en þar er verið að reisa áburðarverksmiðju. Samkvæmt skýrslu hans unnu 16 verkamenn við framkvæmdir þessar í s.l. aprílmánuði. Þeim fjölgaði síðan, er fram á sumarið kom, og eru taldir hafa verið rúmlega 80 í ágústmánuði. Eftir það fer þeim heldur fækkandi, en í nóvembermánuði s.l. vinna þar að meðaltali, að sögn stefnanda, 47 verkamenn. Vinnulaun verkamanna hefur stefnandi greitt samkvæmt samningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en stefnandi hefur ekki gengizt skriflega við honum, og verður ekki talið, að stofnast hafi

vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 milli stefnanda og Dagsbrúnar.

Um mánaðamótin apríl—maí s.l. mun hafa verið valinn trúnaðarmaður af hálfu Dagsbrúnar úr hópi þeirra verkamanna, er unnu í Gufunesi. Hinn 10. maí gaf stefnandi út tilkynningu um tilhögun á flutningum verkamanna að og frá vinnustað. Fulltrúar Dagsbrúnar töldu tilkynningu þessa ekki í samræmi við kjarasamning þess við Vinnuveitendasamband Íslands og leiddi þetta til viðræðufundar milli fulltrúa stefnanda og Dagsbrúnar. Samkomulag náðist ekki og varð það svo í framkvæmd, að stefnandi hagaði flutningum á verkamönnum og öðrum viðskiptum við þá í öllum höfuðatriðum í samræmi við framangreindan kjarasamning Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Með bréfi, dags. 21. október s.l., fór stefnandi þess á leit við forráðamenn Dagsbrúnar, að teknar yrðu upp viðræður um breytt fyrirkomulag við vinnu, er vetur færi í hönd. Komu fulltrúar aðilja saman á fund 7. nóvember s.l. og ræddu um fyrirkomulag á flutningum verkamanna að og frá vinnustað, en komu sér ekki saman um neinar breytingar og stóð því við hið sama um viðskipti aðilja til 1. þ. m., en þann dag hóf verkamannafélagið Dagsbrún almennt verkfall og náði það einnig til stefnanda. Ekki er vitað um önnur viðskipti milli málsaðilja en þau, er nú hafa verið rakin.

Svo sem greint var, hóf verkamannafélagið Dagsbrún almennt verkfall 1. þ. m., en áður hafði félagið sagt upp kjarasamningum sínum til þess að koma fram breytingum á þeim. Félagið mun hafa boðað þeim aðiljum, er það var áður bundið samningum, verkfall sitt með þeim 7 daga fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 mælir fyrir. Hinsvegar boðaði Dagsbrún stefnanda ekki verkfall sérstaklega, en tilkynnt var í Ríkisútvarpinu hinn 30. f. m. kl. 12.30 og kl. 19.45, að Dagsbrún ásamt ýmsum öðrum verklýðsfélögum mundi hefja verkfall, er kæmi til framkvæmda kl. 12 á miðnætti næstu nótt. Þenna sama dag átti framkvæmdastjóri stefnanda tal við forráðamenn Dagsbrúnar. Mun hann þá hafa látið í ljós þann skilning sinn, að stefnandi ætti kröfu til þess, að verkfall hæfist því aðeins hjá honum, að það væri boðað með þeim 7 daga

fyrirvara, er greinir í nefndri 16. gr., og hinn 1. desember endurtók hann þessa skoðun sína í bréfi til Dagsbrúnar, en án árangurs. Höfðaði hann þá mál þetta svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að starfræksla hans og viðskipti við verkamannafélagið Dagsbrún hafi verið með þeim hætti, að því félagi sé skylt að boða honum verkfall með þeim fyrirvara, sem tilskilinn er í 16. gr. laga nr. 80/1938, og þar sem þessu skilyrði hafi ekki verið fullnægt sé verkfallið ólögmætt gagnvart sér. Hefur hann og áskilið sér rétt til bóta á því tjóni, sem verkfallið kunni að baka honum.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að honum hafi ekki verið skylt að tilkynna stefnanda verkfallið með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 kveður á um. Kveðst hann allt frá því er lög nr. 80/1938 tóku gildi hafa fylgt þeirri reglu, að tilkynna aðeins þeim aðiljum, sem kjarasamningar höfðu verið gerðir við, verkföll sín með 7 sólarhringa fresti. Aðrir fengju ekki slíka tilkynningu um væntanleg verkföll. Svo hefði og verið í þetta sinn, að verkfallið hefði aðeins verið tilkynnt sérstaklega þeim aðiljum, sem það beindist aðallega gegn, svo sem Vinnuveitendasambandi Íslands, Reykjavíkurbæ o. fl. En stefndi telur, að stefnandi verði ekki með nokkru móti talinn til þess flokks.

Áður en lög nr. 80/1938 tóku gildi voru ekki lögfestar neinar reglur hér á landi um framkvæmd vinnustöðvana. Var þeim því þá hagað að geðþótta þeirra aðilja, verklýðsfélaga eða vinnuveitenda, sem að þeim stóðu, bæði um fyrirvara og annað.

Með gildistöku nefndra laga voru settar reglur um þessi atriði. Segir fyrst í 14. gr. laganna, að heimilt sé að gera verkföll og verkbönn til þess að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett séu í lögum. Í 15. gr. laganna er greint með hvaða hætti skuli taka ákvörðun um vinnustöðvun, og í 16. gr. þeirra er loks svo mælt, að vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, skuli tilkynnt með 7 sólarhringa fyrirvara þeim, sem hún „beinist aðallega gegn“. Af þeim atriðum, sem

nú hafa verið rakin, er ljóst, að það hefur ekki verið tilætlun löggjafans, að stéttarfélögum væri undantekningarlaust skylt að boða öllum þeim atvinnurekendum, sem verkfall getur bitnað á, vinnustöðvun með þeim hætti, sem boðið er í 16. gr. nefndra laga.

Það er uppkomið í málinu, að verkamannafélagið Dagsbrún var samningsbundið um kaup og kjör félagsmanna sinna við ýmsa aðilja, svo sem Vinnuveitendasamband Íslands o. fl., og hefur verið það árum saman. Á félagið nú í verkfalli við þá aðilja til þess að knýja fram nýja kjarasamninga, og er ekki annað vitað en að hinum fyrri samningsaðilum hafi verið tilkynnt verkfallið með fyrirvara samkvæmt ákvæðum 16. gr. Þá má og teljast alkunnugt, að kjarasamningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands sker úr um kaup Dagsbrúnarmanna almennt. Af því, sem rakið er um viðskipti málsaðilja, verður ekki séð, að forráðamenn Dagsbrúnar hafi lagt áherzlu á það að binda stefnanda kjarasamningi né stefnt slíkri kröfu að honum í sambandi við verkfall það, er um ræðir í máli þessu.

Þegar virt eru öll þau atriði, sem að framan greinir, um samskipti aðilja og afstöðu hvors til annars, verður ekki talið, að stefnda hafi samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 verið skylt að tilkynna stefnanda verkfall það, er hófst 1. þ. m. með þeim fyrirvara, er í nefndri grein getur, og ber samkvæmt því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Áburðarverksmiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 skal ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi, að knýja fram breytingar um kaup og kjör, tilkynnt sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er, að vinnustöðvunin hefjist. Þegar virt eru

samskipti stefnanda og stefnda, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þeim er lýst í málinu, verður að telja, að skylt hafi verið að senda stefnanda tilkynningu um hina fyrirhuguðu vinnustöðvun með þeim fresti, sem ákveðinn er í áminnstri lagagrein.

Samkvæmt þessu tel ég, að verkfall það, sem hófst hjá stefnanda 1. desember 1952, hafi verið ólögmætt, og að stefnda beri að greiða stefnanda málskostnað, sem ég tel hæfilega ákveðinn 800.00 krónur.